


SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

# PÓLSKT BLÓÐ

Pýzk-pólsk saga

**Gestur Pálsson og Sig. Jonasen**  
íslenzkuðu.

(Endurprentun.)



The Viking Press, Limited  
1919  
WINNIPEG



# PÓLSKT BLÓÐ

## I. KAPITULI.

Það var komið fram í nóvembermánuð og stormur mikill á.

Hann þaut áfram á snjóhvítum vængjum yfir hið flata, eyðilega, dauðakyrra Austur-Prússland, mílu eftir mílu, yfir heiðar og óbygðar flatneskjur, yfir dimma skóga, akra og engi og smeygði sér eins og kólfi væri skotið gegn um sefið við vötnin og tjarnirnar. Hann hristi krónur trjáanna og beygði limið niður að jörðu; hann ýtti reynunum á bökkunum út í froðugui vötnin. Eins og drynjandi frelsis og uppreistarsöngur hljómaði hann hvelt í heimsins eyrum, eins og fagnaðaróp fyrir utan landamæri Póllands.

Alt í kring lá héraðið eins og í dauðasvefni. Bárurnar þutu yfir vatnið, hækkuðu sig og lækkuðu á víxl, eins og stynjandi mannsbrjóst, og yfir vatnið og snjóflákana endalause rauk vindurinn eins og örskot drundi og — dó í fjarska.

Stormurinn hristi á sér vængina, svo að snjóflókarir dattu niður yfir slétturnar. Þeir urðu æ þéttari og þéttari og snjórinn varð æ dýpri, svo hann skýldi ásjónu hinnar sofandi jarðar undir fannhvítri líkblæju. Svo flaug hann áfram og lamdi til jarð-

ar alt, sem varð á vegi hans. Hann er drottinn og meistarinn. Hver skyldi þora að stöðva ferð hans? Kanneke hallar-turnarnir þarna? Með drembipjósti risu þeir upp í loftið eins og þeir væru til með að skora snjóskýjunum á hólum og gera gabb að storminum.

"Komdu bara í eina röndóttu og reyndu til að varpa okkur til jarðar. Við erum reistir á föstum grundvelli og höfum staðið svona öld eftir öld og gert gis að þér og þínum líkum. Og vita skaltu það, að margir af forfeðrum þínum og félögum hafa brotið af sér hornin hérna á okkur, hallarturnunum í Proczal! Veiztu ekki, að það er hin eldgamla bjargfasta höll, sem geymir hinar göfugustu greifa-ættir og ber gyltan skjöld nennar vegna? Komdu bara, ef þú þorir. Við hérna erum turnarnir Proczna, sem enginn fær felt að eilífu."

Snjórinn þaut um rúðurnar og myrkrið varð meira og meira.

Rauðleit ljósskýma gægðist út um gluggann á neðsta lofti hallarinnar og þjónsskugga mátti sjá að utan.

Stór hundur þaut eins og kólfi væri skotið um hallargarðinn. Það var eina lífsmarkið með höllinni.

Þögn og alvarleg lá hin stóra höll í myrkrinu, bögn eins og dauðinn og alvarleg eins og nóttin.

Þjónninn hafði sett lampann á borðið og svo fór hann burtu.

Ljósskýmu bar yfir herbeargið. Þar voru dýrindis-myndir í feikna stórum römmum. Og frá gömlum, eldgömlum tímum, báru þessar myndir kveðju til nútímans, fullar af elli og fullar af frægð, fullar af sorg og fullar af gleði, og þó bar sorgin alt

af gleðina ofurliði, eins á myndunum í Proczna-  
höllinn og annars staðar í lífinu.

Þær eru alt af hnyppast á, sorgin og gleðin, og þó hefir sorgin alt af yfirhöndina.

Fyrir framan opnar bækur og blöð sat ríkisgreifinn Gustaf Adolf von Dynar. Hann las ei, greifinn, en lagði bara höfuðið vaxbleikt og fínt á hvítu, litlu höndina sína.

Þótt hann væri maður á bezta aldri, var hann orðinn grár fyrir hærum. Andlitið var magurt og bleikt og allur líkamaburðurinn var þrátt fyrir hæðina ofur ellilegu og veiklulegu. En ekki var því að leynd, að andlitið og líkamaburðurinn bar vott um óvanalega fegurð. Hinir fölu drættir í andlitinu báru vott um ósegjanlega sorg, sem hafði lagt sína djúpu drætti og djúpu skugga kring um augun. Alt hans viðlit bar ótvíræðan vott um þreytu og óumræðilega sorg.

Óhræranlegur eins og myndastytta situr hann þarna í stólnum sínum og eldurinn sprikklar í stóra borðsalnum og eikarkubbarnir bresta í mola og senda nveli svo að ekkert verður úr nema nestafflug. Stormurinn hvín á skotsteininum og um gluggana, en úrið slær einmanalegt slag eftir slag á skrifborðinu. Þá heyrst alt í einu kveinandi barnsraust við hliðina. Gráturinn verður alt af beiskari og beiskari og hljómar æ hærra. — — Dynan greifi sprettur upp og um kinnar hans fer heitur roði, en andardrátt sinn stillir hann svo sem verða má. Konurödd syngur og grætur um leið og alt blandast saman við kveinyrði barnsins.

Ríkisgreiifinn stynur og slær höndunum samaan fyrir andlitinu.

"Drottinn minn," segir hann, "hefirðu þá alveg yfirgefið mig í eynd minni?"

Síðan stekkur hann upp og hringir óþolinmóðlega.

"Hvíthærður, fökur þjónn flýtti sér inn til hans og beygir höfuð sitt fyrir honum.

"Er hann Hans ekki kominn aftur enn þá?" segir greifinn.

"Ekki enn þá, náðugi greifi. Eg er hræddur um, að hann komi öldungis ekki í svona óveðri."

Dynan greifi hafði á yngri árum sínum oft og tíðum sýnt ljós mæki þess, hve vel hann kunnir að stilla skap sitt, þegar hann var í sendiherra-stöðu, en nú skelfur hann eins og hrísli í skógi við þessa frétt.

"Hvað á nú að gera?" segir hann með mestu örvæntingu og kastar augunum til dyranna að herberginu, þar sem barnsgráturinn hafði heyrst inni fyrir.

"Greifinnan litla hefir vaknað aftur, hefi eg heyrð," sagði þjónninn gráhærði í lágum róm, "en með guðs hjálp vonast eg þó eftir, að konu minni takist að hugga hana," og með dygðar-djarfleik þeim, sem oft er einkennilegur fyrir gamla þjóna, leit hann einlægum hollustu-augum á húsbónda sinn og bætti við í lágum hljóðum: "Örvæntið ekki, náðugi herra greifi, það er hungrið, sem að henni gengur — — en það getur verið, að sú litla venjist við — — og þá þurfum við enga læknisdóma og enga brjóstmylkta barnfóstru og þá eru allar sorgir úti. Gráturinn sá arna lætur ætíð ver í eyrum, en hann í raun og veru er."

Dynan greifi leit til hans einsog í draumi og gekk inn í hina stofuna.

Herbergisþerna látinu greifafrúarinnar heldur á vikugömlu barni þeirra hjónanna í fangi sínu og reynir til að láta barnið drekka eitthvað sér til lífsbjargar úr flösku. Þar á bak við situr gráhærð

kona, grætur hástöfum og nýr saman höndunum.

Gustaf Adolf greifi tekur sjálfur barnið á handlegg sér og reynir að láta dálítið af mjólk drjúpa inn um rósfögru varirnar litlu; en brennandi roða slær á kinnar greifans og handleggurinn, sem á barninu heldur, skelfur eins og hrísla.

Kveinstöfum vésalings barnsins léttir smátt og smátt. augun lokast aftur, ein lág en þung stuna og svo sofnar litli unginn á handlegg föður síns.

Nú fer Dynar greifi að líta eftir vagninum, sem var á ferð eftir fóstru handa barninu frá bæ einum, er lá margar mílur frá höllinni.

Varirnar skjálfa, svo er geðshræringin mikil. Hann opnar bók, en lætur hana strax aftur og stynur við.

I sama bili slær klukkan.

Úti í hallarganginum heyrðust fótatök og Edwald gamli kemur inn.

“Herra greifi—”

Greifinn stekkur upp og ætlar að þjóta fram hjá þjóninum.

“Er það vagninn? Er það hann?” spyr hann.

“Nei, náðugi greifi,” og Edwald hristi af sorg gamla gráhærða kollinn og lætur sem hann vilji aftra greifanum að fara lengra. “Það eru bara fáeinar flökkukindur, sem berja hér að dyrum og biðja um húsaþjóf í guðs nafni. Það er karlmaður, druslum búinn eins og sígaunari, og kona hans og tvö börn.” Síðan lýtur þjónninn gamli að eyra húsbónda síns og hvíslar: “Eftir öllu útliti að dæma eru það pólskir uppreistarmenn, sem hafa flúið yfir landamærin. Það er með þesskonar fólk eins og tjöruna, það er bezt að snerta ekki við henni, til þess að gera ekki óhreina á sér fingurna.”

I sama bili slær haglbyl á rúðurnar.

Dynar greifi snýr að honum og segir: "Eru börn með, segir þú? Og eg ætti að reka vesalings börn út í annað eins heljar-veður og þetta er?"

Um enni geifans fóru nýjar hrukkur, hann bandaði þjóninum frá sér, svo hann gæti gengið einn um ganginn.

En þá gekk svo fram af Ewald gamla, að hann lagði höndina á öxlina á húsbónda sínum og leit til hans með bænarsvip.

"Sleppið þeim ekki inn í höllina, náðugi herra greifi. Þau hafa barn með sér, sem komið er í opinn dauðann. Hver veit úr hverju barnið er að deyja eða hvaða sjúkdóm þau kunna að flytja með sér hingað inn?—Það er nóg pláss fyrir þau í gamla hesthúsinu. Það er svo sem ekki góðu vant, svona fólk."

"Barn að dauða komið," mælti greifinn og stundi þungan við og án þess að eiga lengra viðtal við þjóninn, hratt hann honum til hliðar og gekk fram ganginn og niður stigann.

Í stóra hallar-fordyrinu var ung kona, sem dælitla skímu rauðleita bar á frá veggjarlömpunum; hún kraup á kné við fótstall einnar brons-líkneskjunnar og laut niður yfir ungbarn; hún reyndi til að nugga ísköldu litlu limina og grátstundi við.

Við hliðina á henni lá karlmaður á hnjánum, berhöfðaður og með klaka í hári og skæggi. Að ofan var hann búinn skyrtunni einni. Hann reyndi til með andardrættinum að blása yl í litla ungann. Bak við lá hér um bil fjöggra ára piltur sofandi í frakka-myndinni af föður sínum.

Þegar heyrðist til greifans, sneri ókunni maðurinn sér við. Þegar hann sá, hver þar kom að, stökk hann upp, hljóp í örvæntingu á móti hallar húsráðandanum, því hann grunaði að þetta væri hann.



“Er þetta herra greifinn?” spurði hann.

Dynar greifi starði eitt augnablik með undrun á þennan ókunna mann, með náföla örvæntingarandlitið og tinnu-hörðu augun, sem bað hann á beztu frakknesku um hjálp og líkn.

Gustaf Adolf gekk þar að, er konan lá með barnið og beygði sig niður að barnslíkamanum dauðvona.

“Hvað gengur að barninu?” sagði hann lágt.

“Það er um það leyti að frjósa í hel,” kom eins og óp fult sálarkvalar og örvæntingar, frá Pólverjanum. “Gefið þér fáeina dropa af heitri mjólk og eitthvað hlýlegt utan um það. Þá getur verið, að við getum náð aftur blessuðu hróinu litla, sem er að kveðja okkur og heiminn.” Svo tók hann grátandi barnið upp og kysti það hvað eftir annað.

Greifinn komst svo við, að svo var sem hnífi væri stungið í hjarta hans. Hann skipaði þjónunum, sem stóðu gapandi kring um sorgarhópinn litla, nokkrum sinnum og í lágum rómi, laut síðan niður, tók sjálfur barnið sofandi á handlegg sér, sneri sér að stiganum og sagði við ókunna fólkið:

“Fylgið mér!”

Létt eins og fjöður lá litla byrðin á handlegg hans. Ofur-smár barnskroppur og naktir smá-handleggir gægðust hér og hvar út úr stórgerðu rekluvoðunum, en dökklokkaða höfuðið lá fölnandi, eins og brostið blóm við brjóst nins mikla og volduga ríkisgreifa og Preczna-hallar eiganda.

Gustaf Adolf horfði niður á þetta drengs-andlit, en svo var drengnum kalt, að tennur hans nötruðu af hrolli, þrátt fyrir svefninn og draumana.

Hann flýtti sér, sneri aftur til herbergis þess, sem hann hafði farið út úr, og lagði þar byrði sína ofan á mjúka koddana í hægindlasessi einum. Eins blíð-

lega og nokkur móðir getur, breiddi hann silkiábreiðuna yfir barnið, strauk hægt og ómerkjanlega vota hárið á enni þess, sneri sér síðan hægt og rólega að hinum ókunnu mönnum, sem höfðu fylgt á eftir honum.

“Ewald!” kallaði hann til hins gamla herbergisþjóns síns, “komdu hingað með eitthvað af fötunum mínum, og segðu konunni þinni að annast um þur kvenklæði.”

Ewald flýtti sér burtu aftur, því nú var líka með-aumkun hans vakin. Greifinn kallaði til hans, rétt þegar hann fór: “Þetta fólk verður fyrst að fá þur föt, svo verður að hugsa um mat handa því.”

Ewald flýtti sér enn þá meira en fyr burtu þaðan, þar sem greifinn með hjálp Pólverjans og herbergisþerinn voru að reyna til að kveikja aftur líf í dauða brjóstbarninu.

En það var árangurslaust. Þetta unga líf hafði ekki getað þolað frostið og storminn og næturgönguna í hörkuni. Nú heyrðist enginn andardráttur úr brjóstinu litla. Nábleikt og kalt hvíldi nú barnið á mjúka koddanum.

Pólska stúlkan hafði lagst örmagna niður við hliðina á kamínunni. Með lokuðum augum og örmagna af þreytu og sorg lá hún eins og dauð þarna á ábreiðunni við ofninn svo að ljósið úr kamínunni skein á föla andlitið, nábleika og limi hennar örmagna, og á pólska þjóðbúninginn hennar og hrafnsvarða hárið, sem stormurinn hafði leikið um og hríslað í allar áttir.

Búið var um dauða barnið í stofu við hliðina. Herbergisþerinn Gústína fór að afklæða ókunnna stúlkuna úr votu fötunum, en Dynar greifi sat yfir litla barninu dauða og gaf drengnum dálítið vatn að drekka.

Barnið leit upp með dökkum barnslegum augum, horfði fyrst á andlit greifans, tók síðan mögru barnshandleggjunum sínum litlu utan um háls greifanum, en um leið hvíslaði veika barnströddin hans nokkrum orðum að greifanum.

“Já, hérna ertu aftur heima hjá þér,” sagði Gustaf Adolf, sem hafði lært nokkuð í pólsku af þjónum sínum. Hann setti barnið á kné sér og lagði hönd sína hlýlega á koll drengsins. — —

Þrjú dagar eru liðnir síðan þetta bylkvöld. Endalausir snjóflákar og trén hvít og ljómandi af hrími breiddu sig fyrir framan gluggana á Proczna.

Dynar greifi stóð við glugga einn á höllinni og lorfði hugsandi niður í hallargarðinn og um jörðina Kringum höllina leika vínviðargreinar fyrir blænum. Rauðleitt skin á vesturhimninum sýnir, að sólin sé hnigin til viðar; hinir síðustu geislar hennar kasta bleiku skini á snjóhvítu trjákrónurnar og rauðum röndum á turninn í Proczna, eins og von, sem litar fölar kinnar.

Einnig yfir hina alvarlegu drætti á andliti hallarhöfðingjans flýgur ofurlítið skin og varir hans bæra sig til að brosa nærri því óafvitandi og það í fyrsta skifti í langan tíma.

Frá stofunni á bak við, þar sem litla greifa-innan bjó, hljómaði skær og unaðsfullur söngur, sem þegar hafði fjórðung stundar ómað sín óþektu, undarlegu lög.

Það var hún Jadwiga, pólska uppreistarstúlkan, sem reir áfram með litlu dóttur þýzka ríkisgreifans við brjóst sitt og söng fyrir hana hin eldheitu lög ættlands síns, full af sorg og full af þrautum.

Jadwiga var stórskorin stúlka og fremur lagleg, með svört augu og var eins og eldur brynni úr þeim, en hispurslaus og ákaflynd var hún í allri framkomu

sinni; en á vörum hennar sást hið heita pólska blóð og hnakki hennar var svo kertur, að enginn gat ætlað, að hún mundi nokkurn tíma beygja sig undir nokkurt ok. Það hafði líka sýnilega kostað hana mikið strit við sjálfa sig, að verða móðir litlu greifa-innunnar þýzku, en eitt einasta augnaráð frá manni þeim, sem með henni var, var nægilegt til þess að beygja höfuð hennar sem heiðursmerki.

“Fyrst þú skipar það, herra minn,” sagði hún lágt og gekk þegar burt til vöggunnar, þar sem að litla greifa-innan lá.

Nú kyrðist sorg greifans og það á síðasta augnabliki, því þjónninn hans kom aftur og hafði farið erindisleysu, því í bænum hafði enginn fengist til að fara út í hina eyðilegu höll, sem lá svo að segja á eyðimörku.

Það var um þetta, sem Dynar greifi var að hugsa, þegar hann stóð við gluggann og hlustaði á söng Jadwigu; í gegn um sönginn hafði endrum og eins heyrst barsnhlátur. Það var Janek litli, sem við fætur pólsku stúlkunnar lék sér við Pluto, Newfoundlandshundinn stóra.

Morguninn eftir bylnóttina miklu hafði greifinn tekið drenginn á kné sér og spurt hann hvað hann hét.

“Janek.”

“Ekki meira?”

Þá leit hann dökkum barnssvip á hann með hræðslu-augum og hristi lokkaða kollinn til merkis um að hann gæti ekki svarað hinni seinni spurningu.

“Hvar bjóstu áður en þú komst hingað?”

“Í stóru, stóru húsi, eins og þetta hérna, og þar átti eg marga, marga leikbræður. Ó, hvað alt var skemtilegt þá; þá fékk eg alt, sem eg vildi. En

seinna fórum við burtu — marga daga í köldum, þröngum vagni, um stóra, stóra skóga, og þá varð okkur svo ódæma kalt og svo urðum við að svelta. Svo tók pabbi mig á handlegg sinn, og Jadwiga grét og hrópaði: 'Guð hjálpi okkur, við erum í dauðanum!' Og svo héldum við áfram í gegn um snjóinn og stormurinn lamdi á okkur. Eg vildi svo hjartans-feginn hafa verið eins og fyr í vagninum, en pabbi hrópaði til Onufry: 'Farðu hvert sem þú vilt. Leiddu þá á villustigu, svo lengi sem hestarnir halda það út.' Og svo lamdi Onufry á vesalings hestana og fór burtu frá okkur.'

"Og svo?"

"Pabbi stökk áfram eins hart eins og hann gat, og eg grét af því að eg var svo svangur."

"Og hvert hljóp hann pabbi þinn þá?"

Aftur hristi drengurinn litla höfuðið. "Eg veit það ekki, eg svaf þangað til við komum hingað."

"Og hvað heitir hann pabbi þinn?"

"Mamma kallaði hann Jan, eða sinn hjartans vin."

"Er Jadwiga móðir þín?"

Drengurinn hló við.

"Jadwiga? Hún hefir bara verið hjá honum litla bróður mínum, síðan hún mamma mín dó. Jadwiga hefir bara mátt kyssa á höndina pabba, en hún hefir hvergi nærri verið í eins fallettum fötum og hún mamma. Ja, ef þú hefðir bara fengið að sjá hana mömmu, hún leit út öldungis eins og drotningarnar í myndabókunum mínum — — og allir ölluðu hana "lifdar" náð, og alt af voru fjórir vítir hestar fyrir vagninum hennar—".

Dynar greifi hafði beygt höfuðið á bringu sína og fór að hugsa um eitt og annað, sem staðið hafði í seinustu blöðunum og af orðum barnsins fann

hann eins og hugboð sitt væri staðfest.

Hann fór þegar að unna Janek eins og hann væri sonur hans, hann tók hann upp á arma sér og kysti litla andlitið föla.

“Faðir þinn hefir farið burtu í langa ferð”, sagði hann. “Þú átt nú að vera hérna hjá okkur á meðan, þangað til hann kemur aftur, og kalla mig þabba þinn. Viltu það, Janek?”

Vesalings barnsaugun litlu fylltust af tárurum og með skjálfandi vörum fór drengurinn að kalla á föður sinn, sem nú var farinn burtu. En síðar tók hann handleggjunum um hálsinn á greifanum fast og lengi og sagði: “Ó, blessaður, láttu hann koma fljótt aftur, og á meðan skal Janek litli vera svo dæmalaust stiltur og góður, aldrei ólátast og aldrei gera neitt ljótt.”

Eftir nokkrar klukkustundir var öll sorg gleymd og litli drengurinn ókunnni lék sér í kring um greifann og kallaði hann á hverri stundu “þabba” sinn eins og hann hefði gert svo alla sína æfi.

Þannig varð Dynar greifi byl-haustnóttina fósturfaðir litla drengsins pólska. En að hann hefði tekið Janek sér í sonar stað, vissi enginn nema upp-reistarmaðurinn og guð almáttugur, en engin lifandi sál í Proczna-höllinni.

Tveim dögum eftir hriðarbylinn höfðu þeir setið saman, Dynar greifi og pólski maðurinn og hrest sig á vínflösku undir burtför pólska mannsins, því hann ætlaði á stað klukkan tíu um kvöldið.

Faðir Janeks studdi fallegu aðalsmanns-höndinni sinni á kristalsglasið rauða og saup þegjandi úr því burgundarvínið forna.

Alt í einu hóf hann augu sín og skarpleita andlitið föla horfði beint í augu greifans, og sagði:

“Það er undir guði einum komið, hvort eg get

nokkru sinni snúið aftur og stigið fæti á föðurland mitt, til þess að reyna að endurgjalda yður, Dynar greifi, allar yðar velgjörðir og alla yðar góðsemi við mig, en eg bið yður einungis á þessari stundu að taka við mínu hjartanlegasta þakklæti fyrir alt og alt; munið eftir því, að á himninum uppi eru englar til, sem skrá hvert einasta góðverk, sem unnið er hér á jörðu niðri. Að þér hafið ekki veitt neinum vesaling hjálp, hafið þér þegar reynt og sannprófað að fullu. Þrátt fyrir alla þá eynd og volæði, sem eg nú kem fram fyrir yður á eftir flóttann og hriðarbylinn hérna um nóttina."

Og svo brann eldur úr augum honum, þar hann bætti við:

"Eg er villidýr, sem blóðhundarnir hafa rekið yfir landamærin. Það tekur til hjarta míns, þegar föðurland mitt er fótum troðið og smánað á allan hátt. Þess vegna vilja menn binda og gera óskaðvænar þessar afarmiklu hendur. Þess vegna drap eg hug í hjarta mér og vogaði að leita undir leifum Oestralenku að hinu forna purpurafati Póllands. Þess vegna fer eg nú landflótta eins og glæpamaður. Þér eruð þýzkur greifi. Þess vegna getið þér ekki skilið allar þær kvalir, sem hver Pólverji verður að þola, þegar hann hugsar um týnt frelsi Póllands. En hafðu bara þolinmæði, hitt elskaða, elskað Pólland, þolinmæði þangað til hin ungu hjón þess vaxa upp og það veit, að það er nógu sterkt til að kasta af sér skömminni og asnaokinu!"

"Hvað er landflótti og hvað er dauðinn sjálfur, þegar maður veit að alt þetta böl er fyrir þig?"

"Hvað gerir það til, þó eg fari landflótta, fótgangandi, land úr landi?"

"Hvað gerir það til, þegar eg veit, að heilagt band bindur mig alla æfi við þig, föðurlandið mitt!

"Eitt skifti á eg að koma heim til þín, eitt skifti á eg eftir að koma heim til þín og hvíla mín lúin bein í faðmi þínum, af því eg er sonur hinnar frjálsu konungsdóttur, Niech Lyl Polcha".

Uppreistarmaðurinn hafði stokkið upp af stólnum, sjúkdómshiti brann á kinnum hans og úr svörtu augunum hans brann eldur, þegar hann hóf vínglas-ið sitt og hrópaði: "Niech Zyje Polska."

Dynar greifi hafði líka hafið glas sitt í hugsunarleysi, hrifinn til þess af ofsa-ofstæki hins pólska uppreistarmanns, og þó var það ekki í samræmi við hana, heldur einungis af kurteisi. Ljóshærða höfuðið hans með látlausum og kyrrum andlitsdráttum, var líka hrein og bein mótsetning við hinn brennandi eld, sem skein á hverju augnabliki úr augum og andlitsdráttum pólska uppreistarmannsins.

Annað blóðið var alveg pólskt, og hitt alveg þýzkt.

"Hvert ætlið þér nú að fara?" spurði greifinn pólska uppreistarmanninn, sem tók hendur greifans, þrýsti þeim að munnnum sér hvað eftir annað, lét síðan fallast aftur á bak í hægindastólinn og greip höndunum fyrir andlit sér.

"Eg hafði hugsað mér, að byrja að hafa ofan af fyrir mér í París."

"Ætlið þér líka að taka með yður litla drenginn yðar út í alla þessa óvissu og þetta stefnulausa líf?"

Pólski uppreistarmaðurinn stundi þungt og alvarlega.

"Ja, bara eg gæti búið honum vísari vist, en að volkast með mér ofan á bylgjum örlaga minna. Já, þá fyrst gæti eg um frjálst höfuð strokið. Ált sem eg hefi elskað og alt sem hjá mér hefir verið,



hefir einhver snöggur og óskiljanlegur örlagavindur hrifið burtu frá mér, og seinast hann Stefán litla son minn."

Og um leið hrundu þung og hörmug tár niður eftir kinnum pólska mannsins.

Pá hóf Dynar greifi alt í einu augu sín, eins og hann hefði tekið einhvern fastan ásetning, og sagði við pólska manninn: "Gefið þér mér hann Janek," sagði hann stutt og alvarlega. "Eg ætla að taka mér hann í sonar stað."

Pólski maðurinn stökk upp og horfði nærri því tryltum augum í andlit greifanum.

"Gera hann að syni yðar?" hrópaði hann, eins og í leiðslu.

"Forlögin hafa neitað mér sonar," sagði Dynar greifi í lágum hljóðum. "Konan mín er dái líka og allir, sem þektu hana, vita, hve hjartanlega eg unni henni; vita það líka, að eg aldrei giftist aftur. Þrátt fyrir það langar mig til að eignast erfingja að nafni mínu. Janek hefir unnið hjarta mitt og mér þykir verulega vænt um drenginn. Hann á einhvern tíma að erfa mig með henni dóttur minni. Það er nóg handa tveimur."

Flóttamaðurinn skalf eins og hrísla í skógi.

"Janek, mitt einasta elsku-barn, einasti gimsteinninn, sem mér hefir verið eftir skilinn af allri minni dýrð og öllum mínum auðæfum. Drottinn minn og guð minn, láttu mig ekki missa hann!" Hann byrgði andlit sitt með höndum sínum langa stund. "Gott og vel, taktu hann son minn," sagði hann svo, "þangað til Pólland endurrís í sinni fornu dýrð, en láttu mig þá fyrir guðs sakir fá eina barnið mitt aftur."

"Þangað til Pólland endurrís aftur í sinni fornu dýrð," endurtók greifinn með lágum hljóðum og

með hrygðarsvip. "Hver veit, hvort annar hvor okkar lifir þá stund, hver veit hvort sú stund rennur nokkru sinni upp. En hvort sem verður, þá er að taka því, ef að Pólland vinnur aftur frelsi sitt og forna frægð, og þér náðið aftur frelsi yðar og ógleymanlegri fremd í föðurlandi yðar, þá er það frjálst fyrir son yðar að sameina nöfn okkar beggja á frægum ríkisgreifa skildi sínum, en þangað til er hann mín eiginleg og æfinleg eign."

"Verði það svo! — geti eg farið með son minn til míns frjálsa föðurlands, þá hefi eg rétt til þess," sagði hann og leiftur brann úr augunum.

"Og þér lofið mér við göfugleik aðals yðar, að gera engar kröfur til Janeks, meðan svo búið stendur?" sagði Dynar greifi.

"Guð launi yður Þúsundfalt alt það, sem þér gerið fyrir barn mitt!"

"Á að segja Janek frá hinu sanna nafni hans?" spurði Dynar greifi.

Flóttamaðurinn hristi höfuðið með hrygðarsvip og mælti:

"Svo lengi sem Pólland er í ánaud, verður eigi nafn þetta til annars en bölvunar, eða ætti eg að láta hinn saklausa líða fyrir það, er eg sem uppreisnarmaður hefi brotið? Það sem eg þegar hefi gert, hefir svift mig ríkisgreifa skildi þeim, er sonur minn átti að erfa, og geti eg eigi eftirlátið hann óflekkaðan og í fornri dýrð, er betra að hann sé án hans. En ef þér takið Janek að brjósti yðar og í sonar stað, verðið þið og að sameina nöfn ykkar; svo að þér eigi ætlið, að yður sé þar neinn ósómi sýndur, vil eg nú segja yður nafn þess, er nú stendur frammi fyrir yður."

Flóttamaðurinn laut niður að höfði greifans og hvíslaði nokkrum orðum að honum.

Dynar greifi reis upp, tók í hönd flóttamannsins og sagði:

“Nafn þetta skal jafnan vera grafið í brjósti mínu og mun eg aldrei óneyddur láta það uppskátt.”

Enn þá eitt sinn féll hann niður frammi fyrir líkistu barnsins, er stóð þar í kapellunni, og sneri þá aftur að rúminu, þar sem litli Janek lá, og horfði hann lengi á barnsandlitið, er þarna lá brosandí hinum saklausa svefni sínum. — Í árin runnu niður eftir kinnum hans og hann fól andlit sitt á koddanum og grét beisklega. “Vertu sæll, Janek minn! Fyrirgefðu mér—það er ást föður þíns, er nú skilur þig einan eftir meðal ókunnra manna. Dimm og sorgleg er framtíð mín og vegur sá, er eg nú geng, er of þyrnum stráður fyrir þínar litlu fætur. Nú skalt þú hvílast í kærleikans og gnægðarinnar mjúku örmum, og aldrei munu varir föður þíns þreytast að biðja fyrir þér og ætíð mun hugur hans fylgja þér, — lifðu vel, þú hinn síðasti geisli lukku lífs míns! Enn þá eitt sinn munum við sjást aftur, er dýrð Póllands rís á ný. En muntu þá verða óbreyttur og útlagarnir stíga aftur fæti á hina fornu fósturjörð sína?”

Fölleiti maðurinn reis skyndilega á fætur, og starði á sofandi barnið og var eins og einhver skelfingar forboði skini úr augum hans. “Enda þótt þýzka þjóðernið vefji þig viðjum sínum, enda þótt mál og hættir skilji hjörtu vor og torkenni hjarta þitt fyrir mér, þó er þá eitthvað eftir, sem verður æfinlega óbreytanlegt, en það er hið heillandi töframagn þjóðaranda vors, hið ósýnilega tengiband kynskyldra sálna. Eitt er það, sem þú getur aldrei afneitað og enginn þýzkuskapur getur sogið úr sálu þinni—þitt pólska blóð!”

Hann þrýsti heitum kossi á varir sofandi barns-  
ins og gekk út úr herberginu með stoltum öryggis-  
svip.

Við hallarstéttina beið sleðinn eftir honum.

Pólverjinn kvaddi húsbóndann og faðmaði  
hann að sér stutt en ákaft.

“Guð blessi yður og barnið mitt!”

Síðan stökk hann upp í sleðann, en sleðinn  
flaug yfir snjóinn hljóðlega eins og skuogi út í nið-  
dimt, stjörnulaust vetrar náttmyrkrið

---

## II. KAPITULI.

Sólin skein inn um gluggann á riddarasalnum,  
því að gluggatjöldin úr þungu damaski voru dregin  
til hliðar, og var það í fyrsta sinni í langa tíð, að  
vetrar-dagsljósið fékk að skína á tiglana í gólfinu,  
en gólfið var lagt smeltum tiglum, sem mynduðu  
skjaldmerki Dynars-ættarinnar; þetta gólf var  
vandlega hirt, því það var ein af elztu og dýrmæt-  
ustu menjum hallarinnar. Umhverfis á veggjunum  
hékk fjöldi mynda í fullri líkamstærð, allar í hag-  
lega útskornum umgjörðum, af forfeðrum greifans;  
voru þeir flestir skreyttir skjaldarmerki ættarinnar  
og hinum níu perlum.

Neðan undir hverri mynd var greyptur í um-  
gjörðina lítill silfurskjöldur og grafið á hann nafn,  
fæðingardagur og dánardægur.

Á norðurveggnum héngu tvær elztu myndir-  
ar, önnur var af háum, þreklegum riddara í bún-  
ingi krossfara, en hin myndin var af tiginni frú; en  
á milli þessara mynda var sættbálkur ríkisgreifanna  
af Dynar og síðasta skjaldarmerkið var skráð með  
stóru letri:

“Gústaf Adolf, fæddur 1800, V, III., kvæntur Eufemíu, furstafrú af Tantemborg, erfðagreifinnu að Neller-Huningen, borinni 1816, II, †....1838.....”

Krossinn og ártalið þar á eftir var skrifað með skjálfandi hönd, með svörtu bleki og var auðsjáanlega ný-skrifað, og auðsjáanlega með sömu hönd og sama bleki var dregin þar á grein með tveim skjöldum úr skjaldarmerki foreldranna. Í miðjum salnum var altari reist og prýtt með dýrum fornum silfurkerum og voru þeir hinir o ztu gripir, umhverfis þau var skreytt með grenikvílsum svo glænýjum, að snjórinn var nýbráðnaður á þeim og glitraði sem skærar daggperlur, sem af og til drupu niður á mjúkt altarisklæðið; mitt á því stóð gyltur skírnarfontur á útskornum fæti af sedrusviði frá Libanon og smelt flísum af olíuviði, en þennan við hafði ættfaðirinn haft heim með sér frá landinu helga.

Svo langt fram í aldir, sem ættarsagan náði, höfðu ríkisgreifarnir af Dynar verið skírðir á þessum og úr þessum skírnarfont.

Það stóð nú til, að dóttir Gústafs Adolfs von Dynar yrði innan einnar klukkustundar borin hátíðlega fram fyrir þetta drottins altari.

Í hinum mikla sal var djúp þögn. Úti var ofurlítill snjó-ýringur og kammdegisbirtan var ekki meiri en svo, að hún gat tæplega rofið rökrið í hinum stóra sal.

Erfiherrann að Proczna gekk sífelt um gólf; hann var aleinn og hugsandi, en forfeður hans stórðu stoltir og alvarlegir niður á hann frá veggjunum.

Þeir voru hvor öðrum ofur líkir, allir ríkisgreifarnir af Dynar. Það voru sömu stóru augun, sama stranga, tindrandi augnaráðið, sama gáfulega ennið

og sama ljósa, þýzka hárið, stundum dálítið rauðleitt; á kvenmyndunum líktist það gullnum dýr-linga geizlum.

Allir voru þeir háir og höfðinglegir, hvort sem þeir voru brynjaðir herklæðum, klæddir prestshempum eða gullskreyttum einkennisbúningum. Allir báru þeir hátt höfuðið á hinum breiðu herðum og munndrættirir voru jafn borginmannlegir undir hárkollunni, sem undir fisléttum veiðimannahattinum. Kuldaleg stilling og ró hvíldi yfir flestum þessum andlitum, köld eins og perlurnar og gimsteinarnir í hálsböndunum þeirra; svo köld, að kuldann lagði inn í æðarnar, sem hringuðust eins og ormar yfir hvít ennin.

Köld og vorkunnarlaus horfðu augu forfeðranna niður á hið fölva andlit hins síðasta ættstuðuls, er gekk um gólfið niðurlútur; sorgin hafði þegar árla æfinnar lagt sína hvítu hélu á hofuð hans.

Nú lítur greifinn upp og rennir augunum hægt og hægt frá einni myndinni til annarar.

Hann var sjálfur kominn inn í hvirfing þessara hreyfingarlausu, hátíðlegu mynda, til þess að biðja einhverja af formæðrum sínum, að gerast guðmóðir síns einmana, munaðarlausu barns.

Hverja átti hann að kjósa?

Hann hafði enga aðra umgengnisvini á Proczna en þessa skrautbúnu forfeður, sem fyrir löngu voru orðnir duft og aska. Hver skyldi vilja yfirgefa heimsins fjöruga glaum, til þess hér úti á snjóþakinni eyðimörkinni, að halda undir skírni barni ómannblendins ekkjumanns? Hann átti engin skyldmenni. Og ættmenn hans kæru, f. amlíðnu koun áttu heima langt, langt í burtu; þar að auki voru þeir nú á ferð í Suðurlöndum. Það var enginn til, er komið gæti eða koma vildi. Það var meira að

segja e  
þorpi,  
skírnar

Pa

bjóða

andi b

skyldi

tigr.arl

skírna

staðið

hneigja

kvisti

En

di, s

efa hi

Gu

til þei

stóð f

“V

af Dus

grafið

M

með k

um m

um ha

Gr

kölluð

íeirðin

Ha

rnar.

“C

brunn

M

falli, e

kulda

segja ekkert sældarverk fyrir gamla prestinn í næsta þorpi, að lerðast hálfu dagleið í ófæð til að lýsa skírnarblessuninni yfir höfði litla barnsins.

Það var því ekki annað fyrir hann að gera, en bjóða til skírnarveizlunnar fornaldarfólki í brakandi brynjum og skrautlegum húsklæðum. Það skyldi nú stíga fram úr mynda-umgjörðunum með tigrarlegum hátíðarbrag og fylkjast í kring um skírnarfontinn, sem það einu sinni sjálf hafði staðið umhverfis í lifanda lífi, og svo skyl'ði það hneigja höfuð sitt til neillaóska fyrir hinum síðasta kvisti á hinum forna ættstofni.

En hver af öllum þessum alvarlegu eða síhlæjandi, sorgbitnu eða sigrihrósandi konum, átti nú að gefa hinni ungu, óskírðu dóttur hans nafn sitt.

Gustaf Adolf von Dyanr leit áhyggjufullur upp til þeirrar myndarinnar, sem hann í þann svipinn stóð frammi fyrir.

“Victoria Charlotte, gift hinum ríkjandi greifa af Dusterborg og Etersheyde 1607—† 1660,” stóð grafið á silfurskjöldinn.

Myndin var af konu, með hátt uppsett hár, með breiða ennisspöng smelta gimsteinum — en um munnvikin lágu harðir drættir, sem báru vott um hart hjarta.

Greifinn mintist þess, að í ættarsögunni er hún kölluð “stolt og stórráð frú”, sem leiddi margar óeirðir og málaferli yfir greifadæmið Dustreborg.

Hann laut niður og virti fyrir sér hinar myndrnar.

“Christine, Marie, Anne, stiptpríóra að Hasabrunn 1011—1070.”

Myndin var af konu með bleiku, hvikulu andlitsfalli, en augu hennar voru svo köld, að nær því vakti kuldahroll að líta á þau.

Hin næsta mynd var af yndislegri, brosandí, lítilli konu í búningi 17. aldarinnar; hún hafði dúfu á öxl sér og rósir í keltunni.

“Cyprienne, greifinna Dynar, fædd markgreifinna Le mans de Soiconpierre”.

Tennur hennar voru perluhvítar og mjög var kjóll hennar niðurskorinn .....

“Til þess að vera lagleg á að sjá, til þess að þóknast piltunum,” hljómaði fyrir eyrum greifans; sem bergmál liðinna tíma.

Hann gekk svo frá einni myndinni til annarar, en leizt eigi á neina þeirra. Alt í einu nam hann staðar frammi fyrir dökkum, leyndardómsfullum konu-  
augum.

Það var fögur og drotningarleg kona, klædd í hvítt guðvefjarlín, með háum pípuhálskraga, sem lagðist eins og geisladýrð um höfuð henni, svo að það sýndist nærri því sem myndin stæði lifandi og laus í svörtu umgerðinni. Höfuðið var lítið en hugljúft og elskulegt og hárið gullrautt og glansandi stóð í undarlegri mótsögn við hrafnsvörtu augun.

Það var eitthvað rösklegt, drembilegt og stolt og frábægjandi í andlitssvipnum, varirnar holdlegar og drættirnir kringum munninn bentu á gázka og sérþóttu. Það hlaut að hafa verið meistarahönd, sem málaði þessa mynd, en það var líka auðséð, að hún hafði orðið að hætta við ólokið verk, því slóðinn á kjól hennar, fóturinn og gólfábreiðan voru að eins lauslega dregin, en ekki fullgerð.

Xenia, greifinna af Dynar, fædd 1560, stóð grafið á silfurskjöldinn. En eigi var dauðaárs hennar getið, né hvort hún hefði verið gift eða eigi.

Greifanum sýnist þessi fagra konumynd hljóti þá og þegar að opna varirnar og fara að hlæja og að hvíta perlubandið á brjósti hennar verði að stíga

og falla u  
sem hún  
brosi, og  
og slæða

En þ  
eins fugl,  
legum sk

En þ  
eftir grei  
þess að f

Það  
ur því g  
á hinu fö  
að lesa ú

“Xer  
Eink  
Maximil  
wart.

Vel  
voru mik  
ættbálka  
ófullkom

Erfði  
innar.

“Vilt  
Xenia?”

Leng  
Hann

hina elsk  
nam stað  
þá orðið  
Mér sýni

lega er þ  
ir þú nok

Hlæj



og falla undan hröðum andardrætti hennar. Er eigi sem hún rétt núna beygi höfuðið með einskonar háðsbrosi, og falla eigi hin dökku augnahár hennar eins og slæða fyrir augu hennar.

En það er kátlegur misskilningur. Það var að eins fugl, sem flögraði fyrir gluggann og brá skyndilegum skugga á myndina.

En það er eins og þessi undarlegu augu mæni á eftir greifanum, er hann gengur að ættbálknum til þess að fræðast um æfiskeið Xeniu.

Það er skuggalegt þar sem myndin hangir og líður því góð stund þangað til hann getur áttað sig á hinu fölnaða fornlega letri. En loks tekst honum að lesa úr því.

“Xenia, fædd 1560”.

Einkis annars er getið, en að hún sé dóttir Jose Maximilían og konu hans, fædd barónsfrú Todenwart.

Vel má vera að hún hafi dáið snögglega. Það voru miklir óróa-tímar í þá daga. Auk þess hafa ættbálkarnir frá þeim tímum týnzt eða verið mjög ófullkomlega skráðir.

Erfðiherrann að Prozna sneri aftur til myndarinnar.

“Viltu gerast guðmóðir litlu dóttur minnar, fagra Xenia?” spurði hann.

Lengi, lengi virti hann myndina fyrir sér.

Hann mintist nú þess, að hann eitt sinn leiddi hina elskuðu konu sína inn í þenna sal og að hún þá nam staðar frammi fyrir mynd þessari. Hefði hún þá orðið hissa og sagt: “Hve ágæt mynd er þetta. Mér sýnist hið fagra andlit heilsu mér, svo meistaralega er það dregið. Og sjáðu, Gustaf, hendina, hefir þú nokkru sinni séð fallegru”.

Hlæjandi hafði hann þá fært hina smágerðu,

heitu fingur hennar að vörum sér og svaraði:

"Já, vissulega hefi eg. Því dáist eg eigi daglega að þinni snotru hendi?"

Nokkru síðar, er hinn kaldi árstími hepti greifafrúna í herbergi hennar og hún fór lítið annað en um hinn stóra ættarsal, hafði hann oft komið að henni, er hún stóð sem sokkin í draumi frammi fyrir mynd frú Xeniu.

"Mér lízt svo vel á hana," voru þá venjulega orð mnar. Þá leit hann eigi á hina dregnu andlitsdrætti, því augu hans sáu eigi annað en hið litla, smágerða andlit greifafrúarinnar.

Augu greifans skinu með tárafullum ljóma.

"Já, hún skal heita Xenia," sagði hann fyrir munni sér, og sneri sér um leið frá myndinni og fór hugsandi að ganga um gólf í hinum stóra sal.

Eftir stundarkorn nam hann staðar fyrir fram- an ættbálkinn og leit á hinn nær því óritaða reit Xeniu greifafrúar. Nær því samsíða hafði hann rit- að annað skjaldarmerki, þar sem nafn Xeniu skyldi innan skáms aftur standa.

"Janek", eða öllu fremur "Hans Stefan" ríkis- greifi til Dynar, átti nú að ritast þar.

Það var nýr kvistur á afargömlum stofni. Hann vissi frá hve stoltum ættlegg, að þessi nýi kvistur var runninn, en hann vissi líka hve algerlega skyldir voru liðir þeir, er hér átti að sameina.

"Pólskt blóði!" Það eru eigi annað en gamlár kerlingarsögur, að eigi megi sameina það, sem er svo náskýlt. Pólskt blóð kælist fljótt á Þýzkalandi og gleymir þar uppruna sínum. Það er eigi blóðið, heldur uppeldið, er myndar þjóðareinkennin. Pólskt blóði! Hver trúir nú lengur á slíkan barnaskap.

Vaxkertin blöktu á altarinu og hinar glænýju

grenikvíslir breiddu út einskonar jólaílm umhverfis skírnarfontinn í hátíðarsalnum í Proczna.

Hin síðasta greifafrú af Dynar var nú borin fram að drottins borði klædd í dýrðleg, glitsaumuð skírarklæði.

Orð prestsins hljómuðu sem orgelsöngur í hinum stóra sal; í skærum daggardropum kom blessun himinsins niður yfir hina ljósgulu lokka skírnarbarns-  
fns og um vegginn leið sem leyndardómsfullur þytur eftir myndunum, eins og að höfuðin, með hinum stoltu andlitsdráttum, í bæn-rækni hneigðu sig djúpt til þess að segja "amen! amen!" yfir hinum síðasta ættstuðli þeirra.

Á hallarvegnum dundu fallbyssuskotin og greifi Gustaf Adolf knéféll frammi fyrir altarinu og huldi andlit sitt í höndum sér.

Því næst tók hann hina litlu dóttur sína í fang sér, faðmaði Janek upp að sér og baðst fyrir frammi fyrir mynd hinnar framliðnu konu sinnar.

Janek leit með barnslegum augum, hissa umhverfis sig og strauk hægt hendinni um hið litla höfuð systur sinnar, er hinn svartklæddi maður hafði fyrir skömmu stökt vatni á, og kysti hið litla sofandi andlit.

En um sálu Gustafs Adolfs fór ósk og von um komandi betri tíma.

Vaxkertin voru nú slökt; einnig þau, er tendruð höfðu verið umhverfis mynd hinnar fögru Xeniu. Þótti þá erfiheranum að Proczna sem hin þögula guðmóðir rétti sér hina hvítu hönd sína með kynlegum svip í hinum tindrandi augum.

Hann gekk nær, — það var einungis hið villandi skin hinna slökknandi ljósa, er ollu missýningu þessari. Myndin hékk þar óbreytt, köld og dauð og

leit niður til hans sem endranær með sínum kyrrlátu augum.

Gustaf Adolf setti nýja grenikvísl í umgerð myndarinnar, tók sér penna í hönd og gekk að ættbálknum. — —

“Xenia,” reit hann á skjöld dóttur sinnar, “Xenia Anna Eufemia, fædd 28. des. 1838”. Nafn þetta hafði hún nýlega hlotið í skírinni.

Ætlaði hann þá einnig að rita nafn fóstursonar síns á hinn auða reit; tók hann bókfellið, en hætti við og gekk hugsandi stundarkorn um gólfið.

Hver skyldi geta meinað honum að gefa Dynarættinni karlkyns ættlegg, þó hann væri af útlendu, pólsku blóði.

Hann hafði líka svarið föður hans, að taka Janek sér í sonar stað, og ætlaði hann að efna það, því honum þótti vænt um drenginn.

En mundi hann eigi á þann hátt skerða arf Xeniu og það fyrir vandalausán; en það yrði svo að vera, því auður hennar yrði engu að síður feikna mikill.

Hún skyldi vaxa upp í þeirri ímyndun að þau Janek væru alsystkin, og fyrst er hún kæmi á fullorðinsaldur skyldi hún fá hið sanna að vita af munni föður síns, ef hann þá yrði á lífi.

Xenia skyldi sjálf ráða því, hvort nafnið Hans Stefán skyldi innritast við hlið nafns hennar eður eigi.

Greifinn fleygði frá sér pennanum.

“Dóttir mín verður sjálf að innrita hann þar, er hún vill hafa nafn hans,” sagði hann lágt við sjálfan sig og brosti um leið, “annaðhvort á næsta skjöldinn, eða — sinn eiginn. Guð gæfi, að hið síðara mætti verða!”

Gekk hann því næst í þungu skapi um hinn skuggalega sal til baka til skrifstofu sinnar.

glu.  
höf

á P  
lega

einu  
han  
mátt  
eða

halla

hinn

ást e  
aði í  
pólsk

greifa

fram  
handl

honu

S  
brosa  
fyrsta

var se  
H

kyrri á

H  
öllum  
herra!

Gluggatjöldin voru nú dregin fyrir hina háu glugga og dimmir skuggar féllu á hið gulljósa litla höfuð á mynd frú Xeniu.

-----  
Mörg ár höfðu nú liðið.

Börn Dynar greifa uxu upp í hinni djúpu einveru á Proczna; þau voru svo fjarska ólík, en þó svo innilega elsk hvort að öðru.

Greifinn hafði stranglega bannað þjónunum með einu orði að benda til hins sanna ætternis Janeks, því hann hafði tekið drenginn sér í sonar stað og enginn mátti með einu orði finna að því, sem hann sagði eða gerði.

Það, er skeð hafði óveðursnóttina innan veggja hallarinnar, var nú löngu gleymt.

Jadwiga, hin pólska kona, hafði verið kyr hjá hinni ungu greifafrú.

Þó skrítið væri, voru það söngvar um brennandi ást eða hatur, er litla dóttir þýzka ríkisgreifans hjalaði í draumum sínum. En það var líka hið eldlega pólska blóð, er hafði nært hana.

Þá kom sá dagur, er dyrnar á lestrarherbergi greifans voru opnaðar, og vaggandi litlar fætur gengu fram til hins þögula manns og tveir litlir holdugir handleggir breiddu sig í barnslegu sakleysi gegn honum.

Stundum stóð þá Jadwika við dyrnar og leit með brosandi ánægjusvip á hina litlu Xeniu, er hún í fyrsta sinn gekk á eigin fótum fram í mannlífið. Það var samstundis að hún baðst lausnar úr vistinni.

Hvorki peningar né góð orð gátu haldið henni kyrrri á Proczna.

Hún kysti í auðmýkt á hönd greifans og svaraði öllum fortölum hans á þessa leið: "Látið mig fara, herra!" Þegjandi og með einskonar ákafa tók hún

saman muni sína, faðmaði enn eitt sinn að sér barnið og kysti með ofsalegri ástríðu hið litla kjökrandi andlit og mælti:

“Eg elska þig, barn, þrátt fyrir allt. Hugur þinn og þitt gullgula hár eru þýzk, en æðar þínar hefi eg fyllt pólsku blóði; eg vona að það aldrei muni sęgja afhendis sér, því eitt sinn mun það sjóða upp í lífinu, þá er Póllands forna dýrð rís upp á ný úr rústum sínum og niðurlægingu. Niech Zyje Polska!”

Janek leit hálf forviða á hana. Hann hafði heyrt orð hennar, þó hægt væri hvíslað, en hann skildi eigi við hvað hún átti.

Hann undraðist hve ólík Jadwega var sjálfri sér; en vaðði örmum sínum um háls henni og endurgalt kossa hennar. Nokkru síðar gekk hann við hönd hennar niður í hallargarðinn og horfði á að hún steig þegjandi og þurleg í vagninn.

Sólin skein á andlit hennar, er hún leit upp til gluggans, þar sem greifinn sendi henni hina síðustu kveðju sína og lagði hönd sína virðulega á brjóst sér. Þá var hestunum hleypt af stað og vagninn hvarf á burt, en Janek stóð kyrr og starði á eftir honum, þar til sólarljósið blindaði augu hans. Hljóp hann þá burt til þess að leika við hunda sína.

Þó Janek litli væri í fyrstu heldur burðalítill, óx hann þó furðanlega og varð stór og sterkur. Hið frjálea, ótálmaða líf barnanna ýmist í hallargarðinum eða úti á mörkinni, lék nú sem léttur vindblær um hina ungu limi þeirra.

En nú fór að koma ljóslega fram, hve ólík þessi systkini voru.

Janek var fjörkálfur og stundum nokkuð ódæll. Það var hans mesta yndi að klifra, leika sér og með útbreiddum örmum fagna storminum úti á sléttunum. Hann íhugaði aldrei það, er hann í þann svipinn að-

hafði  
á, þá  
leysi  
augna  
venju  
tárum  
þau e  
alls hj  
X  
miklu  
fann t  
vott t  
aldrei  
eitthv  
hið ól  
Hún s  
þess a  
klifrað  
gaman  
að nol  
Þó  
bæði  
var og  
anna.  
þótti e  
eitt eld  
var all  
henni l  
Eit  
inn. l  
þeim v  
ýmsar  
Jan  
mestu  
leikjum

hafðist, en ef honum varð eitthvað bernskubragðið á, þá bað han grátandi fyrirgefningar á hugsunarleysi sínu. Hann lifði að eins í hinni líðandi stundu augnabragðsins. En alt fyrir þetta, þá var hann óvenju blíðlegt og viðkvæmt barn. Með beiskum tárur vætti hann sár þau, er hann olli, og græddi þau eftir fremsta megni. Vinsamleg orð máttu sín alls hjá honum og stóð á sama hváðan þau komu.

Xenia aftur á móti bar sitt gulljósa höfuð með miklu meiri virðingu og var auðséð á öllu, að hún fann talsvert til sín. Ákaflyndi hennar bar einnig vott um þrjúsku og mikla yfirgirnd. Hún stökk aldrei á bak hesti til þess eingöngu að hleypa honum eitthvað út í bláinn, heldur var það til þess að þvinga hið ólma, óviðráðanlega dýr til hlýðni og undirgefni. Hún sveiflaði eigi keyrinu til þess að refsa, heldur til þess að sýna að hún væri sú, er hér réði, og hún klifraði eigi í kapp við Janek, af því að henni þætti gaman að list þeirri, heldur af því að hún þoldi eigi að nokkur annar væri sér meiri maður.

Þó Xenia væri ennþá ekki gömul, var hún þó bæði stolt og einþykk. Hún vissi gerla hver hún var og hafði sett skörp takmörk milli sín og hjúanna. Hún skipaði Janek með miklu ráðríki, og þótti eigi nema eðlilegt, að hann sem piltur og lítið eitt eldri, léti í öllu undan henni. Ást hennar til hans var alls eigi svo mjög heit, en hann aftur á móti unni henni hugástum.

Eitt sinn kom Zigeuna-flokkur inn í hallargarðinn. Nokkur af hinum brúneygu börnum, er með þeim voru, léku ágætlega á fiðlu og kunnu auk þess ýmsar aðrar listir.

Janek varð frá sér numinn og sýndi þeim hina mestu vináttu og fyrirvarð sig eigi að taka þátt í leikjum Zigeuna-barnanna.

Xeniu aftur á móti þótti lítið til þeirra koma og leit með hálfgerðum fyrirleitningarsvip á hin ókunnu börn og spurði:

“Er pabbi ykkar ríkisgreifi og á hann aðra eins höll og þessa?”

Og er hún varð þess vísari að eigi var svo, gekk hún þegjandi burtu frá börnunum.

Þetta gekk yfir skilning Janeks, og hélt hann áfram að leika sér við börnin og kom loks með blóðrjóðar kinnar og hálf-ruglaður í höfðinu aftur til systur sinnar og skýrði henni frá, að dökkmórauðu börnin hefðu kent honum margar listir, svo sem að koma hesti til að leggjast á hnén, og að standa á baki hans hnakklausu.

Næsta dag reyndi hann sjálfur með stöku kappi að leika list þessa, og hætti eigi hversu oft sem honum varð fótamissir fyr en honum hafði tekist það.

Þá er Janek var 7 ára að aldri, fékk Dynar greifi honum kennara; en hann kvartaði brátt undan því, að drengurinn væri, þrátt fyrir gáfur sínar, mjög latur og ef til vill fremur skilningsdaufur. Það, er hann virtist að hafa nokkrar gáfur fyrir var sönglist; enda var það hið eina, er hann lagði nokkurn áhuga á; kennara hans var því mjög ant um, að honum gæfist færi á að taka framförum í þeirri list, er honum virtist svo meðfædd.

Greifinn félt á þetta og dáðist jafnvel að framförum þeim, er hinn komandi erfingi hans þegar hafði gert. Hvað Xeniu snerti, þá þótti henni og gaman að sönglistinni, en þó var sem margt annað væri henni betur lagið. Það bar við, að hún skalf og nötraði af bræði, krepti hinar smáu hendur sínar og grét af gremju yfir því, að hún gat ekki nógu fljótt lært eitthvert lagið.

En er svo bar til, hafði greifinn oftast en einu sinni

hugsandi undrað h eitt sinn mikið á, sigri hrósa einu í hug var uppi í Nú fy um hve fö tímar.

Þegar inn kennar fósturu henn

Nú var væri þögu mestan tíma nema um m ómannblen ingja börni eyðilega tu skrifborðið vinnu sína, um og fylgd Var þá sem lit hans, er h honum þá v framtíðardra

Dapurlega frá hallarturnu brunnu heiði;



hugsandi virt fyrir sér hið litla blómlega andlit og undrað hver það væri, er hún minti á. — En er hún eitt sinn hafði spilað lög fyrir hann, og eigi orðið mikið á, og stóð nú hnakkakert og leit til Janeks sigri hrósandi og hálf-glottandi, þá datt honum alt í einu í hug hvar hann áður hefði séð þessi augu, það var uppi í riddarasalnum, á mynd Xeniu greifafrúar.

Nú fyrst var sem hann fengi eitthvert hugboð um hve fögur litla dóttir hans yrði, þá er fram liðu tímar.

Pegar Janek var 12 ára gamall, var honum fenginn kennari og Xeniu kennarakona auk hinnar þýzku fósturu hennar.

Nú varð skemtilegra á Proczna, þó að greifinn væri þögull en nokkru sinni endránær og dveldi mestan tímann í lestrarherbergi sínu og sjaldan sæist nema um matmálstíma. Þótti hann vera í meira lagi ómannblendinn, og var nú kent í brjósti um aumingja börnin, er urðu að vera hvert kvöld í hinu eyðilega turnherbergi. Dynar sat jafnaðarlega við skrifborðið sitt og virtist oftast nær sokkinn ofan í vinnu sína, en augu hans voru þó oft með börnunum og fylgdu þeim í hinum saklausu leikjum þeirra. Var þá sem sólskin færi um hið bleika, tærða andlit hans, er hann sá þau skemta sér saman; og hætti honum þá við að fara að dreyma einhvern kærna framtíðardraum.

---

### III. KAPITULI.

Dapurlega og sorglega barst hljómur klukkanna frá hallarturnum Proczna út yfir hina eyðilegu sólbrunnu heiði; hinn hlýi vindblær bar hljóminn á

vængjum sér langt í burtu yfir skógana og gerði kunnugt að greifi Adolf af Dynar hefði á sömu stund verið látinn síga niður í ættargrafreitinn. —

Líkkista hans hafði þegar um langan tíma staðið tilbúin við hlið kistu hinnar látnu konu hans; svo hafði orðið svo snögg um erfiðherrann að Proczna, að líkt var sem skelfing slæi yfir alt heimilisfólkið.

Það var að vísu all-kunnugt, að veikindi í hjartanu hefðu bakað hinum einmana manni margar pínilegar stundir, að þau sem nagandi eitur hefðu smáeytt lífsmagni hans og að mest hafði kveðið að þessu eftir dauða Önnu Eufemiu, en eigi hafði nokkur kvörtun heyrst frá munni greifans né heldur verið gert neitt, er ráðið gæti bætur á meinsemd þessari. Það var sem honum stæði alt á sama, eins og hann eingöngu lifði í minningunni um hina látnu konu sína; en hár hans gránaði meir og meir og hrukkurnar í andliti hans urðu dýpri og dýpri.

Hann vann með hvíldarlausu kappi að riti einu, en fyrir sakir þess, hafði hann gengið úr þjónustu ríkisins og horfið til einveru Proczna. Það var síðustu vikurnar, er hann lifði, að svo virtist, sem einhver órói fengi meira og meira vald yfir honum, og óskaði hann þá oft, að sjá börn sín hjá sér; sýndist þá sem ást hans og kærleikur til þeirra hefði margfaldast. Tók hann þá oft um höfuð hinnar litlu greifafrúr og leit áhyggjufullur í hin dökku augu hennar.

Var hún ekki af Dynar-ættinni og gat hann vænst annars af henni en kulda og drambsemi.

En stundum var þó sem eitthvert endurskin af heitari og dýpri tilfinningum ljómaði úr augum hennar. Dró þá greifinn léttara andann og reyndi að hrinda burtu hinum myrku hugsunum.

Það var einn dag að ókunnugir menn komu að

Proczna  
og nok  
herbergi  
lyktin af  
Grei  
Gúst  
aftur um  
gamla E  
sagði hún  
ið lagt í  
frúin hefð  
nú séð þ  
Hvernig g  
eigin holo  
vandalaus  
hyski!"  
Og Gu  
hafði aldr  
hegðaði s  
greifi.  
Gustina  
sínun.  
stæi hana,  
ugs ættern  
ilt orð til  
einhvern m  
nefndi hann  
því það var  
inn sannur g  
farið með h  
Það var  
Gustaf Adol  
Hafði hann  
skrifborð sí  
nokkrum stu

Proczna; var það málaflutningsmaður, skjalaritari og nokkrir dómendur. Sátu þeir lengi að samtali í herbergi greifans; heyrðist þá skjáfa í pappír og lyktin af heitum pappír lagði upp frá skrifborðinu.

Greifi Dynar ráðstafaði nú eigum sínum.

Gústina þjónustumei var á stöðugu rápi fram og aftur um göngin og hafði allmiklu að hvísla í eyru gamla Ewalds: "Nú verður þessu ekki breytt," sagði hún, full gremju. "Nú hefir gauksegginn verið lagt í hreiður litlu dúfunnar. Hvað ætli greifafrúin hefði sagt, ef hún hefði lifað þetta? Gæti hún nú séð þetta, mundi hún snúa sér í gröf sinni. — Hvernig geta menn verið svo vitlausir, að gera sínu eigin holdi og blóði slíkan órétt og það alt fyrir vandalausar ..... húsgangar ..... pólskt þjófa-hyski!"

Ög Gustina krepti hnefana í heipt sinni. Henni hafði aldrei verið vel til hins djarfa pilts, er ætíð hegðaði sér jafn frjállega og væri hann sannur greifi.

Gustina var að eðlisfari lítt frjálsslynd í skoðun sínum. Henni fanst það mjög eðlilegt, að Xenia stæi hana, því slíkt var eigi annað en einkenni göfugs ætterins, en við Janek, er aldrei hafði talað eitt ílt orð til hennar, en að eins stundum gert henni einhvern meinlausan grikk, var henni fremur illa og nefndi hann aldrei öðru nafni en "húsgangs-prins", því það var svo sem auðséð á öllu, að hann var enginn sannur greifi, því ella mundi hann vissulega hafa farið með hana á líkan hátt og Xenia jafnan gerði.

Það var einn sólbjartan fragan vordag, að greifi Gustaf Adolf hafði látið aftur augun að fullu og öllu. Hafði hann fundist snemma dags kyr og kaldur við skrifborð sitt, og hafði þar dauðinn þegar fyrir nokkrum stundum leyst hann frá hinum jarðnesku

bjáningum hans. Var það hjartveiki hans, er olli því, að endirinn kom svona hastarlega og þá er menn ízt bjuggust við því.

Fjárhaldsmaður hinna munaðarlausu barna, fríherra von Drach æskuvinur greifans, hafði þegar flýtt sér að banasæng hins framliðna greifa, ráðstafað því, er gera þurfti og séð svo fyrir, að Janek, er nú var 16 ára að aldri, var samkvæmt fyrirmælum greifans, sendur á opinberan skóla.

En Xenia var tekin í hús barónsins. Að öðru leyti átti alt að standa óhaggað til hausts á Proczna.

Þá er verið var að afráða þetta, hafði hin litla greifafrú af einhverri tilviljun litið framan í Gustinu, og var þá eigi laust við, að hún skelfdist af augnaráði því, er hún sá. — —

Indæll, leyndardómsfullur ilmur sveif yfir hinni blómskrýddu heiði. Rauðleit fiðrildi flögruðu um í sólskininu og léku sér á milli laufanna á hinum kyrru, hávöxnu runnum. Hægur andvari fór um loftið og hinir marglitu tinnusteinar skinu milli hinna voðfeldnu þúfna. Í endalausum fjarska breiddi sig út hin austur-prússenska heiði.

Öðrumegin láu hinir dimmu skógar, og þar risu turnar Proczna hátt yfir trjátoppna; en um miðbikið sáust, gegn hinum bjarta sjóndeildarhring, réttir úr píl-kvistum, þar sem hin ungu hross höfðust við á sumarnóttunum.

Janek hafði oftsinnis riðið þarna út á heiðinni hinum frísandi hesti sínum, svo stundum skifti. Hann elskaði svo mjög að þeysa tilgangslaut um í guðs víðu veröld. Þá var ekkert er hepti hann, þá þóttist hann geta tekið höndum hinn glóandi sólarhnöt þarna úti í geiminum, og hlaupið í kapp við hauststorminn, eða gripið byssukúlu sína áður en hún næði takmarki sínu. Og stoltur og frjáls sem ein-

hv  
fra  
þá  
hár  
hlið  
áfra  
han  
ríðu  
Og  
hinn  
um r  
I  
U  
til sk  
þar t  
hann  
og tír  
að fle  
að þa  
við sk  
St  
anna  
heima  
hennar  
Jan  
fyrir sé  
þó svo  
Þó  
en þó r  
lík snjó  
óttá gra  
um Lor  
geislum  
sitt. X

hver guð fornaldarinnar þeysti erfinginn að Proczna fram á gæðingi sínum, er hann virtist samgróinn við; þá leiptruðu augu hans af gleði, þá flökti hið lokkaða hár hans fyrir vindinum.

Oft hafði Xenia, er hún hleypti hesti sínum við hlið honum, hneykslast á því er hann þannig þeysti áfram á ósöðluðum og ótömdum folum og kallað til hans: "Þú riður ekki fyrirmannalega, Janek. Þú riður ekki eins og greifi, heldur eins og Indíáni." Og þó hafði hann sjálfur oftlega komið óvörum að hinn litlu greifafrú, er hún með samankreistum tönnum reyndi að halda sér fastri á hinu hála hestbaki.

En vei þeim, er hefði dirfst að minnast á þetta.

Um mikinn krók hafði Janek riðið yfir heiðina til skógarins; hafði hann þá fundið tóu og elt hana, þar til hún komst undan ofan í kanínu-gren. Stökk hann þá af baki af hinum löðursveitta hesti sínum, og tindi nokkrar seinvaxnar liljur, til þess síðar meir að fleyja þeim í kjöltu systur sinnar, því hann vissi að það var vandi hennar að sitja seinni part dags við skógarröndina og lesa þar í bók og bíða hans.

Stýrði hann nú hesti sínum gætilega milli greinanna til þess að komast nær henni. Það stóð og heima. Eigi langt þaðan sá hann hin hvítu fót hennar skína á milli laufanna.

Janek stöðvaði hestinn stundarkorn og virti hana fyrir sér; aldrei hafði honum sýnt hún svo falleg og þó svo annarleg.

Þótti honum þá sem hin grannvaxna, velskapaða, en þó nokkuð barnslega mynd hennar, væri nokkuð lík snjóhvítum álfi, er risið hefði upp úr hinu bylgjótta græna grasi. Hann hafði eitt sinn lesið sögu um Loreley hina þýðu galdrakonu, er situr á kletti í geislum kvöldsólarinnar og kembir hið gullna hár sitt. Xenia var og vön að strjúka hina ljómandi

lokka frá enni sínu, einmitt eins og hin fagra töfrakona á klettinum við Rínfljótið.

Töfrakonan Loreley!

Hún snýr bakinu að honum. Hinir háu runnar skyggja á hana, er hann smá færir sig nær og mynda vegg milli barna Dynar greifa.

Janek færir sig nær og nær og heyrir nú málróm hennar.

“Þú skalt og verður að segja mér sannleikann, Gústína,” segir hún, “eg skipa þér það.”

Já, það var hin stolta, kalda rödd systur hans, en rétt hjá henni sá Janek svartan klæðnað og þrjónasokk gegnum runnana — rétt hjá henni situr Gústína.

“Eg þori það eigi, greifinn hefir bannað það, og hvaða gagn gæti það gert. Gauks-eggíð er hvort em er komið í hreiður yðar og nú er eigi annað fyrir að þegja og hlýða.”

“Hvern áttu við er þú talar um gaukseggíð? Er það Janek?”

“Hver skyldi annars vera.”

“Hversu dirfist þú að kalla bróður minn mér vandalausán.” Xenia rís á fætur og varir hennar titra.

“Bróður yðar! Gústína rekur upp skellihlátur. “Í guðs nafni, greifafrú, aldrei mundi eg dirfast að nefna bróður yðar svo.”

Janek þótti sem hann hefði fengið hnefahögg beint í andlitið. Hann féll ósjálfrátt á kné, studdi handleggjunum á steininn og hlustaði; voru kinnar hans glóandi af reiði.

“Hvar á þetta við ..... Þú ert eitthvað kynleg, Gústína” ..... Rödd Xeniu titrar, bókin rennur niður af knám hennar og fellur til jarðar.

Þá leggur hin gamla kona höfuð sitt að eyrum Xeniu.

hva  
nok  
man  
hve  
og n  
hanr  
er eg  
l  
kemu  
högg  
ræna  
sína,  
hann  
H  
H  
og fir  
þ  
tólf á  
húsasl  
klæde  
um, u  
— lar  
X  
“N  
pabbi;  
og fle  
beining  
dregin  
þetta g  
gaukse  
“H  
hinum  
“G

“Heyrið, greifafrú, hefir yður aldrei undrað, hvar Janek hafi fengið svarta hárið sitt? Hefir nokkru sinni annar eins svertingi verið í ættinni í mannaminnum? Hafið þér aldrei tekið eftir því, hve ólíkur pilturinn er yður? Þið eruð sem dagur og nótt. En mín vegna megið þér gjarna halda, að hann sé bróðir yðar. Eg að minsta kosti veit það, er eg veit.”

Dimmir skuggar líða yfir augu Janeks. Honum kemur til hugar, að þjóta upp og með einu hnefa-höggi merja hinn hvásandi höggorm, er reynir til að ræna hann heiðri og sæmd. En hann stillir bræði sína, bítur á jaxl og heldur kyrru fyrir þar sem hann er.

Hann vill heyra alt, alt.

Hann þrýstir andliti sínu móti hinum svala mosa og finnur hversu hjartað berst í brjósti hans.

Þá segir Gústina frá ofsaveðurs-nóttinni, fyrir tólf árum síðan, frá hinu pólska hyski, er beiddist húsaskjól á Proczna, frá hinum sofandi tötrum klædda pilti, er greifinn tók að sér, og frá föðurnum, uppreistarmanninum, er eigi gat litið sólarljósið — landshornamenn ..... tapaðar verur!

Xenia hljóðar upp af skömm og reiði.

“Nei, þetta skal aldrei viðgangast. Æ, pabbi, pabbi; hversu gazt þú farið að draga svona þitt góða og flekklausa nafn ofan í saurinn? — Sonur pólsks beiningamanns bróðir minn! Erfinginn að Proczna dreginn fram af lægstu stigum útlendrar þjóðar! Og þetta gerir þú mér ..... mér! Gústina, hve eg hata gaukseggið í hreiðrinu!”

“Hún stekkur upp og þrýstir í ofsareiði sinni hinum kreptu höndum sínum að gagnaugunum.

“Gústina, ef þetta berst út ....., ef menn benda

á blettinn á ættarskildi mínum. Þá skömm mun eg aldrei standast."

"Skömm," hljómaði líkt og hvell rödd yfir hina þögulu heiði og "skömm" kvað bergmálið við í hjarta hins örvinglaða Janeks.

"Verið eigi hugsjúk, greifafrú, um þetta. Eigi mun eg hafa orð á því, né heldur Evald. Og hversu er þá hætt við, að það komist upp. Er líklegt að Janek sjálfur muni gera það? Eg held ekki, því þó hann fái vitneskju um þetta, er hann verður myndugur, af bréfi því, er greifinn hefir eftirlátið sér, mun hann að minni hyggju að verða síðastur manna til að bera það út."

Þá leit Janek stoltlega upp og brann eldur úr augum hans; hóf hann upp knýttan hnefann og skók hann mót þeim er talað hafði.

Öll heiðin svam í blóðlituðum logum. Sólin seig til viðar í purpuradýrð og töfrakonan Loreley stóð þar svo fülleit í ljóma kvöldroðans.

"Skömm, skömm," kvað vindurinn í krónum trjána. Þá liðu skuggarnir dýpra og dýpra yfir skóginn og döggr næturinnar féll í dauðapögn yfir sléttuna.

Og erfinginn að Proczna lyfti hægt upp hinu dökklokkaða höfði sínu.

"Hún er þá ekki systir mín!" Undarlegar tilfinningar sýndu sig á svip hans og brjóst hans reis og féll af djúpum andardrætti. "Hún er þá eigi systir mín."

Hann sneri sér við og leit yfir að hallarturnunum á Proczna. Hugur hans leið langt, langt aftur í tímann. Hann sá veifur blakta á turnum þessum, er heilsuðu arftökumanni ríkisgreifans af Dynar, sem hinum nýja drotni, og þessi arftökumaður var hann sjálfur, smánin, gaukseggið í hreiðrinu.



Janek hló kuldahlátur og mælti í hálfum hljóðum: "Þann dag, sem þetta skeður, munum við gera upp reikning vorn, Loreley góð."

Því næst gekk hann burtu og bar nú hátt höfuðið. — Liljurnar láu visnar á mosanum, troðnar undir fótum hans. — Nú var eigi lengur neinn er hugsaði um, að taka þær upp og strá þeim sem ástarmerkí í skaut einhverrar stúlku.

Næsta morgun gekk Janek inn í herbergi systur sinnar.

Hún sat við opinn gluggann og laut höfði sínu yfir uppdrætti. Hið bjarta sólskin féll skáhalt inn yfir hnakka hennar og hinar þykku hárflettur. — Vínviðarlaufið vafði sig um hinn háa glugga og sló grænum hring um höfuð stúlkunnar.

"Góðan daginn, Xenia!"

Kveðja hans var að vanda hlý og innileg.

Xenia leit upp með óþýðum kuldaspip. Var hún bleikari en vanalega og virtist honum sem útlit þessara tólf ára stúlku fremur minti á fullorðna konu en barn.

"Hvað vilt þú?" spurði hún þurlega.

Janek studdist fram á íbenholtsborðið og leit fastlega í augu hennar.

"Eg hefi nokkuð skrítið að sýna þér í trjágarðinum. Eg ætlaði að gleðja þig. Komdu með mér."

"Nei, eg æski eigi neinnar hugulsemi af þinni hendi," var svar hennar og hún glotti háðslega.

"Hér er eigi um það að ræða. En mér hefir tekist að leika list eina. Manstu ekki eftir fallega eplatrénu. Við vorum hrædd um að það mundi deyja og þú hlóst að mér, er eg róðursetti nýjan kvist á krónuna, því kvistur þessi var af anarlegum stofni. Komdu niður og líttu á undur það, sem orðið hefir."

Xenia leit upp til Janeks með heiptarsvip í

sínum dökku augum, fleygði frá sér ritblýinu og gekk til dyranna á undan honum.

Hin annarlega grein á eplatrénu stóð í fullum gróðri.

Hin litla greifafrá leit til hans og beit sig í varinnar, til þess að bæla niður hina sjóðandi reiði, er ætlaði að brjótast út.

“Vesalings tréð,” sagði hún loksins, “er verður að þola slíkan aukteinung á stofni sínum.”

Janek lét brýrnar síga og svaraði:

“En sem yrði annars að tortýnast ef eigi aukteinungur þessi gæfi því líf.”

“Beta væri að líða undir lok, en að halda lífi fyrir slíkt kák,” svaraði Xenia drembilega. Beta væri að hverfa hreinn og flekklaus, en að láta vanhelga krónu sína með kvisti óæðra kyns.”

“Inn í landeign Proczna skal ekkert annarlegt efni laumast og engin ný grein skal þar láta úr sér spretta falsblóm á gamalli rót. Eg vil það eigi! Eg læt það eigi viðgangast! Heyrirðu það, Janek? Eg þoli það alls ekki.

Þreif hún þá keyrið úr hendi hans og sló hin hvítu blóm til jarðar, en hinn nýi viðarteinungur beygðist og brotnaði.

Dreyrrauður roði fór um andlit erfingjans að Proczna og í bræði sinni þreif hann í handlegg henna:

“Xenia!” sagði hann og hristi hana fremur óþrymlega.

“Þessi blómgaða hvísl var mér sönn gleði, hún var umbun fyrir margra mánaða fyrirhöfn. Það var hingað, að faðir okkar sæll gekk hina síðustu göngu sína og nú slær þú hana niður, af tómri illgirni og einþykni. Bið mig forláts, fautinn þinn! Eg

krefst þess, eg vil þú gerir það, — minn vilji eins ósveigjanlegur og þinn.”

Hún fölnaði af reiði og reyndi að slíta sig af honum; en stóð alt í einu kyr, fleygði höfðinu aftur á bak og rak upp skellihlátur; eldur þrjózku og fyrir-  
litningar leiptraði úr augum hennar, alveg eins og á mynd hinnar fögru Xeniu í riddarasalnum.

“Eg að biðja þig forláts!” sagði hún, og í orðum hennar og róm lá eitthvað óendanlega særandi. Það var sem hún nær því yxi um helming.

“Ef þú vilt heita skynsemi gædd vera, þá verður þú að kannast við hve illa þér hefir farist og biðja mig forláts.”

Janek reyndi að tala stillilega, en varir hans titruðu og orð hans voru sem skipun.

Hún virti hann fyrir sér með fyrir-  
litningarsvip.

“Nei, eg geri það aldrei,” sagði hún og nísti tönnunum. “Vogaðu eigi að snerta mig lengur. Sleptu mér, þú ..... þú .....

Hún þagnaði snögglega og fölnaði upp. / Hennar eigið dramb og hræðsla hennar fyrir heiminum, bundu tungu hennar og hindruðu hana frá að fleygja í andlit honum svívirðingarorðum þeim, er voru á vörum hennar.

Janek gaf nákvæmar gætur að henni og úr augum hans brann sem sigrihrósandi eldur. Hann kreisti handlegg hennar enn fastar og mælti fyrir munni sér:

“Það er í síðasta skifti — hugsaðu þig vel um, Xenia.”

“Nei — nei ..... og ennþá eitt sinn nei!”

Þá gerðist nokkuð óheyrilegt. Keyrið hvein í loftinu og á næstu stund sást breið, rauð rák á hinni litlu hendi. Þá slepti Janek henni og hörfaði felmtsfullur undan.

Lágur skrækur heyrðist frá vörum hennar. Hissa og óttaslegin blíndi hún á hann, en féll þá hugur og náfölnaði.

Hún ætlaði að tala og þrýsti, mæðin, vörunum saman. Hún ætlaði í heiptarbræði sinni að reiða upp hina kreptu, brennimerktu hendi sína og slá í höfuð hans, en lét hann falla skjálfandi. Tár móðg-aðs stærilætis vættu augu hennar. Hún keyrði höfuðið aftur á bak, dró andann djúpt og sneri við honum bakinu.

Þetta var hið fyrsta hirtingarhögg, er hin litla ríkisgreifafrú varð fyrir. Janek skeytti eigi meira um hana, en gekk með mesctu ró og stilling að eplatrénu til þess að reyna að bæta hina brotnu kvísl. Hann hirti alls eigi um afleiðingar höggðsins; það fékk jafnvel minna á hann, en þó höggið hefði hitt óviðráðanlegan hest eða illa vaninn veiðihund, því skepnur þessar láta sér þó loksins segjast. En hinn rauðleiti litli fauti við gera uppreisn, vildi vera óskynsamur.

Þegar Xenia var horfin eftir hinum sóllýsta vegi, leit Janek þó í áttina, er hún hafði haldið. Hann varp mæðilega öndinni. Það var sem höggið hefði hitt sjálfan hann, svo mjög sárnaði honum það, er nú hafði gerzt.

Sneri hann sér þá að hinni brotnu hvísl. Virtist honum þá sem hann hér sæi sjálfan sig. Annarlegan teinung á annarlegum stofni, brotinn af örslaganna hlífðarlausu hendi og kastað út í veröldina.

Hann þrýsti hendinni að brjósti sér. Hann skildi eigi að fullu hvað það var, sem hreyfði sér þar; honum þótti líkt og í þungum pínulegum draumi, sem upprætt hefði verið í hjarta sjálfs hans ungum fögrum blómknappi. En á næstu stundu var hann alt í

einu s  
munnu

Fr  
systkir  
in og  
að Xe  
bægja  
í hinu  
sundu

O  
aldrei  
hverja  
hann  
Hann  
þvert  
fyllileg  
ann að

H  
hans,  
móti h  
ar óvi

Be  
vitnesl  
inn, þ  
það ú  
Mætti  
hafði  
aldrei  
í saur  
stakleg  
dagleg  
þessa  
sína ei  
Ta  
fengið

einu sem annar maður og háðslegir drættir léku um munnvik hans.

Frá þessum degi varð mikil breyting á umgengni systkinanna. Hin fyrri alúð var sem algerlega horfin og gleymd. — Margar vikur liðu nú stundum svo, að Xenia eigi talaði orð til Janeks. Stolt og fráþægjandi stóð hún frammi fyrir honum og svipurinn í hinum dökku augum hennar virtist kremja hann sundur.

Og Janek, hið þýða, eftirlátssama barnið, er aldrei hafði matið neitt því líkt, sem að geta lesið hverja óskina úr augum hinnar ástríku systur sinnar; hann var nú sem á svipstundu algerlega breyttur. Hann beitti nú allskonar ráðríki við hana; gerði flest þvert ofan í óskir hennar, galt líku líkt og lét hana fyllilega finna til þess, að hann var eldri og erfiherrann að Proczna.

Hve undarlega leiftruðu eigi hin brosandí augu hans, er hann sá hana nísta tönnum og rísa upp í móti hinu þjakandi oki, er hún sjálf, af nokkurskonar óvitandi drambi, hafði lagt á herðar sér.

Bezt væri, að þessi flækingur eigi fengi nokkra vitneskju um, af hve láum stigum að hann væri kominn, því eigi væri ólíklegt, að hann þá kynni að bera það út, henni til vanvirðu en sjálfum sér til lofs. Mætti honum eigi standa á sama, þar sem hann nú hafði gerst Dynar greifi? En hún, Xenia, mundi aldrei líða það, að hið gamla, virta nafn hennar væri í saurinn troðið. Því var það, að hún með hinu staklega, járnharða þreki sínu, bar alla þá áreitni og daglegar skapraunir, sem hún varð fyrir af hendi þessa hataða smáættaða pilts, heldur en að lægja sína eigin drambsemi.

Takmarkalaus heift til föður hennar hafði nú fengið vald yfir henni. Fyr meir hafði hún daglega

skreytt grafir foreldra sinna með nýjum blómum. En nú lét hún Janek fara þangað einan og sat sjálf í þungu skapi yfir bókum sínum.

Gústína reyndi í fyrstu að halda í við gauksegg-ið, því hún hélt að hún ætti enn við hinn forna, eftirlátssama Janek. En henni varð ekki kápan úr því klæðinu. Hin gamla kona hörfaði í ofboði undan, er hann endurgalt einhverja óskammfeilni hennar með duglegum löðrung. Ef hún þá kærði þetta fyrir kennara Janeks, var svo fjærri því, að hann tæki málstað hennar, heldur ávítaði hana fyrir ótilhlýðilegt athæfi hennar gagnvart hinum unga manni. Líkaði henni þetta, se mvonlegt var, mjög illa og fór nú að ausa úr sér illyrðum.

Sæladagar hennar voru nú á enda. Hún mátti nú eigi að eins þola ofsa og bráðlyndi Xeniu, heldur og hina nær því svívirðilegu meðferð, er Janek sýndi henni, því hann lét hana ljóslega skilja, að hún væri að eins óbreytt vinnukona og ekkert annað. Eigi fór Janek með neinn mann á Proczna neitt því líkt sem hina gömlu konu Gústínu.

Loks rann upp sá dagur er erfiherrann að Proczna skyldi kveðja hið rólega heimili sitt um nokkur ár, til þess að ganga á aðalsmannaskólann.

Hægt gekk hann þá niður fyrir hinar háu tröppur hallarinnar og steig með kennara sínum upp í vagninn er þar beið þeirra. Allir þjónarnir stóðu þar í hnapp og grétu falslausum tárur og veifuðu höttunum að skilnaði, því Janek hafði verið uppá-hald allra nema Gústínu.

Köld og grafkyr stóð Xenia með krosslögðum handleggjum í húsdyrnunum og virti Janek fyrir sér. Aldrei hafði henni þótt andlit hans, með hinum fínu, nokkuð bleiku dráttum, svo hrokafult sem á þessari

stundu  
henni  
Já,  
meðar  
lagði  
bak og  
H  
"f  
eg væ  
hann  
eg nol  
H  
flýtti  
svara  
hann  
L  
skóga  
A  
M  
heiðir  
inn lá  
H  
upp,  
aldra  
aði a  
og þe  
loga,  
C  
fer að  
gling  
hinn  
A  
uge  
; v  
blakt

stundu, er hann með háðbrosi ypti hattinum og rétti henni hönd sína að skilnaði.

Já, hann dirfðist að rétta henni hönd sína, og það meðan ennþá sveið undan högginu! Hún krosslagði enn fastar handleggina, fleygði höfðinu aftur á bak og sagði kuldalega: "Vertu sæll."

Hönd hans leið niður.

"Í dag vilt þú eigi rétta mér hönd þína, svo sem eg væri einhver hataður, vandalaus maður," sagði hann í lágum hljóðum. "Kannske þig iðri þess, ef eg nokkru sinni sé þig aftur á þessum stað."

Hún svaraði með lágum hæðnishlátri en Janek flýtti sér niður tröppurnar, heilsaði til allra hliða og svaraði skilnaðarkveðjum frá Proczna, eins lengi og hann gat eygt hina gömlu, einmana höll.

Líkt og hár, dimmur veggur risu loks hinir myrku skógar milli hins liðna og komandi tíma.

Afram, þið léttu brokkhestar, þenjið ykkur.

Mörg ár höfðu nú liðið. Auð og óbreytt var heiðin. Lyngið stóð í blóma og hinn dimmblái himinn lá sem hátt hvolf yfir Proczna.

Hinir gráu stórkostlegu turnar mændu hátt í loft upp, og þó að sólin sendi ljóma sinn yfir þá, var sem aldráð önuget andlit, með þvinguðum blíðleik, deplaði augunum á móti hinu skæra ljósi. Það var líkt og þegar gamalmenni færir sig nær björtum, heitum loga, þó augu hans þoli illa birtuna.

Og þó er skrítnast, þegar þvílíkt gamalmenni fer að róta í löngu gleymdum hirzlum eftir allskonar glingri frá æskuárunum til þess að skreyta með því hinn skorpnna líkama sinn.

Á turnum Proczna voru nú opnaðir hinir rykugu luggar og hið fríða merki Dynar-ættarinnar hengt; var sem það fyndi til einhvers fagnaðar, er það blakti fyrir húnum hæga vindblæ. Hallarhjöllun-

um hafði verið breytt í blómlegan aldingarð. Suðræn aldintré hrósuðu hinum fegurstu snjóhvítu blómum á þökum hallartröppunnar, en á báðar hliðar stóðu afar mikil ljónslíkneski, gerð úr steini, og héldu í hinum mosavöxnu klóm sínum á merki ríkisgreifanna af Dynar, en á það var myndað skáhallur borgarveggur og biskupshattur. Glænýjar grenkvíslir vafðar blómsveigum, mynduðu marglitaða stöpla á hjöllunum, og lágu frá þeim löng garland af blómum og ýmsum grösom, yfir að blómgrí röð skreyttra stanga, er settar höfðu verið á hvora hlið hins breiða forsæluzangs, er lá um trjágardinn.

Frá geymsluhúsunum kvað við fagnaðaróp og söngur með hornablæstri og fiðluleik. Hljóðfæraleikarar frá borginni voru þar komnir í sínum beztu sparifötum og léku á hljóðfæri sín fram undan húsi umsjónarmannsins.

Ölkönnunum var hringt og ilmandi steikaralykt lagði út úr eldhúsgluggunum, þar sem vinnufólkið hélt til.

“Lifi hinn ungi herra! Húrra! Húrra!”

Og gleðiópin bárust af bergmálinu langt, langt á burtu í hinu lygna, bjarta morgunlofti.

Í portinu að hallarhjöllunum sást nú grannvaxin kona stíga niður steintröppurnar.

Hin hvíta hönd, er studdi sig við handriðið, hreyfðist til, og Xenia lyfti upp hinu fagra andliti sínu.

“Lifi hinn ungi herra! Húrra! Húrra!” hljómaði á ný.

Hið ljómandi sólskin gat eigi rekið á burt hina dimmu skugga af andliti hinnar ungu greifafrúar. Nær því fyrirlitningarsvipur fór um enni hennar, og höfuð hennar rétti sig þrjúzkulegar og stoltara en nokkru sinni áður.

X  
virðis  
aldrei  
litla  
stúlka  
og nú  
Dynar  
hinu h  
Sl  
augun  
andlit  
eins o  
þess a  
og að  
og gef  
Ni  
Var þ  
og san  
í þunn  
hann t  
sig fyr  
í kross  
“Þ  
aði hi  
leið iln  
ið. “  
í göml  
verður  
bannse  
fyrir m  
andi ve  
Xenia,  
máli, þ  
lögma  
“hrafm



Xenia greifafrú er nú að eins 18 ára að aldri. Þó virðist hún sem fullþroska. Hún hafði að vissu leyti aldrei verið barn. En hvernig gat þá hin sjálfstæða, litla greifafrú komið fram sem ástúðleg, innileg stúlka. Hún var sér jafnan vitandi hver hún var, og nú hvíldi hið gull-lokkaða höfuð hins "síðasta" af Dynar-ættinni á þessari frjálsu tignarlegu mynd, með hinu hnarreista höfði.

Skrítilega töfrandi var munurinn á hinum svörtu augum og hinu ljósa hári, en þó alt væri fagurt í andlitsfalli hennar, var þó sem vantaði eitthvað, eins og að heitur geisli ósjálfrátt yrði að koma til þess að bræða kuldann, er lá yfir viðmóti hennar, og að ljúf hönd yrði að fara yfir stein-andlit þetta og gefa marmaranum líf.

Nú var gengið hægt að hlið Gustafs Adolfs. Var þar kominn baron von Drach; hann var álútur og samanskroppin á að líta og hið gráa hár hans var í þunnum flyksum strokið yfir beran skallann. Gekk hann nú vagandi fram á hallarhjallann og hneigði sig fyrir Xeniu með slíkum riddaraskap, að hringlaði í krossunum, er í löngum röðum skreyttu brjóst hans.

"Þú hefir gert boð fyrir mig, góða mín," stamaði hinn aldraði hirðmaður út úr sér, og hélt um leið ilmandi vasaklút fyrir vörum sér og hóstaði mikið. "Eg var rétt núna inn í skjalasafninu, að blaða í gömlu skruddunum; þær eru mjög fróðlegar, því verður ekki neitað. Þar er margt ágætt, en líka bannsett rusl innanum; en loftið er þar ófært og ekki fyrir mitt brjóst. Það liggur við að það sé óvinnandi verk; en það hefi eg nú sagt þér oft áður, góða Xenia, og örðugt mun veita að gera nokkuð í þessu máli, því alt er skriflegt og vitnað og í alla staði lögmætt. Þér má standa á sama, hvað verður um "hrafnehreiðrið", þetta, sem ánafnað hefir verið

bróður þínum; því er ekki ríkidæmi þitt hvort sem er fjarska mikið, þó eigi sé nú litið til móðurarfs þíns." Og hinn gamli barónn hóstaði á ný og veifaði vasaklútnum, sem vildi hann segja: Það má rækallinn vera að hirða um þetta skran.

Xenia hleipti brúnum og svaraði með hálfgerðum reiðisvip: "Eg á bágð með að trúá því, að þú í fullri alvöru ætlir mér svo auðvirðilegan tilgang. Eg mundi alls eigi hafa beðist þessa af þér, ef hér hefði eingöngu verið að ræða um nokkra skildinga. Greifarnir af Dynar hafa ekki gert sig að þrælum fyrir léleg fjármál."

"En góða mín ..... eg skil ekki ....., hverjæ gátu aðrar verið ástæður þínar." Hið litla skrælnaða andlit barónsins engdist sundur og saman af einhverjum ráðaleysis ofþunga. "Það vita þó guð og menn, að ekki er neinn hægðarleikur að rifta testamenti; að höfða mál, án þess að hafa nokkuð fyrir sér ....."

Xenia leit með ógnandi augum til barónsins og sagði: "Eg ætla að biðja þig, frændi góður, að hætta hugleiðingum þínum, því þær virðast að fara að verða fremur kátlegar."

"Eg bað þig að fara yfir ættarskjölin og viðaukana við erfðamálin, að eg mætti komast að því, hvort tilværi nokkur sérstök ákvörðun, er gæti ónýtt testamenti föður míns; hér er ekki að ræða um Östöfun hans á fénu, heldur hinu, hvort þessi ..... ssi ..... fóstursonur hans í raun rétttri hafi nokkurn rétt til héðan í frá að bera nafni hans."

Barónninn ypti öxlum og beit saman hinum þunnu vörum og svaraði: "Þessu verður varla breytt, barn mitt. Faðir þinn hefir fengið sérstakt leyfi hans hátignar og auk þess fylgir því samþykkt, sem staðfest er af hlutaðeigandi skjalaritara, frá

bræð  
ir 5 á  
Þanni  
munt  
ur þí  
eigi að  
"C  
hendu  
vel ar  
konuh  
Hví e  
borin,  
yfir na  
Ba  
miklu  
ið höf  
"E  
.....  
þó un  
nafni þ  
"H  
gáfur þ  
"F  
legg hi  
í bréfir  
Dr  
svip.  
"Æ  
— r  
mig mi  
ið á mé  
frakkar  
Bar  
anbund  
fór í ós

bræðrungi hans Dagobert, er þá var á lífi og dó fyrir 5 árum, ógiftur, sem sendiherra í Constantinopel. Þannig eru ómótmælanleg réttindi Janeks. Þú munt brátt komast að raun um, að hinar smáu hendur þínar, þrátt fyrir alt þitt þrek og kjark, megna eigi að hindra þetta."

"Guð komi til!" Greifafrúin hóf upp sínar hvítu hendur og hristi þær í máttvana heift, svo að jafnvel armböndin titruðu. "Hvers vegna skulu veikar konuhendur ráða framtíð og sóma heillar ættar? Hví er eg eigi karlmaður? Hví er eg í heiminn borin, er mér var synjað styrks til að halda hlífiskildi yfir nafni því, er eg ber?"

Barónninn þerraði sjónargler sitt og tindi með miklu seinnlæti af fötum sínum blóm nokkur, er fallið höfðu á þau.

"En hvers vegna ertu eiginlega svona vanstilt og ..... ósanngjörn, góða mín? Hvað gerir þér til þó ungur maður haldi við hinu fríða og afargamla nafni þínu, er vér allir væntum svo mikils af?"

"Hin afbragðs próf Janeks, hinar framúrskarandi gáfur hans og öll framganga hans ....."

"Frændi!" Xenia lagði hönd sína þungt á handlegg hins gamla manns. "Reit faðir minn nokkuð í bréfinu til þín um ætterni Janeks?"

Drach leit á hana með hálfgerðum vandræðasvip.

"Ætterni?—hm! ..... það er eins og mig óljóst — ranki við einhverju ..... hm! mjög óljóst..... mig minnir að ..... en bíddu við! Eg hefi þá bréfið á mér! Fyrirgefðu ..... eg verð að hneppa upp frakkanum mínum. .... Hérna hefi eg það."

Barónninn tók upp úr brjóstvasanum lítinn sam-  
anbundinn bréfböggul, gekk fram að handriðinu og fór í ósköpum að róta í bréfunum.

“Þetta er hönd pabba, sé eg. Með þínu góða leyfi.” Og án þess að bíða eftir svari frænda síns, rétti hin unga stúlka hendina yfir herðar hans, tók bréfið og fór í ákefð að lesa það.

Drach var of lítill vexti til þess að geta fylgt með og það þó hann tylti sér á tærnar.

“Lestu fyrir mig þarna, Xenia,” bað hann í ákafa.

Greifinnan lét hendurnar með bréfinu síga og dró þungt andann. “Janek er sonur mikils manns, er eg þrátt fyrir ólíkar skoðanir okkar og óbeit mína á pólitískum hreyfingum þeim, er hann því miður hefir tekið of mikinn þátt í (Janek er pólskur). Drengskaparloforð mitt hamlar mér að skýra þér nákvæmar frá ætterni fóstursonar míns, en eg vona þó, að þú, gamli vinur minn; sýnir hinum unga manni alla vinsemd og alúð, er þú veizt að hann er mér jafn kær og hann væri barn sjálfs mín.”

Barónnin hafði tvívegið lesið línur þessar hátt og hátíðlega, er hin unga stúlka fékk honum aftur bréfið. Nú leit hún hugsandi upp, en hann þreif ósjálfrátt bréfið.

“Hann hefir að vísu ekkert nafn,” sagði hún, “en eg fyrir mitt leyti held .....

“Hvað er framorðið?” sagði Xenia þurlega.

Baróninum varð hálf bylt við og flýtti sér að gæta að því. En á meðan blés hann burtu ryk það, er hafði sezt á fingur hans af handriðinu.

“Jæja, það er ágætt! Hún er þá rétt ellefu. Það er ennþá heill klukktími þangað til Pólverjinn kemur aftur!” Xenia lyfti höfðinu með sínu einkennilega fyrirlitningar brosi. “Réttið mér handlegginn, frændi góður; við skulum ganga eftir trjágarðinum.”

“Mig langar til að skýra betur þessar skriflegu bendingar, að því er snertir hinn komandi erfiherra

að Proczna; en eg ætla ráðlegra að gera það undir hinum grænu krónum garðsins, þar sem eigi aðrir en hin þögula náttúra og fiðrildin geta hlustað á okkur.”

Hið lítt hærða höfuð hins gamla hirðmanns laut niður að munni hinnar ungu stúlku. “Eg er fjarska forvitinn. Má eg bjóða þér handlegginn, góða mín?”

Og í mestu ósköpum snerist hann eins og skopparakringla út fyrir handriðið og hélt á forsæluveginn til garðsins.

Gullrauðir neistar sýndust að skjóta úr hári hinnar ungu greifafrúar, alveg einsog á myndinni af Xeniu greifafrú, uppi í ættarsalnum; hin unga stúlka bar og hár sitt í stuttum lokkum, líkt og nafna hennar frá fyrri öldum hafði gert.

Gústina hafði tekið eftir því, að húsmóðir hennar bjó sig þenna dag miklu betur en endranær. Hún neri saman höndum og tautaði fyrir munni sér:

“Eg vona að herra húsgangs-prinsinn muni nú horfa úr sér augun, er hann í dag fær að líta greifafrú Dynar. En hvað hann skal sýnast lítilmótlegur gagnvart hinni tignarlegu álpt! Það er vonandi að hann frjósi til dauða af kulda hinnar þýzku greifafrúar!” Og Gústina vafði hið dýra perluhálsband með einhverjum ofboðslegum flýti um hinn hvíta háls álptarinnar.

“Hin hvíta álpt”. Hve vel átti eigi þetta nafn við Xeniu, í hinum hvíta, skínandi búningi.

Xenia leit undan til förunauts síns og hvíslaði með ákefð einhverju í eyra hans, en hið fagra andlit hennar litaðist purpurelegum roða.

“Sonur pólsks flóttamanns, tekinn upp af þjóðbraut, utan nafns og sæmdar, og af lágum stigum, að hann skuli bera nafn vort og nefnast bróðir minn.

Hin unga greifafrú þagnaði, þrýsti hinum smágerðu höndum sínum að gagnaugunum og dró and-

ann þungt og mæðilega, en limir hennar skulfu sem af kuldahrolli.

Baróinn Drach hristi höfuðið af einhvers konar siðferðislegri þykkju.

“Hann er þá eftir þessu eigi kyngöfugur! Það væri mjög hraparlegt atvik í annálum Proczna; mjög hraparlegt, en því miður er nú um seinan að ráða bætur á því.”

Xenia lét hendur sínar síga niður.

“Nei, það verður nú að vera, en hver veit nema það sé hulið fyrir heimum. — Foreldrar mínir umgengust fáa, eftir að þau hurfu í frjálssa útleigð. Menn vita að vísu að faðir minn hafði tekið sér drenginn í sonar stað, en ætla einnig, sem eðlilegt er, að Dynar greifi muni að eins gróðursetja jafnborinn teinung á ættartré sitt. Hve hægt væri eigi að láta þetta berast út, ef við gætum talið Janek trú á því að hann væri fjærskyldur okkur, en að nauðsynlegt væri ýmsra orsaka vegna, að halda ættarnafni hans leyndu. Eins og núna fellur á með okkur, Pólverjanum, má eg búast við því, að hann geri sitt sárasta til þess að skaprauna mér, jafnvel þó það lendi á honum sjálfum. Eg býst alls eigi við því, að hann taki mikið tillit til mín eða nafns míns, og því verð eg að hrifsa vopnið úr höndum hans, fyr en hann fær lyft því á móti mér, frændi!” Xenia lagði báðar hendur sínar á hinar smáu herðar hins gamla manns, laut niður að honum og leit með eldheitum svip í augu hans. “Frændi!” hvíslaði hún nær því grátbænandi. “Eg veit að pabbi lét eftir sig bréf til Janeks; í því skýrir hann honum greinilega frá ætt-erni hans, nafni og þjóðerni, en þetta bréf mun eittra alla framtíð mína. Því verður að finna útveg til þess að koma þessu óhappabréfi í vorar hendur.

Janek má eigi fá vitneskju um hver hann er, frændi, hversu mikið sem það kann að kosta.

Hið skorpna andlit barónsins varð hálf-kynlegt á að líta og nær því hálfu lengra en ella, og var sem hann hyrfi saman undir þrýstingi hinnar hvítu handar og gæti varla komið orði upp.

"En, Xenia, eg grátbæni þig. Hvernig ættum við að dirfast að sýna einræði það, að breyta hinni síðustu ráðstöfun míns kæra vinar, er hafði svo mikið traust á mér. Hvernig ætti eg að voga að fá þér í hendur bréf, sem ....."

"Hvað þá; þú hefir þá bréfið í höndum þér?"

Lágt fagnaðaróp kom frá vörum greifafrúarinnar. "Fáðu mér það, legðu það í hönd mína, svo framt sem þér er ant um hið góða nafn og sóma þíns bezta vinar, og þú vilt gera alt til að óflekað nafn ættar hans eigi sé dregið niður í saurinn."

Hnakkakert og með leiptrandi svip stóð nú Xenia frammi fyrir hinum gamla manni, er í ráðaleysis vandræðum þurkaði svitadropana af enni sér. Hann var svo lítt sjálfstæður, hinn góði barónn Drach, og svo vanur að láta hina þrekmiklu konu sína hafa öll ráðin, að hann nær gerði það, er hún bauð honum. Og nú þurfaði hann halda sínum eigin vilja fram, hata eigin skömm, er það gagnvart þessari tignarlegu, þrekmiklu stúku, er stýrði húsi hans og auk þess valði konu hans um fingur sér. Nei, það var als kostar ómögulegt, því var eigi hin hygna og þrekmikla Xenia jafnan vön að ráða úrslitum hvers máls. Til hvers var þá að reyna að setja sig í móti henni. En þó var beiðni greifafrúarinnar algerlega gagnstæð sómatilfinningu hans og samvizku.

"Bezta Xenia," sagði hann loksins og reyndi að

standa í móti henni. "Þig grunar ekki, hve hræðilega mikil ábyrgðin ..... að opna annars manns bréf ..... getur hæglega leitt í tugthúsið."

Hún unga greifafrú sneri fyrir litlega upp á sig.

"Var þér fengið bréfið einslega?" spurði hún með skipandi rómi.

"Vissulega, barn mitt. Eg fann það, er eg kom til Proczna, þá er hraðfréttin frá ykkur boðaði mig að banasæng vinar míns." Barón Drach dró andann þunglega og þurkaði á ný svitann af andliti sér. "Í bréfa-umslagi með utanáskrif til mín og ritað nokkrum dögum fyrir andlát hans, var bréfið til Janeks og voru með því nokkrar línur til mín, og var eg þar beðinn, og drengskaparorð mitt lagt við, að skila bréfinu til Janeks þann dag, er hann yrði sjálfur fjár síns ráðandi. Var það viðbætur við testamenti hans og þyrfti því að lesa það áður en hitt yrði opnað."

Augu Xeniu leiptruðu. "Petta er ágætt," sagði hún. "En við hvað ertu hræddur? Eins og nú stendur á eftir dauða föður míns, er það öllu fremur skylda þín að koma í veg fyrir allar þær vitleysur, er þessi maður kann að gera. Hvar er bréfið? Fáðu mér það sem fyrst."

"Komdu þá."

Hún lagði á ný hönd sína á handlegg hans og dró hinn hrörlega mann með sér í mesta flýti gegn um slotið.

Dauf birta féll um hið litla herbergi, er greifafrúin hélt til í, þá er hún dvaldi á Proczna.

Xenia læsti hinum tvöföldu dyrum og gekk því næst beint að borðinu, en á hina skínandi borðhillu höfðu hinar mögru hendur barónsins þegar lagt skjalahirzluna, er hafði að geyma allar skýrslur og

skírtei  
önninu  
H  
manni  
og vir  
sagði  
umsla  
V  
hinn f  
D  
hönd  
mér f  
hvert  
bréfið  
verð  
margt  
X  
andi a  
við h  
kerti,  
þarna  
B  
greifa  
án þe  
H  
um b  
Hún  
inn þ  
aftur  
henna  
hans,  
sína,

skírteini um fjárhag Dynar-ættarinnar. Fór nú baróinninn í mestu ósköpum að róta til í hirzlunni.

Hægt og hægt ýtti greifafrúin Drach fjárhaldsmanni sínum til hliðar, tók skjölin upp úr hirzlunni og virti þau nákvæmlega fyrir sér. "Hérna er það," sagði hún eftir litla stund og hélt þá á innsigliðu umslagi.

Var þá sem henni létti um hjartaræturnar, er hinn hvíti pappír titraði á milli fingra hennar.

Drach baróinn var sem á báðum áttum og lagði hönd sína á handlegg hennar.

"Xenia!" sagði hann nær grátandi. "Lofaðu mér því fyrst að brenna blaðið þegar í stað, því hvert sem kann að vera innihald þess, þá má nú bréfið eigi vera lengur til, úr því það hefir eitt sinn verið brotið upp, því ella kann það að baka okkur margra óþæginda.

Xenia leit með kuldavip á hið magra, sárþæandi andlit barónsins.

"Vertu rólegur, frændi," svaraði hún og brosti við háðslega. "Eg lofa því. — En kvektu nú á kerti, svo við getum látið bréfið verða að ösku þarna í ofninum."

Baróinninn greip með ákefð eldspítastokk, en greifafrúin settist á stól og braut upp bréf föður síns, án þess að láta sér bregða hið minsta.

Hinum smáu lakkögnum rigndi niður sem rauðum blóðdropum á hinn hvíta knipplingakjól hennar. Hún opnaði bréfið og las það hálf-hátt, en baróinninn þrýsti í ákefð sjónargleri sínu á nef sér og gekk aftur fyrir stólinn til þess að geta lesið yfir herðar hennar. . En þó að þetta væri mjög á móti skapi hans, gat hann þó eigi stilt hina brennandi forvitni sína, er virtist honum svo samgróin, einkum eftir að



hann fékk lykilinn aftan á frakkann og hafði tekið upp hið gætilega göngulag hirðmanns.

"Elskulegi Janek minn!" las nú greifa. rúin og léku háðslegir drættir um varir hennar. "Þú er þú les þessar línur, skal andi minn vera með þér og blessandi kyssa þitt enni. Eg rita þetta um miðja nótt, þjáður af sjúkdómi mínum. Eg elska þig sem mitt eigið barn og hefi látið þig vaxa upp í þeirri ímyndun, að hinn einmana sjúki maður, er þú aldrei hrygðir, en ætíð gladdir, væri holdlegur faðir þinn. Guð fyrirgefi mér, ef eg nokkru sinni hefi gefið þér ástæðu til þess að efast um það. Þegar þú opnar bréf þetta, þá ertu orðinn að manni og nógu sterkur og eðallundaður til þess að geta heyrt þann sannleika, er eigi mun gera hjarta þitt fráhverft hinum dauða, þó ef til vill hin rituðu orð geri það. Þú ert eigi holdlegt barn mitt, Janek, eigi sonur sá, er eg hefi svo mjög æskt eftir að guð vildi láta mér verða auðið að eignast. Eg hefi tekið þig mér í sonar stað, hefi gefið þér nafn mitt og fé og með lífi og sál tekið þig mér í sonarstað. En hver var faðir þinn? Spyr mig eigi, Janek minn; lát þér nægja þá vissu, að hann var mikilsvirtur vinur minn. Eg hefi lagt drengskaparorð mitt við, að eg mundi þegja um nafn þitt og ætterni, þar til hann sjálfur eitt sinn leyst band tungu minnar. En eg hefi þó getið nafns föður þíns í bréfi til þín, er fylgir testamentinu, sem réttvísinn nú geymir. Þetta er mikil óveðursnótt, stormurinn dynur og þýtur líkt og nóttina, sem hinn bleiki ógæfusami maður stóð frammi fyrir mér, eg lagði hönd mína í hans og lofaði — að þegja. Janek, elskulegi sonur minn, eg er hræddur um að heimta aftur bréfið frá réttinum og því rita eg í hugarangist minni þessa síðustu bæn mína til þín og

vona eg að þú sem hlýðinn sonur munir mín vegna efna hana.

“Taktu bréfið, er þér mun verða fengið áður en testamentið verður opnað, og fleygðu því ólesnu í eldinn; friðar þú með því samvizku mína og guð almáttugur mun blessa þig fyrir það, því að á þessari stund er Dynar greifi erfiherra að Proczna. Láttu þér nægja nafn þetta.

Eg hefi sett þig við hlið minnar ástkæru dóttur, sem styrkan og eðallyndan verndara. Þú átt bæði að vera henni í föður og bróður stað. Þú átt að sýna henni hina sömu óbrigðulu og tryggu ást er þú þegar sýndir henni á barnsaldri. Og skyldi svo fara, er þú kemst að raun um, að Xenia er eigi systir þín, að hjarta þitt verði snortið af innilegri og hlýlegri tilfinningum. — Guð á himninum veit hversu oft eg hefi beðið þessa. — Þá mun andi minn líða umhverfis ykkur, börn mín, þá mun hann legja hendur ykkar saman .....

Andlit Xeniu varð öskugrátt. Hendur hennar sigu skjálfandi niður. Þungt andvarp kom frá brjósti hennar og hún hné aftur af stólnum máttlaus og örvingluð.

“Hvað hefi eg gert?” sagði hún fyrir munn sí.

Dauðabögn var um stund í hinu litla herbergi. Ljosið í silfurstjakanum sprakaði með rauðleitum loga, og frá hallargarðinum hljómuðu fagnaðaropin.

“Xenia,” hvíslaði baróinninn í hálfum hljóðum, “svo virðist sem vagninn sé í auglýsingu.”

Húrra! húrra! hljómaði á ný.

Greifafrúin reis á fætur, tók ósjálfrátt ljósa-stjakann og bréfið og gekk að ofninum.

Nú var alt búið og farið og það eingöngu sjálfri henni að kenna. Skjálfti fór um líkama hennar og henni virtist sem loginn skiftist í ótal hringandi eld-

orma, er háðslega hvæsandi teygðu höfuð sín í móti henni. Suða var fyrir eyrum hennar og herbergið tók að snúast í hring. Hún studdist þunglega á umgerð ofnsins.

“Á eg að hjálpa þér, Xenia?” hljómaði rödd barónsins við hlið hennar. Hún leit upp, tók bréfið og hélt því yfir loganum, er lék um hinar hvítu hendur hennar, en bréfið fauk inn í ofninn og rauðleitur glampi lýsti stundarkorn hina óhræranlegu hvítu konumynd og því næst hvarf lítil, vart sjáanleg öskuhrúga, skyndilega burt.

Hvellur, bitur og örvæntingarfullur hlátur gallað í herberginu. Xenia þrýsti hendinni að hjartanu og sneri svo hinu litlausa andliti sínu að baróninum.

“Nú er alt búið, frændi,” sagði hún með undarlegum hljómi í röddinni. “Við skulum fara ofan og heilsa erfiherranum að Proczna.”

Köld og stolt sem endranær lagði hún hönd sína þungt á handlegg fjárhaldsmanns síns og gekk með honum út úr herberginu.

“Lifi hinn ungi herra! Húrra! húrra!” æpti fólkið niðri í hallargarðinum.

## V. KAPÍTULI

Á forsæluveginum dundi hófatak hinna ólmu hesta svo að sandur og möl ruku upp. Endalaus fagnaðaróp, lúðrabýtur og blaktandi fánar buðu erfiherrann að Proczna velkominn á landeign föður hans, en nú var þetta land sjálfs hans.

Xenia stóð grafskyr undir hinum hvelfdu stórðyrum og starði á hann. Var sem einhver skýla væri fyrir augum hennar; limir hennar voru sem tilfinningarlausir, og hugur hennar sem utan við sig. Þó

hafði hún gengið fram í hallarportið til þess að bjóða bróður sinn velkominn.

Fjórir fjörugir svartir hestar voru fyrir hinum háa tvíhjólaða vagni Janek Dynars greifa, er hann stoltur og skínandi sem ungur sólarguð þeysti fram yfir hinn steinlagða hallargarð. Var hann klæddur í einkennisbúning riddara og á höfði hans glampaði hjálmurinn, en á honum var silfurörn með útbreiddum vængjum.

Hestarnir þrjónuðu upp og spyrintu á móti, er hann með karlmannlegu átaki stöðvaði þá frammi fyrir hallartröppunum. Dynar greifi fleygði taumunum til þjónsins, er sat fyrir aftan hann, reis á fætur og hneigði sig heilsandi til allra hliða.

"Guð veri með ykkur, mínir dyggu Proczna-búar!"

Og nú gall við endalaust fagnaðaróp í hallargarðinum, svo að tók undir í hinum gömlu múrum. Sem töfraðir af hinni riddaralegu fegurð hins unga herra þeirra, réttu allir hendurnar á móti honum, og sendu sanna rigningu laufa og blóma á brjóst hans.

Nú kom hinn vagninn með lagamennina inn í garðinn.

Öbreytt, föl og grafkyr, stóð Xenia á hallartröppunni og var eitthvað ónáttúrulegt við svip hennar, er hún starði á Pólverjann. Hún hafði eigi búist við honum svona.

Augnatillit hans var líkast kaldri hendi, er legðist á hjarta hennar. Sá hún nú að hún hafði borið lægra hlut í leiknum. Hinn annarlegi, lélegi teinungur var nú samgróinn hinum ágæta stofni, er hafði fest svo djúpar rætur í hinna þýzka jarðvegi. Hið pólska blóð hafði breyzt og ólgaði nú fyrir innan ennið, er hin prússneska örn sveif upp yfir sem einhver fyrirboði.

Enginn mundi nú hafa trúað því, að þessi sami maður eitt sinn hefði legið vafinn í ræfla á þröskuldi Proczna hallar, né að nokkur svívirðing gæti hvílt á þessu drengilega andliti, með hinum hvelfdu augna-brúnum, né heldur að föðurkoss uppreistarmanns hefði nokkurntíma snortið enni þetta. Það er eigi nema Xenia greifafrú, er veit það og gleymir því eigi. Brjóst hennar rís og fellur, af þungum andardrætti. Má búast við því, að nokkur Dynar greifi, sem erfingi er að miljónum og kynst hefir heiminum, muni sjálfkrafa taka greifakórónuna af höfði sér. Nei, en hversu mikill kjarkmaður, sem hann kann að vera, og hvað sem fyrir honum kann að liggja, þá ber hann þó ætíð Akkilles-hælinn með sér.

Janek er ungur og hégómlegur. Hann er og veikur fyrir eins og margir þeir, er fjötrar gullsins hafa verið vafðir um, en eigi mun hann viljugur setja fót sinn á þyrninn, en hann má setja hann á svíra heimsins. Jaenk er líkur öðrum mönnum, þreklítill og huglaus og hræðist mjög almannaróminn. En hversu mikið sem hann les það, er kann hlífðarlaust að steypa honum úr tign hans, þá mun hann þó jafnan vera viðbúinn að gleyma og — þegja—. Alt mun fara vel. Gauksunginn mun haga sér eftir því hreiðri, er hann er lagður í, og Xenia greifafrú verður að þrýsta hendinni að hinu stolta, særða hjarta sínu og þola þenna sniki. Hún mun þola hann, en aldrei mun hún sýna þessum Pólverja nokkurn vinskapa, og aldrei kannast við hann sem jafningja sinn.

Sporar klingja fyrir framan hana á steintröppunum og líkt og elding frá vængjum silfurarnarinnar nær því blindar augu hennar. Nú verður hún að líta upp, ef hún á annað borð vill horfa í augu bróður síns. Það ber sjaldan við að þýzkir menn líti óvirðingaraugum á hana og nú gerir hann það, Pól-

verjinn. Há og reisuleg er hún sem hið unga fururé, er felur sig í hinni grænklaeddu veifustöng.

Erfiherrann að Proczna hneigir sig með mikilli viðhöfn fyrir systur sinni. Hin dökku augu hans líta kuldalega á "hina konunglegu álpt", er Gústina þafði svo sigrihrósandi hengt á hið hvíta perluband.

Þerlur merkja tár. Xenia hneigði sitt litla höfuð, og með brosi á vörunum ávarpar hún hann líkt og hvern annan, er hún vill sýna alla vinsemd.

"Eg gleðst af að sjá þig aftur, Janek. Eg bið þig velkominn aftur til Proczna."

Orðin hljómuðu, sem hefðu þau verið lærð utan bókar, en Xenia gerði sitt bezta og rétti að honum hina litlu hendi sína.

"Gleðin er mín megin, Xenia," svaraði Janek og hneigir sig svo djúpt, að hann gleymir að snerta hina hvítu gimsteinum settu hendi og eigi er laust við að háðsbros leiki um varir hans. — Xenia sér hvernig varaskegg hans ýfist. Hún bitur á jaxl og snýr við til þess að heilsa lagamönnunum, en Janek breiðir út báða armana á móti baróninum og faðmar hann að sér með sönnum fögnuði.

Barónnin hóstar eitthvað hálf-kynlega og stamrar fram: "Minn góði Janek, minn góði Janek," og klappar mjög innilega á herðar hans, en þó svo, að Xenia sér það eigi.

Hin unga greifafrú talar nokkrum lítillátlegum orðum til fylkisdómarans, sem til allrar hamingju er aðalborinn, en missir þó eigi af neinu því, er bróðir hennar mælir til þeirra, er viðstaddir voru. Hann talar furðu vel, en er þó of háreistur, og svo virðist sem hann geri heldur lítið úr sér, er hann býður þessum mönnum, sem þó eru svo langt fyrir neðan hann, að ganga inn í höllina.

Xeniu dettur nú í hug að fara eigi til miðdegisborðhaldsins, en baróinninn hvíslar að henni:

“Gerðu það eigi, það kynni að gefa tilefni til umtals.”

Þó að nú greifafrúnni væri að vísu jafn kært hvað slíkir menn, sem þessir, segðu um hana, gekk hún þó nokkru síðar við hönd barónsins til borðsalsins og settist þar milli barónsins og yfirdómarans.

Það er henni gekk til, var að taka eftir Pólverjanum. Ef til vill kynni svipur hennar að kæla dálítið hið pólska blóð hans.

En hér brást henni. Janek sat þar fyrir miðju borði og lét heldur drembilega í veizlu þessari, er gerð hafði verið til að bjóða hann velkominn. Hann leit ekki á hina fögru, stoltu konu, er önnur ungmenni staðarins höfðu beygt sig til jarðar fyrir. En ef svo vildi til, að hann horfði á hana, þá var svipur hans líkur því, að slíkt væri daglegt brauð fyrir honum.

En þó var viðmót hans mjög glaðlegt og elskulegt. Samtal hans var fyndið, án þess nokkru sinni að verða að tómum orðaleik, og hversu glæsileg sem framkoma hans þótti, var hún þó náttúrleg, þó Xeniu fyndist hún heldur fasmikil.

Með sjálfri sér hneykslast hún á því, hversu hann talar um hirðlífið, en viðræður hans virðast benda á, að hann sé þar nokkuð kunnugur og hafi séð talsvert af lífinu. Það kann að vera, að hann hafi rétt að mæla, er hann finnur að ýmsu, en eigi að síður er það óviðurkvæmilegt, að hann skuli hæðast að jafningjum sínum í návist þeirra manna, er lítt þekkja til.

Xenia bítur á varirnar, því nú þykist hún sjá hver hann er. Örnin sem hvílir á hjálmi hans er eigi annað en yfirskin, er sonur hins pólska uppreistarmanns nú ver sig með.

Hún forðast að tala beinlínis við hann. En at-  
hugasemdir hennar eru fremur meinlegar. En Janek  
talar jafn-frjálslega við hana sem til annara, og felst  
stundum á skoðanir hennar, en níðir þær hinsvegar  
hlífðarlaust.

Aldrei hafði nokkur maður verið jafn kærulaus  
gagnvart Xeniu eins og þessi Pólverji, en greifafrúin  
er veik fyrir sem allir menn. Janek hafði eigi stygt  
hana með einu orði, en þó þótti henni sér frekar mis-  
boðið, en þá er keyrið féll þungt yfir hönd hennar  
úti í trjágarðinum.

Henni dattu ósjálfrátt í hug þessi orð föður henn-  
ar til Janeks: "Og ef svo skyldi fara, að hjarta þitt  
yrði snortið af innilegri og hlýlegri tilfinningum."  
Henni varð litið til hans og lá við sjálft að hún skelti  
upp yfir sig, er hún hugsaði um orð þessi. En þó  
kreptust fingur hennar utan um filabeinsveifuna, er  
hún hélt á í hendi sér. Hvernig gæti þessi Pólverji  
dirfst að líta til hennar. Hvað væri annað en að  
trampa undir fæti sér slíkar ofdirfskufullar "hlýjari  
tilfinningar".

En guði sé lof að hann er svo fjarri öllum því-  
líkum hugsunum. Hann skoðar hana sem holdlega  
systur sína og grunar eigi að Xenia greifafrú .....

Glösum er hringt. Baron Drach býður erfiherr-  
an að Proczna velkominn á herragarð sinn.

Janek rís á fætur og gengur umhverfis borðið og  
hneigir sig fyrir kvenfólkinu. Þá er eins og fari um  
hinn þurlega svip Xeniu, hún hringir að vísu glasinu  
við hann, en setur það á borðið, án þess að snerta  
það með vörum sínum.

Hann stendur um stund kyr og bíður. Hin  
dökku augu hans leiftra með ógnandi aðvörum og  
hann lýtur niður að henni og hvíslar:



"Ætlarðu svona hugsunarlaust að særa mig frammi fyrir öllu þessu ókunnuga fólki?"

Hið gullrauða hár hennar titrar við gagnaugu hans og hún lítur til hans með glottandi svip.

"Já, vissulega, ef þú vilt hafa það svo," svarar hún; en til þess að stilla hið komandi óveður, hringir barónninn glasi sínu við Janek og flýtir sér að segja:

"Þú þekkir líklega, Janek, óbeit hennar á þessum sið; það er eigi vani að hringja glösum við hirðina." Janek ypti að eins öxlum og svaraði viðstöðulaust:

"Við hirðina er margt látið ógert, bezt frændi, en margt aftur gert, er betur slept væri, eingöngu til þess að geta dansað eftir höfði þeirra, er fyrir hafa að segja, en sem betur fer eru þeir og til, er þora að ganga inn meðal þessara leikara og sýna staðfestu gegn skrípalátum þeirra.."

Hinn ungi herra gekk aftur til sætis síns og gaf lítinn gaum að óvildar svip Xeniu.

"Má vera að þú sért einn þessara einörðu manna, sem þora að vaða svona uppi?" spurði hún, og þrýsti um leið vasaklút sínum að hinum háðslega brosandri vörum.

Erfiherrann að Proczna lét eigi orð þessi á sig fá, en lagði með mestu stillingu kjötsneið á diskinn sinn. Það virtist jafnvel sem honum þætti hálf-gaman að heift hennar.

"Það er einmitt svo," sagði hann mjög rólega. "Eg hefi ætlað mér mikið og vona að mér takist það. Þú getur ekki gert þér hugmynd um, hve nauðsynlegt er að sópa burtu rykinu, sem blindar augu sumra manna og bannar þeim að sjá skýrlega."

Janek laut hinu fagra höfði sínu aftur á bak og leit á Xeniu með hálf-eggjandi svip.

“Það þarf annars talsvert hugrekki og sjálfsafneitun til þess að geta gert þetta,” var svar hans, “en eg vona að eg hafi all-mikið af hvorutveggja og veit þegar af reynslu, hver sárindi þeir verða að þola, er taka verulegan þátt í þessum sorgarleik. Það er ekki gegn konungum og keisurum að eg ætla í hernað, heldur móti illgresi því, er sprettur umhverfis þá og liggur við að vaxa yfir höfuð þeim.”

Enn eitt sinn heyrðist hinn háðslegi hlátur greifafrúarinnar yfir borðið.

“Þú talar að eins um sjálfan þig og hinar stórkostlegu fyrirætlanir þínar, en hefir þér aldrei dott-ið í hug, að lítið tillit kynni að verða tekið til afskifta þinna”. Dynar greifi og Xenia hlóu ná bæði dátt að þessum orðum hennar.

“Það er eingöngu undir því komið hvernig að er farið. En ef eg ræðst harðhentur á fjöllin, svo að þau hrynji alt í einu yfir fólkið, þá hefi eg sannarlega unnið til þess, að menn blístri að mér, en taki eg aftur homopatisku aðferðina og græði ilt með illu, líkt með líku, þá slæ eg þegar frá upphafi vopnin úr höndum mótstöðumanna minna og á því hægra með að taka fram í gang leiksins. Fólkið getur ekki þaggað niður í mér, nema það hafi eitthvað í höndunum. Fram með heilum hug; ástir. er minn gunnfáni.”

Janek tók hið freyðandi glas sitt og tæmdi það í einum teyg. Yfir svip hans hvíldi einhver kátína eða öllu heldur oftraust og hið hvíta enni hans var mjög hjáleitt hinu sólbrenda andliti.

Xenia vissi að hann þótti alment vera viðkunn-anlegt og gáfað ungmenni, og alkunnugt var að hinn léttúðugi æringi var uppáhald allra kvenna í höfuðstaðnum. Með miklum þóttasvip beit hún á var-irnar og starði enn fastlegar á hann.

“Framtíðardraumar þínir eru svo djarflegir og háfleygir að læknar mundu hafa meira gaman af þeim en almennir hversdagsmenn, er eigi bera skyn á slíkar öfgar. Eg vona að þú sért á þeim vegi, þar sem eigi er nema eitt stig eftir óstigið frá hinu háleita til hins hlægilega — og að þú munir bráðlega hnjóta um sjálfs þíns sverð, er svo vel skýrir hugsunarhátt félaga þinna í herliðinu.”

Janek leit upp og yfir hlátri hans var eitthvað skritinn blær.

“Þú heldur þá að eg muni ætla mér að vera foringi framvegis?”

Xenia færði sig nær honum.

“Það mun standa á sama hvort það er foringi eða stjórnmalamaður, því á einþykni þína mun hvort sem er verða lagt hæfilegt haft.”

“En ef mér tækist að ganga götu mína án nokkurra opinberra fjötra, og hvorki hugsaði mér að fara í hermannaþjófurinn né heldur til útlendra hirða.”

Herra Drach leit felmtsfullur upp frá hinum pentaða diskum sínum, er hann nú um stund hafði einblínt á, og all-flestir þeirra er við voru létu hnífa sína og gafla hvíla um stund, til þess að virða fyrir sér hið föla andlit greifafrúarinnar.

Stolt og tignarlegt hvíldi hið gulllokkaða höfuð Xeniu á herðum hennar.

“Af sýnishorni því, er þú hefir gefið oss af smekk þínum, viljum vér leyfa oss að biðja þig að fresta um stund öllum frekari skýringum um framtíðarfyrirætlanir þínar”. Og úr augum hennar leiftraði háðslegt bros. Oftlega hefir eitt einasta augnabragð breytt miklum framtíðaráformum og felt til jarðar hina fríðu byggingu ímyndunarafslans. “Skýr oss á morgun nánar frá fyrirætlunum þínum. Má vera

að ein nótt verði nægileg til þess að koma þér á aðrar betri skoðanir."

Greifafrúin tók eigi aukamatinn, er einn af þjónunum rétti henni á silfurfati, en sneri sér brosandí að fylkisdómaranum og sagði með hálfþvinguðum blíðleik:

"Eg ætla að herrarnir muni heldur kjósa að krydda kaffið með vindli á herbergi greifans" — hún forðaðist að kalla hann bróður síns — "og mun eg þá síðar hitta þá uppi í salnum."

Svipur Janeks fylgdi henni. Hvítur og gljáandi líkt og haflöðrið á Aphrodite, er hún stígur upp úr öldunum, dregst hinn langi slóði eftir gólfinu, en skin kvöldsólarinnar lýsti hið gullna hár, alveg eins og þegar hinum hlustandi pilti úti á heiðinni fanst hjartað nær því stöðvað í brjósti sér.

Erfiherrann að Proczna fleygði höfðinu aftur á bak með hálf-háðslegum hrygðarsvip.

"Lifi ókominir tímar, herrar mínir!" hrópaði hann og tók um leið glasið sitt. "Hver einn hefir sína stefnu fyrir augum, en hvort hann kemur henni fram — já, því má hamingjan ráða."

Krystalsstaupunum var hringt saman. Eins og aldan, sem fellur um kletta Rínarfljótsins, rann froða kampavínsins yfir hinar hvítu hendur erfiherrans að Proczna.

— — — — —  
Ljósín blöktu á hinum háu armstjökum á borðinu, mitt í hinum stóra sal, þar sem dómendurnir sátu og ætluðu nú að kunngæta testamenti Gustafs Adolfs ríkisgreifa.

Hinn ungi greifi studdist alvarlegur og þegjandi við stól, og starði á hina björtu mynd ættarfrúarinnar, er hékk þar í hinni dimmu umgerð. Hver einn mundi hafa haldið að hin pentaða Xenia greifafrú

með hinu gullna hári og hinum þrályndu dráttum um munninn, væri mynd systur hans, er sat sokkin í djúpar hugsanir á sófa, grafkyr með hendurnar af innri tilfinningu, er hún leit upp og með öndina í krosslagðar í kjöltu sinni. Hinar fínu varir titruðu hálsinum leit á hönd málafærslumannsins, er hann rétti greifanum innsiglað bréf.

“Það er ósk yðar framliðna föður, Dynar greifa, að þér takið við og lesið bréf þetta, áður en testamentið er opnað.”

Það lá við að hjarta Xeniu stöðvaðist. Ljós-birtan féll í augu hennar og glampaði þar eitthvað líkt marglitum ormi, er hvæsandi reisir höfuð sitt. Hún stóð ósjálfrátt á fætur; studdi sig við stólbakið og gætti að, hver áhrif þetta bréf hefði, hvort eigi mundi það lita kinnar þessa Heliosar, er hann félli frá hinum svimandi hæðum.

Nú hvein stormurinn um hina gömlu krónu hins Dynarska stofns og þeytti hinni gróðursettu kvísl aftur til jarðar, þar sem hún átti heima. Var eigi sem titringur færi um grundvöll Procna; var eigi sem skjálfti og hristingur undir fótunum, eins og ef elding hefði slegið niður til þess að slíta sundur hið forna og nýja skjaldarmerki.

Erfiherrann að Procna studdist við borðið og færði bréfið nær ljósinu. Djúpar og sorglegar tilfinningar sýndu sig á svip Janeks, er hann alt í einu bar umslagið að vörum sér og kysti það auðmjúklega. Þá rétti hann sig upp og horfði um stund á Xeniu eins og hann ætlaði sér að líta niður í djúp sálar hennar. Opnaði hann svo bréfið og gekk nær ljósinu.

Andlit hans var rólegt og alvarlegt meðan hann var að lesa bréfið. En alt í einu fór það að titra í höndum hans, og eins og snortinn af slagi, laut hann

niður  
urnar.

Hi  
draum

“F

Eg son

Ha

hans, e  
svo vir

Dju

sem ha  
fleygði

fastlega

Svo vir

fleygja

Varir ha

hinni o

augnabl

andi pó

hægt ni

hans og

“Mé

frá efni ]

og settis

skeð, og

til mikill

eg er eig

hans, og

gert mig

snertir ef

ætlað fyr

ar mínir,

þess. Eg

Flesta

mann sem

niður höfði sínu og starði fullur skelfingar á línurnar.

Hann strauk þá höndunum um enni sér, líkt og í draumi.

"Fáðu honum ..... það getur eigi vérið .....  
Eg sonur ..... Æ, guð minn! ..... Eg? Eg?"

Hægt og sundurlaust komu orð þessi frá vörum hans, er hann aftur og aftur las bréfið, án þess að svo virtist, sem hann fyllilega skildi innihald þess.

Djúpur andardráttur lyfti brjósti hans; það var sem hann yrði hálfu stærri og stoltur og sigrihrósandi fleygði hann höfðinu aftur á bak. Leit hann nú fastlega og með leiftrandi augum á Xeniu greifafrú. Svo virtist sem hann ætlaði að opna varirnar, til að fleygja smánarorðum í andlit hinnar göfugu konu. Varir hans titruðu og hver dráttur í andliti hans lýsti hinni ofsalegu baráttu, er þar var. En á næsta augnabliki var sem hægur andvari kældi hið sjóðandi pólska blóð. Höndin, er hélt á bréfinu, leið hægt niður og háðslegur kuldahlátur lék á vörum hans og fór sem tvíeggjað sverð um hjarta Xeniu.

"Mér ber að skýra þeim, sem hér eru staddir, frá efni þessa bréfs, er eg nú hefi lesið," sagði Janek, og settist rólegur niður, eins og ekkert sérlegt hefði skeð, og vafði bréfinu saman milli fingranna. "Mér til mikillar furðu verð eg þess vísa'i af bréfinu, að eg er eigi sonur Dynar greifa, en að eins fóstursonur hans, og hefir hann af óviðjafnanlegri gæzku sinni gert mig að réttum erfingja sínum. Að öðru leyti snertir efni bréfsins eingöngu sjálfan mig og er eigi ætlað fyrir annara augu. Þykir mér því leitt, herrar mínir, að eg eigi get skýrt yður nánar frá efni þess. Eg bið yður nú að opna testamentið."

Flesta rak í roga-stanz og störfðu á hinn unga mann sem eitthvert undur. Þeim þótti honum liggja

bréf þetta, er svo gersamlega breytti stöðu hans og nafni, í fremur léttu rúmi, og furðuðu sig, er þeir sáu hann stinga því í brjóstvasa sinn sem öðrum kvittuðum reikningi.

Var nú testamentið opnað og lesið. Xenia greifafrú.

hafði þegjandi sezt í stól sinn og þerraði nú með hinum ilmandi vasaklút sínum hina köldu svitadropa, er brutust út á enni hennar við þessa síðustu athöfn og engum mundi hafa komið til hugar, hversu mik hans var í hinu gamla húsi; nú mátti hann sjá hversu inn harm þetta föla andlit daldi.

Þótti henni sem hún hefði losnað við afarþunga yrði; brjóst hennar bærðist ákaflega undir hinum svítu kniplingum og með einhverjum fyrirleitningarsvip leit hún nú á erfiherran að Proczna. Hafði hún jafnvel óttast að hið pólska blóð kynni að mega sín meira en hégómadyrð hans og þrjózka og hefðargirni yrði máttugri en eigingirninn og óttinn fyrir almenningsálitinu. En Janek Dynar-greifi lét engan sjá bréf þetta, er svo hraparlega kipti fótunum undan stolti hans; en stakk því í brjóstvasa sinn, sem öðru máli, er eingöngu snerti sjálfan ahnn og lét það, að því er virtist, eigi meira á sig fá, en ef hann hefði sparkað til steins, er orðið hefði á vegi hans.

Xenia átti bágt með að skella eigi upp úr með hæðnishlátri að honum, er nú keyrðist saman undir slagi örlaganna, en lyftist upp aftur á næstu svipstundu eins hár og hann var, þegar klumbuhöggið hrökk til baka af brynjuhlíf arfleiðsluskrárinnar.

Og samt þrýsti hún svölum vasaklútnum að heitu enni sínu og fann til þess, hversu blygðun og reiði þrengdu að kverkum hennar.

Hve hryggilega féli eigi örninn sem vængbrotinn niður af höfðu Janeks. Og þó hafði hann borið

hana  
um fy  
R  
um s  
húsga  
uppre  
hafði  
hafði  
barist  
viðrisl  
úru og  
var að  
Xe  
föður  
blað.  
Hi  
fótatak  
tjalðið  
fyrir se  
Lo  
konum  
lokkað.  
Hú  
séð á h  
ari á k  
sinn me  
Þett  
svip, er  
ur í sóls  
hve eg l  
Dim  
þrýsti v  
mintist  
sinn haf  
sundlanc

hana svo tignarlega, er hann nokkrum klukkustundum fyrir hafði sett fót sinn á sjálfs síns landareign.

Regnið dundi á rúðunum; dimmir skuggar féllu um starfshús Gustafs Adolfs; vindurinn hvein um húsgaflana og þaut í strompunum, er hinir pólsku uppreistarmenn lögðu gaukseggð í hreiðrið. Þá hafði kuldinn og snjórinn verið í almætti sínu og þá hafði ungur mannlíkami, hljóðandi og veinandi, barist fyrir tilveru sinni. En nú var það annað illviðriskast, er fór yfir hina ilmandi grænklæddu náttúru og vaggaði nú hinum sama nnappi, er orðinn var að útsprunginni rós á hinni þyrnum settu kvísl.

Xenia greifafrú sat við skrifborð hins framliðna föður síns og laut djúpt niður yfir gamalt bógfellsblað.

Hið þykka gólfhjald í fremri salnum tók úr fótatakinu, er nálgaðist. Gekk Janek inn um dyra-tjaldið og stóð um stund þegjandi og virti Xeniu fyrir sér.

Lokst tókst honum að geta litið á þessa fögru konumynd og ótruflað að virða fyrir sér hið gulllokkaða höfuð Loreley töfrakonu.

Hún hallaði höfði sínu lítið eitt, svo hann gat séð á hlið þess. Hönd hennar lá sem hvítur marmari á keltu hennar; þessi sama hönd, sem hann eitt sinn merkti með rauðri rák.

Þetta var Xenia, barnið með hinum þrjókulega svip, er eitt sinn hafði hafið upp hinar knýttu hendur í sólskininu þarna úti á heiðinni og æpt upp: "Ó, hve eg hata þetta gauksegg í hreiðrinu."

Dimmir skuggar fóru yfir andlit Janeks og hann þrýsti vörunum saman og dró andann djúpt. Hann mintist þess nú, hvernig þetta yndislega höfuð eitt sinn hafði hallast upp að þrjósti hans. Og nú — sundlandi djúp opnaðist fyrir fótum hans. — Skyldi



hann, þrátt fyrir alt, reyna að brúa það. Eigi þyrfti nema eitt einasta orð frá munni hans, eða að þessi fögru augu fengju snöggvast að líta á bréfið, er brann sem eldur á brjósti hans, og þetta djúp myndi fyllast og hann standa jafnfætis henni og þá. .... Biturt bros lék um varir hans.

Þá mundi drambsemi hennar gefast upp og þá mundi hún bjóða hann velkominn í hreiðrið með áhyggjuleysi og leggja hina fögru hönd sína á handlegg hans, en ískuldi mundi fara af hendi þessari um líkama hans, frá þessari köldu og tilfinningalausum konu, er legði hönd sína á handlegg hans.

Áköf þrjózka leiftraði úr augum hans.

"Nei, þúsund falt nei! Þetta gapandi djúp má gjarnan greina sundur vegi okkar. Eg skal eigi rétta eitt hálmstrá yfir djúpið til þess að draga huga þinn til mín. Rautt og kalt skal hið pólska blóð fara leið sína og varðveita kraft sinn og fleygja kveikjandi neista inn í þetta kalda hjarta. Í blossandi logum skal ástin skína úr augum þínum, en eins og þú reiddir þínar knýttu hendur á móti mér, svo skalt þú eitt sinn rétta handleggi þína á móti mér með brennandi sárri þrá. Pólskt blóð! Því hefir og Jadwega helt í æðar þínar, þú ljóshærða þýzka kona, og pólskt blóð segir ætíð til sín. En fari svo sem þú vilt og slitni hvert band á milli okkar. Eg hætti á leikinn og set alt á eina tölu og hún heitir --- pólskt blóð!"

— Gekk þá Janek stillilega og einbeittlega inn í salinn.

Xenia sneri hissa höfðinu við, leit snöggvast á hann og hélt áfram lestri sínum.

"Dómararnir eru nýfarnir," byrjaði Janek. "Snemma í fyrramálið ætla eg einnig að leggja af stað, því erindi mínu er hér lokið."

Leit hún fljótlega til hans, en Janek settist á stól og barði hinum löngu nöglum sínum á borðbrúnina. "Það er lítilsháttar málefni, er eg þarf að ræða við þig og Drach frænda, og hefi því kallað baróninn hingað. Og vona eg því að fá að tala við þig stundarkorn."

Xenia hallaði sér fálega aftur á bak í stólinn og ýtti frá sér bókfellinu.

Janek leit á hin rykugu blöð.

"Það er svol Saga Xeniu ættmóður þinnar, sem frændi rakst á í skjalasafninu. Hann hefir sagt mér frá því og þykir mér mikið koma til þeirrar konu, því ást hennar var sterkari og meiri en dramb hennar og skynsemi."

Greifafrúin fleygði höfðinu fyrirlitlega aftur á bak.

"Skoðanir okkar munu jafnan verða næsta ólíkar," svaraði hún biturt. "Þú dáist að þessari hlæilegu konu, en mér alveg ofbýður að eg skuli vera nefnd eftir þessu ósæmilega skyldmenni ættarinnar."

"Ósæmilegt! Það var algengt í þá daga að strjúka með konur."

"Hún kaus sér óvina herforingja og það pólskan; þó að vísu nafn hans sé óþekt; alt þetta virðist mér benda til þess hve sterk hafi verið ást þessarar fögru konu."

"Og henni til mestu minkunar," var hið ískalda svar Xeniu. "Pólskur maður — pólskur maður og greifafrú af Dynar ættinni. — Þetta tvent er of ólíkt til þess að geta samrýmst á nokkurn hátt."

Janek hló nú hægán hlátur.

"Eg er algerður Pólverji," sagði hann, "og þú ert blendingur af pólsku og þýzku kyni. Einmitt hjá

þér hefir þetta "andstyggilega" blandast saman í fullgerða heild."

"Hjá mér?" Varir Xeniu titra. "Guði sé þökk að eg hefi ekkert sameiginlegt við Pólland, nema — bróður að nafninu til, sem er mér jafn óskyldur og vatnið eldinum."

Janek hló á ný.

"En Jadwega þá, fóstur þín? Hin pólska uppreistarkona, sem varðveitti líf hins þýzka greifabarns, og söng það í svefn með hinum eldheitu uppreistar-söngvum fósturjarðar sinnar? Þú mundir víst helzt kjósa, að má nafn þessara konu úr lífssögu þinni, sem einhverjum óþægilegum atburð, eða hvað?"

Hinn ungi maður laut nær henni og hin dökku augu hans leiftruðu af hróðugum þótta.

"En það er eigi til neins, Xenia — þessi kona hefir nú valdið örlögum þínum og þau verða að rætast. Því hversu gullbjart sem hár þitt kann að vera eða blóð þitt þýzkt, þá hefir þó sannarlega dropi fallið í það sem tærandi eitur, og rennur nú um hinar köldu æðar þínar sem eldneisti, án þess þú vitir af því, og mun loks koma að hjarta þínu og kveikja í því. Þekkir þú ekki söguna um Memnon? — Morgunroðinn varð að koma fram og vekja hinn undursamlega hljómi í hinum dauða steini; sólin varð að rísa til þess að bannið leystist og að hin sofandi sál vaknaði. Á sama hátt bíður og í hjarta þínu dropi af pólsku blóði eftir geisla frá sól ástarinnar, eftir morgunroða frelsisins, er sigursæll skal rísa í austri. Þetta hlýtur að verða fyr eða síðar. Eins skalt einnig þú, Xenia, verða þess vör, að það er pólskt blóð, er hefir varðveitt líf þitt.

Glóandi roði brann á andliti Janeks. Tignarlegur og háleitur sem einhver spámaður er með leifturandi svip lítur fram í ókomna tíð, stóð hann nú

frammi fyrir dóttur hins þýzka ríkisgreifa, en líkt og fagnandi kveðja frá takmörkunum hinumegin hvein stormurinn um múra Proczna.

Barónninn hafði flýtt sér þangað, en er hann gekk inn í herbergið, var eigi laust við að honum brigði í brún, er hann sá þau standa þarna hnakkakert og með leiftrandi augu, andspænis hvort öðru. Eldur og ís. Svo ólík hvort öðru en þó svo náskyld.

"Þú hefir beðið mig að koma, beztu Janek," sagði barónninn og gekk um leið fram til þeirra.

"Já, góði herra barón. Eg hefi leyft mér að beiðast þess, því hér er mál, er þarf að gera út um, en tíminn er naumur."

Janek talaði með ró og stillingu, en virtist þó ekki að taka eftir, að Xenia og Drach litu hissa hvort til annars, er Janek nefndi hann "herra barón".

"Eg álít það skyldu mína að gera yður munnlega grein fyrir fyrirætlun minni og áformi framvegis, til þess að eigi valdi það síðar meir nokkrum misskilningi."

"En Janek ....."

"Beztu herra barónn, þar sem eg nú að eins er fóstursonur yðar framliðna vinar, get eg eigi lengur leyft mér að kalla yður frænda. Eg bið yður að leyfa mér í næði að tala nokkur orð. Bréf fóstra míns hefir sýnt mér að eg stend hér sem algeralega vandalaus maður, og að örlögin hafa gert mig að "gaukseggi í hreiðrinu", að sníki á Proczna". Leit hann fastlega á Xeniu, er hann mælti þessi orð. "Hve óvelkominn eg hljóti að vera ykkur öllura, hefir fyrst fyllilega orðið mér ljóst, er eg opnaði nefnt bréf, og því heldur sem eg þekki svo vel uppeldisystur mína, en í augum hennar byrjar fyrst maðurinn með baróni."

Hinn ungi maður krosslagði hendur sínar og svipur hans var hálf-háðslegur. "Eg er að eins sonur pólsks uppreistarmanns — tekinn upp af götunni um dimma nótt, í tötrum og ræflum, af greifa Gustaf Adolf Dynar. Ekkert annað en lífið eitt saman var nafn mitt, er minn ógleymanlegi fósturfaðir, af miskunnsemi og hjartagæzku sinni gerði mig að artökumanni hins forna nafns síns og eiganda að miljónum. Þetta hefir því miður fengið mjög á Xeniu greifafrú og því leikur mér talsverður efi á, hvort hún muni vilja kannast við mig gagnvart heiminum, sem bróður sinn og bjóði mig velkominn?"

Xenia laut höfðinu.

"Velkominn?" mælti hún hálf-háðslega. Hver spurning á hreint svar skilið. Sjálfviljug hefi eg aldrei kosið þig bróður minn, Janek. En þar sem faðir minn eigi hefir hirt um smekk minn né vilja, þá hefi eg eigi annars kosti en að fara eftir fyrirsögnum hans og bera með þolinmæði það, er eigi verður breytt."

Andlit ertmerrans að Proczna varð náfölt.

"Því sem ekki verður breytt," mælti hann rólegur. "Alveg rétt. Fyrirskipunum föður þíns verður eigi breytt né haggð. Eg er Dynar greifi og verð svo, en eg skal varast að troða mér upp á þig. En nú kem eg að því er eg ætlaði mér að ræða um og er það um framtíðarlíf mitt, því nú verð eg að taka einhverja ákvörðun um það."

"En vinur minn, eg ætla það hafi einungis verið meinlaust gaman yðar, er þér fyrir skömmu vilduð telja oss trú um, að þér ætluðuð að ganga úr herþjónustunni," sagði barón Drach í einhverju ráðaleysi. "Og hvað nú snertir þessa hlægilegu hugmynd að vilja eigi lengur kalla mig frænda, þá ....."

Baróinninn þagnaði alt í einu og skelfdist af svip þeim, er greifafrúin sendi honum.

En Janek virtist alls ekki hafa tekið eftir þessum orðum hans, en gekk um gólf og tautaði fyrir munnri sér:

“Foringjann hengi eg nú tafarlaust upp á snagann.”

“Eg efast mjög um að líf þitt verði næðissamt, þó þú verðir stjórnmalamaður,” greip Xenia háðslega fram í og hallaði um leið höfðinu aftur á stólinn og virti fyrir sér hinn vel vaxna mann.

“Kann vel að vera, og því gef eg það sjálfviljugur frá framtíðardraum mínum, að verða ráðgjafi eða sendiherra.”

Xenia rauk upp og virtist sem þetta gengi yfir hana.

“Þú ætlar svona að nota þér af kunningsskap þeim, er þú hefir í utanríkisstjórnardeildinni,” mælti hún. — “Hlægilegt, því auk þessa tveggja embætta veit eg eigi annað er samboðið væri greifa af Dynarættinni.”

“Er það svo? Eg veit ekki.”

Janek smá brosti, og nam staðar fyrir framan hana og leit hæðilega á hana.

Xenia ypti fyriritlega öxlum og tautaði í hálfum hljóðum: “Kannske þú ætlir að ganga iðjulaus.”

“Ónei. En þér virðist sannarlega lagið að miskilja mig.”

Janek kveikti nú í vindli og sendi frá sér nokkra reykjarhringi og mælti:

“Nei, því fer fjarri, eg ætla að verða mjög iðinn. Hvað segðir þú um ef eg til dæmis gerðist söngmaður?”

Xenia stökk upp eins og hún væri snortin af rafmagni, hleypti brúnum og svaraði beisklega:

“Eg er ekki í því skapi að eg sé að gera að gamni mínu.”

Janek leit á hana brosandí og mælti:

“Og ekki eg heldur. Þess vegna talaði eg í fullri alvöru. Þú veizt alls ekki hve mikinn fjársjóð eg geimi í kverkum mínum. Hinir frægustu meistarar hafa fullkomnað rödd mína, er eg nú óvitandi, eins og uppburðarlítið fjólublóm dregst með. Eg mundi geta búið mér hina glæsulegustu framtíð og öll Norðurálfan skyldi klappa mér lof í lófa og öfundast yfir því að þú væri svo farsæl að vera systir mín.”

Hendur Xeniu titruðu nú á stólbakinu, er þær héldu fast um.

“Söngmaður! — þú, greifi af Dynar-ættinni.”

Orðin hljómuðu í eyrum hans sem skerandi skrækur.

“Eg ætla einmitt að greifanafn mitt muni vera hin beztu meðmæli með mér,” svaraði Janek með sömu alvöru sem áður.

“Greifanafn á leikhúsauglýsingum mundu vekja eftirtekt; eða hvað heldur þú? En þó þykir mér meira varið í “Circus”. Það hefir verið sagt um mig, að eg taki öðrum fram í ýmsum íþróttum á hestbaki og svo eru þessir leikir mjög almennir nú á tímum. Eg þekki þegar tvo, þrjá eða jafnvel fjóra kunningja mína, alla af göfugum ættum, er lagt hafa þessa list fyrir sig. Eg er viss um að mér færist þetta ágætlega.”

“Vesalings faðir minn ber litlar þakkir úr bítum fyrir alla sína umhyggju, og að hann vildi halda við nafni sínu; en nú er það ósæmilega sett í gapastokkinn og dregið niður í saurinn.”

Með tálalausum ásakandi svip lyfti hún augum sínum upp til Janeks.

“En hvað þú lætur þetta fá þér mikile; það er

eins og þú værir að leita að efni fyrir hinn hryggilega penna Nikulaus Lenans," mælti Janek og hló miskunnarlaust.

"Hvað kemur í raun rétttri nafn mitt ykkur við, eða ykkar mér. Allur heimurinn fær þess utan að vita, að eg hefi öðlast þetta nafn af hendingu einni, að eg er eigi borinn neinn Dynar greifi en er að eins sonur pólsks uppreistarmanns, er af einskona náttúruhvöt leita aftur til verksviðs, er hann við hlið holdlegs föður síns mundi þykja sér eðlilegast.

"Þér dettur þá í hug að kunngera heiminum leyndarmál þitt? Þú ætlar að játa vanvirðu þá, er samtengd er ætterni þínu."

Xenia stökk nú upp í ofsa bræði og sagði: "Það væri óhræsislegt! Það væri svívirðilega gert af þér!"

Hann horfði á hana stórum hissa augum. "Ætti eg að halda því leyndu. En þá liti svo út sem eg væri einhver raggeit, sem skammaðist mín fyrir ætterni mitt."

Xenia færðist nær honum og tók um handlegg hans með hinum skjálfandi höndum sínum.

"Janek," stamaði hún út úr sér, "eg hefi ennþá aldrei í lífi mínu beðið nokkurrar bænar. Eg hefi ennþá ekki beðið nokkurn mann miskunnar. Í fyrsta sinn geri eg svo lítið úr mér að heita á göfuglyndi þitt og drengskap. Janek, ef nafn það er eg ber,, ætti að brennast á leiksviðinu eða á Circus, þá væri það sama sem dauði minn. Slíka skömm mundi eg aldrei lifa."

Aftur kom þá orðið skömm. Það lét eins illa í eyrum hins unga manns eins og fyr út á heiðinni, þá er vindurinn háðulega henti það og keyrði það líkt og væri með svipu á eftir honum um víða veröld.



Það var sá eiturdropi, er hennar drambsamí munnur hafði bitrað líf hans með.

Hann leit með saman nístum tönnum á hið föla, ringlaða andlit, er yndislega en nokkru sinni áður horfði grátbænandi til hans.

Hve mikil hlaut eigi sú svívirða að vera, er gaukseggð hafði fært í hreiðrið, úr því þessi stolti hnakki beygði sig undir byrði hennar.

Óendanlegur biturleiki fékk hið heita pólska blóð til að ólga. Ofsalega og hlífðarlaust, líkt og þegar menn hrista af sér einhvern eitradan orm, hratt Janek hinum hvítu höndum burt frá sér. Titrandi af reiði og særðu drambi stóð hann frammi fyrir henni hátignarlegur, með leiftrandi augum.

“Vesalmenni!” æpti hann. “Þú vilt troða mig undir fótum, og þó megnar þú eigi af eigin mætti að halda þér á fótunum. Hættu öllum þessum yfirdrepskap og þessum leik, sem gerður er að eins til þess að smána mig. Þú ætlaðir að Pólverjinn væri alt of mikil bleyða og aumingi til þess að hann gæti verið án hinna mjúku silkikodda, er tilfellið hefir lagt hann á. Þú ætlaðir að dekra við hégómadýrð þá, er leggur drambsemi og sjálfsmeðvitund flestra manna í gullna fjötra og lokar munní þeirra og gerir þá að þræl almenningsálitsins. Má vera að þú hefðir hitt þá fyrir, er hefðu fúslega keypt þessu. En eg, Pólverjinn, sonur hins útlæga flóttamanns; eg rís upp á móti slíkri niðurlæging. Eg vil eigi vera bróðir þeirrar konu, er einungis nauðug þolir mig sem aðra smán á ættarskildi sínum og fyrirliður mig sem annan sníki og byrði. Eg tek alt þitt ljómandi glingur, þitt stolta nafn og gull þitt og fleygi því fyrir fætur þínar. Fyrir eigin mátt minn ætla eg að ryðja mér braut í lífinu og sýna þér að til eru þeir menn, sem eru eins stoltir og Xenia greifafrú. Testamenti

föður þíns verður ekki breytt, en eg afsala mér sjálfkrafa þeim heiðri að kalla mig framvægis ríkisgreifa af Dynar. Janek Proczna; þannig og ekki öðruvísi skal nafn mitt vera héðan frá. Tekjunum af gózum mínum og rentunum af hinum fyrirbyggjandi peningum skila eg þér aftur. Eg mun að eins gera kröfu til fjár þess, er safnast hefir saman af tekjum mínum frá því eg varð 16 vetra, því í stað þess að lifa í eyðslusemi, sem eg hefði getað gert, hefi eg sparað talsvert hvert ár. Upphæð þessi mun nægja mér.”

“Vegir okkar munu því skilja frá þessum degi. Eg mun verða þér sem ókunnugur maður og vandalaus þar til þú af frjálsum vilja kallar mig til þín og kennast við mig sem bróður þinn og setur mig aftur í réttindi þau, er testamenti föður míns ákveður. Í þú nokkru sinni þarft á hjálp eða ásjá að halda, þá kallaðu á Pólverjann Janek Proczna, er með gleði mun hætta eigum sínum og lífi fyrir þig og vertu viss um, að hverjum blóðdropa og hverju andartaki skal verða varið fyrir dóttur míns ógleymanlega fósturföður. Það er ekki eg sem yfirgef þig, en það ert þú, sem hrindir mér burtu. Og vertu í guðs nafni sæl — að fullu og öllu, ef svo er vilji hans.”

Hann hóf snöggvast augu sín til hins dimmskýjaða himins, hneigði sig í styttingi og gekk hægt út úr herberginu.

Xenia starði á eftir honum sem utan við sig. Hún rétti út handlegginn til að halda honum aftur, en leið svo niður á stólinn og huldi andlit sitt í höndum sér.

Erfiherrann að Proczna knéféll lengi við gröf föður síns og þrýsti hinu glóandi andliti sínu móti hinum kalda krossi. Blómsveigur af rökum blómum var hin síðasta kveðja, er hendur hans lögðu á minnisvarðann.

Næsta morgun um afturbirtu var ferðavagninum ekið fram fyrir hallartröppurnar.

Xenia greifafrú settist upp og hlustaði og starði með svefnlausum augum upp á kniplinga-útsaur, sængurhiminsins og þrýsti höndunum að enni sér.

Hann yfirgaf hana þá og ef til vill að fullu og öllu.

Hún sá hann alt í einu standa frammi fyrir sér, háan, fagran og enn stoltari en sjálfa sig. Hinn fyrsti maður, er tekist hafði að ægja henni, og sem svipur hennar féll fyrir, líkt og væri hún sek í einhverjum glæp. Það var þessi Pólverji.

Hví skyldu nú veggjamyndirnar og kniplinga-útsaumurinn sortna fyrir augum hennar, til þess að vörna spori að verða að stórum og ógirnilegum stöfum.

"Ef hlýjari og ljúfari tilfinningar skyldu læðast inn í hjarta þitt ....."

Xenia greifafrú fann til kuldahrolls og skalf, eins og jafnvel hið kalda og stolta hjarta hennar væri snortið af frosti, og þó voru kinnar hennar glóandi heitar.

Hún þrýsti höfðinu niður í koddan og lá kyr og hreyfingarlaus.

Vagnhljóðið hvarf hægt og hægt. Gauks-ungurinn hafði sprengt hinn þrönga skurm og orðið að augum erni, er flaug upp frjáls og djarfur, hátt móti sólinni út í hina víðu, víðu veröld.

## VI. KAPITULI.

Hinn skýjaði hausthiminn hvelfdist yfir Norðurlandætaðnum X.

Hin gömlu tignarlegu verzlunarhús, er í margar

aldir höfðu staðið í röðum á hinum þröngu götum, hvert þeirra jafn grátt og alvarlegt sem hitt, störfu hissa og sofandi upp á við og litu á hina prýðilegu riddarasveit, er með blaktandi fánum reið um hið steinlagða stræti.

Prins Agúst Ferdinand, er náskyldur var konunga-ættinni, hafði verið settur yfir riddara þessa og því flutt ásamt konu sinni Önnu Reginu til staðarins.

Á stjórnarbyggingunni, er fyrir skömmu hafði fengið miklar umbætur, voru nú opnuð hin miklu port og prinzinn hélt þar innför sína.

Skrautvagnar ultu eftir hinum ella kylrátu strætum, sporar og sverð glömrudu, hneggjandi hestar dönsuðu fram undir skrautbúnum riddurum sínum. Líkt og fjörugur margbreyttur draumur, var lífið á strætunum; það var sem nýr vindblær léki um hinn gamla bæ, ljúfur og hressandi sem blómilmur og blés á burt hinni gömlu deyfð, er um aldir hafði hvílt yfir bænum. Hinir ríku borgarar, í hinum góða stað X, er voru svo ánægðir með sjálfa sig, höfðu legið á bjarnarfeldum sínum með nátthúfur dregnar ofan fyrir augun og hirtu lítið um hvernig vísirarnir á tímans úri stóðu eða hvort rigndi niður ösku frá himninum. Og nú gekk alt í einu sól upp yfir höfðum þeirra og sendi hina björtu geisla sína niður í rökkur þeirra og sýndi þeim hin nýju ölturu, er 19. öldin kveikti reykelsisfórnir sínar á. "Skraut", "Sællífi"—"Áfram"! var ritað á þessi ölturu. Hinir vísu feður staðarins fóru í lafafrakka sína, tóku sér í hönd hina gullbúnu staf og settu á nef sér stærstu gleraugun sín og gengu með óendanlegri alvörugefni og tignarsvip inn í hallardyrnar, til þess að geta vottað furstahjónunum hina miklu virðingu sína. Hissa og hálfblindaðir stara þeir nú á dýrð

og skraut hirðveizlunnar, en ljósin kasta geislum sínum út yfir marmaratröppurnar og hin gyltu handrið þeirra í forsalnum. Og þegar hinir góðu feður héldu heimleiðis um afturelding, sátu gleragun skökk á nefinu og reiddu þeir nú hnefana móti hinum skáhöllu ljóskerastaurum og orguðu fjörugar vísur frá æskuárum sínum.

Aðrir og nýir tímar höfðu nú runnið upp yfir Achen Norðurlanda. Gekk nú ekki á öðru en stöðugu veizluhaldi, glaum og gleði.

Hafði svo staðið í tvö ár. En á þeim tíma hafði orðið allmikil breyting. Verzlun og iðnaður tók miklum framförum. Aðallinn, sem áður á vetrum hafði ýmist dvalið í höfuðstaðnum eða í suðurlöndum, leitaði nú til X, til þess að eyða fé sínu við hirð prinz August Ferdinands.

Á torginu, þar sem gamall steinbrunnur er, með líkneski hins helga Nepómuks, stóð hús það, er stjórnarforsetinn barón Gertner bjó í; öðru megin lá hið fornlega ráðhús með hinum þremur göflum, en hinumegin hin gamla dómkirkja.

Gráleitt og skuggalegt mændi hið gamla hús hátt yfir sölubúðirnar á torginu. Margra alda ryk lá á skjaldarmerki kirkjunnar, yfir hinni ramgervu port-hvelfingu.

Þægilegur blómailmur breiddist út um hina fremur lágu en skrautbúnu sali. Vængjahurðirnar stóðu á víða gátt og mátti sjá hina löngu röð af söllum, er komu hver eftir annan, líkt og perlur í hálsbandi.

Lítið, snoturt herbergi var fyrir öðrum enda þessara mörgu sala. Hér mátti líta alla þá fegurð og smekk, sem tígin kona er von að hafa um sig. Húsbúnaðurinn var í siði 17. aldarinnar; voru stólararnir og legubekkirnir klæddir blómskreyttu damaski

og há bronce borð voru á víð og d.eif á hinu mjúka þykka gólfhjaldi. Fyrir gluggum og dyrum héngu dýr purpuralituð tjöld og með fram veggjunum voru smá líkneski milli fagurra mynda eftir hina frægustu meistara. Pálmaviðir breiddu hin löngu blöð sín út yfir legubekkina og páfagaukur vaggaði sér í gyltu búi sínu.

Á báðum hinum drekamynduðu ljósapípum á skrifborðinu brunnu vaxkerti og skinu á grannvaxna konu, er sat fyrir framan borð og blaðaði með hinum hvítu höndum í stórri hrúgu af blöðum.

Andlit hennar var smábert og blómlegt og í hinu hrafnsvarta hári hennar glitruðu skínandi roðasteinar. Hún var klædd í rauðan mjög niðurskorinn kjól úr þykku silki, alsettan svörtum kniplingum og drógst hann í löngum slóða eftir gólfhjaldinu, en um hinn hvíta háls hennar var blómfesti af hvítum rósum.

Hið litla höfuð laut með miklu athygli yfir bréf það, er hún hélt á og las það aftur og aftur.

"Kæra vina," stóð með fremur óbreyttri hendi þúdir litaðri furstakórónu.

"Eg vona fastlega að hitta Carlo hjá ykkur í kvöld. Eg kem því og ber fyrir mig, að eg ætli að spila með ykkur. Eg er hálf-sjúk af angist og hugarvingli, en reiði mig algerlega á þagmælsku og gætni vinkonu minnar. Vertu sæl þar til við sjáumst; eg faðma þig í huganum.

Anna Regina."

Varir hennar hringuðust skriflega, er hún lagði frá sér bréfið; tók hún þá annan róslitaðan miða.

"Eg kem á ákveðnum tíma. Sjáðu svo um að við verðum ótrufluð.

Þín A. R.

Einnig þessu bréfi var í mesta flýti fleygt til hinna bréfanna.

Nú heyrðist hægt gengið í næsta herbergi.

“Yðar náð, e gbið yður að fyrirgefa.”

Sem snortin af slagi fleygði hún hinu fríða höfði aftur á bak, en djúpar hrukkur komu á hið hvíta enni.

“Hvað gengur að, Jean?” sagði hún með mikilli heift. “Hefi eg ekki stranglega bannað þér að trufla mig?”

“Jú, yðar náð, og eg bið líka fyrirgefningar. En hinn náðugi herra hefir skipað mér að biðja yður að koma til sín. Hann hefir aftur fengið slæmt hósta-kast.”

“Hvaða heimska að ónáða mig fyrir slíkt. Maðurinn minn hefir haft hósta alla þá tíð, sem eg hefi þekt hann,” sagði frú Leoine von Gertner kuldalega. “Gefðu honum meðalið hans, og láttu mig vera í friði. Það virðist sem hreinn óþarfi að kalla mig á hverri stundu fyrir slíkan hégóma.”

“Í þetta sinn virðist þó hóstinn ískyggilegri en áður,” dirfðist Jean að segja. “Hinn náðugi herra er mjög máttfarinn og þjáður.”

“Það má vera en eg get ekki komið núna. Segðu honum a ðeg búist á hverri stundu við hirðkonu prinzessunnar. Auk þess vil eg að hann láti síðar sjá sig, því húsbóndinn sjálfur verður að taka á móti prinzessunni og öllum hinum gestunum, er boðið hefir verið. Eg vil að svo sé.”

Jean hneigði sig djúpt og auðmjúkt. Óskir húsmóður hans voru ætíð skipun, er þær voru sagðar á þenna hátt.

Hann fór út úr herberginu, en ský var yfir enni hans og andvörp á vörum hans.

Í hinni þögulu skrifstofu lá vesalings gamli stjórnarforsetinn, fögur ,aumur og einmana. Er hann

heyrði ósk konu sinnar, þrýsti hann höndunum að brjóstinu og hvíslaði hægt:

“Jean, frakkann minn og riddaramerkið. Mér finst eg vera heldur skárri.”

Enni Jeans drógst í djúpar hrukkur. Hann hafði eitt sinn lesið kvæði, er hann eigi gat fengið úr höfðinu á sér frá þeim degi, er hann gekk í þjónustu stjórnarforsetans.

Meðan þetta gerðist lagði frú Leoine saman bréfin og batt um þau silkibandi og þrýsti á lítið engilshöfuð utan á borðinu. Lítið lok hrökk fram og sást þá inn í leynihólf eitt, þar sem margir bréfaböglar lágu.

Hin unga barónsfrú lagði bréfin með furstakórónunni við hin; hinir rósrauðu fingur þrýstu á ný á litla engilshöfuðið og leynihólfið lokaðist og mátti varla sjá nein merki þess.

Frú Gertner hallar sér um stund aftur á stólinn. Hún dróg andann djúpt og rósirnar í blómfestinni fölnuðu um hinn hvíta háls, eins og léttur vindblær léki um þær..

Skýrt og blindandi féll ljósið á hið göfuga andlit. Hver taug og dráttur í því lýsti einhverjum innri hroka. Líkt og rósrauður blómknappur luktist munnurinn yfir hinar snjóhvítu tennur, en hinir skörpu drættir krinugm munnvikin sögðu frá ótal eitruðum orðum og krömdum hjörtum.

Augun voru stór og skinu með undarlegum ljóma; litskifti þeirra var einkennilega grænt og grátt og minti á hinar brigðulu öldur.

En fögur og ljómandi var hin unga barónsfrú.

Enn eitt sinn heyrðist hægt fótatak í næsta herbergi, en nú var og búist við því.



“Greifafrú Kany, hirðkona hennar konunglegu tignar, prinzessunnar,” kallaði þjónninn.

“Bið hana að gera svo vel að ganga inn.”

Barónsfrúin reis á fætur og gekk hægt fram herbergið til þess að taka á móti hirðkonunni.

“Mín bezta, kæra Kany.”

Og frú Leoine opnaði faðminn með töfrandi blíðleik og laut niður til þess að kyssa hinn litla gest sinn á báðar kinnarnar. “Eg hefi beðið yðar með óþolinmæði og hlakkað svo mjög til að geta talað við yður, og nú hafið þér, kæra mín, komið helzt til of seint.”

“Eg gat ekki gert við því, bezta mín; þér vitið líklega að eigi er ætíð gott að ætla á hennar tign. Hún hefir aftur núna tafið mig með allskonar smámunum, er ætíð í hennar augum verða að mikilvægum málefnum. Hvort það er hvítt eða svart, sætt eða súrt, þá vitið þér hve ósjálfstæð mín tigna frú er.”

Hirðkonan leið nú hálfþreytt ofan í legubekkin og fór að kæla sér með veifu sinni. En hrokarödd hennar hafði vakið hinn litla Bologna-hund frú Leonie, og rauk hann nú á fætur og tók að gjamma í ósköpum að hinum ókunna gesti.

Molly hafði rétt fyrir sér. Það var greifafrúin, er leit á Kany.

Hún var eigi ung lengur, en því andstyggilegri. Á hinum skáhöllu öxlum sat beinamikið höfuð, með mjög smekklaust uppsettu hári; andlitsdrættirnir voru skarpir og kinnarnar fölar og slappar. Handleggirnir voru langir og hendurnar óvanalega magrar. Brjóstin voru flöt og slöpp og afarstór blómskúfur sat þar milli annara skartgripa og kniplinga. Það leit svo út sem hin virðulega kona vildi með óskapa fyrirhöfn reyna að bæta útlit sitt, er af náttúr-

unni var svo illa úr garði gert. Allur svipur hennar lýsti slægð og mannvonzku, og var því mjög örðugt að skilja, hvernig Anna Regina hefði getað kosið slíka fylgikonu, ef hún eigi hefði erfð hana eftir móður sína.

Hin aldraða hirðkona lifði því að vissu leyti á náðum hinnar ungu prinsessu, er var að mörgu leyti mjög nytsöm, þar sem hún hafði til að bera alt það þrek, er hina skorti. Hún gætti verks síns mjög vandlega og sýndi um fram alt nær því hlægilega aðdáun fyrir hinni litlu erfðaprinsessu.

Molly hélt nú áfram hinu hvella gjammi sínu, en greifafrú Kany gaf engan gaum að því. Barónsfrúin settist nú niður fyrir framan hirðkonuna og laut niður höfði sínu og svaraði:

“Þér hafið rétt fyrir yður, bezta greifafrú. Það er enginn hægðarleikur að eiga við hina litlu prinsessu, og þó kunnið þér svo ágætlega að standa í stöðu yðar og stjórna henni. Prinzessan má sannarlega vera yður mjög þakklát fyrir það, því — okkar á milli — er Anna Regina mjög ósjálfstæð og getur því illa staðið á eigin fótum. Hvað sjálfa mig snertir, mundi eg aldrei geta staðist hirðlíf vort, ef eg eigi hefði augu mín opin og orð mín hefðu talsverð áhrif, en þér, mín bezta greifafrú, eruð að öllu ómissandi og mjög aðdáunarverð. Þér eruð því nær mín hægri hönd og stoð í allri umgengni minni við Önnu Reginu.”

Forsetafrúin lagði hönd sína með ólýsanlegu lítillæti á handlegg hirðkonunnar.

Andlit greifafrú Kany grettist nú af hýru brosi, en hin flaráðu augu hennar undir hinum löngu augnahárum virtu hana nákvæmlega fyrir sér og sýndu ljóslega að hún gætti nákvæmlega alls þess sem fram fór.

“Sleppið öllum fagurgala, góða mín. Eg er að eins lítið hjól í vél þeirri, er þér svo meistaralega kunnið að hleypa af stað. En nú skulum við talast við í allri hreinskilni og blátt áfram. Öll hirðin og nær því allur bærinn þekkir hin nær því töfrandi áhrif, er þér hafið á prinsessuna. Eitt orð og eitt augnatillit frá yður nægir til þess að koma henni á yðar mál. Sumir ætla jafnvel að yður hafi tekist að grafa upp hina huldu galdrarót, sem veitir þeim, er hana hefir, nær því ótakmarkað vald yfir ókunnum mönnum. En hversu sem þessu er háttað, þá gleðst eg þó yfir því, hvernig þér standið gagnvart Önnu Reginu, því eg er yður mjög sammála í því, er snertir hugsanir yðar og skoðanir, og þér munuð oft-  
ar en eitt sinn fá færi á að sannfærast um, að allar tilraunir mínar munu fara í þá áttina, að vinna yður í hag.”

Leonie lyfti nú hinu fagra höfði sínu upp.

“Já, þér — hafið rétt fyrir yður, bezta greifafrú. Við teflum báðar hinn sama leik og berjumst fyrir hinum sömu hagsmunum. Það væri því heimskulegt að reyna að hrekja hvor aðra með smábrögðum og hrekkjum. Látum oss því vinna í sameiningu að sameiginlegu takmarki! Eruð þér ekki á því?”

Hinar beinamiklu fingur hirðkonunnar lukust fastlega utan um hina snjóhvítu hendi, er var rétt fram, mjúk og lin, eins og kattarlöpp með klónum dregnum inn.

“Eg er yður alveg sammála barónsfrú,” gall við hin hvella röd, líkt og lúðurþytur, er kallar til áhlaups. “Eg reiði mig í öllu tilliti á þekkingu yðar, leiðbeiningar yðar og sannfæringu yðar, að samein-  
aðir kraftar vorir muni leiða til sigurs.”

“Það er og sannfæring mín.” Barónsfrúin

hringaði efrivörina svo að hinar hvítu tennur sáust, og studdi sig með ánægjusvip við stólbakið. "Og eg álit það skyldu vora að gerast nokkurskonar forsjón fyrir prinsessuna. Eg einsömul má mín að vísu nokkuð, en þó eigi svo dugi. Þráður væri það að vísu nógur til að stýra svo þróttlausri persónu, eins og Önnu Reginu, en fleiri þræðir mega sín þó meir, og hugsum við okkur að ná nokkrum áhrifum við hirðina, þá verðum við að taka tillit til allra þeirra afleiðinga, er tilgangur okkar kann að hafa í för með sér."

"Þetta er dagsatt, góða mín. En við verðum að mynda flokk okkar á milli, er geti létt undir fyrir tilraunum okkar."

"En hvað segið þér til þess að prinzinn ætlar sér að taka til aðstoðarmanns foringja úr fótgönguliðinu og það með þessu óbreytta enska nafni George?"

Kany laut nær henni, og smelti veifunni aftur með miklum örvæntingarsvip og mælti:

"Æ, eg er alveg forviða, bezta mín."

"Til hvers er nú verið að taka útlenda, ókunna menn inn í hirðina. Eg skil ekki hvaða hugmynd það er, sem komið hefir prinzinum til að taka ástfóstri við þenna unga mann, er náttúrlega aldrei mun geta felt sig við líf okkar. Væri nú eigi um annað að gera en þetta, mundi eg ekki segja margt, en nú bætist við að hinn ungi maður hefir konu með sér, sem enginn þekkir, og sem ekkert á til. Hvernig eigum við að geta umgengist slíka manneskju. Það væri það sama og að gefa sjálfum sér utanundir. Mér virðist því sem okkur sé stórlega misboðið með þessu."

Hin litla skorpna hirðkona spratt alt í einu á fætur.

“Við skulum mæla á móti þessu. Við látum eigi skipa okkur!”

“Einmitt það,” sagði Leonie með leiftrandi augum. “Eg hefi fastlega ásett mér að gera alt það, er eg megna til þess að koma þessu í annað horf. August Ferdinand er alt of leiðitumur gagnvart konu sinni. Ef til vill mun hræðsla hans um konu sína hjálpa okkur mikið, þegar á þarf að halda. Eg hefði annars viljað fá okkar litla vin von Flandern inn í hirðina. Hann er mjög skemtilegur maður og mesta prúðmenni, og auk þess mjög vinveittur mér. Hann er að ætlan minni mjög vel fallinn til þessarar stöðu, því eftir að hann varð fyrir óhappi því, að detta og meiða sig í síðustu veðreiðunum, er hann nú eigi framar fær um að vera í herþjónustu.”

“Þetta er rétt — vesalings maðurinn!” Hinar rauðu rákir kring um munn greifafrúarinnar kreptust flærðarlega saman. “Hann er ljómandi maður — skugginn yðar og allir ungu mennirnir öfunda hann af því, að honum veittist sá heiður að halda uppi kjólslóða yðar. Það er og sagt að þér viljið fyrir hvern mun gifta hann Gerty Wreda .....

“Gifta hann?” Frú Leonie stökk upp, eins og tunga vinkonu hennar hefði verið nál, er hefði stungið hana í hjartað. En á næstu stundu smábrosti hún og mælti. “Það er eigi leyfilegt að skoða svona í huga minn. Sleppum þessu. Það eru fleiri en eg, sem vita af þessu. En til þess að hverfa nú aftur að aðstoðarmanninum, þá er bezt að koma öllu svo fyrir, að herra George þegar frá upphafi sjái, að hér vinnur hann fyrir gíg. Við setjum okkur á móti þessu og tökum eigi við þessari konu hans. Eg mun og jafnvel þegar í kvöld sjá svo fyrir, að fleiri fylgi dæmi voru. Og það sem mest ríður á, er að halda Önnu Reginu fjarri henni.”

“Það er allskostar ómögulegt, góða mín. Það verður að koma hinna ungu frú í kunningsskap við prinsessuna.”

Barónsfrúin rak upp fyrirlitlegan hlátur.

“Vertu hæg. Á þeirri stundu skal eg standa við hlið prinsessunnar og sjá svo um, að það verði fyrsta og síðasta sinn, er hún talar við hana.

“Hvað þá? Nú er eg hissa.”

“Ef við förum rétt að, mun okkur takast að koma öllu svo fyrir, að aðstoðarmaðurinn kjósi þann kost beztan, að fara sjálfkrafa.”

“Það er ágætt.”

“Það er að eins eitt, er ollir mér talsverðum heilabrotum.” Barónsfrúin vatt armböndunum við og laut niður hinu fagra höfði sínu.

“Og það er?”

“Greifafrú Xenia Dynar.”

Líkt og hvæsandi ormur kom nafn þetta fram af vörum forsetafrúarinnar, og höfuð hirðkonunnar skaut fram, eins og hún ætlaði að lesa nafn þetta á vörum vinkonu sinnar.

“Jú, jú, ..... eg skil,” voru orð hennar og dróg hún nú mjög seiminn.

“Það hefir nú tvö síðustu missirin verið dáðst helzt til of mikið að þessari fegurð,” mælti frú Leonie með miklum biturleik. “Þessi hrokafulla skepna þykist mikil af nafni sínu og peningum, og rembist við að bjóða öllu því birginn, er á nokkurn hátt stendur í vegi fyrir henni. Haldið þér máské að mér geti tekist að fá hana meðmælt mér? Nei, það er ekki því að fagna; hún er of ísköld til þess. Hún hefur sitt rauða höfuð hátt yfir okkur öll, eins og það væri af einskærri náð og miskunnsemi, að hún heiðraði veizlur okkar með nærveru sinni.”

“Þetta er satt, góða mín. Það er hlægilegur

þótti; óþolandi hroki! Hún ímyndar sér líklega að hún þegar hafi furstakórónu í vasanum."

"Svei! En eg ætla að tími sé nú kominn til að klippa vængi þessa fugls, eða hann kann að fljúga of hátt að lokum."

Bitur fjandskapur lág í orðum þessarar fríðu konu. Hún laut nær hinni og sagði í lágum hljóðum:

"Hafið þér ekki tekið eftir því, að Anna Regina gerir sér mikið far um að komast í kunningsskap við þenna litla rauðbirking?"

"Hvað það snertir, þá vona eg að við höfum þar dálítið að segja." Og veifa hirðkonunnar blakti til líkt og flagg í stormi.

"Eg er þó hálfhrædd um að við megum okkur þar lítils, því allir karlmennirnir mundu þegar þaka málstað greifafrú Dynar, ef við sýnum okkur á nokkurn hátt líklegar til að steypa henni. Nei, eg veit það vel, að eigi munum við fá nokkru orkað, ef við leitum beinlínis á hana, og hefði eg því hugsað mér annað ráð, en það er að nota hennar eigin hroka og drambsemi og á þann hátt að setja hnífinn fyrir kverkar henni."

"Þér eruð hrein galdrakona, góða mín. Vit mitt stendur kyrt. Því hvernig ætti að geta tekist að reka á dyr svo undur fríða konu?"

Barónsfrúin leit upp. Gimsteinarnir skinu í hári hennar líkt og skærir neistar og rödd hennar var lík og þegar spilamaður setur alt á eina tölu, er hún laut niður að hirðkonunni og sagði með beiskjusvip:

"Janek Proczna! ..... Janek Proczna. Söngmaðurinn af guðsnáð!"

"Herforingi, brón von Flandern," kallaði nú þjónninn milli dyratjaldanna.

“Það er ágætt, ágætt! Þú kemur eins og þú værir kallaður!”

## VII. KAPITULI.

Nú var þunglega gengið að dyrunum. Og inn gekk riddaraforingi von Flandern. Hann var með-almaður að vexti og dróg hann fótinn eftir sér. Barónsfrúin heilsaði honum mjög alúðlega og mælti: “Sólin er í uppgöngu,” og hneigði hann sig um leið djúpt og kysti á hendina, er hún náðarsamlega rétti fram.

Gekk han því næst fram fyrir greifafrú Kany og laut henni með mikilli lotningu, en andlit hennar teygðist í ótal hrukkur af óskapa vingjarnleik. Settist hann svo á hinn lága legubekk frammi fyrir fótum forsetafrúarinnar.

“Eg hefi þá eftur komið tíu mínútum of snemma, þú mín,” sagði hann hálfbrosandi, eins og gamall unningi. “En þér vitið vel að eg er gamall sæleri, sem ætíð reyni að ná í hinn fyrsta ilminn áður en borið er fram fyrir alla hina.”

Greifafrú Kany ógnaði honum með veifunni, en Leonie leit hissa við.

“Ekki nema tíu mínútum of snemma! Þá verðum við að flýta okkur með launungarmál okkar, því tíminn er helzt til of naumur. Við vinkona mín höfum, bezt Flandern, verið að tala um Dynar fólk-íð, og er okkur það báðum jafn leitt.” Barónsfrúin laut lítið eitt fram, brosti og leit til hirðkonunnar. “Yður virðist líklega að Flandern sé einn af þeim fáu, sem eigi er blindaður af ljóma hinna rauðu lokka.”

En var það ekki skrítið? Hið föla andlit ridd-



araforignjans leit upp til barónsfrúarinnar og var augnaráð hans hálf ásakandi og fleðulegt. "Sá sem eitt sinn hefir gert riddarabjónustu hjá drotningunni Rós, mun aldrei komast upp á að hafa snjóbolta fyrir hjálmskúf."

Leonie hringaði enn meir hinn litla munn sinn og leit brosandandi til hans og mælti:

"Látum okkur nú víkja að efninu! Greifafrú Dynar reynir með öllu móti að koma í veg fyrir fyrirætlanir okkar og verður því heldur hvímléið. En af því örðugt mun verða að koma henni úr okkar hóp, þá verður hún sjálfkrafa að rýma og flýja fyrir hræðu þeirri, er við kunnum að setja upp í hinum blómlega hveitiakri okkar."

"Og það fyrir þá sök að þér nýlega nefnduð söngmanninn Proczna?"

Hin smáu augu hirðkonunnar leiftruðu af forvitni, en hinn ungi foringi hló dátt.

"Náttúrlega, Janek Proczna," svaraði hann. "En verið nú búnað að heyra ótrúlega hluti um þennan alþekta söngmann."

"Hvað þá — er nokkuð hneykslanlegt? Óleiýflegur kunningssskapur?"

Greifafrú lá við köfnun, er hún ruddi þessum spurningum út úr sér.

"Guð varðveiti mig; hvernig dettur yður slíkt í hug?" mælti barónsfrúin og hristi höfuðið fyrirtillega. "Janek Proczna hefir vissulega á ferðum sínum tínt eins margar rósir og lárviði og leitt marga konur til ásta við sig. En þó að rödd hans kunnir að flytja fjöll og töfra dýr og jafnvel trén, svo þau sltppi rótum sínum og fylgi honum, þá mun þó þessi máttur hans stranda á þverúð, og það er á hinu stolta höfði greifafrú Xeniu."

"Heller Huningen glæðir furstakórónu sína og

bræðir með því ísinn við hjarta hennar," mælti upp-  
áhalds vinkona barónsfrúarinnar mjög meinlega.

Greifafrú Kany leit upp og var sem vonir hennar hefðu brugðist, og spurði hún hálf hissa:

"En hvað getur þá Proczna gert, ef hún eigi tekur hann að sér?"

"Meira en þér haldið. Heyrið nú! — Vinur okkar, Flandern hérna, hefir verið hægri hönd mín að njósna um hina fögru greifafrú Dynar, í þeirri von að finna einhvern lausan stein í hinni miklu víggirðing, er hún víggirðir sig á baka til við, og þar sem eigi verður fremur komist að henni en að sáttmálsörkinni í hinu allra helgasta. Við höfum litið varlega í allar áttir og loksins tekist að ná lyklinum að hjarta Xeniu, en hann er Gústina þjónustumey, öldruð kjaftakind, er eigi hefir nokkurn grun um, hví hinn digri undirforingi hefir verið að daðra við hana."

"Undirforinginn?"

"Já, það er fyrverandi þjónn vinar okkar hérna og má óhætt reiða sig á hann. .... Hann er trúr sem hundur — og slægur sem ..... sem ..... sem."

"Sem herra hans og yfirmaður," mælti Leonie hlæjandi, og fleygði blómi í andlit vinarins.

"En Gústina hefir skýrt frá mörgu því, er skeði í öll þau ár, er þau lifðu í hinni mestu einveru í höll Dynar greifa; hún hefir og nefnt hina miklu peninga, er hrúgað hefir verið saman í öll þessi ár, og er henni tekst vel upp, minnst hún á bróður greifafrúarinnar."

"Bróður?"

"Nei, þaran fáum við nýtt að heyra og verðum við að kynnast því betur."

"Hið pólska nafn á hinni greifalegu ættarbók og sem greifafrúnni er svo umhugað að spúa á Þjóðersku, ef á það er minst, er í raun réttir Proczna og

anek Proczna, þessi söngmaður er frægur er um lla Norðurálfu, er stjúpsonur hins gamla greifa, og var hann áður riddaraliðsforingi, en beiddist lausnar, að sagt hefir verið, til þess að ferðast um önnur lönd. Og hvað segið þið til þess, að þetta kvað vera alkunnugt í höfuðborginni. Fornir félagar hafa þar heyrt hann syngja og þekt hann aftur. Fyrir sakir þess hefir verið tekið við honum við hirðina og í alla staði með hann farið sem Dýnar greifa, þó eigi sé hreyft við dularnafni hans.

Þarna getið þér séð hvernig á því stendur, að dagblöðin hafa verið að benda til hins göfuga ætt-ernis söngmannsins. Greifafrú Dynar hefir aldrei nefnt það á nafn og er það bending til, að þetta er einhver þyrni, er stingur hana illa, að vilja kannast við þennan söngmann, þetta pólska tókubarn, sem bróður sinn. En á þessu atviki hefi eg bygt fyrirætl-anir mínar. Janek Proczna hlaut að koma hingað, en hin dramssama systir hans verður þá að draga sig í hlé, til þess að komats hjá vanvirðu þeirri að vera skyld slíkum manni."

"Þetta er ágætt í alla staði."

Riddaraliðsforingi von Flandern sneri upp á varaskegg sitt, en hið veiklulega föla andlit hans roðnaði lítið eitt um ennið og gagnaugun.

"Janek Proczna bróðir þessar dramsömu konu! Hið pólska tókubarn, söngmaðurinn, ber því hið mikla, göfuga nafn hennar," hrópaði nú greifafrú Kany og keyrðist um leið aftur á bak í hinn mjúka legubekk, og hló jafnvel illgirnislegar en vandi hennar var til.

"Þey, þey, það kemur gestur."

"En heyrið, barónsfrú! Það kostar okkur ærna peninga að fá þennan nafntogaða söngmann til að syngja fyrir okkur?"

Þetta virtist þó eigi fá mikið á Leonie.

"Hennar hátign getur borgað það," svaraði hún og brosti háðslega, "ef hún á annað borð vill heyra eitthvað skemtilegt."

"Já, ef hún er fær um það."

"Við skulum ekki gera okkur neinar áhyggjur út af því. Munið eftir því, að það er eg, sem ræð þessu og vona að þér sýnið mér aðstoð."

Forsteafrúin sneri nú við hinu fagra höfði sínu og heilsaði vingjarnlega manni sínum, er álútur og þreytulegur gætt inn.

Nú kom vagn eftir vagn að húsdýrunum; í hinni hvefdu forstofu skráfaði í kjólslóðum, í sporum og sverðum glamraði á stígnum, en uppi í sölunum stóð húsrúin stolt og tignarleg undir hinum stærsta ljóshjálmi og fagnaði gestunum mjög vingjarnlega.

Brátt sveimaði nú um sali forsetans prýðilegt sambland af silki, kniplingum og margskonar ein-kennisbúningum, en þá minst varði, var sem alt þetta læstist saman í eina þetta þyrping, þá er greifafrú Dynar gekk inn, ásamt frænda sínum Drach, en kona hans var eigi með þeim.

"Ennþá eitt sinn yr búningur!" hvæsti greifafrú Kany í eyra vinkonu sinnar, og barónsfrúin starði fyrst haturlega á hina ljómandi framgöngu greifafrúar Dynar, en flýtti sér til hennar og rétti henni báðar hendurnar með hinu sólbjarta brosi.

Herra von Flandern var hinn fyrsti, er hneigði sig djúpt og virðingarfyllt fyrir "snjóboltanum", en hann var því miður of lítill til þess að eftir honum yrði tekið. Svipur Xeniu leið kæruleysislega fram hjá honum.

"Eins og nærri má geta mun hún fyrst rétta hendina að Heller Huningen fursta," hvíslar hirðkonan hálf-hátt og Leonie ypti háðslega öxlunum.

Undir yfirskinu frændseminnar má margt og mik-  
ið gera svo lítið beri á." Og svo sneri hún sér að  
greifafrú Ettisbach og talaði mjög blíðlega til hinnar  
litlu blómlegu ljóshærðu frúar. En augu hennar liðu  
þó ósjálfrátt yfir hið lokkaða höfuð, þangað sem  
greifafrú Dynar hafði sezt niður einslega á legubekk.

Frammi fyrir henni stóð frændi hennar, hinn ungi  
fursti Donat von Heller Huningen og var hann  
prýðilegur á að líta í einkeninsbúningi úlanriddar-  
anna. Hið ljósa, þykka hár hans var greitt eftir  
nýjustu tízku. Svipurinn var að vísu eigi gáfuleg-  
ur en mjög elskuverður, og hin nokkuð stutta efri-  
vör, er sýndi hinar mjallhvítu tennur, er hann hló,  
var eitthvað einkennileg.

"Hafið þér lesið bækurnar, sem eg sendi yður?"  
spurði Xenia með hálfgerðum óánægjusvip.

Það kom eins og fát á hann.

"Reiðist ekki, bezta frænka," svaraði hann í  
mestu hreinskilni; "eg byrjaði að vísu að lesa, en eg  
veit sannarlega eigi hvernig á því stóð, að eg sofn-  
aði eins og gott barn, þegar hafði lesið að eins tvö  
blöð í "Nathan hinum vitra". Það má vel vera að  
Nathan hafi verið ágætis maður, en að stagast á því  
á hverri síðu, er helzt til of mikið og eigi gott að  
vita, hvort hlægja skal af því eða gráta yfir því. Eg  
skil ekki hvað yður getur þótt koma til slíks. Mér  
fyrir mitt leyti dauðleiðist það."

Hin stóru barnslegu augu hans voru svo aumkv-  
unarleg á að líta, að Xenia hló ósjálfrátt. "Hví  
byrjuðuð þér eigi á "Hermann-amingju? Mina  
von Barnheim hefði sjálfsagt haldið yður vakandi."

"Góða frænka, eg þakka guði fyrir að eg þegar  
þekti þá sögu, og fór því fljótt yfir hana."

"Þér eruð ljóti maðurinn. Nú verðið þér tafar-  
laust að byrja á Galotti og lesa hann allan mjög ná-

kvæmlega, því eg ætla mér að reyna yður. Munið það."

"Þarf eg þess?" spurði Donat og andvarpaði um leið. "Komist þér eigi við af æsku minni og sakleysi?"

"Nei, þér verðið, frændi góður, að gera það, því eg vil eigi að þér oftast spyrjið mig í margra manna áheyrn hver ritað hafi Emilia Galotti. Það var til einkis fyrir yður að leita í öllum Schiller!"

Fúrsti Heller Huningen laut niður hinu ljóshærða höfði sínu og stundi við.

Var nú slegið þrisvar sinnum á gólfið, en Xenia reis upp og gekk fram til kvenna þeirra, er mynduðu hálfhring fyrir dyrunum.

Greifafrú Kany flýtti sér til húsmóður sinnar til þess að hún gæti fylgt henni, er hún gengi inn í salinn.

Heyrðist nú um stund að eins lágt hvísl og voru þá vængjahurðirnar opnaðar hljóðlaust og prinsessa Anna Regina gekk inn við hlið forsetans.

Hún heilsaði frú Leonie mjög vingjarnlega, hneigði sig svo til allra hliða og rétti greifafrú Dynar mjög hýrlega hina litlu hendi sína.

Xenia varð að beygja sig djúpt til þess að færa hina litlu hendi að vörum sér, því prinsessan var mjög lítil vexti, og virtist sem hinn langi silkislóði væri of þungur fyrir hinn grannvaxna líkama.

Andlitið var fölt og barnalegt, en augun stór og var sem þau litu hissa og hjálparvana út í veröldina, líkt og þegar fuglsungi, er í fyrsta sinn hefir farið úr hreiðrinu, finnur vaggandi grein undir fótum sér. Hið ljósa hár var strokið aftur frá enninu og féll í lönguð lokkum um háls hennar. Gimsteinasettum nálum var stungið gegnum hinn gríska hnút á bakhöfðinu, er hélt uppi hinu bylgjandi hári.

Þeir voru til, er sögðu að harla lítið kvæði að prinsessunni og að hún eigi væri annað en leiksoppur í höndum Kany hirðkonu sinnar. Aftur aðrir, sem þóttust hafa tekið eftir ýmsu og töluðu um liftrandi augu og saman þrýstar varir. Þeir hristu höfuðið og virtust að trúa því, að Anna Regina væri hrein dúfa innan um eintómar krákur, er eigi þyrði að lyfta vængjunum til flugs, af því að hún sæi, hve yfirsterkari að mótstöðumenn hennar væru.

Tevatnið var drukkið standandi, en listamenn frá leikhúsum skemtu á meðan með ýmiskonar söng.

Prinzessan gekk með hinum venjulega blíðleik inn í söngherbergið og fylgdu henni allir þeir er viðstaddir voru. Gekk hún því næst við handlegg Leonie snöggvast um hina löngu röð af sölum og settist svo loksins í herbergið, er búið var 17. aldar stíl og söfnuðust þar um hana nokkrir hinir vildustu vinir hennar.

Er hún hafði fyrst komið inn í salinn hafði hún lítið í kringum sig og þegar tekið eftir því, að eigi hafði öðrum verið boðið en venja var.

Voru það eingöngu ulanriddara foringjar, nema húsbóndinn sjálfur og barón von Drach.

Orðrómur sá er gekk um fylkið var hvorki ósannur né orðum aukinn. Ulanriddararnir höfðu tekið á sig slíkan brag, að almenningsálitinu ofbauð. Þeir forðuðust með miklum hroka bæði borgaralega menn og einnig féлага sína í fótgönguliðinu og stórskotaliðinu. Orðtak þeirra var: "Einungis fyrir sjálfa oss".

Og eigi voru aðrir teknir í riddaraflokk þennan en þeir er voru af æðstu stigum.

Frá þeim tímum að prinz Reusseck hafði stýrt herdeild þessari, fór að úa og grúa þær af smáfurst-

um, prinzum og greifum, en fyrir ættsmáa menn var eigi hugsandi að komast þar að.

August Ferdinand prinzi líkaði þetta að vísu illa, en hann fékk eigi við ráðið. En til þess þó að bæta dálítið úr þessu, hafði hann ær því eingöngu tekið sér aðstoðarmenn úr fótgönguliðinu, en í stað þess að draga með því úr ágreiningi þeim, er var á milli hinna ýmsu herdeilda, hafði hann öllu heldur aukið hann.

Anna Regina hafði sezt á hornlegubekkinn. Til vinstri handar hennar sátu furstafrúranr Reusseck og Xenia, en til hægri handar frú Leonie og þrjár helztu herforingjafrúnar. Fyrst var greifafrú Tarenberg, var hún lítil vexti, lagleg og ljóshærð; rödd hennar var há og hvell, og hafði hún flestum fremur vit á því er búninga snerti, en um fram alt var hún hrædd um hinn undur laglega mann sinn. Þá kom frú von Hofstraten, hún var heldur feitlagin og nokkuð þunglamaleg, en þó mjög viðfeldin. Síðan kom svo greifafrú Ettisbach; virtist hún að vera með öllu áhyggjulaus og sugsunarlaus, en orðtak ehnnar á þessa leið: Á morgun glöð aftur.

Báðar hinar konurnar, er þó heyrðu herdeildinni til, voru sjaldan við hirðina og var því tekið lítið tillit til þeirra. Önnur þeirra var mjög heilsutæp, en hin mjög einföld og barnsleg. Barónsfrú Gertner og greifafrú Dynar höfðu eftir sérstöku boði Önnu Reginu verið tekna inn í samkvæmi þetta, en úlanriddararnir voru nokkurskonar fljúgandi hjörta milli allra þessara rósa. Höfðu þeir nú þegar fimlega smeygt smástólunum inn á milli hinna hærri stóla.

"Hver einn hafi sína," var nú sagt hlægjandi og þótti það mjög eðlilegt, að hinir dyggu sveinar settust til fóta drotninga sinna.

Greifafrú Kany hafði nú farið frá unun whist-



spilsins í næsta herbergi og studdist nú við stól greifafrúar Tarenberg, og kvað það skyldu sína að skýra hinni litlu frú frá því, að maður hennar hefði nú þrisvar sinnum spilað eitthvað grunsamlega með hjartadrotningunni.

Var alment hlegið að þessu, en Leonie leit fljótlega til hirðkonunnar og dróg hana til sín í hornið á legubekknunum.

“Vitið þér að þér eruð ágætis kona, kæra Kany, mælti hún og ógnaði henni um leið með veifunni. “Þér munuð hita vésalings Tarenberg um eyrun vegna þess að hann daðrar ekki nógu eftirtakanlega við yður. — Hver er það sem svo hrygðarsamlega leikur harmatölur Lotus blómsins þarna inni í salnum?”

“Leikari einn, er prinsessan heldur hendi sinni yfir, barónsfrú.” “Lofum honum að ausa út harmi sínum; hann hefir borgað fyrir það,” mælti einhver við hlið þeirra.

“Frúr góðar, eg hefi nýungar að segja ykkur.”

“Það er ágætt! Heyr! heyr!”

“Barónsfrúin hefir orðið!” kölluðu allir. Krosslagði hún þá hendurnar og sagði á hinni óskýru þýzku sinni:

“Eg hefi að segja frá miklum viðburði, frúr mínar. Vitið þið að hann, hinn ágætasti af öllum, hinn nýupprisni Apollo, hinn frægi Proczna, syngur í höfuðstaðnum?”

Er hún hafði mælt þessi orð, leit hún skyndilega til Xeniu, er stóð og talaði rólega við Heller Huningen. Hún virtist eigi hirða mikið um viðburð þennan og hélt áfram samræðu sinni eins og ekkert hefði ískorist.

“Hvað? Er Proczna í þýzkalandi?” hrópuðu frúrnar Reusseck og Ettisbach, en greifafrú Kany

greip fram í og sagði: "Nei, nú! Ætlar hinn ó-dauðlega Pólverji þá að fara að létta á þýzku peningapokunum okkar? Hvað kostar agangurinn. Í Vínarborg kváðu tíu menn hafa verið fóttroðnir, af því að söngvarinn af guðsnáð gat ekki nógu fljótt skift hundrað gyllina seðlunum."

Leonie klappaði saman lófunum og Flandern brosti af innri ánægju.

"En, kæra Kany," mælti Anna Regina og leit hissa upp.

"Janek Proczna er einhver hinn ágætasti listamaður nú á tímum. Og selur varla sjálfur aðgöngumiðana."

"Biðjið fyrir yður, yðar konunglega tign, þess konar menn halda ætíð eðli sínu, hvort sem þeir eru í svörtum frakka og syngja fögur lög, eða sem töframenn, eta eld og gleypa hnífa.

Svipur hirðkonunnar lýsti nú takmarkalausri illkvitni, er hún leit til greifafrúar Dynar, er sat gegnt henni, grafkyr eins og marmaramynd.

"En það stendur í blöðunum, að Janek Proczna sg að eins dularnafn," greip greifafrú Ettisbach fram í, er Anna Regina þagnaði, "og að söngvarinn sé eiginlega af mjög tignum ættum."

Flandern kældi andlit sitt með veifu Leonie.

"En frú mín," mælti hann, eg mun innan skams leyfa mér að heimsækja yður, til þess að tala lítið eitt um brögð og auglýsingahnykki.

"Það væri skritið," flyssaði barónsfrú Gertner.

En greifafrú Tarenberg flýtti sér að leggja fingurnar á hinn fagra munn hennar og mælti:

"Ein af vinkonum mínum hefir heyt Proczna syngja í París og var mjög hrifin af því. Hann kvað hafa verið frábærlega skemtilegur og einkennilegur maður. Konur sáu ekki sólina fyrir honum. Sjálf

keisaradrotningin hafði hann í hávegum og bauð honum til hirðarinnar. Það er og haft fyrir satt, að hann hafi hitað ofn sinn með ástarbréfum og að konurnar í París hafi mútað þjónunum á hóteli því, er hann gisti í, til þess að láta þær fá þvottavatn það, er hann hafði notað."

"Hvaða ósköp," hrópaði frú von Hofstraten og strauk handarbakinu hálf óþokkalega um munninn.

En frú Reusseck kom flestum til að hlæja, er hún mælti:

"Ef manningum mínum tekst að tæma buddu húsráðandans í Whist-spilinu, þá förum við á morgun til höfuðstaðarins og þá skuluð þér vissulega fá eina af þessum frægu flöskum í jólagjöf."

"Eg fer líka! Eg ætla að skera nafn Proczna út úr auglýsingunum og eta það á brauði," kallaði greifafrú Ettisbach og klappaði saman höndunum, eins og lítil skólastúlka. "Svona förum við í skólanum."

Vinkona hennar, Tarenberg, fleygði veifu sinni á borðið.

"Þetta er ágæt hugmynd. Við förum öll. Áfram!"

Augu hinnar litlu hirðkonu leiftruðu, er hún leit til greifafrú Xeniu og spurði:

"Og þér, ástkæra greifafrú, munuð hata, þegar alt annað er einskær kærleikur. Ætlið þér að verða einar heima?"

Greifafrú Dynar virtist að vaxa um helming, er hún svaraði þurlega:

"Já."

Leonie leit niður á hinar ljósrauðu neglur og lét ljósið leika um þær.

"Mér dettur nokkuð í hug," mælti hún niðurlát

og í hálfum hljóðum. "Hugmynd, hugmynd! Konungsríki fyrir hugmynd!"

"Barónsfrúin leit alt í einu upp og augnaráð hennar flaug sem neistar yfir þá er voru þar saman komnir og staðnæmdust við Önnu Reginu.

"Hvernig væri að Ulanriddaradeildin, keisari Franz Jósef tækist á hendur að bjóða Janek Proczna að syngja í okkar Norðurlanda-Babel, en eingöngu fyrir þetta samkvæmi?"

Mikið lófaklapp var gert að þessari uppástungu.

Heller Huningen stökk upp, eins og væri hann snertur af rafmagni.

"Sönglistin er vissulega mín veika hlið," kallaði hann upp, "en þó er eg til í þetta."

Greifafrú Tarenberg varð eldrauð af fögnuði og faðmaði að sér greifafrú Ettisbach og lá við sjálft að hún mundi springa af ofurmagni tilfinninga sinna.

"Þetta er ágætt," hrópaði greifafrú Reusserk og hleypti um leið neðri vörinni yfir hina feitu undirhöku, en það var vanalega merki þess, að nú þætti henni alt vel fara. "Hve það mun hneyksla þessi ..... í fótgönguliðinu. — Börn góð, það yrði laglegt gaman."

Önnu Reginu fanst sér ofaukið hér. Engum datt í hug að taka nokkuð tillit til hennar, því nú var ekki farið eftir hirðsiðum.

Greifafrú Dynar var hin einasta, er leit með stoltlegum svip á hirðkonuna, er eigi tók augun af henni.

"Við höfum auðvitað Proczna fyrir okkur," endurtók Leonie. "Hann fær eigi að syngja annarsstaðar en í okkar samkvæmi og vesalings náunginn getur gengið niðri á götunum og látið sér nægja ómínn og munum við eigi öfunda hann af því."

"Ómínn og þvottavatnið," sagði frú Hofstraten og sló um leið með veifunni hart í borðið.

“Vér bjóðum honum þá. Skrifum til hans! Það endur á sama hvað það kostar!” mælti greifafrú Otisbach fagnandi og var hún þá lík óþolinmóðu barni, er bíður eftir jólagjöf.

“Það verður þá svo,” sagði Leonie og sneri sér að Önnu Reginu. “Við skrifum strax. Eða þarf samþykki hans tignar að því er kostnaðinn snertir?”

“Hvaða vitleysa! Þess þarf ekki við,” hrópuðu allar konurnar.

Heller Huningen tók nú á sig “hinn litla heimskusvip” og mælti:

“En barónsfrú, þér leyfið sjálfsagt að við karlmennirnir gefum ykkur konunum söng Janek Proczna í jólagjöf!”

“Úlanriddaradeildin, keisari Franz Jósef kostar söngmenn sína,” stamaði nú Flandern og keyrði höfuðið stoltlega aftur á bak. “Það er eigi nein þörf á samþykki þeirra, er fjærverandi eru, er fjórir úr okkar hóp fara þessu fram!”

“Það er rétt, Flandern. Hvort við förum til Berlín, til þess að taka dagverð Unter den Linden, eða pöntum hingað söngmann til þess að skemta konunum. Það virðist eingöngu að varða okkur sjálfa.”

“Gerum þá svol!”

Leonie leit yfir til Xeniu, er með öndina í hálsinum hlustaði á viðræður þessar og reyndi að þrýsta hinum titrandi vörum saman. Það var auðséð á andliti hennar, hve ákafar voru geðshræingar hennar.

“Eg sting upp á að við konurnar úr riddaradeild þessari bjóðum Proczna og mun hann varla geta skorast undan því að koma. Og vona eg að yðar tign þóknist að rita nafn yðar efst á boðslista þennan.”

Þó orð barónsfrúarinnar væru að vísu kurteis, voru þau öllu fremur töluð sem skipun.

Anna Regina leit á hana og virtist þetta að ganga fram af henni.

“En, mín kæra braónsfrú ....., eg get ómögulega. .... Hugsið um ..... Hvað mundi maður segja, ef eg byði söngvara?”

“Verið áhyggjulausar, yðar tign. Eg skal sjá um það,” mælti frú Gertner og hló háðslega. “Það sem kona vill, vill guð, segja Frakkar, og vona eg því, að yðar tign leyfi mér að sækja penna og pappír.”

“Nei, August Ferdinand yrði aldrei samþykkur þessu,” svaraði prinsessan fastlega. “Það yrði eigi til annars en valda nýju þvaðri og óþægindum.”

Leonie leit til greifafrá Kany og laut svo niður, á baka til við veifu sína, að eyra Önnu Reginu.

“Þakkið guði fyrir, yðar tign,” mælti hún í lágum rómi, “ef fólkíð hérna og einkum prinz August Ferdinand, fá eitthvað nýtt og saklaust að hugsa um. Hafið þér skilið að mér mæni hafa gengið eitthvað til að fá þessu framgengt? Eg hefi síðar ýmislegt að segja yður einslega.

Líkt höggormsblæstri höfðu þessi hægt hvísluðu orð borist til eyrna prinsessunnar. Leonie lét nú veifuna síga, en hló hægt og gamansamlega og spurði hátt:

“Nú, yðar tign, á eg að skrifa?”

Hinn litli líkami prinsessunnar titraði eins og af hrolli. Hún reyndi að brosa og svaraði síðan heldur óskírt:

“Jæja, í guðs nafni þá, þér ljóti freistari. Gerið eins og yður þóknast, og hafið nafn Önnu Reginu fyrir merki. En þér skuluð bera alla ábyrgðina. Eg þvæs hendur mínar.”

Leonie reis á fætur og lagði fram á borðið pappírsörk.

“Hver vill rita boðsbréfið?” spurði hún.

“Ætíð sá sem spyr!” hljómaði nú úr öllum áttum með miklum hlátri.

Barónsfrú Gertner benti greifafrú Kany að setjast niður hjá henni og ritaði með hjálp hennar mjög kurteist bréf. Las hún það því næst hátt og var gerður mikill rómur að bréfinu.

“Og nú undirskriftirnar. Yðar tign ritar líklegast sjálf.”

Án þess að bíða svars, rétti Leonie pennann að prinsessunni. Það virtist sem hin tigna kona tæki nokkuð fast um hið gyldi pennaskaft með hinu litla rosandi engilshöfði á oddinum. Því næst setti hún ennar á pappírinn og reit nafn sitt með hálf-skjálfdi hendi og heldur línuskakt. Þá reit furstafrú Reusseck nafn sitt og eyddi óþarfa miklu bleki, og rétti hún svo pappírinn og pennan að greifafrú Tarenberg.

“En hinar báðar eru ekki með sjálfri sér af óþolinmæði,” sagði hún brosandi og lagði báðar hinar feituru hendur á borðið. “Myndaðu nú ekki nema hjarta þitt undir nöfn ykkar beggja, bezta Ettishbach, svo að söngvarinn af guðsnáð megi sem skjótast vita, hjá hverjum að nafn hans er á brauðinu.”

“Verið hægar, góða mín, hugsíð um sjálfa yður. Nú þarna, bezta Kany.”

Hirðkonan leit upp á hið föla andlit Xeniu.

Eg ætla að mér beri að rita nafn mitt á eftir greifafrú Dynar. Gerið svo vel, frú mín.”

Xenia hóf upp hið fagra enni sitt. En var stilt og köld eins og vandi hennar var.

“Hafið mig afsakaða,” svaraði hún kuldalega.

“Hlífið mér við þessu, bezta greifafrú. Það eru þeg-

ar svo mörg nöfn á listanum, að eigi þarf míns við."

Það var eins og hnefahögg væri slegið í andlit allra þeirra, er við voru. Allra raddir risu á móti þessu.

"Þér viljið ekki rita nafn yðar undir skjalið. Ætlið þér að ónýta það fyrir okkur. Nei, greifafrú, ritið þér nú fljótt nafn yðar."

Leonie leit upp með hinum mesta sakleysissvip.

"En, bezta Xenia," mælti hún, "hvað finnið þér að hinum ágæta Proczna, fyrst þér svo bersýnilega skorist unda því að sýna honum hollustu yðar?"

"Það er eigi svo að skilja, því eg hefi alla virðingu fyrir list hans."

Fleðulegt, leyndardómsfult bros lék um andlit Kany.

"Nú skil eg; þér voruð í París í fyrrahaust, og ef til vill þekkið þér manninn."

Allir færðu sig nær og hlustuðu nú á samtill þeirra.

"Er það svona? Skriðið nú, greifafrú, skrifið! Þekkið þér Janek Proczna?" kallaði Flandern með tindrandi augum. "Hann er yður ef til vill nánari en við ætlum."

Xenia beit á varirnar og leit með leiptrandi augum til hirðkonunnar.

"Nei, eg þekki ekki Janek Proczna," svaraði hún titrandi af særðu stolti og vissi varla hvað hún sagði. "Og þar sém eg ætlaði að ekki þyrfti míns nafns við, þá var það eingöngu af því að líklegt er að eg ferðist með vinkonu minni til suðurlanda og verð hér því eigi, er Janek Proczna kemur."

Tók hún pennan í hönd sér og mælti ennfremur:

"Er svo að þið ennþá æskið þess að eg riti nafn mitt?"

"Auðvitað, góða mín," mælti Kany. "Konan



er kviklynd, segir máltækið, og ennþá hafði þér ekki látið niður í ferðakistu yðar."

"Og munuð með guðs hjálp heldur ekki gera það," sagði Anna Regina. "Yfirgefið mig eigi, Xenia!"

Með stóru greinilegu letri reit greifafrú Dynar nafn sitt undir boðsbréfið til Janek Proczna. Enginn hefði getað séð á hinu kalda marmara-andliti hennar að hver pennadráttur var hnífslag í hið kalda hjarta hennar og kylfuhögg á dramb hennar.

Leonie leit nú sigrihrósandi augum til yinkonu sinnar Kany, en um leið var svipur hennar eitruður og jafnvel hálf-djöfulegur.

## VIII. KAPITULI.

Langt fyrir utan borgina lá hið hallarlega hús, er greifafrú Dynar hafði tekið sér til vetrarsetu; hafði hún keypt það af ríkum verkstæðaeiganda. Hinir etórkostlegu múrar, er klæddir voru ferhyrnum marmaraflísnum, mændu þar upp mitt í fögrum aldingarði. En alt húsið virtist vera jafn kalt og hvítt sem andlit hins stolta, unga eiganda þess.

Skrautlegar útlendar plöntur risu upp undir hvelfingu forstofunnar, en það voru blómlaus pálmatré, burknar, myrk- og sedrustré og lárviðir, er þar kyr og alvarleg og ilmlaus vöfðu hinum hreyfingarlausu greinum sínum utan um koparlíkneskin.

Kyr og bein löfðu dyratjöldin frá hinum gyltu stöngum, í þráðbeinum röðum héngu málverkin á veggjunum og húsgögnin og listaverkin stóðu í fyrirmyndarröðum á hinu spegilfagra astrakgólfi. Sæt-an ilm, líkt og fyrirmannalegt bros, lagði á móti þeim er inn gengu; en þó að eldar brynæi í arnium og

jafnan hita legði um alt húsið, var þó sem kuldagustur færi um alt, er þar var inni.

Barón von Drach og fólk hans bjó í hinum rúm-góðu herbergjum á neðsta hvolfi hússins, en greifafrú Dynar hafði sezt að á öðru lofti, og var með henni hershöfðingjaekkja von Godlaw, sem var hús-ráðandi, því þó að Xenia að vissu leyti teldi sig með heimilisfólki fjárhaldsmanns síns, hafði hún þegar frá upphafi haldið sig sér og gert dansveizlur og boð, þar sem hún ásamt hershöfðingjaekkjuni kom fram í nafni Dynar-ættarinnar.

Það var kaldur og hvass dagur í nóvembremánuði. Úti var snjóhríð og lamdi hún á gluggunum, er vissu út að aldingarðinum, þar sem vindurinn nú hvein í hinum háu trjákrónum.

Herbergi greifafrúarinnar var stórt og loftgott og mjög ólíkt hinum dimmu stofum annara tiginna kvenna. Hún vildi jafnan birtu, loft og rúm til að geta hreyft sig í, og því héngu hin gullofnu, persnesku gluggatjöld aðeins sem umgerð um hina háu glugga eða lágu sem þykkar dýnur á hinum bakháu stólum.

Nær því alt hið spónlagða gólf var bert. Það var aðeins fyrir framan skrifborðið þakið ljónshúð, en höfuðið með hinum þetta makka var haft fyrir fótiskör, en eigi sáust í vinnustofu greifafrúarinnar útslegnar veifur eða prýðileg líkneski. Meðfram veggjunum stóðu háir bókaskápar og voru þar þykk vísindaleg verk, jarðahnettir, landsupprættir og sjaldséð vopn og margt fleira.

Sjaldan eða aldrei kom nokkur ókunnugur maður inn í þennan aðalbústað Xeniu.

Þegar Donat von Huningen gekk þar inn, stóð hann forviða kyr og mælti:

“Guð komi tíll Þér hafið bæði hauskúpu og

rafmagnsvél á baka til við hið græan tjald, herra prófessor Xenia. Og blóðsugur í vínanda."

Gekk hann þá utan um mikla Jerikóros, er greifafrúin hafði haft með sér frá ferðum sínum í Austurlöndum og kom þá að skrifilega löguðu marmaralíkneski, er hann dáðist mjög að.

"En þetta er líkneski Herkúlesar!" hrópaði Xenia með miklum alvörusvip. "Mér þekst með mikilli fyrirhöfn og kostnaði að komast yfir þetta í Rómaborg."

"Líkneski Herkúlesar," mælti Donat alveg hissa. "Hefir verið farið svona illa með vesalings karlinn á leiðinni, að hann hefir mist bæði handleggi og fætur."

Greifafrú Dynar leit á hann og rak í roga-stanz.

"En frændi, eg er að segja yður að þetta sé brot af líkneski Herkúlesar og að því sé það frá upphafi svoan útlítandi."

"Og fyrir þetta ónýta skran hafið þér borgað mikið fé? Reiðist mér eigi, frændkona góð. En hérna hafið þér verið illa sviknar. En þannig fer ætíð er konur fara sjálfar að verzla. Hví fenguð þér yður ekki brot af líkneski með heilum limum? Þetta skran getið þér aldrei sett upp í almennilegu herbergi."

Xenia sló höndum saman af örvinglun og deginum eftir sendi hún fursta Heller Huningen ritgerð Winkelmanns um líkneskisbrot þetta.

Frá þeim degi veitti honum hálf-örðugt að ganga inn í þessa fjárans vinnustofu, er hann skoðaði sem hinn argasta fjandmann sinn.

Í hvert sinn er annað eins slys og þetta vildi til, er og sýndi hvar hinn ungi foringi var veikaður fyrir, var Xenia von að líta í gaupnir sér og stara andvarpandi framundan sér. Það var þessi maður, er átti

að verða leiðtogi hennar gegnum lífið, stoð hennar og eftirlætisgoð — herra hennar og húsbóndi. — Sú hugsun var óskiljanleg.

Donat var ágætis drengur, er henni þótti vætn um eins og barn, sem stroknir eru á lokkarnir frá enninu. Hún vissi að hann unni henni, að eigi var hægt að finna að ætterni hans, og að alt hugarfar hans var hreint.

Það var því eigi nema eðlilegt, að hann kynni að biðja hennar og að nöfn beggja skyldu samtengjast, og að hinn síðasti af Dynarættinni skyldi bera furstakórónu, þá er hið afar gamla ættarnafn loks liði undir lok.

Þá hefði dramb og tign hennar loks náð takmarki sínu, þá gæti greifafrú Dynar farið niður í grafreit feðra sinna og með reistu höfði gengið frá gröf til grafar og sagt til hinna þögulu sofenda þar niðri:

“Hvílið í friði. Ættarskjöldur ykkar liggur óflekkaður við höfuð ykkar, nafn ykkar hefir sloknað líkt og stjarna, er hverfur í geislahafi sólarinnar. Og sú elding, er klauf ættbálk ykkar, kom frá miklum hæðum, eigi til að fleygja honum til jarðar, heldur til þess að láta hann skína aftur í fornri dýrð og ljóma.”

Þannig skyldi hinn síðasti af ættinni tala, en yrði þó jafnframt að þrýsta hendinni að hjarta sínu og í þögn andvarpa:

“En spyrjið eigi, hvað mikið eg hefi lagt í sölurnar til þess að halda uppi heiðri forfeðra minna.”

Hvernig átti hún að geta elskað mann, er hún hvorki gat dáðst að né virt. Hin sáralitla mentun Donats og margir aðrir breiskleikar hans, voru sem eiturdropar, er daglega kvöldu hana og bökuðu henni mikillar blygðunar. Mörg önnur kona mundi hafa gefið þessu lítinn gaum, en Xenia þoldi eigi að

maður sá, er verða ætti húsbóndi hennar, stæði henni svo að baki í allri mentun og hvernig ætti hún að geta felt sig við mann, er hún eigi gat virt?"

Henni fanst eins og Donat yrði henni dag frá degi fjarstæðari og að hin smáu hvítu snjókorn, er þyrluðust um í loftinu, hefðu fallið á hjarta hennar, til þess að reisa íspakinn vegg á milli hennar og hins unga foringja. Og þó duldist það eigi fyrir henni, að Huningen mundi verða tilkomandi maður hennar, þótt hún eigi á nokkur nhátt gerði tilraunir til að svo yrði. En hinsvegar var það þrekleysi og kviklyndi Donats, er jafnan gaf henni tilefni til að fresta því, að nokkuð yrði gert út um mál þetta, þó það að vísu eigi væri annað en skammgóður vermir.

Hví finnur hún eigi lengur til svo mikils kvíða, er hún hugsar til að binda sig? Xenia greifafrú lifir aðeins fyrir virðing og metorð og hversvegna afræður hún þá eigi að lúta þeim.

Er hún hugsar til þessa fer kaldur hrollur um hjarta hennar. — Hjarta hennar? Xenia greifafrú hafði aldrei vitað til þess, að hún hefði nokkurt hjarta. Hún hafði nú í tvö ár liðið yfir hirðgólfin og verið höfð þar í mestu hávegum og allir hinir ungu karlmenn höfðu þar knéfallið fyrir henni. Auðlegð, tign og fegurð höfðu teflt og hylli hennar, og þó hafði hjarta hennar aldrei barist tíðar og aldrei hafði hún fundið til nokkurs fagnaðar eða sorgar; kalt, ískalt og kyrt hafði það jafnan verið. Nei, greifafrú Dynar hafði ekkert hjarta.

Og þó hafði eitt sinn maður staðið frammi fyrir henni, einarður, stoltur og riddaralegur; já, miklu stoltari en hún sjálf. Þessi maður rétti eigi út hönd sína biðjandi, heldur hratt henni frá sér, þrátt fyrir alt gull hennar og greifalegu dýrð. Þegar hann sneri við henni bakinu, hljómaði líkt og angistaróp

um sálu hennar, Þá var eins og eitthvað kiptist við í brjósti hennar. Var það hjarta hennar? Nei, það var dramb hennar, hið djúpt krenkta stolt hennar. Skömm og smán höfðu hitt hana sem tvíeggjað sverð. Og þó er þessi maður hinn einasti í allri veröld, sem greifafrú Dynar virðir, því fyrir hinum leiftrandis vip hans lýtur hún höfði sínu sem annar afbrotamaður. Nei, hún hefir ekkert hjarta.

Oftlega sér hún í draumum sínum einhverja óljósa skuggamynd. Stormurinn hvín um múra Proczna; á arninum snarkar í eldinum og á arinhyllunni heyrist hinn tilbreytingarlausi gangur klukkunnar. Tvö börn lúta höfðum saman yfir sögubókinni og lesa um Hans og Gretu, er þótti svo vænt hvoru um annað. Og hin litla gull-lokkaða stúlka vefur alt í einu höndum sínum um háls bróður síns og hvíslar í eyru hans: "Mér þykir líka svo vænt um þig, Janek," og kyssir svo munn hans og leggur sitt litla höfuð upp að honum. Já, þá fóru ljúfar, hlýjar tilfinningar um sál hennar; þá barðist og fagnaði hjarta hennar. — En nú er langur tími síðan! —

Snjórinn liggur á gluggunum, en greifafrú Dynar starir út í myrkrið, föl og úrvinda.

Því beiskir daga og nætur liggja að baki henni. Hún hefir liðið og barist; hún hefir þrýst höndum að enni sér og gagnaugunum og þó eigi fundið nein tár til að harma forlög sín; já, forlög sín! Á öðrum mönnum rífa örlögin djúp sár í hjarta og sál, en hjá greifafrú Dynar tæta þau sundur dramb hennar með þyrnum. Aðrir geta með tárur og kveinstöfum borið fram eynd sína fyrir guði og heiminum; en greifafrú Dynar verður að geyma sorgir sínar í brjósti sínu, verður að þrýsta saman vörunum og kreppla hendurnar í örvæntingu, án þess að geta með járnhendi tekið um og hamið draug fram, er háða-

lega slær móðu á hinn gljáandi ættarskjöld hennar og brýtur perlu eftir perlu í kórónu hennar.

Sem önnur formæling ofsækir hana nafnið "Janek Proczna" og það jafnvel í draumum hennar, og kasta dimmum skuggum yfir sólarljós auðnu hennar. Hin göfuga sál hennar titrar af angist, er hún hugsar til þess, að leyndarmál það er hún svo trúlega hefir vakað yfir, muni verða heiminum kunnugt og nafn hennar verða dregið niður í saurinn.

Xenia hefir nú í tvö ár gefið gætur að þessari stjörnu, er verið hefir í uppgöngu í listanna heimi og knýtt hendur í vanmáttar hatri, en þó um leið ósjálfrátt dáðst að sigurbraut hans.

Að honum sjálfum kynni að detta í hug að fleygja dularnafni sínu og hrifsa til sín réttindi hins Dynarska nafns auðlegðar. Það hafði henni alls eigi nokkru sinni komið til hugar.

Sá maður, er eitt sinn hafði staðið frammi fyrir henni, stoltur og tignarlegur, er eigi þoldi nein bönd og hafði nægilega djörfung til þess að ryðja sér tómhentum braut í heiminum, hann var og líklegur til þess að standa við orð sín, þó eigi væri af öðru en þráa og einþykni.

Xenia nísti tönnum, er hún hugsaði til þessa. Ekkert var henni svo andstyggilegt sem þrjóska hjá mönnum, er eigi höfðu neinn rétt til þess að vera sjálfstæðir. Þessi Pólverji, þetta tókubarn dirfðist að bjóða henni byrginn og ganga eigin götu sína, dirfðist að fara í bága við áform hennar og fyrirætl-anir með þessum stoltu orðum:

"Janek Proczna."

Hún hafði í fyrstu fundið til einhvers léttis, er þessi hataði maður hafði farið langt, langt burtu, til Frakklands og Ítalíu, til þess að byrja þar handverk sitt. Hin eina hugsun hennar og stefna var sú að

vita af honum og halda honum svona fjarri. Hún hafði á ferðum sínum forðast þá staði, er hún vissi að reist voru tignarhlíð til heiðurs þessum "frábæra manni". Henni hafði eigi eitt sinn komið til hugar að kynna sér á laun list og meistaraskap hans, því blóð hennar hefði vissulega þotið út í kinnarnar og skömm og blygðun, er hún hefði séð hann standa frammi fyrir sér sem lauanðan söngmann og þá hugsað til þess að hún eitt sinn hafði "þúað" hann og nefnt hann "bróður".

Og nú höfðu hlífðarlaus örlög lagt pennan í hönd hennar, til þess að kalla hann til sín, þótt hingað til hefði eigi verið nein fjarlægð nógu mikil á milli þeirra.

Eigi var laust við að grátekki sýndist á vörum Xeniu, er hún lyfti enni sínu af hinni köldu gluggaröðu og starði út í snjóhríðina með brennheitum augum.

"Skyldi hann koma?"

"Ef svo yrði hún að flýja eitthvað út í heiminn, til þess að komast hjá harmkvælum og vansæmd.

Janek Proczna var yanur að sjá konur beiðast kærleika hans, og pennadrættir greifafrúar Dynar líta út eins og skipun. Hvað gæti annars teygt hann þangað? Er eigi álit hans þar eins mikið og hér, og nýtur hann eigi alstaðar furstahylli — og Xenia? Hvað hirðir hann um hina ungu stúlku, er ætíð sló til hans með hnefanum.

Það marrar af fótataki á gólfinu að baki hennar. Í fyrsta sinn í lífi sínu hrekkur greifafrú Dynar við af hræðslu og snýr sér við náfól.

Þjónn ein nrettir fram bréf á silfurfati og segir að rónsfrú Gertner bíði til þess að fara með bréfið.

"Það er ágætt, eg skal hringja."

Rökk greifafrúarinnar hljómar öðruvísi en vant



er. Hún lítur með einhverri óþolinmæði til þjóns-  
ins og gengur fram að skrifborði sínu.

Xenia veit að fingur hennar titra, en hún neyðir  
sig til að vera kyr.

Bréfið dettur úr umslaginu. Hún lítur á það.  
Í fyrstu leikastafirnir fyrir augum hennar, líkt og snjó-  
flynur þarna úti, en smám saman verða þeir skýr-  
ari og skýrari og verða að hreinni og greinilegri  
skrift.

"Janek Proczna" stóð skrifað með svo kyrrri og  
rólegri hendi, en eldsgangur fór um æðar greifafrúar-  
innar, er hún leit á nafn þetta.

Barónsfrú Gertner hafði ritað bréf sitt á hinni  
örýðilegustu og glæsilegustu frakknesku. Janek  
Proczna svarar á þjóðversku, stutt og gagnort, en  
þó eitthvað kímilega. Hann kvaðst mundi koma,  
eigi sem gestur furstans, heldur til þess að láta þá, er  
ritað hefðu undir bréfið, heyra rödd sína.

Xenia starði á bréfið.

"Hann ætlar þá eingöngu að syngja einslega fyrir  
okkur! Og þá líklega strax að hlada af stað aftur!  
Við öðru var eigi að búast. Hví ritar hann á þjóð-  
versku? Ætli hann sé þá veikur í frakkneskunní?  
Það getur eigi verið. Hann hefir verið í París heilt  
ár. Hann ritar því aðeins þjóðversku, af því hon-  
um dettur svo í hug að nota mál þetta. Og af því  
hann vill eigi vera kominn upp á hina, býður hann  
þeim, er bréfið rituðu, að vera gestir sínir."

Xenia bitur hinum hvítu tönnum á varirnar. Og  
skyldi hún víkja sæti fyrir þessum þráláta herra. Og  
hve mikið ánægjuefni yrði það eigi fyrir hann, ef  
einhvern vatntaði, er hann þekti að skáldskaparflug  
og hégómagirnd hans gæti hrósað sigri yfir.

"Hann kemur eigi af sjálfsdáðum, en hlíðir boði  
mínu. Hann skirrist eigi við að koma fram fyrir

mig sem söngmaður Proczna. Og eg, Xenia Dynar, ætti eg að ganga úr vegi fyrir honum?"

"Hann hugsar sér að njóta siguirs síns frammi fyrir augum mínum og þeirrar ánægju að sjá hinn rauða litla gikk hefja upp hendurnar og klappa lof í lófa að gauksegginu."

Xenia reis upp með háðslegu brosi og knýtti hinum sínu höndum sínum um bréfið.

"Komdu ef þú vilt, Janek Proczna. Og þú að orðrómur þinn næði til himins, þá fyrirlít eg þig."

Hún lagði bréfið á ný í umslag og skrifaði utan á það til greifafrú Kany.

Silfurhljómur klukkunnar kallaði þjóninn. Þegjandi rétti hún bréfið til hans og gekk aftur að glugganum.

Margar óljósar hugsainr börðust um í höfði hennar.

Vagn barónsfrúar Gertner nam staðar frammi fyrir dyrum stjórnarbyggingarinnar, er nú var nefnd höll frá því furstinn hafði tekið aðsetur sitt í staðnum.

Þjónn einn hafði þegar þotið fram og opnað vagndyrnar, til þess eftir á að fylgja hinni fríðu konu inn í hinn súlu prýdda gang.

"Greifafrú Kany," mælti hún, og þjónninn benti öðrum þjónustumanni og kallaði með hárra raust:

"Vísaðu frúnni til greifafrúar Kany."

Var nú haldið upp margar tröppur og farið eftir fjölda göngum, þar til loks var staðar numið fyrir framan lágur, dimmar dyr, þar er nafn hirðkunnar var ritað.

Þjónustumaðurinn barði á dyrnar og lauk þernan þeim um leið upp til þess að forsetafrúin gæti gengið inn. Þjónustumejjan kom í ljós í salnum

og flýtti sér inn í svefnherbergið til þess að segja til komumannanna.

“Flýtið yður, vinkona góð,” heyrðist nú til hinnar gömlu hirðkonu, og frú Leonie flýtti sér fram hjá silkikjól, er hékk þar tilbúinn, fyrir miðdegisverðinni, á stólbakinu.

Var nú sagt mjög vingjarnlega: “Látið eigi trufla yður, bezta vinkona. Það er ef til vill ótilhlýðilegt að ónáða yður, er þér sitjið yfir borðum, en mjög áriðandi málefni! ..... Þér vitið .....” Og forsetafrúin laut niður yfir stólinn, þar sem greifafrú Kany sat fremur léttklædd við borðið og kysti hana á ennið, er hið grásprengrda hár féll um.

“Setjist niður, setjist niður,” mælti Kany og nartaði í keksköku. “Með yðar góða leyfi ætla eg að halda áfram að eta morgunmatinn minn. Eg hefi, skal eg segja yður, sofið yfir mig. Fáðu mér húfuna mína, Bertha, hún er þarna á borðinu. Nú, það er gott, þú getur nú farið, barn mitt. — Þér komið, ætla eg, út af Proczna. Er hann kominn?”

Hin unga forsetafrú fleygði í sýnilegri geðshræring hinum hárprúða handsmökk sínum á stólinn og svaraði, að svo væri.

“Hann var rétt nýkominn, og eg segi yður satt, góða vinkona, að hann er hreinn fyrirmyndar maður. Hvaða ljómandi augu! En þá vaxtarlagið. Eg ætla nú ekki að segja meira, því þér verðið sjálf að sjá hann, því eigi er hægt að lýsa honum. Flanlern er að minsta kosti enginn dvergur, en við hliðna á Proczna leit hann út eins og hann væri ný kominn úr vestisvasa hans. Og þá öll framganga hans, hún ner eitthvað svo hirðulausleg og þó svo fyrirmannaleg.”

Greifafrú Kany át mat sinn með fjarskalegri græðgi, og lét því aðeins við og við samþykki sitt

í ljós, en augu hennar skinu líkt og rafmagnslampar. Og þegar frú von Gertner hvíldi sig til þess að geta dregið andann, greip hún fram í með troðfullan munninn:

“Jæja þá, svo hann er laglegur ásýndum. Það gleður mig! Og Flandern sótti hann?”

“Flandern og Weyer Sensfield. Það er enginn hægðarleikur að fá þá til þess, því öfundσύki er þar talsverð. Það lá við sjálfst að hinn litli ríkisbarón Weyer þætti sér stórkostlega misboðið í því, að verða að taka á móti söngmanni. En eg hvíslaði í eyru hans lítilsháttar þendingu um “fósturson og lífvarðarforingja” og varð annað ofan á. Flandern hafði auðvitað tekið vagn sinn til þess að flytja hinn mikla mann frá járnbrautarstöðvunum, en getið þér hugsað yður nokkuð einkennilegra? Proczna hafði rétt sett fót sinn á stöðvarnar, er hann þenti þjóni sínum og ók þá fram furstalegur vagn með fjórum hestum fyrir og tveimur þjónum á aftursætunum, alt upp á nýjasta Parísarsnið. Proczna stökk brosandí upp í vagninn, greip taumana og hleypti svo hestunum í loftinu. Hvað segið þér, Melanie, til þessa? Þessi töfrandi maður hefir með sér sinn eigin vagn og hefir eigi minna um sig en sjálfur jarlinn í Tunis, er eigi þarf annað en að klappa til þess að fá hina minstu ósk uppfylta.”

“Þetta er dæmalaust.”

“Það hefir góð áhrif ..... En segið mér, bezta vinkona, hvar hafið þér þegar fengið allar þessar fréttir?”

Barónsfrúin brosti að og dróg blæjuna niður fyrir nefið.

“Komið eigi upp um mig og haldið mig eigi alt of forvitna, ef eg skrifa fyrir yður. En — þér skiljið — mér þykir það mjög fróðlegt, að hafa þegar

séð þenna víðfræga söngmann áður en hann kemur opinberlega fram; það er þá miklu hægra að koma stillilega fram, og þér vitið að mér er annast um að vera sjálfri mér lík. Heyrið nú! Eg var með vagn minn rétt hjá járnbrautarstöðvunum, er lestin koma og gekk þá úr vagninum og lét bréf í póstkassann og tókst þannig að sjá alt."

Hirðkonan leit fljótlega til hennar með hálfgerðum slægðarsvip. Það var auðséð af öllu, að barónsfrúin var mjög hrifin af þessu. Hinn brennandi roði í kinnunum og hinn leiftrandi svipur kom illa upp um hana.

"Janek Proczna er þá kominn hingað," mælti hún, "og hin fagra Xenia hefir eigi vikið úr sæti. Hún hefir nú auk þess, til þess að storka okkur, þegið boðið til annarskvölds. Nú ríður á að koma vægðarlaus upp, hver þessi maður í raun réttir er."

Svipurinn á andliti Leonie breyttist auðsjáanlega.

"Hvað þá? — Eruð þér þá svo viss um að hún komi annaðkvöld? Eg fyrir mitt leyti ætla að hún muni á síðustu stundu senda miða, er skýri okkur frá, að megn höfuðverkur hamli henni frá að koma."

"En það væri næsta meinlegt."

Barónsfrúin hló kuldahlátri.

"Svo lízt mér og, því hefir mér dottið í hug ráð við þessu, en það er að koma þessu hefðarkvendi til þess að bjóða hinum fyrirlitna bróður sínum í hús sitt, eða öllu heldur að neyða hana til þess, og þess vegna er eg nú komin hingað. Söngskemtun þessi skal eigi fara fram hjá mér, heldur hjá hinni fögru systur Janek Proczna."

Greifafrú Kany rauk upp eins og hún hefði séð draug.

"Þér eruð að gera að gamni yðar, góða mín."

"Alls eigi. Heyrið nú. Eg er komin hér til

Þess að segja yður, að leki hefir komið á gaspípu í húsi okkar. Óþolandi lykt hefir því breiðst út um öll herbergin og er eigi að hugsa til að kveikt verði næstu tvo dagana. Þykir mér þetta mjög leitt. Og sný eg mér því til prinsessunnar og bið hana að hafa þessa skemtun á einhverjum öðrum stað, en enginn hefir rúmbetri húsakynni en greifafrú Dynar."

"Og þér viljið að prinsessan ....."

"Biðji hana, já. Beiðni frá minni hendi mundi hún vitanlega neita, því verður þetta að vera þannig lagað, að það og líti út sem skipan."

"Já, ef nú Anna Regina er nú fáanleg til þess."

Leonie laut höfði sínu.

"Lát mig eina um það. En klæðið yður nú sem skjótast og biðjið mér áheyrnar hjá prinsessunni. Á meðan ætla eg að vita Xeniu og læt eg hana hafa veizlukost þann er matsveinn hirðarinnar hefir tilbúið, og svo báða þjóna mína til þess að breyta borðinu."

Hirðkonan sleit nú klukkustrenginn í sundur.

"Þetta er ágæt hugmynd, góða mín. Þegar í stað skal eg klæða mi gog mun eg gera alt er í mínu valdi stendur til stuðnings þessu máli. En því þarf eg eiginlega að segja prinsessunni til yðar? Hví þarf alls þessa með? Látið einhverja af þjónustumejjunum spyrja að, hvort drotningin af Saba, prinsessa Anna, vilji taka á móti yður. Látið hana vita að það sé áriðandi."

---

Tveim stundum síðar var vagni forsetafrúar von Gertner ekið eftir hallargarðinum og hafði vagnstjórinn tvö bréf í hendi sinni, er hann átti að skilja eftir hjá greifafrú Dynar í Villa Florian, er svo var staðurinn nefndur eftir verndargoðinu á turninum.

Frú Leonie laut með ánægjusvip hinu fagra höfði

sínu til baka á silkidýnur vagnsins. Í henni var einhver stormfugls náttúra. Því hærra sem öldurnar gengu og því meira sem stormurinn hvein því betur kunni hún við sig. Hættan og stormurinn í hinu æsta lífshafi voru hið sanna eðli hennar.

## IX. KAPITULI.

Á tröppunum að Viña Florian glamraði í sporum og sverðum. Fursti Heller Huningen hafði nýlega gengið inn í húsið, með húfuna aftur á hnakkann og blómlegar kinnar og blómskúf milli handanna. Hann hafði hnept upp yfirhöfn sinni og gekk nú óþolinmóður fram og aftur eftir marmaragólfinu og blístraði lag milli tanna sinnna.

Í sama mund voru dyr opnaðar, og ung, lagleg stúlka gekk inn, sneri sér við og mælti:

“Óþokka strákurinn þinn! Eg vil eigi að þú gerir þetta, mundu það. Eg hefi ekki snert á tindátum þínum, eg er fyrir löngu hætt að leika mér við brúður, og það hefi eg sagt þér margsinnis áður, Eg er ekki neitt barn lengur.” Smelti hún þá dyrunum svo að undirtók í öllu húsinu og ungfrú Beatrice von Drach sneri út að tröppunum með miklum þykkjusvip.

“Nei lítum á, verið sælar, litla reiða frændkona. Gerið svo vel að troða eigi ofan á mig.”

Beatrice hrökk við eins og snortin af slagi, glóandi roði litaði kinnar hennar og í einskonar sköfingu liðu hendur hennar niður í handsmokkunum.

“Hvað, frændi Donat, eg sá yður ekki,” stamaði hún út úr sér. “Eg, eg —”

“Já, þér voruð í hálf vondu skapi,” svaraði hinn ungi foringi hlæjandi. “Hvenær voruð þér fermd?”

Hin dökku augu leiftruðu.

"Eg er fermd — og það fyrir hálfu ári síðan! Það er ósvífið að spyrja mig svona. Hin unga stúlka hneykslaðist svo, að Huningen varð hálf-hræddur.

"Já, alveg rétt. Eg bið mjög fyrirgefningar. En það er svo sjaldan að við hittumst. — Hvaða maka-laus flétta er þetta! Konstantin bróðir gæti vissulega notað hana fyrir taum."

Donat vigtaði hina þykku, brúnleitu fléttu í hendi sinni. En Beatrice rykti henni til sín og stappaði í bræði sinni í gólfið.

"Eg leik eigi lengur hest. Eg er eigi lengur barn. Og ef þér aftur stríðið mér með fléttunni, skal eg rífa úr yður augun."

"Eg held að það sé bezst að forða sér, því eg er ekki í náðinni hjá yður, litla eiturnaðra. Og þó vil eg yður svo vel. Eg sem þera yður, þótt eg nú ætti að segja þú."

Augu hinnar litlu stúlku leiftruðu af reiði.

"Hvað? Þér ættuð eiginlega að þúa mig? — Nei, slíkt þoli eg ekki. Þér skylduð ekki græða á því. Eg er seytján ára gömul." Og Beatrice stappaði í gólfið og gekk nokkuð nær honum.

"Guð komi til, svo ungl!" Donat sló saman höndunum og lézt verða hissa. "Þá ættuð þér að ganga í skóla ennþá og vera stuttklædd." Lengra komst eigi hinn ungi fursti, því handværan flaug í andlit honum og Beatrici rak upp skellihlátur.

"Hefnd, hefnd!" irópaði foringinn hlæjandi. "Ef þér eigi biðjið mig fyrirgefningar, tek eg með mér þetta kanínu-skinnskott."

"Það eru andarfjaðrir," kallaði Beatrice hálf-meik. "Fáið mér hana strax, því annars fara skautarnir á eftir."



"Já, já. Nei. Eg þakka fyrir, þeir eru ekkí fódraðir."

Í þessu kallaði þjónnin við stigariðið: "Greifa-frúin bíður!"

Huningen skildi hlæjandi eftir handasmokkinn og rétti að henni hendina.

"Og nú vopnahlé, Becky. Eg sé fullvel hve slæmur eg er og bið því fyrirgefningar."

Beatrice beit á varirnar. "Nei, þér eruð andstyggilegur."

"Eg skal aldrei framar vera það."

Hvernig hann gat litið á menn, þessi Donat. Alt blóð hennar þaut á ný fram í kinnar hennar. Hún tók þegjandi við handsmokknum og hinar rósrauðu varir hennar kiptust við, eins og hún reyndi að bæla niður grát.

"Og nú bið eg þeirrar miklu náðar, að mega færa þessa seytján ára jómfruhendi að vörum mínum."

Donat tók nú um hægri hönd hinnar ungu stúlku og kysti hana fyrir ofan vetlinginn. Hann tók ekki eftir hve hún titraði.

Feimnisroði fór um andlit stúlkunnar, er hún leit upp til hins fríða, unga manns.

Donat smelti saman sporunum og tók á sig einhvern hrekkjasvip, og áður en hana grunaði, tók hann í hárflettu hennar og rykti hægt í hana líkt og klukkustreng og þaut svo upp stigann.

Hið hlæjandi andlit stúlkunnar varð á ný náfölt.

Beatrice stóð þegjandi og grafkyr.

Þegar hann var horfinn leit hún á eftir honum með ólýsanlegu samblandi af fögnuði, reiði og gremju.

Hún tók fléttuna og fleygði henni aftur á bakið.

Sá hún þá af tilviljun rós eina, er fallið hafði úr blóm-  
sveignum. Hún beygði sig niður og tók hana upp,  
leit á hana brosandí gegn um tárin, með óendanlegri  
viðkvæmni, flýtti sér svo með herfang sitt eftir hin-  
um langa gangi, inn í herbergi sitt. Þar kysti hún  
blómið og lagði það milli hinna hvítu blaða í dag-  
bók sinni.

"Til minningar um koss hans á hendina," hvísl-  
aði hún lágt, og þrýsti handsmokknum að hjarta  
sínu, af því han hnafði haldið á honum, og andvarp-  
aði: "Æ, þú lánsama Xenia! Allar hinar rósirnar  
gefur hann þér."

Nú kallaði Miss Davenport með ópolinmæði á  
hann úr ganginum.

"Guði sé lof að þessi gamla norn var ekki þarna  
til þess að trufla samtál okkar," hugsaði Beatrice  
með sjálfri sér.

Í þessu rak Konstantin bróðir hennar höfuð sitt  
inn um dyrnar.

"Systir," kallaði hann og fleygði handsmokkn-  
um í höfuð henni og stökk því næst út í garðinn og  
hófst þar brátt fjörugt snjókast með þeim.

"Ótrúlegt! Líkt og strákur! .... líkt og stelpa,"  
sagði Miss Davenport og hristi höfuðið, er hún sá  
hversu hin brúna flétta fleygðist til og frá í leiknum.

Uppi í hornherberginu sat fursti Heller-Huningen  
hjá greifafrú Dynar, er var að mála mynd á gull-litað  
silki. Hann var mjög glaðvæur og talaði um alla  
heima og geima, og þó hann eigi hefði sjálfur sagt,  
að hann væri nýkominn frá morgunverði, mátti jafn-  
vel trúa því.

"Þá er löksins hinn ódauðlegi Proczna kominn í  
dag með fjóra vopnhesta frá Andalusíu og ótal þjóna  
og enn meiri farangur. Og það fyrsta er Flandern

gerði, var að taka við honum og leiða hann til skytnings foringjanna. En það veit mín trúa, að þar var fjörugt, frænka góð, því sem auðvitað er reyndum við að ægja manningum."

Donat hló nú dátt, eins og vandi hans var.

"Það er ágætis maður, þessi Proczna, Flandern hugsaði sér að ofbjóða honum er hann beitti tveim hestum fyrir vagninn, til þess að flytja söngmanninn til gistingarstaðarins, og auk þess fékk hann hjá Weyer báða þjóna hans í einkennisfötum. En þér hefðuð átt að sjá þennan Proczna, er hann leit á þennan vesalings vagn. Og hvað haldið þér að hann gerði? Jú, hann bauð svona blátt áfram báðum herrunum að setjast upp í hans eigin furstalega vagn og flutti þá þannig að gististaðnum, eins og góðum heiðursmanni sæmdi. Þér hefðuð átt að sjá hve skömmóttulegur að Flandern var."

"Vitið þér Donat; eg hélt aldrei að þér gætuð verið svona illkvittinn við vini yðar," mælti Xenia, og sneri um leið höfðinu enn meira til hliðar og máláði ramvitlaus ljósaskifti, en pentibustinn titraði á milli fingra hennar.

"En ekki batnar enn. Þér hefðuð átt að vera við dagverð þennan, Xenia. Annað eins sjá menn eigi nema einu sinni í lífi sínu. Þér hefðuð átt að sjá svipinn á Flandern og digra riddaraforingjanum Hecherberg, er sat þar í fyrstu eins og uppblásinn froskur og líkur lifandi mynd af hinu alþekta orðtaki: "Ríkið er konungurinn."

"Ríkið er eg."

"Nú, það kann að vera svo. En svo varð hann svo grannur og lítill eins og sexklofin sardína. Eg ægi yður satt, frænka, að eg hefi aldrei hlegið svo dátt á æfi minni. Það lá við, að eg merði í sundur stóru tána á vesalings Istrubola. En svo stóð nú á,

að okkur hafði komið saman um að sýna lítillæti það, að bjóða þessari stjörnu á himni listanna til borðs okkar, til þess að hann fengi hugmynd um morgunverð Ulanriddaranna í H. og bæri svo dýrð þeirra út. Við Ulanriddararnir erum, eins og þér vist vitið, vanir að ofbjóða heiminum. Flandern og riddaraforinginn voru forstöðumenn og höfðu lát-ið bera fram okkar dýrasta vín — en slíkt vín er sjaldgæft. Proczna drakk og af því eigi var annað vín fram borið, en þá fór nú að sjóða í riddaraforingjanum. “Nú, beztu herra”, segir hann brosand, “hafið þér nokkru sinni bragðað þvílíkt í landi vín-berjanna?”

“Eg held varla, herra riddaraforingi. En fyrir-gefið! Eg hefi ennþá ekki litið á merkið.” Og í því sneri hann flöskunni við til þess að líta á mið-ann.”

“Eg ætla heldur eigi,” greip Flandern fram í og kipti til höfðinu. “Þér eruð líka hinn fyrsti er vér skenkjum þetta “Fleur des gouttes d’ or” fyrir.”

“Hvað þá,” og glottandi bros lék um varir Proczna. “Farið þér ekki vilt í þessu, herrar mín-ir?”

Skellihlátur glumdi nú umhverfis borðið. “Nei, Ulanherdeildin keisara Franz Jóseps gerir hið ó-mögulega mögulegt og aflar sér víns, er aðrir dauð-legir eigi þekkja. Skál, beztu Proczna. Gangi yður ætíð vel og lifið lengi hér á jörðinni!”

“Nú var aftur hlegið.”

Proczna hóf nú upp glas sitt, drakk til allra og hallaði sér svo aftur á bak í stólinn og mælti:

“Gouttes d’ ors vex á mjög litlu svæði í Guienen við Chateau Nish la Baise, er hertoginn af Vatenar á. Hafið þið, herrar mínir, fengið vín ykkar beinlínis frá kjöllum hertogans?”

Almenn þögn varð nú þar til loks Hechelberg ræskti sig og tók svo til orða:

"Nei, eigi svo eg viti. Heyrið Flandern. Þér sem sjáið up kaupin, getið þér skýrt frá því?"

Flandern svaraði reiðulega: "Eg hefi sjálfur verið í Bordeaux og samið þar við áreiðanlegt verzlunarhús."

Proczna hristi höfuðið og ypti öxlunum. Lyfti í næst glasinu upp á móti ljósinu og sagði með alrusvip:

"Það kann að virðast óhæfa af mér, að halda því fram að þessi kaupmaður hafi að vísu rétta miða en ranga vöru; þetta vín er gott, mínir herrar, en það hvorki er né verið hefir Fleur des gouttes d' or."

"Hvernig getið þér sannað það?"

Riddaraliðsforinginn var nú náfölnur og hinir allir hljóðir.

"Það er næsta auðvelt, herrar mínir. Eg leyfi mér að bjóða ykkur öllum til lítilsháttar miðdegisverðar hjá mér, til þess að halda vínpróf. Eg hefi nú um langan tíma drukkið ósvikið Gouttes d' or, og hefi það ætíð með mér."

"En Xenia, þér hefðuð átt að sjá hver áhrif þessi orð höfðu."

Heller-Huningen hallaði sér aftur á bak í stólnum og hló svo hjarskalega, að greifafrú Dynar leit vissu á hann. En það lá altöf vel á Donat til þess að hann tæki eftir þessu.

"Til þess að sanna nú sögu sína, sagði Proczna að hið ósvikna Gouttes d' or kæmi sjaldann eða aldrei á markaðinn, þar sem það aðeins færi til hinnar keisaralegu hirðar í París eða til hertogans af Valence. Mér hefir því tekist að fá dálítið af því. En svo stendur á því að mér hefir auðnast sá heiður að kalla hertogann af Valence vin minn og er eg

eitt sinn hafði sungið í höll hans fyrir hirðfólkinu og rödd mín var með betra móti, þá stóð hann fast á því, að þetta væri að þakka gouttes d' or hans. Og frá þeim tíma hefi eg jafnan haft nægilegt af þessu einstaka víni."

"Eg vildi gefa heilt ár af æfi minni, frænka litla, ef eg hefði getað tekið ljósmynd af Flandern og riddaraliðsforingjanum, eftir þessu fróðlegu ræðu Proczna! Andlitin voru eins og löng veifa, og þá liturinn — grænn, gulur, aukmvunarlegur. En þeir höfðu sanna ástæðu til að vera grænir og gulir af ilsku. Hve mikill ósigur var þetta eigi fyrir vinkjallara okkar! Okkar!! Því vinkjallari Úlanriddara-flokksins er jafn frægur á Þýzkalandi og Kengúra mundi vera á Lapplandi! Ha, ha, ha! Osgvo kemur Janek Proczna og fræðir þessa menn á því, að keisari Franz Jósef og riddararnir drekki svikið, blandað víngutl. Fleur des gouttes d' or! Sykurvatn, edik og fosfor! Mér liggur við, frænka, að springa af hlátri."

Og fursti Heller-Huningen hló svo hjartanlega, að hinn dimmi skuggi hvarf um stund af andliti Xeniu. Hún lét frá sér pentburstan og starði á hann en rödd hennar var alvarlegri en vandi var.

"Hvernig getið þér hlegið svona að þessari smán, er jafnt snertir yður sem félaga yðar."

Donat leit til hennar og réði sér varla fyrir kæti. "Góða frænka, við hlóum auðvitað allir jafn mikið, nema Flandern og hinn "tapaði sonur"', riddaraforinginn, er séð hefir um kaupin. Í næsta sinn drekkum við líklega blek! Ef þetta hefði hent mig, hefði eg hneykslast stórlega. En Proczna, þessi mesti sæmdargestur, er við nokkru sinni höfum haft við borð okkar, mundi fyr bíta úr sér tunguna en opinberlega skimpast við okkur."

Greifafrú Dynar virtist að vera eitthvað utan við sig. Hún beit á neðri vörina og ýtti frá sér málverkinu.

“Og var þetta hetjuerindi söngmannsins Proczna aðal-erindi yðar hingað?”

Hinn ungi foringi varð alvarlegur, reis á fætur og hristi hið fagra höfuð sitt.

“Nei, Xenia. Eg kem af alt öðrum rökum og ef eg hefi þegar haft alt of langan formála, þá kom það af því, að eg ætlaði að tala í mig hugrekki, því eg veit vel að þér munuð styggjast eigi all-lítið af því, er eg nú hefi að bera fram.”

Hún leit hissa á hann, en Donat leit beint í augu hennar og mælti:

“Bein spurning krefst hreins svars, háttvirta frænka. — Í hverju sambandi stendur Janek Proczna til yðar og ættar yðar?”

Hið fagra andlit greifafrúarinnar og hendur hennar krepptust eins og af sinadrætti milli fellinga silkikjólansins.

“Janek Proczna? — Til mín?” var hið fyrirlitlega svar hennar.

“Eg bið yður að þér svarið mér hreinskilnislega, ættingja yðar, Xenia,” mælti fursti Huningen vinnleglega. “Til hvers er að leyna mig þess, sem aðrir vandalausir menn þegar vita.”

“Hvað er það sem aðrir vandalausir menn vita?” Eitthvað í kt niðurbældu angistarópi var sem ryddi sér frá brjósti hennar. “Eg bið yður, Donat, að segja mér fyrir alla muna, hvað er það, sem altalað er, hvaða kvittur hefir brotist út?”

Greifafrú Dynar var eigi lengur hin sama; hún þaut á fætur með leiftrandi augum, og hönd hennar, er hún lagði á herðar Úlanriddarans, skalf og tiraði.

Donat var alvarlegur og svipur hans skein með einhverjum undarlegum ljóma.

“Janek Proczna er upp tekið nafn; það er nú full-ljóst, Xenia, en það sem þar hylst á bak við, irðist eigi heldur neitt leyndarmál lengur. Þá er ið sátum að dagverði og vínið fór að stíga til höfðs Weyer Senfelt, þá fór hann og lyfti glasi sínu móti Proczna og mælti: “Þagmælska er vissulega drengskaparmál, herra minn, en þar sem einhver leynilegur skyldleiki er á milli lífvarðarriddaranna og Úlanriddaranna, er nær lengra en menn oft ætla, vil eg leyfa mér Proczna að drekka minni lífvarðarins.”

Nú fór eins og kuldaskjálfti um greifafrúna.

“Og Pólverjinn — hverju svaraði hann?”

“Hann lét sem sig varðaði þetta engu, þangað til Flandern kom með ýms hnífilyrði, sem áttu við yður, frænka.”

“Við mig?” hvíslaði Xenia með sjálfri sér.

“Og svo hvað?”

“Þá reis hann stoltur og alvarlegur á fætur, lyfti upp glasi sínu og leit út yfir samsætismennina með nær því ógnandi augum. “Þagmælska er drengskaparmál, herrar mínir,” sagði hann hægt. “Eg bið yður að drekka með mér minni gleymskunnar.”

Höfuð Xeniu laut niður og augu hennar störfðu á hinar marglitu rósir á gólfaldinu.

En fursti Huningen reis á fætur og gekk til hennar.

“Xenia,” epurði hann lágt, er Proczna stjúpbróðir yðar?”

Hún leit upp og eldur brann úr augum hennar.

“Guð sé oss náðugur, Donat! Já, hann er það.”

“Og þessu gátuð þér leynt, Xenia,” mælti Hell-



er-Huningen og greip fagnandi um hendur greifafrú-  
arinnar.

“Þetta gátuð þér geymt hjá yður. Og nú er þér  
loksins kannist við það, segið þér “Guð náði oss”,  
í stað þess að þér ættuð að vera stoltar af því, að  
eiga slíkan bróður.”

Hún dró hendur sínar hálf reiðilega að sér.

“Stjúpsonur föður míns er ekki bróðir minn,”  
svaraði hún stuttlega, “og enginn hefir rétt til að  
kalla hann svo. Janek Proczna er mér jafn óskyldur  
og hver annar Pólverji, er fer syngjandi um heim-  
inn og gerir sig að leiksoppi hverfullar hylli manna.  
Janek Proczna hefir með því að kjósa þenna starfa  
og með því að taka sér þetta nafn, lýst yfir því, að  
hann sé eigi verður þess að vera bróðir greiffrúar  
af Dynarættinni og hefir þannig staðfest það djúp á  
milli okkar, sem eigi allir lárviðir heimsins munu geta  
fyllt.”

Stjórnláus ofsi titraði í rödd hennar og leiftraði í  
hinum dökku augum hennar. Eins og vorvindurinn  
þýtur yfir svell hins sigraða vetrar, svo liðu og purp-  
uraöldur tilfinninga hennar fram yfir hið bleika  
andlit.

Huningen studdist þunglega við stólbakið. Hon-  
um fanst að í þessu stolta konubrjósti væri nú það  
stríð háð, er einveran helzt mundi geta lægt.

Hann rétti henni vinsamlega hendina. “Þér haf-  
ið ekki séð Janek svo árum skiftir og vitið því eigi  
hve ranglega að þér dæmið hann. Eg hefi heldur  
eigi mikla trú á hinum hörðu orðum yðar, er þér  
vissulega seinna munuð taka til baka. Verið sælar,  
góða mín, háttvirta frænka, og ef árnaðarorð mín  
mega sín nokkurs hjá yður, — Donat laut niður og  
kysti hina hvítu hendi, — “þá munuð þér heilsa  
Janek Proczna blíðlegar en þér nú kveðjið mig.”

Þrumuský það, er í tvö ár hafði grúft yfir sjón-  
deildarhringnum, var nú komið yfir höfuð hennar  
og í dyni þess gullu við tignarlegu og hræðilegu orð-  
in: "Janek Proczna".

Nú var barið að dyrum.

Xenia laut höfðinu. Þjónn ein bar inn tvö bréf  
og sagði að vagn forsteafrúar Gertner biði eftir svari.  
Hvarf hann svo hljóðlaust fyrir dyratjöldin.

Xenia þrýsti hinum köldu höndum að gagnaug-  
num, opnaði svo ósjálfrátt bréfin og leit hugsandi  
út yfir innihald þeirra. Um stund var dauðapögn  
í salnum, því ekkert heyrðist annað en skjáfið í  
pappírnum milli handa hennar. En þá var bréfinu  
þeytt langt út á gólf eins og öðrum eitruðum ormi,  
og Xenia rak upp skellihlátur, einhvern ólýsanlegan  
hlátur, er nær því kæfðist af tárur.

Það var eins og slæða rifnaði í tvent fyrir hug-  
skotssjónum hennar. Hún þóttist nú sjá net það, er  
undirferli hafði á laun flærðarlega riðið um hana, og  
nú átti að reyna að herða að, til þess að gera hana  
að háði og spotti fyrir heiminum.

Janek Proczna undir sama þaki og hún. Að  
taka á móti honum í hennar eigin sölum og leiða  
hann fram fyrir forvitnina. Það var sem stormur-  
inn þyti um höfuð hennar. Hún hristi í ósköpum  
höfuð sitt og þrýsti höndunum að brjóstinu.

"Heldur deyja og farast en þola slíkt."

Þetta alt hafði verið lagt niður fyrir löngu.  
Flestir vissu þegar gjörlla hver Janek Proczna var.  
Og svo hafði verið um búíð, að hún mætti verða lít-  
illætt og gerð hlægileg. Eftir nokkrar stundir  
skyldu menn ganga inn í hús þetta til þess að gerast  
dæmendum yfir Dynar-nafninu og skemta sér með  
því, að sjá greifafrú Dynar blygðast og fyrirverða  
sig.

En Janek Proczna mun hrósa sigri og líta til hennar líkt og hann gerði, þá er hann spáði þessari stund. Ennþá eitt sinn skal hann siðferðislega lyfta keyrinu og rista á henni því brennimarki, er aldrei mundi hverfa.

Full örvæntingar gekk Xenia að klukkustrengnum og rykti fast í hann.

“Burtu héðan! Burtu héðan til dýpstu einveru! Steypist hér alt um koll og farist, ef eg aðeins get komist hjá því að horfa á hið miskunnarlausu háð Janek Proczna.

Þjónninn kom inn og sagði til aðkomumanns, hneigði sig þegjandi og rétti húsmóður sinni heim-sóknarmiða á silfurfati.

Greifafrúin leit mjög reiðulega til hans.

“Eg tek eigi á móti nokkrum manni. Sendu strax Gústínu til mín.”

Hinn ókunni herra biður yður frú, að veita sér áheyrn aðeins í nokkrar mínútur, sagði þjónninn með mestu auðmýkt. Hann hugsaði aðeins um þóknun þá, er hinn ókunni maður hafði lagt í lófa hans, til þess að hann gætti veiðihunda hans, meðan stæði á heimsókninni.

“Hver er það?” spurði Xenia og leit um leið á hinn litla miða.

“Janek Proczna,” las hún.

Hún virtist nú líkust því, að hún hefði skyndilega orðið að steini.

“Janek Proczna!”

Nei, hana dreymir eigi. Hér stendur greinilega Janek Proczna. — Hún strauk hægt hendinni um ennið og augun.

“Skipar greifafrúin að eg .....

“Í gluggsvala herberginu,” mælti hún stoltlega. Aftur var hún einsömul.

Enn eitt sin nþýtur eins og vorstormur um sál hennar. Þó lygnir þar aftur og alt verður kyrt og hjart fram undan henni líkt og endlaus snjóflötur. Veg eða stig sér hún eigi, en einhver skuggagangur stendur þarna í fjarska. Hún vex og vex, lyftir upp höfði sínu og bendir henni að koma: "Komdu!"

Þá er hún hafði læst dyrunum eftir sér, kom einhver hægt inn í salinn hægra megin.

Beatrice Drach læddist á tánnum fram að borðinu og leit skjótlega í kringum sig.

Rétt! Parna lágu hin fögru blóm Donats hálfvisin.

Beatrice leit reiðiaugum til dyranna, er hin tignarlega frændkona hennar hafði horfið inn um, en tók blómin upp með hinu litla nefi sínu og talaði fagurt og blíðlega til þeirra:

"Það er eingöngu hans vegna, að eg lít til ykkar, vesalingar, því hin andstyggilega Xenia á ekki skilið að blómskúfum hennar sé haldið í vatni. Ef þið eigi hefðuð komið frá Donat, þá hefðuð þið gjarnan mín vegna mátt liggja kyr til dómsdags. En ef hann fengi að sjá þessa meðferð á ykkur, mundi honum sárna, því hann er nógu heimskur til þess, að þykja fjarska vænt um Xeniu, en eg veit líka hvað það er, að vera sett hjá og lítilsvirt."

Hún andvarpaði nú þunglega, er hún leit ástaraugum til blómanna og setti þau í vatn.

Æ, hví var hún eigi jafn fögur og tignarleg sem hin vinsæla greifafrú Dynar. Hví varð hún ætíð að halda til í barnaherberginu. Og hvers vegna hélt móðir hennar svo fast við þessa viðbjóðslegu fléttu, er líklega að lokum mundi leggja hana í grófina? Og svo var Donat vanur að stríða henni með þessari fléttu — hve hún hataði hana, því það var

engu öðru að kenna, að Donat fór ætíð með hana sem barn.

Beatrice kysti blómin í síðasta sinni og fór svo leiðar sinnar, til þess í herbergi sínu að reyna að komast yfir eitthvert ráð við öllu þessu andstreymi. — En hversu sem hún vindur og snýr sér, þá dinglar þó fléttan á bakinu á henni.

Æ, Donat! Donat!

## X. KAPITULI.

Í vinnuherbergi Xeniu voru gluggarnir bjartir og opnir, en í miðherberginu voru þeir skygðir með þykkum tjöldum, var þaðan gengið um málaðar glerdyr út á miklar gluggasvalir.

Nú skrífaði í hinum þungu fellingum dyratjaldsins og greifafrú Dynar gekk inn hnakkakert.

Hún varð að líta upp, ef hún vildi sjá inn í hin dökku augu Janeks Proczna. Hægt og þegjandi gekk hún á móti honum og virti hann kuldalega fyrir sér. Það var eins og þegar tveir mótstöðumenn mætast áður en bardaginn hefst. Augun leiftruðu og höfðin risu upp, eins og bæðu þau sig undan allri sátt og samlyndi.

Kurteis og fallegur svipur var yfir hinu fína sólbrenda andliti, er nú sneri sér að henni. Það var eigi lengur hinn föli óstyrki listamaður, heldur lífvarðarforigninn, er nú stóð frammi fyrir henni.

Hann hneigði sig alvarlega og stillilega, en greifafrú Dynar þagði og varð hann því fyrri til að rjúfa þögnina.

“Eg ætla, greifafrú, að nærvera mín muni eigi koma flatt upp á yður, þar sem þér sjálfar hafið gert boð eftir mér. Eg gladdist yfir því, að prinsessan

og hirðkonur hennar æsktu komu minnar og gerði það mig auðtrúa. Eg leit aðeins á nafn yðar, greifafrú, en mig grunaði alls eigi af hvaða ástæðum þér kynnuð að hafa ritað það. Eg kom hingað ókunnugur öllum málavöxtum."

Xenia settist niður og benti Janek Proczna til sætis gagnvart sér.

"Þér hafið rétt að mæla er þér efist um, að boð þetta sé sprottið frá mér," svaraði hún einarðlega. "En yður skjátlast er þér ætlið, að eg hafi ritað undir það ósjálfráð. Eg hefi gert það með ásettu ráði og köldu blóði."

Hin dökku augu hennar litu nær því ógnandi til hans, en hinn kaldi svipur hennar varð þó smámsaman þýðari.

Janek virtist verða forviða.

"Eg hélt," mælti hún, "að þetta mundi verða betra ráðið til þess að halda yður burtu héðan."

Hann brosti aðeins lítið eitt.

"Hversu gátuð þér ætlað, að maður í mínum sporum mundi hafa svo mikla stjórnkænsku, að geta lesið milli línanna. Í þetta sinn hefir bragð yðar herfilega mistekist, greifafrú, og þér verðið að tala greinilegar, ef þér viljið vera lausar við mig."

Xenia beit á varirnar. "Það er nú orðið of seint hvort sem er núna."

"Alls eigi. Segið mér aðeins, að nærvera mín sé yður ógeðfeld, og eg fer með næstu lest aftur til höfuðstaðarins."

Hann talaði þessi orð svo hægt og stillilega, að í þeim virtist einnig að liggja: "Eg ætla að okkur sé báðum jafn kært að skilja."

Augu Xeniu leiftruðu.

"Og hvað mundi heimurinn segja, ef þetta spyrðist?"

"Heimurinn? Eg hefi aldrei hirt um hvað hann segir."

"Nei, það veit hamingjan." Og með meiri ákafa en Janek hafði hingað til orðið áskynja, mælti hún ennfremur: "Því ef svo hefði verið, mundi eigi þessa stund hafa að borið. Hefði heimurinn og viðvörunarrödd hans, hefðu ættingjar yðar og félagsbræður mátt sín nokkurs hjá yður, þá hefði aldrei komið að því, að við nú stæðum hér augliti til auglitis sem vandalaus, eða að faðir okkar með allri ást sinni einungis hefði sáð eitursæði, er sprottið hefði upp til haturs og tvídrægni, fyrirlitningar og fjandskapar! Þú hefir viljugur snúið við mér bakinu og eg hefi eigi haldið þér aftur. Þú hefir gerzt mér ókunnugur og eg hefi borið það. Og alt þetta stafar af því, að þú eigi vildir taka tillit til annara, af því að ....."

Xenia þagnaði alt í einu og beit á varirnar. Líkt og eyðandi eldur höfðu geðshræringar hennar blossað upp og hrifið hana með sér og þeytt frá vörum hennar hinu kunnuglega orði "þú". Nú mun hann nota tækifærið og fara með greifafrú Dynar sem honum líkar. Grafkyr, en breytt, sat hún gagnvart honum.

Annaðhvort var, að hann eigi hafði heyrt þetta hneykslanlega ávarp, eða lét eigi svo.

"Hvernig stendur á þessum endurminningum, greifafrú? Þær leiða okkur aðeins frá aðal-málfninu og geta auk þess eigi breytt því, eins og nú stendur á."

Nú rofaði til og sólargeislarnir féllu gegnum hinar máluðu gluggarúður gluggasvalanna á hár Xeniu og sýndust að vekja þar titrandi neista.

Janek laut nær henni með miklum alvörusvip.

Eldurinn sloknaði í augum Xeniu, hún varð föll og varir hennar titruðu, en hún þagði.

"Hvorugt mun sakna annars," sagði hún lágt fyrir munni sér.

Janek reis á fætur jafn stiltur og ella.

"Ef að ást míns ógleymanlega fósturföður hefir orðið að hatri og fjandskap, þá hlýtur það að vera eingöngu hjá yður."

"Því skyldi þetta vera á aðra leið?" mælti hann. "Eða mundi eigi jafnan hafa kveðið lítið að hinu pólska tókubarni, syni hins heimilislausa uppreistar-manns, gagnvart greifafrú Dynar? Fyr eða síðar mundi hafa komið til þess, að vænst hefði þótt að afmá svívirðing hins pólska blóðs af ættarskildinum. Hví þá ásaka okkur um það, er eigi má öðruvísi vera? Eg er ánægður með kjör mín og beiðist eigi annars, og þér, greifafrú, hafið hlotið þá hamingju, er þér munuð ætla æðsta hér í heimi. Látum okkur því ganga hvort sína leið í lífinu. Og eg ætla eigi að við munum sakna hvors annars. Og eg mun aldrei gleyma því, er eg skulda dóttur velgerðamanns míns. Þér voruð svo hreinlynd að játa berlega, að undirskrift yðar eigi skyldi skoða sem köllun til mín. Gott og vel, þá skal eg láta mér farast hreinlega og halda aftur á stað."

Xenia lyfti upp hendinni, en Proczna hélt áfram og hló biturlega.

"Verið hægar, greifafrú. Eg veit hvert tillit eg á að taka til yðar og mun gera heiminum full skil fyrir breytni minni."

Xenia fleygði höfðinu þrjúzkulega aftur á bak, reis á fætur og gekk að honum.

"Þér skuluð eigi fara, Janek Proczna. Eg — eg bið yður að vera kyrran."



Hún dó andann þungt og glóandi roði litaði hið fagra andlit hennar.

Hann leit á hana alveg hissa. Svo gekk hann nær og horfði fastlega í augu hennar.

“Yður grunar eigi, greifafrú, hvað hafst getur af leyfi þessu.”

“Hvað eigið þér við?”

“Haldið þér að það muni verða á mínu valdi, að geyma dularnafn það, er hin hundrað augu forvitninnar sitja um dag og nótt. Vitið þér, að þegar hefir verið reynt að koma upp um mig?”

Hin grannvaxna kona virtist vaxa af innri tilfinningum og leit hún nú fastlega til hans.

“Já,” svaraði hún, “eg veit það.”

“Og þó viljið þér halda mér?”

Fyrirlitningarhlátur lék nú um varir Xeniu.

“Heimurinn ætlar að dramb greifafrúar af Dynar sé sem brothætt gler. Menn ætla að þeir geti mola að það með grjótkasti bakmælginnar og halda að þeir í Proczna hafi það keyri, er þeir geti tætt það sundur. En mönnum hefir þar skjátlast og það ætla eg að sýna þeim. Þér sögðuð rétt nýlega að eg væri hreinskilin og einlæg. Nú, gott og vel, eg ætla að vera það enn eitt sinn og segja yður hverjar ástæður mínar voru. Það er eigi af því, að eg fallist á iðgerðir yðar, Janek Proczna, heldur af því að eg þtla að mola odd bakmælginnar með því að leiða yður inn í þetta samkvæmi sem stjúpson föður míns.”

Janek Proczna stóð frammi fyrir henni stoltur og tignarlegur, en um varir hans lék fínt, háðslegt bros.

“En er þetta tilvinnaði, þar sem hér þarf svo mikla sjálfsafneitun af yðar hendi? Yður skjátlast mjög, greifafrú, ef þér haldið að þér gerið mig farsælan, með því að taka nafn það, er leggur mér á

herðar skyldur þær, er gagnstæðar eru öllu eðmi mínu. Eg er sannfærður um að eg sem Janek Proczna mun verða jafn velkominn, eins og þótt eg væri arfleiddur limur þeirrar ættar, er ýmist hrindir mér fry sé af eigingjörnum hvötum eða dregur mig lán aftur, eftir því sem bezt við á í þann svipinn. afnið Janek Proczna — eg get vel sagt það sjálfur — er alþekt um alla Norðurálfuna, en Dynar nafnið erður að láta sér nægja það, að minsta kosti einn maður, eða með öðrum orðum eg sjálfur, ypti öxlum fyrir litlega að því.”

Kuldaskjálfti fór um Xeniu. Hún sá að hann en einu sinni hneigði sig fyrir henni og sneri að dyrnum. Hún nísti tönnum og leit upp.

“Janek Proczna!”

“Greifafrú!”

“Eg hefi stytgt yður. Eg hélt að þér munduð vera nógu sterkur til þess að geta þolað sannleikann, þó eigi væri hann sykraður. Eg ætlaði, að eg mundi geta umgengist yður á annan hátt en annað heldra fólk, er slá verður ryki í augun á með markleysu einni. Hví skyldi eg gera mér upp tilfinningu, er eg eigi þekki til? Hví skyldi eg tala það, sem eigi væri sannfæring mín eða fegra breytni mína? Eg vissi eigi til að Janek Proczna kæmi aftur annar maður en þá er hann fór í burtu.” — Í orðum hennar lágu bitrar ávítur.

Það var eins og augnaráð Janeks þrýsti sér niður í djúp sálar hennar; það virtist svo sem hann ætlaði að svara í bræði, en þá var sem einhver friðarhönd færi um andlit hans. Hann ypti öxlum og hló.

“Við höfum bæði haldist óbreytt, greifafrú, og því neyðumst við því miður til að láta sannfærast um, að tveir harðir steinar mala eigi saman og að tvö þrálát höfuð eiga illa saman. Janek Proczna er

"hinn sami í dag sem hann hefir verið, en hann hefir og sinn eigin vilja, eins og hann ætíð hefir haft. Hvaða kona mundi hafa þor til að segja fullan sannleikan skilyrðislaust? Engin — eigi þér fremur en aðrar. Það sem konur kalla sannleika er vanalega eigi annað en særandi árás, er stjórnast af þúsund innri áhrifum, af dutlungum eða vanalegri hefndargirni. Að því er karlmenn snertir, þá bindur hæverska og kurteisi tungu hans. En ef að kona hefði þor til að segja sannleikann, eigi til þess að hegna, heldur til að launa, sem viðurkenning, án alls smjæðurs, þá fyrst yrði þægileg umgengni og samræmi, er hvíldi á sameiginlegri staðfestu."

"Og þér ætlið mér eigi slíkt skap?"

Janek leit á hina fögru konu með eldlegum augum, en einkennilegur svipur kom á andlit hans.

"Nei, að minsta kosti eigi, er þér standið svona gegnt mér."

"Og hvers vegna einmitt ekki þá?"

"Af að þér ætíð þykist eitthvað hafin yfir son flóttamannsins, af því þér haldið að þér hafið rétt til að sveifla bituryrðum um höfuð honum, af því að þér aldrei sýnið söngmanninum þann heiður, að fallast á nokkra athöfn hans, og því síður að láta þetta í ljós."

"Er eg viðurkenni yður sem stjúpson föður míns og samnefndan mér, set eg yður jafnan mér."

"Þetta er eigi af sannfæringu, heldur óyndisúræði yðar."

Á Xeniu sást nú einhver óþolinmæði og hinar hvítu tennur hennar boruðust inn í neðri vörina.

"En það er þó satt sem eg segi og þær ástæður er kunna að hafa leitt mig, munu vera yður lítile verðar," svaraði hún hálf-reiðulega. "Ef eg nokkrum sinni yrði þess áskynja, að þér væruð haldinni frægur,

þá skyldi eg segja yður það eins hlutdrægnislaust, eins og eg nú hreinskilnislega sýni yður, hve ógeðfeldur þér eruð mér."

"Nei, er það svo? Þér eruð sannarlega drenglundaðar, greifafrú, og það er skaði, að þér eyðið svo mörgum orðum í slíka smámuni."

Proczna leit á hana hálf-kæruleysislega, hálf-hæðnislega. "Þér óskið eftir að eg verði kyr og sleppi dularnafni mínu. Jæja, hugsid enn einu sinni um það og lítið á allar skuggahliðarnar. Það yrði líklega fremur örðugt fyrir greifafrú Dynar, að leiða "pantaðann" söngmann inn í slíkt samkvæmi og þetta, sem hér er, og kalla hann bróður sinn, því á-nægjan varir skamma stund, en svo mun gaukseggid liggja um aldur og æfi í hreiðrinu og mun það yðra verri byrði en þér ef til vill haldið. Nei, trúid mér, hið hygnasta, sem þér getið gert er það, að snúa stoltlega við mér bakinu og láta svo sem þér eigi hefðuð neitt sameiginlegt við tökubarnið, er hinn pólski beiningamaður lagði á náttarþeli við húsdyr föður yðar. Þá hafið þér varðveitt stolt yðar og eg sný aftur út í heiminn. — Og hvorugt mun sakna ærnars."

Janek leit nú til hennar með leiftrandi augum, eins og vildi hann reyna, hvert vald hann hefði yfir henni.

En hún lét sér ekki bregða.

"Get eg nú úr þessu farið svo að, Þér reynið að glepja nér sjónir með orðum einum, en þó verður engu breytt. Hvað varðar mig um yður? Ekkert. Hvað gerðuð þér þarna á Proczna? Þér fleygðuð arfleiðsluskrá föður míns fyrir fætur mér og sneruð svo þrjúzkulega við mér bakinu. — Hver getur varnað mér að nota þetta mér til afsökunar? — Xenia hristi hið fagra höfuð sitt og hélt svo á-

fram: "Jú, enginn annar en eg sjálf þori að segja yður sannleikann. Undirferli öfundsykinnar er orsök þess að eg hefi nú ásett mér að kannast við yður, en það er eigi gert út í loftið, heldur af þeirri sannfæringu, að þér, er eg alla mína æfi hefi elskað og skoðað sem bróður minn, heyrið mér til og ætt minni jafnvel þó eigi hinn minsti blóðdropi í yður sé skyldur mér eða að eg hafi getað fallist á ættarnafn yðar. Og þetta, Janek Proczna, hefir ávalt verið sú hugsun, er hefir þjáð mig. Því þó eg fegin vildi,, gæti eg þó eigi, ef satt skal segja, rekið úr minni mínu þann tíma, er við í raun rétttri vorum systkin. Lát mig því leiða yður fyrir prinsessuna sem stjúpson föður míns," sagði hún að síðustu og hló biturlega; "eigi af neinni nauðung, heldur af því að eg álit að þér hafið rétt til að kalla yður greifa Dynar."

Þó skrítið væri, var Janek Proczna nú fögur, er hann mælti: "Og það þó eg gangi fram að hljóðfærinu og leiki þar fyrir borgun?"

"Þrátt fyrir það."

Janek Proczna dró djúpt andann og augu hans leiftruðu. Xenia sá það eigi. Hin löngu augnahár slúttu niður yfir kinnar hennar og hún talaði með ákafa, í flýti og með aftur augun. Hún var mjög lík barni, er í blindni þýtur gegnum dimt herbergi til þess sem fyrst að losast við hræðslu sína.

"Eg fékk rétt núna tvo miða frá prinsessunni og forsetafrú Gertner, og beiðast þær þess, að hin fyrsta söngskemtun megi fara fram hjá mér, af því að eigi sé hægt vegna óhapps, að nota herbergi forsetafrúrinnar. Þessi breyting mun yður gerð kunnug af einhverjum af þjónum mínum."

Janek hneigði sig. "Eg þakka yður, greifafrú." Hún leit skjótlega upp. Það virtist sem það

hóstaði hana fjarska áreynslu að vinna bug á stolti  
 þnu, en mælti svo með kurteisni brosi:

“Eg vona að stjúpsonur föður míns muni opin-  
 berlega nefna mig með fornafni, því það er ein af-  
 leiðingin af því að þora að segja sannleikann.” Og  
 er hann aðeins hneigði sig, en svaraði engu, mælti  
 hún ennfremur: “Drach frændi minn mun gleðjast  
 mjög af því að sjá yður aftur, og þar sem hann og  
 Klara móðursystir munu annaðkvöld verða í stað  
 hershöfðingjafrúar Godlaws, þá leyfi eg mér að  
 biðja yður að fara að finna þau.”

Viðtal þeirra var svo búit. Janek kvaddi með  
 mikilli kurteisni, en þegar Xenia leit á hann, varð hún  
 hissa á hinum skrítna svip á andliti hans. Háð var  
 það eigi, því svipurinn var svo hlýlegur, heldur líkt-  
 ist það einhverri huldri ánægju; það var eins og hann  
 ætti bágnt með að bæla niður hlátur þann, er lék á  
 vörum hans.

Dyratjöldin luktust á eftir honum og greifafrú  
 Dynar stóð og starði á hinar kyrru fellingar þeirra.  
 Hugsandi gekk hún til herbergis síns, settist fyrir  
 framan eldinn og studdi höfðinu á hendina.

Þegar sagt var til Janeks Proczna, lá við sjálfst að  
 hún legði á flóttu fyrir honum, sem annari ósegjan-  
 legri forsmán. Er hann gekk inn, þá var sem henni  
 sárnaði að þurfa að yrða á hann og var eigilast við  
 að henni ditti í hug að reka hann með háðung á dyr.  
 En þegar hann fór burtu, þá hafði hún ær því beðið  
 hann bóna. Hún hafði beðið hann að vera kyrran  
 og taka nafn hennar; hún hafði sagt honum að hún  
 ætlaði að kannast við hann.

Það var eins og óráð væri á henni, hún laut hínu  
 litla höfði niður á brjóstið og starði með opnum aug-  
 um inn í hinn rauða loga. Hvernig hafði alt þetta  
 atvikast? Hún skildi það eigi. Hún hafði aðeins

talað um hversdagslega hluti og þó hafði það haft sömu verkun á hana sem svefnmeðal og lagst eins og skýla fyrir augu hennar.

Hún reyndi að endurtaka orð hans, en það var ómögulegt. Í höfði hennar þyrlandist alt hvað um annað, líkt og snjórinn úti fyrir. Einungis eitt af orðum hans hljómaði hátt í eyrum hennar, þrátt fyrir suðu og þyt í höfði hennar: "Hvorugt mun sakna annars" — Nei — hvorugt — hvorugt! Hvorki hann eða hún.

Hún hallaði örmagna höfðinu aftur á bak og lét augun aftur, en í loganum á arninum snarkaði, eins og væri það lágur hæðnishlátur, og hinir rauðu neistar dönsuðu upp gegnum hinn þétta reykjarmökk.

## XI. KAPITULI.

Í Parísarborg hafði oft verið sagt um Janek Proczna, að hann hefði miklar stjórnkænskugáfur; án mikillar fyrirhafnar gæti hann snúið orðum annara þannig, að þeir loksins segðu það, er hann sjálfur vildi hafa.

Hann gekk hægt úti fyrir hinna breiðu marmara-tröppu. Er hann lítilli stundu fyr gekk upp þessar sömu tröppur, höfðu sínar hrukkur milli augnabrúnanna borið vott um hið þráláta kjarkmikla þrek, er Janek Proczna hafði þá herklætt sig í. Núna voru hrukkurnar og þráinn horfin, en í stað þess lýsti augnaráð hans einhverju trúnaðartrausti.

Í forsalnum stóð þjónn og hélt í hálsbandið á veiðihundi hans. Hátt gjamm heilsaði húsbónda hans og fyr en hinn borðalagði þjónn vissi af, hafði King Knare rifið sig lausan og þaut í stórum stökkum gegn koumanninum. — Janek klappaði hinu fagra höfði dýrsins.

"Leystu King! Þú átt ekki heima herna og verður að vera kyr og þegjandi dálítinn tíma, en ef þú ....."

Proczna fékk ekki tíma til að tala út. Eins og ör væri skotið, þaut hundurinn út aftur og rauk á Angora-kött, sem líkur silkihnoða eftir forsalmum. "Í guðs nafn, í Uppáhaldsköttur fröken Beatrice!" orgaði nú þjónninn í ósköpum og ætlaði að reyna að skilja þá. En kötturinn hafði þegar forðað sér upp á handrið stigans, og er King Knare fór á eftir honum, stökk kisi í vandræðum sínum niður á milli hinna grænu blómrunna og komst í burtu. King Knare stökk á eftir, svo þjónnin og síðast Janek, og vildi fyrir hvern mun ná í hundinn. Hann komst brátt fram úr hinum feita þjóni og sá nú köttinn ryðjast inn um litlar hliðardyr. Hundurinn þaut á eftir. Dyrnar opnuðust á víða gátt og Janek var kominn inn í lítið, viðkunnanlegt herbergi.

Í fyrstu varð honum hálf hverft við og ætlaði að fara út aftur, en rauk þá organdi: "Guð minn! Það logar í yður!" — innar í herbergið og beint að ungru stúlku, er sat í ruggustól og sneri baki að eldinum og hélt áfram að rugga sér, án þess að taka neitt sérlega eftir öllum þessum eltingaleik. En hin langa hárflétta með rauða bandinu hafði við hvert rugg slengst eins og ormur inn í eldinn.

"Það logar í yður!" kallaði Janek enn einu sinni, og kipti sterklega stólnum og ungrú Beatrice frá eldinum og tók um hið brennandi band og kæfði logann milli handanna.

Þá rétti hann úr sér með djúpu andartaki og leit hálf-kýmnislega á hina ungu stúlku, sem bæði var hrædd og reið, og reyndi að rykkja fléttunni úr höndum hans.

"Ungrú mín!" Rödd Janeks minti á kennara,



er ofboðið hafði, "það var að minsta kosti mjög hugsunarlaust af yður að ýta stólnum svona nærri eldinum, að fléttan drægist í eldinn. Eða eruð þér svo einfaldar að þér hafið enga hugmynd um í hvaða hættu þér voruð staddar?"

Þjónnin, King Knare og kötturinn ultu inni í næsta herbergi, en Beatrice þaut upp eins og hún ætlaði að hrifsa í hárið á þessum ósvífna innbrotsmanni.

"Einföld! Eg er ekki einföld. Eg banna yður að hafa slík orð, þér ósvífni maður; þér hafið engan rétt til að stökkva í fléttuna mína. Eg er alls ekkert barn lengur, eg er seytján ára og veit hvað eg geri."

Janek rak í rogastanz og leit á hið fagra andlit, er nú litaðist hárrautt af eintómri vonzku og reiði. Hann stóð um stund forviða og rak þá upp skelli-hlátur.

"Guð varðveiti mig, góða mín," sagði hann loksins. "Þér hafið þannig af ásettu ráði haldið þessa brennu, til þess að sannfærast um, hvort þér væruð eldrygð."

Beatrice leit aumkunarlega á fléttuna og fleygði svo höfðinu aftur á bak og stældi sem mest svip Xeniu.

"Og þó svo væri, herra minn?"

"Og þá reið mikið á að eg væri fljótur, til þess að geta varðveitt svo hugrakka unga stúlku fyrir komandi tíma. Það er ennþá altóf snemt ungfrú Beatrice, að hætta á slíkar dirfsku-tilraunir."

Hún leit til hans með hálf-tortrygni og forvitni.

"Þér þekkið mig?"

"Það skyldi eg halda."

"En hvernig er því varið?" Eg hefi aldrei séð yður fyr á æfi minni."

"Eruð þér svo vissar um það, litla frænka

Becky? Hugsið yður sex eða sjö ár aftur í tímann, þegar stór og langur strákur kom frá háskólanum til þess að heimsækja ykkur um hálfsmánaðar tíma í Karlsbad eða á Helgoland, í Isahl eða Interlakon. Munið þér ekki eftir yðar góða vin, er ætíð var reiðubúinn að leika mest við yður, og aldrei át sælgætið sitt við miðdegisverðin og .....

Það þurfti nú ekki meira til. Með miklu fagaðarópi: "Janek, kæri Janek! það ert þú!" hljóp Beatrice til hans og tveir mjúkir handleggir vöfðu után um háls hins háa manns. "Kæri, kæri Janek, að þú loksins skyldir koma aftur!"

Hún vafði sig innilega upp að honum og Janek faðmaði hana hjartanlega að sér. Honum fanst það sem undarlegur draumur, að nokkur skyldi sá vera í húsi greifafrúar Dynar, er byði hann velkominn.

"Það gleður þig þá, Becky. að sjá mig aftur?"

Hún fleygði hinu litla höfði aftur og leit einlæglega til hans.

"Hvernig dettur þér í hug að spyrja svona? Eins og að þú eigir vissir hver ætíð var þinn tryggasti og dyggasti vinur í þessu húsi! Og þig hefi eg í reiði minni kallað ósvífinn og legið við að eg rífi augun úr þér fyrir að þú bjargaðir fléttuni minni. En hvað eg var heimsk og blind. En þú hefir líka breyzt svo fjarska mikið, góði frændi; svona laglegur varstu ekki fyrmeir, og svo man eg ekki til að þú hefðir varaskegg."

Janek tók um báðar hendur hennar.

"Hversvegna hafa örlögin verið svo grimm að leyna mig þessari einustu ljúfustu endurminningu, er blómgast hér heima. Hve mikið hefði eg eigi viljað gefa til að vita það, að eg geymdist í svo kærri höfði og hjarta."

"Þekkir þú mig þá aftur?" Það lá eitthvað í

málróm hinnar ungu stúlku, er kom Proczna ósjálf-  
rátt til að hlæja. Hann hristi hægt höfuðið og augu  
hans liðu yfir hina fríðu stúlku, eins og hann hefði  
viljað jafna saman þá og nú.

Í endurminningu hans lifði uppvöðslusamt og ó-  
stýrilátt, stutthært barnslegt höfuð. Og nú sá hann  
fyrir sér prýðislega grannvaxna stúlku; róshnappur  
var að opnast.

“Nei, Beatrice, eg hefði ekki þekt þig aftur,”  
svaraði hann; “þú ert orðin svo stór stúlka, sem sjálf-  
sagt ert höfð í hávegum, ætla eg. Eg er sannarlega  
stoltur af því, að geta kallað þig frænku og forna  
vinkonu.”

Hún leit á hann með stórum, starandi augum.  
Þá andvarpaði hún þungt, tók um hendi hans og  
neyddi hann til að setjast hjá sér í hinn himinbláa  
legubekk.

“Æ, kæri Janek, ef þér nú gæti dottið í hug, hve  
oftlega eg hefi saknað þín, hve oft eg hefi hugsað til  
þín sem riddara þess, er mundi loksins koma til þess  
að hjálpa mér úr allri neyð, eða þá að minsta kosti  
að líða með mér.”

Hún fór nú að hálf-kjökra og Proczna laut niður  
að henni og virti hana alvarlega fyrir sér.

“Líða með þér? Hvað gengur að litlu Becky?”

Hún leit niður á gólfið. “Þú mátt ekki kalla  
mig litlu Becky, góði frændi. Það er eins og eg  
ennþá væri barn, og þó er heilt ár síðan eg var  
fermd.”

Um varir hans lék gáskalegt bros, en þó var hann  
mjög alvörugefinn.

Litla frænka, það væri ótrúleg ósvífni að hugsa  
svona. Í augum ókunnugra manna ert þú þegar  
fyrir löngu fullorðin, en mér virðist sem eg sé æfa-  
gamall gegn þér og hugsa ennþá til þeirra tíma, er

hin litla Becky leit á mig með sömu gletnu augum sem núna. Eg ætla því að eg framvegis megi kalla þig litlu frænku."

Hún leit upp til hans með hálf himnesku augnaráði.

"Það vildi eg að allir menn væru eins góðir og þú, Janek, þá væri gaman að lifa í þessum heimi. Þá mundi eg þykjast alsæl."

Þjónnin rak King Knare inn í næsta herbergi. Proczna reis á fætur og gekk út í ganginn.

"Gerðu svo vel að gæta þessa illvirkja um stund. Eg kem þegar eg bið yður að segja herra Drach og frú hans til mín."

Becky þurkaði hin röku augu sín.

"Hefir þú verið hjá Xeniu?" Proczna hneigði sig lítið eitt, og hinn gullsaumaði þjónn bisaði við að koma hundinum út úr herberginu og tókst honum það loksins.

Proczna sneri sér á ný að Beatrice, og lagði með mikilli alvöru hönd sína á höfuð hennar: "Hver veit, litla Becky, hvort við nokkurn tíma getum talað í svona miklu næði saman, eins og núna. Það er eitthvað sem gengur að þér. Segðu mér það fljótt, ef þú annars koðar mig sem vin þinn og ætlar að eg megi mín svo mikils, að eg geti þerrað tár þín. Mundu eftir að eg er hinn sami Janek, sem fyr meir oftlega tók þig á kné sitt og huggaði þig, þegar hið unga hjarta þitt örvænti."

Becky saug kjökrandi í sig tárin.

"Æ, góði Janek. Við tvö vorum ávalt höfð útundan og enginn skifti sér af okkur. Þú varst hataður og hrakinn burtu og nú er eg rekin út í horn. Æ, guð minn, eg vildi eg væri dauð og lægi djúpt í jörðinni."

Alt skap hennar kom nú í ljós eins og uppspretta.

er lengi hefir verið spent í þröngri klettagjá, sem alt í einu ólgar upp og sprengir fjötra sína, svo runnu nú orðin yfir varir hennar, þar til þau köfnuðu í társtraum.

Svipur hins unga manns var nú skritinn á að líta, sambland af viðkvæmni og hlátri. Hann tók hægt hendur hennar frá andlitinu og spurði:

“Hver er það, sem fer svona illa með þig, góða mín? Er það heldra fólkið? Eru það vinir Xeniu, eða .....

“Heldra fólkið? Vinir Xeniu?” hrópaði Beatrice með leiftrandj augum og krepti fingurnar í ofboði utan um vasaklútinn. “Guð varðveiti okkur! Hvað ertu að hugsa? Nei, heyrðu. Það er alt annað. Mér er haldið frá öllu samkvæmi og spert inni í barnaherberginu. Eg verð að vera barn, hvort eg vil eða ekki, og það eingöngu af því, að mömmu þykir minn að því að eiga svona stóra dóttur. Það er til einkis, þó þú hristir höfuðið, Janek. Eg veit þetta mjög vel og sé vel að mér er ofaukið. Allir sýna mér svo, allir, allir, og líka h a n n.”

“Hann? Hver hann? Er það frændi Drach, er þú átt við Becky?”

“Nei — pabbi er beztur allra. En Donat. Hann lítur svo smáum augum á mig og það er einmitt það, sem særir mig mest.”

“Donat. — Áttu ekki við fursta Heller Hunningen?”

“Hvað þá, sauðkindina þá!” Beatrice stappaði í gólfið sem bezt hún gat og hringaði fyrirlitlega vörina. “Hann ímyndar sér að Xenia ætli að giftast sér og hún setur ekki einu sinni blóm hans í vata. Eins og hún sæti elskað nokkra manneskju í þessum heimi! Ef eg væri Donat, þá veit eg hvað eg skyldi

gera. Eg skyldi vera of stolt til þess að flækjast hjá henni á hverjum degi og gefa henni blómskúfa og ríða út með henni. — Hvað mér gremst þetta, Janek. Það getur nærri því gert mig hálf sturlaða — mér stendur svo sem á sama hvað Donat líður, en þó er eg reið honum, já bannsett gröm." Og Beatrice sneri vasaklút sinn saman í reipi og sveiflaði honum milli hinna titrandi fingra.

"Hm! Nú, en svo þér stendur á sama hvað um Donat verður. En ertu viss um að hann sé að koma sér í mjúkinn hjá Xeniu? Því ekki getur þú hérna í barnaherberginu vitað hvort hann heimsækir hana eða gefur henni blóm."

"Nú, svo — ekki það?" Hin unga stúlka sperti upp nefið og þóttist eitthvað vita meira. "Og eg gái að hérna við gluggann á hverjum morgni og lít svo eftir í stiganum hvort hann hefir týnt nokkrum blómum. Hann fer ætíð svo gálauslega með blómskúfana og fleygir þeim hingað og þangað, svo það er hreint furðuverk, að nokkurt blað er eftir, þegar hann loksins kemst upp með þá. Já, þú mátt vera viss um, að eg hata þennan Donat."

"Nú, er það svo? Þess vegna ætlaðir þú að brenna hana?" mælti Proczna og þóttist nú skilja.

Becky hneigði höfuðið sem nokkurs konar játningu.

"Hvernig átti eg á anan hátt að losna við hana? Því að klippa hana burt þori eg ekki og ekki heldur má eg greiða mér öðruvísi; eg óláns manneskja. Nú datt mér þetta ágætis ráð í hug, að brenna fléttuna, og þá kemur þú og ónýtir alt fyrir mér."

"Guði sé lof, Becky litla, að eg kom í tæka tíð, til að bjarga hinni beztu prýði, er þú getur óskað þér. Vertu hughraust. Þú hefir nú gert mig að trúnaðarmanni þínum og sagt mér sorgir þínar. Hver

veit nema eg kunni loksins að finna eitthvert ráð til þess að losa þig við áhyggjur þínar á hættuminni hátt. Það er eingöngu til þess að hneyksla Donat, því við verðum að hefna okkar á honum."

Beatrice vafði sig upp að honum og á andliti hennar skiftust á skin og skúr, eins og aprílveður.

"Þú ætlar að hjálpa mér, Proczna? — Hve mér þykir vænt um þig! Mig grunaði þetta, eg vissi að við bæði mundum halda saman og að þú kæmir sem annar riddari. Hvernig heldurðu að Donat verði við?"

"Það verður gaman að sjá. Slíkum þorpara verður að refsa fyrir niðingsskap hans." Hin unga stúlka leit nú hálf tortrygnislega á Proczna, er bætti þessu við: "Eg þekki lítið eitt þennan ljóshærða herra. Hann er fyrirlitlegur og andlit hans harla ómerkilegt."

"Fyrirlitlegur?" Beatrice starði á riddara sinn, líkt og hann hefði alt í einu farið að tala Hottintottamál. "En, kæri Proczna, eg er hrædd um að það sé ekki sami maðurinn, sem við tölum um. Okkar Donat er svo vænn og svo yndisfríður, — og nú birti yfir svip hennar af sönnum ánægju-hlátri — "að eg hefi aldrei séð hans líka. — Nei, fyrirlitlegan mátt þú ekki kalla hann. Eg segi þér satt, að öllum mönnum þykir hann mjög yndislegur. Ef hann aðeins væri dálítið öðruvísi gegn mér ..... Ef hann aðeins í eitt einasta skifti — Æ, Proczna, eg vildi óska að eg væri orðin eldur, svo að han nyrði að sýna mér virðing; þá skyldi eg hætta að hata hann og þú líka, Proczna; þá skyldi okkur báðum þykja svo vænt um hann."

Hví leit hinn tignarlegi maður nú alt í einu svo fastlega á hana og hló um leið svo einkennilega?

"Sjáðu, hann er skyldur okkur báðum," sagði

hún hálf slóttulega. "Og þess vegna verður okkur að vera vel til hans, jafnvel þó okkur — gildi einu um hann."

"Já okkur stendur fyllilega á sama, hvað um hann verður," mælti Proczna og rétti henni hendina. "Við skulum þá vægjúa honum og þola hann með okkur, ef hann hegðar sér vel og skikkanlega. Og auk þess vona eg að sjá mína litlu samsæriskonu án fléttu og með langan slóða. En nú verður þú að hugleiða, Becky litla, að stórri loku hefir verið skotið fyrir umliðna tímann og að eg er fyllilega ókunnugur í heimsins augum og að ætt þinni er ekki meira en svo um mig. Nú veiztu hversu ástatt er og verður því að laga þig eftir því. Við verðum að segja "þér", þegar við sjáumst og "herra Proczna" og "mín náðuga ungrú."

"Á eg að segja þér við þ i g?" Hún leit til hans hálf forviða.

Hann tók vingjarnlega í hönd hennar.

"Það er auðvitað eingöngu með vörunum. Í hjarta þínu getur þú haldið þínu kunninglega "þú". Vertu sæl, litla frænka. Þessi stund var ágæt dögga á hinn visnaða, frosna blómsveig, er vafðist utan um orðið "velkominn" í húsum greifafrúar Dynar. Þessi stund hefir valdið ljúfu undri og látið hinar rauðu rósir opnast aftur nýjar og ilmandi. Guð blessi þig fyrir orð þína, Beatrice."

Hann hneigði sig á ný og kysti á hina litlu hendi hennar og gekk svo burtu.

Beatrice stóð um stund forviða og grafkyr. — Koss á hendina — almennilegur koss! Og það annar að tölunni. Henni lá við að stökkva upp, af ein-tómri sælu. Með titrandi hjarta breiddi hún faðm-inn á eftir honum og mælti:

"Nei, eg þúa þig, þó það kosti mig lífið. Þú



ert eigi ókunnugur gegn mér. Þú ert minn einasti, einasti vinur í öllum heiminum."

Í forsalnum gekk baron von Drach á möti hinum unga manni. Hið föla andlit ljómaði af gleði og hann rétti út báðar hendurnar móti stjúpsyni sína gamla vinar.

"Janek, minn kæri Janek!" stamaði hann. "Þessu bjóst eg ekki við. Hann tók undir handlegg Janeks og leiddi hann inn í næsta sal og þar faðmaði hann með mikilli viðkvæmni hinn unga mann að sér.

"Vertu eigi hissa á mér, gömlum karli, minn kæri drengur, og vertu eigi reiður, þó eg á slíkri stund sem þessari fleygi til skrattans öllum seremoníum. Guð veit bezt hve innilega glaður eg er, að fá að sjá þig aftur."

"Kæri, bezt frændi!"

Þú veizt, Janek, að eg hefi ætíð viljað þér vel og það var eingöngu samlyndis vegna á heimilinu að eg hefi felt mig við þetta."

"Það hefi eg séð af hinum vingjarnlegu bréfum, er þér svo oft hafið sent mér og sem eg þakka yður innilega fyrir."

Drach neri saman höndunum af gleði.

"Og alt þetta skeði að baki Xeniu. Hún hefir engan grun um, að við höfum oft skrifast á, og eg sé heldur ekki, hvers vegna hún þarf að vita það. — Hún hefir sína kynlegu dutdunga. — En hvern skollan hirði eg um, hverjir foreldrar þínir voru, eða hvort blóð þitt er blátt eða rautt. Fyrir mér ertu aðeins fóstursonur míns kærasta æskuvinar og því ann eg þér jafn mikið og honum. Núna erum við aðeins tveir eftir, eg er frændi Drach og þú ert Janek, og þar með búið."

Hann þrýsti hvað eftir annað hendur hans og

Janek dróg hægri hendi hins gamla manns að vörum sér og komst mjög við og mælti:

“Fyrir guðs hjálp, ástkæri frændi, mun sá tími ennþá einu sinni koma, er engin konuslæða skal liggja sem þoka á milli hjartna okkar. Eg segi þér það satt, að oft hefir söngmaðurinn Proczna verið velkominn, en aldrei hefir hjarta hans barist af eins mikilli ánægju og á þessari stundu.”

“Þú mikli, frægi maður!” Baróninn gekk nokkur fet aftur á bak og virti fyrir sér hinn unga mann með mikilli viðkvæmni. “Hvað hefir þú gert af hinum óbreytta riddaraforingja, og hve sárt mun eigi hinni stoltu systur þinni sviða athæfi þitt! Guð varðveiti mig! Eg hefi aldrei fagnað yfir óförum annara, en í hvert skifti, er mér tekst að koma til Xeniu einhverri grein um söngmanninn Proczna, þá hefir mér legið við að velta út af af hlátri.”

“Xenia er þá enn hin sama?” Janek settist við hlið fjárhaldsmanns síns.

“Já, guð komi til!”

“Og konan þín, frændi? Clara frændkona?”

Drach andvarpaði.

“Æ, hún er sönn eftirmynd hennar. Alt það, sem Xenia gerir, hermir hin eftir, og líklega verður hún innan skams önnur eins marmaramynd. En þetta ætlunarverk hennar er næsta örðugt. Hugsaðu þér hina fjörugu, kviklyndu konu mína skyndilega verða að einhverri syngjandi Niobe. Þetta er skelfilegt og eki sízt þegar slíkt og annað eins er algerlega óeðlilegt.”

Janek hló.

“Eg gera þá ekki ráð fyrir að eg fái að sjá hana.”

Baróninum varð hálf kynlega við og strauk hendi um hið kalda enni.

“Hm. Eg — eg vænti hins bezta. En það kann

að dragast lítið eitt, því veiztu, fyrst hefir hún farið til Xeniu, til að fá úrlausn um, hvort heimsókn þín sé viðurkyæmileg. Eftir á er eigi ólíklegt að hún kunni að fá höfuðverk."

Proczna brosti aftur háðslega. "Og þegar hún loksins sýnir sig, mun andlit hennar vera endurskin hinnar dynisku náðarsólar. En verum vissir um, að verið er að brugga óveður þarna uppi."

"Þei, þei, í guðs nafni! Hún kemur! Hinn gamli maður færðist lítið eitt frá Janek og tók á sig mjög hátíðlegan svip. "Nú er eg allur annar, góði minn. Þú skilur. Það er samlyndisins vegna," hvíslaði hann.

Vængjahurðunum var nú lokið upp og frú Clara von Drach kom inn.

Proczna virti nú þennan litla mótstöðumann sinn mjög nákvæmlega fyrir sér frá hvirfli til ilja. Hún var lítið breytt, en þó nokkuð holdugri en þá er hann síðast hafði séð hana og þóti honum sem hér væri aðeins fullorðnari fyrirmynd hinnar litlu vinkonu sinnar, Beatrice, frammi fyrir sér.

Hið rósrauða andlit spáði sólskini.

Janek hneigði sig djúpt fyrir konu fjárhaldsmanns síns.

"Janek Proczna! Okkar gamli vinur, Janek!" heyrðist þegar strax frá dyratjöldunum. Nokkuð fljótar en venjulega gekk frú Clara til hans og rétti honum mjög blíðlega hendina, að hann mætti kyssa á hana.

Baróinninn horfði á þetta og rak í roga-stanz.

"Þannig sjáum við yður aftur, sjaldséði farfugl!" mælti barónsfrúin brosandi og benti um leið á stól og settist sjálf hjá manni sínum. "Það var sannarlega vel til fallið af yður að láta mig sjá það svart á

hvítu, að það væruð þér sjálfur, því annars hefði eg aldrei þekt aftur litla stúde tinn frá fyrri tíð."

Hinar hvítu tennur Proczna skinu milli hins dökka varaskeggs, er hann svaraði:

"Tíminn hefir sérleg eftirlætisgoð, frú mín, er dagar hans fara svo fram hjá að eigi sér spor eftir. Bætir hann með því úr mærgri óréttvísi, er hann sýnir oss í heimi. Þér munduð að öllum líkindum hafa gengið svo fram hjá mér, að þér eigi hefðuð kannast við mig og þannig svipt mig þeirri gleði að kynnst yður aftur, en eg mundi þó hafa þekt yður á ný. Því eins breyttur og eg er, eins óbreytt eruð þér, barónsfrú. Fyr og nú, að því er yður snertir, kemur svo yndislega saman."

"Nú eruð þér að slá mér gullhamra!" Frú von Drach gleymdi algerlega fyrirhugsun sinni og talaði út um alla heima og geima.

"Yður minnir líklega að þér séuð núna í Parísarborg."

"Já, svo sem hjá Nenon de l' Enolos. Freistingin liggur svo nærri að halda það."

"Þér eruð nú að gera að gamni yðar. Eg sem á fullorðin börn. Anars hefi eg viðbjóð á Nenon. Hún var ekki annað en flenna."

"Það held eg sé nokkuð harður dómur, náðuga frú."

"Nú, svo mig fer að gruna hver smekkur yðar sé."

"Eg tala eigi um undantekningar, nema alment, því eg ætla að helzta ætlunarverk konunnar sé að þóknast. Ógeðfeldar og ljótar — eg á hér við ljót-leik, er stafar af algerðri vanrækt hins ytra — og heimskar konur, er eigi hægt að elska, og þó er það skylda hverrar konu að láta elska sig. Hið kyláta, stolta og oftlega of vandaða eðlisfar hinnar Þjóð-

versku konu, hefir megna óbeit á öllum brögðum og nefnir slíkt daður. Hún þykist jafnvel aðhafast eitt-hvað rangt, er hún lætur þennan ísí síðvenjunnar, er liggur utan um sálu hennar, bráðna lítið eitt. Það verður ekki fremur komist að henni en líkneski dýrðlingsins, og hvert bros skoðar hún sem sérstaka náð."

"Þér ætlið þannig að hin stolta tign og sómi konunnar eigi að hafa áhrif á hið "eilífa karlkynslega"? Frú Clara varð hálf hissa og heitur roði stökk fram í kinnar hennar, er hún vantrúa hristi höfuðið.

"Fyrirgefið, náðuga frú! Eg bið yður að mis-skilja mig ekki. Tign og sómi er sannarlega hin mesta prýði hverrar konu, en nægja þó eigi að öllu leyti. Hugsíð yður þetta."

"Eg skil yður. — En hvað skiljið þér við "þessi smábrögð", er við forsmáum?"

"Hið margvíslega smáskraut, er hin frakkneska kona prýðir sig með. Henni er mjög ant um búning sinn, og hún mundi heldur kjósa að deyja, en að láta nokkurn karlmann sjá sig,, þegar vér færi eða miður fataprúða, og henni þykir það alls ekki fyrir neðan sig að nota ýms smábrögð, ef þau aðeins geta verið sem umgerð um persónu hennar. Eg vil taka dæmi: Í Parísarborg þekti eg heldri konu, er giftist á unga aldri og innan skams hafði stálpaða dóttur við hlið sér. Þær voru mjög líkar. Móðirin var í fullum blóma fegurðar sinnar, og dóttirin var í þann veginn að verða gjafvaxta. Þjóðversk kona mundi hafa haldið dóttur sinni að kenslubókunum og kennarakonunni, til þess að hún eigi of snemma yrði að þola eiturgust heimsins. En frakknesk kona fer eigi svona að; til þess er hún of eigingjörn. Grtifafrú de H. setti stúlkuna við hlið sér til þess að geta hrósað tvöföldum sigri."

"Tvöföldum sigri?"

Frú Clara sat grafkyr af eintómri undrun.

"Sannarlega, frá Clara! Er til fegnari sjón, en að líta móður og dóttur, er ætla mætti að væru systur, eða meiri sigur fyrir gifta konu, en það að vilzt sé á henni og barni hennar."

Frú Clara var nú eitthvað "dæst" á að líta. Hún hallaði sér aftur á bak og leit augunum til himins, eins og henni alt í einu ditti í hug ráðning á einhverri óskiljanlegri gátu; þá hló hún snöggvast.

"Nei, það er ótrúlegt. Mér dettur í hug þessar frakknesku konur. Þetta hefði engum Þjóðverskum manni dottið í hug. Þér eruð sannarlega skemtilegur, beztí Proczna, og þér verðið að segja mér miklu meira úr Parísarborg. Guð líkni oss — hérna í þessari Síberíu verða menn eigi að öðru en myglu. Þér standið líklega dálítið við hérna?"

Proczna ypti öxlu mog brosti, og leit um leið til barónsins, er sat þegjandi og líkt því og eldingu hefði slegið niður fyrir fótum hans.

"Þar sem nú svo mörg yndæl blóm hafa verið vafin saman á einn dregil mundi verða örðugt, jafnvel fyrir hið óróasta fiðrildi, að slíta sig í burtu."

"Hafið þér hitt Beatrice?"

"Rétt sem snöggast og var það veiðihundi mínum að kenna. Er þér, náðuga frú, komuð inn hélt eg að eg í annað sinn stæði frammi fyrir hinni litlu vinkonu minni."

Frú Clara leit til hans, þó eigi mjög birst og sagði hlægjandi:

"Greifafrú de H, eða hvað?"

"Það gleður mig mjög að standa frammi fyrir hinni lifandi eftirmynd hennar."

"Og hvað munduð þér segja, háðfuglinn, ef eg annaðkvöld tæki litlu Becky með mér og kæmi henni á framfæri. Manninum mínum er það mikið áhuga-

mál, en ekki mér, því eg er, guði sé lof, þýzklunduð móðir. — Eða hvað, Drach?"

Baróinninn vaknaði sem af draumi. "Það er rétt, góða mín."

Janek reis á fætur.

"Hvað var það, sem mér datt í hug?" Hann hneigði sig djúpt og kysti hina litlu hvítu hönd.

"Henreka," ætti eg að hrópa í hjarta mínu, og aldrei frammar sakna Parísar."

## XII. KAPÍTULI.

Milli hinna lauflausu trjákróna glitraði hrímfrostið líkt of fint ofinn kniplingsvefur utan um Villa Florian. Frá hinum lýstu gluggum kastaði rósráuðum bjarma út yfir hinn snjóþakta garð, en kindlar loguðu beggja megin við grindurnar, þar sem fjórir þjónustumenn í dýrum skinnpregnum Strelitzar klæðum hneigðu sig fyrir gestum greifafrúar Dynar.

Vagnarnir komu fyr en varði fram fyrir húsdýrnar. Það var eins og menn varla gætu beðið þess tíma, að mega standa augliti til auglitis gegn þessum listamanni og töfrast af hljóðfegurð þeirri, er þegar hafði beitt hálfri veröldinni fyrir sigurvagn hans.

Allt stórmenni í X var þegar komið saman löngu fyrir þann ákveðna tíma.

Barónsfrú Gertner, greifafrú Kany og Flandern liðsforingi höfðu verið hin fyrstu "forvitnu", er Xenia tók á móti í salnum.

Frú Leonie hafði búið sig betur en nokkru sinni áður, og er hún faðmaði að sér vinkonu sína ástúðlegar en vandi hennar annars var og kisti á kinn greifafrúarinnar, varð henni litið í hinn stóra spegil, er sýndi báðar hinar fögru og tignarlegu konu-

myndir. Það var eins og henni hæfði þetta, því um hinar litlu varir frú Leonie hurfu nú báðir hinir skörpu drættir, er ætíð voru merki þess, að henni líkaði betur og þóttist bera hærri hlut.

Frú von Drach er var á gullbjörtum silkiklæðum tók á móti gestunum með mikilli vinsemd ásamt Xeniu og leiddi dóttur sína Beatrice fyrir frúrnar.

"Þetta er litla dóttir mín, er nú er orðin hærri vexti en eg og farið er að leiðast eftir ljósbirtu og kjólslóða," mælti hún brosandí. "Eg ætla í kvöld að biðja prinsessuna um leyfi, að mega taka Becky mína á mannfundi og samsæti, svo að eg geti í fyrsta sinn komið fram sem virðuleg mamma."

"Það er ágætt, ágætt!" mælti greifafrú Kany mjög ástúðlega og leyfði Beatrice að kyssa á handi hennar. "Þér gerið með því ungu mönnunum í kinn greiða, bezta barónsfúti. Það er svo mikill hörgull á ungum stúlkum meðal okkar fólks."

Flandern hneigði sig og brosti mjög alúðlega.

"Mér hefir auðnast sú ánægja, að verða hinn fyrsti til þess að heilsa yður, er þér komið meðal manna, náðuga ungfrú, og lít eg á það sem góða fyrirbending nánari kuningsskapar."

Becky hneigði sig eldrauð í kinnum og frú Leonie tók brosandí í handlegg hennar.

"Móðir yðar ennþá altóf ung, litla vinkona mín, og sjálf of gefin fyrir dansleiki, til þess að geta leiðbeint dóttur sinni. Eg sem er farin að eldast, hefi betra næði til þess og ræð yður því að aðhyllast mig. Eg mu nekki fara í kapp við yður, Becky litla."

"Volgan sopa og loðna húfu handa gömlu frúnni!" hrópaði nú Flandern og ýtti í mesta flýti fram stól handa "hinni öldruðu", en frú Clara hló dátt og tók undir handlegg dóttur sinnar og gekk



með henni fram að dyrunum, er greifi Ettishbach og frú hans komu nú inn um.

Greifafrúin leit forviða á hina fríðu ásjónu Beatrice, er í hinum hvítu fötum með rósrauðu böndum var yndisleg á að líta, og einhver nýbreytni í þessu samkvæmi.

“Dóttir yðar?” spurði hún með miklum einfaldnis svip; “er það mögulegt, bezta Clara. En góða vinkona, ætlið þér nú að hætta dansinum og gerast móðurleg forsjón dóttur yðar? Eg vona þó að þetta verði aðeins í kvöld.”

Frú von Drach brosti hæðnislega.

“Nei, það er svona, þér þekkið þá líka þessar brellur,” hugsaði hún með sjálfri sér, en bætti við hátt: “Nei, bezta vinkona, mér hefir komið til hugar að gerast “stilt”. Beatrice er nú seytján ára og á þeim aldri var eg brúðir. Þarna sjáið þér afleiðingarnar af því að giftast svona snemma. Fyr en varir er komin dóttir, er keppa má dans við, eins og við systur sína.”

“Orð þessi voru töluð hátt og heyrðu því margar þau. Greifafrú Kany fann að komið var við handlegg hennar, og þá er hún sneri sér við, hvíslaði Leonie í eyra hennar:

“Hefir þú tekið eftir því að þær eru báðar í ljósrauðum fötum?”

Sneri hún sér þá að baróninum, er var í fjörugri samræðu við mann hennar, og sló honum mjög gullhamra út af þessum “tveimur”, er hann nú yrði að taka undir föðurlega vernd sína.

Herra von Drach þakaði mjög alúðlega. Það virtist svo sem hann hefði tint saman öll riddaramerki sín, til þess að brynja brjóstið gegn öllu því, er á þessu kvöldi kynni að ráðast að honum.

Herra von Hofstraten leiddi konu sína fram fyrir

húsmóðurina, en fyrir aftan þau þyrptust saman fjölda margir Úlanforingjar; var þar fursti Heller-Huningen, er sló höndum saman, er hann sá Beatrice og mælti:

“Sé eg rétt í fölu skini mánans? Eg held eg þekki þetta ljúfa barn.”

Beatrice lá við að þjóta upp með þeim orðum: “Eg er ekki lengur neitt barn, mundu það!”

En rétt í því mundi hún eftir því að hún ætti yllilega að fyrirliða Donat, og því sneri hún hliðlaust að honum bakinu, en hafði þó áður sent honum halfgrett bros.

Greifafrú Xenia stóð undir einum Íjóshjálminum og voru þar all margir af gestunum hjá henni. Svo virtist sem hún hefði eigi sérlega hirt um búning sinn, er litið var til hinna annara kvenna, sem auðsjáanlega höfðu gert sér alt far um að bera hærra hlut í þessu turniment fegurðar og prýði.

Greifafrú Dynar hafði, þó skrítið væri, kosið sér dökkan búning; var það dimmblár silkikjól með samlitum slóða og voru guldregnar myndir ofnar um hann. Enginn skartgripur ljómaði á hálsi hennar; þar voru aðeins nokkrar fjólur, er prýddu hár hennar og brjóst.

Hún var eigi eins lagleg til að sjá og ella. Yfir inum föla svip hennar hvíldi einhver ískuldi, og í augum hennar lýsti sér við og við illa dulin reiði.

Frú Leonie og hin trúa fylgikona hennar, Kany greifafrú, litu eigi augunum af húsmóðurinni.

“Er það satt, bezta Kany, að August Ferdinand ætli sér í kvöld að láta Mrs. Goner koma hér?” spurði greifafrú Ettishbach reiðulega.

“Mér þykir ólíklegt að þessi manneskja sé svo óskammfeilin að koma.”

Hirðkonan ypti öxlum, En Xenia svaraði stillilega fyrir hana:

"Þau bæði hjónin Goner hafa þegið boðið, er eg sendi þeim fyrir hönd hais konunglegu tignar."

Barónessa Gertner lyfti hinu fagra höfði sínu og leit til Flandern.

"Hans tign virðist hafa lítinn grun um, hve lítið við hirðum um þessa konu og allan flokk hennar. Eg fyrir mitt leyti skal sýna að eg full-gömul til þess að hafa sjálfstæðan vilja, og vona eg að eg sé þar ekki einsömul í því máli. Ef Mrs. Goner eigi getur sjálf séð að henni er ofaukið herna, verðum við að sýna henni það."

"Það er alveg rétt," mælti Flandern.

"Mér liggur við að hlægja mig máttlausu, er eg hugsu til þess að Mrs. Goner var nýlega á grímudans, klædd eins og ungfrúin af Orleans! Hún sem er ensk! Ha, ha, ha!"

"Gott kvöld, vina mín!" Furstafrú Reusserk gekk fljótlega fram til Xeniu; dró hún á eftir sér afar langan slóða, og klappaði á herðar henni, eins og hún ætlaði að faðma hana að sér.

"Nú, hvar hafi þér manninn fræga? Á að geyma Janek Proczna þar til síðar meir? Eg sperti þegar augun upp í stiganum."

"Janek Proczna? Húsmóðirinn hefir boðið honum fyrir hálfri stundu síðan, til þess að gefa þjóninum nægan tíma til að koma silfrinu undan," mælti nú hirðkonan og ranghvolfdi í sér augunum.

"Koma silfrinu undan? Og hvers vegna?"

"Þetta er ágætt," tautaði Leonie fyrir munni sér.

"Hvers vegna! Er ekki Janek Proczna, eins og allir vita, Pólverji?"

"Þér talið í gátum, greifafrú. Eg bið yður að kíta dálítið til skynsemisleysis okkar."

“Þér viljið þó líklega ekki gefa í skyn — pólskan lipurleik í fingrunum?” mælti nú Flandern og skelli-hló.

Hirðkonan leit stórum augum til hans.

“Mér datt rétt núna í hug gömul saga,” bætti hún við og vaggaði hinu margskreytta höfði sínu á hinum skökku herðum. “Það er skríttla ein, sem faðir minn var vanur að segja. Ha, ha, ha! Honum var eitt sinn boðið til samsætis með pólskum manni, og það heldriháttar manni. Þegar vénið hafði stigið til höfuðsins á þessum Pólverja og losað um tunguhaft hans, stakk hann pentudúknum og borðbúnaðinum í vasa sinn og lét svo þessa skoðun í ljós: Pólverjinn er trúr sem hundur, en þó hann steli, það sakar alls ekki.”

Mikill skellihlátur var gerður að þessu. Leonie og Flandern voru sem agndofa, en greifafrú Ettisbach, frú von Tarenberg og nokkrir hinna yngri foringja tóku málstað Pólverjans og sóru og sárt við lögðu, að eigi væri til riddaralegri maður en Janek Proczna.

Xenia hafði eigi haft augun af hirðkonunni. Alt blóð hennar streymdi að hjartanu, og var sem skýlu drægi fyrir augu hennar. Er hún loksins sá eitthvað skýrara, varð henni litið til barónsfrúar Gertner.

Brjóst hennar reis og féll af þungum andardrætti og hún reis á fætur stolt og tignarleg. Nú vissi hún hverjar hendur þær voru, sem velt höfðu steininum á götu hennar og hvert höfuð hafði bruggað sár þessi, og nú sá hún hverjar hvatirnar voru. Skrítið logn kom yfir hana; hún fann sig vaxna hverri árás.

Nú voru vængjahurðirnar opnaðar og inn kom Janek Proczna.

Átta augu litu til hans. Var þá líkt og rafmagneisti færi um allan konuhópinn, og greifafrú Ettis-

bach kreisti fast handlegg vinkonu sinnar, Tarenberg, eins og hún ósjálfrátt ætlaði að nota hann sem verndarhlíf fyrir hjarta sitt.

En augu frú Leonie gengu sem örvaroddar til hins ljósbjarta höfuðs, er með ískaldri kurteisi sneri sér að þeim, er inn gekk. Enginn dráttur bærðist í andliti greifafrúar Dynar.

Baronessa Gertner beit á varirnar. Því næst hristi hún háðslega höfuðið framan í þrenninguna Reusserk—Tarenberg—Ettisbach, er virtist alveg frá sér numin, og hegðaði sér eigi ólíkt ungum skólastúlkum.

Úlanforingjarnir heilsuðu söngmanninum með háu ópi, líkt og gömlum vin, enda voru þeir nýkomnir frá ágætum miðdegisverði, er hann hafði haldið þeim, og voru því nokkuð glaðværir.

Heiler-Huningen tók undir handlegg hans og leiddi hann fram fyrir Xeniu, er á móti venju sinni gekk nokkur fet á móti gesti sínum.

"Það gleður mig mikið að þér hafið efnt orð yðar og veitt mér þá ánægju, að geta í húsi mínu leitt yður fyrir þeirra tign," mælti hún með hinni skæru, hægu rödd, og brosti um leið með mikilli kurteisi og vingjarnlega.

Janek Proczna svaraði hæversklega nokkrum orðum og kvaddi þá baróninn, er virtist hafa lagt alla hina sönnu gleði sína í fingurgómana, og reyndi með því fastlega að kreista hönd Proczna, að bæta nokkuð úr hinni viðhafnarmiklu kveðju.

Þá er Proczna gekk inn, hafði frú Clara bent Beatrice til sín. Hún leit nú upp til gestanna með mikilli eftirvæntingu og hneigði höfuð sitt hálf-kunnuglega.

"Greifafrú De H. biður að skila kveðju sinni," mælti hún með dularfullu augnaráði og brosti við.

Proczna laut hlægjandi niður yfir hina litlu hönd og svaraði:

"Mér hefir aldrei í lífi mínu fundist jafn mikið til hennar og í dag, náðuga frú, og vil eg leyfa mér að beiðast þess að þér vottið greifafrúnni og dóttur hennar þakklæti mitt."

"Hve skemtilegt var þetta 'eigi!'" Clara leit sigri hrósandi umhverfis sig, eins og hún ætlaði að segja: "Hafið þið heyrt þetta? Brjótið nú heilann um, hver þessi greifafrú de H. er."

Becky hneigði sig bezt hún kunni, en þó var eins og hún héldi niðri í sér hlátrinum og svipur sá, er hún sendi söngmanninum líktist eitthvað hálfgerðu samæri.

Barónninn stóð á baka til við Proczna, og snerti lítið eitt handlegg hans og bauð honum að koma honum í kunningsskap við þá, er þar voru staddir. Proczna gekk við hlið vin Drach frá einni konunni til annarar og var honum heilsað með brosleitum og hýrum svip, þar til hann loksins kom að frú von Hofstraten, er tók heldur fast í hönd hans og mælti:

"Það gleður mig, að þér eruð hér. Þér hafið líklega einhverjar nýungar að segja frá París".

Proczna brosti og leit fyrsta sinn á konu þessa. er honum virtist eitthvað einkennileg.

Hin dimmu augnahár Proczna liðu nú aftur niður sem slæður. Fyrir augum hans ljómaði dýrindis gullofinn búningur, með marglitum fiðrildum, dregnum á fellingarnar. Hann sá marmarahvíta hönd, er lét hina útslegnu veifu líða hægt niður og honum tókst að ganga áfram og heilsa stuttlega.

Þá var sem glampaði á eitthvað, er klingjandi féll á gólfteppið. Það var armband, er hafði losnað og féll nú af handlegg barónsfrúarinnar fram fyrir fætur Pólverjans.

Janek flýtti sér að taka það upp og rétta það að eigandanum, er snögglega gaut augunum til hans.

Eins og eldur fór þetta augnatillit um hann allan. Frá því er hann síðast hafði sungið í Parísarborg, hafði hann eigi orðið fyrir slíkri kveðju frá konu-  
augum.

Xenia var hin einasta er tók eftir þessu.

Þjónn einn skýrði nú hirðkonunni frá því, að vagn furstafrúarinnar væri fyrir framan húsdyrnar. Greifafrú Kany gekk út í forsalinn, en alt hitt fólkíð myndaði hring, til þess að taka kurteislega við þeim, er þau gengu inn.

Anna Regina gekk nú inn við hönd manns síns.

Líkt og flóktandi fiðrildi leið hún við hlið hins riddaralega manns síns. Hið konunglega heimilis riddaramerki leiftraði á brjósti hans, og höfuðið með hinu snögkklípta skeggi, bar vott um staðfestu og þrótt.

Rétt áeftir gengu þau inn greifafrú Kany og Goner foringi, aðstoðarmaður prinzens; var með honum kona hans; hún var föl og grannvaxin og leyndi sér eigi hinn enski uppruni hennar.

August Ferdinand leit glaðlega til allra þeirra, er voru honum kunnugir, og svo til Janeks Proczna, og var þá sem einhver brosandi velvildarsvipur skini úr augum hans.

“Þér hafið búið okkur mikla skemtun í kvöld, náðuga greifafrú,” mælti hann nú til Xeniu og tók vingjarnlega í hönd hennar. “Við erum næstum forvitin eins og börnin, sem aðeins sjá jólatréð gegn um skráargatið.”

Greifafrú Dynar leit fastlega í augu hans.

“Já, yðar konungslega tign,” svaraði hún. “Má vera að þér og margir aðrir muni verða hissa, og að líkt fari fyrir yður og börnunum á jólakvöldin, er

þau búast við miklu, en sjá þó meira. Oftlega eru líka óvæntar gjafir, er veita gjafaranum meiri gleði, en þeim er á móti tekur."

Barónsfrú Gertner tók eftir þessu, en prinsessan svaraði hlæjandi:

"Þér eigið þó, vænti eg, eigi við hrísluna, greifafrú? Því sumar þeirra eru mjög meinlausar ásýndum með öllu gullprjáli sínu og marglitu böndum — þar til menn fá að finna til þeirra."

Augu Leoniu leiftruðu.

"Og þá er það of seint, yðar tign, að komast undan þeim," svaraði hún og brosti mjög sakleysislega. "Þær skilja því miður menjar eftir sig."

Xenia yfti aðeins öxlum.

"Einungis á bókum þeirra, barónsfrú, er með undirferli reyna að koma sínu fram," svaraði hún háðslega. "Eg fyrir mitt leyti hefi aldrei verið hrædd við birkihrísluna, þó að eg fyllilega trúi einhverju hefnandi, er siðferðislega sveifli henni, jafnvel yfir stórum börnum."

"Guð komi til, bezta greifafrú! Þér talið mjög heimspekilega," greip forsetafrúin fram í með ákefð, en stóð svo á fætur og rýmdi fyrir Önnu Reginu, er nú kom frá samtali sínu við frú von Drach og prinsessu Reusserk.

Hin tigna frú leit spyrjandi og hálf skelkuð á hið alvarlega hugsandi andlit Augusts Ferdinand og lagði hönd sína á handlegg greifafrúarinnar og spurði:

"Fáum við að heyra dálítinn söng, vina mín? Mér mundi þykja fjarska gaman að kynnast ofurlítið Janek Proczna."

"Leyfir yðar konunglega tign, að eg leiði hann fram sjálf persónulega?" Og Xenia gekk tignarleg



máli þeirra yfir til sönmannsins, er stóð við dyr gluggsvalanna og talaði í lágum rómi við Becky.

Hönd frú Leonie studdist skjálfandi við handlegg Kany, en augu hennar fylgdu ósjálfrátt hinni tignarlegu konu. Hún sá að Xenia gekk til Pólverjans og talaði hægt nokkur orð til hans, og að Proczna hneigði höfuð sitt og rétti greifafrúnni höndina.

Köld og stolt leiddi Xenia hann fram til þessa tignarlega fólks, en svipur hans leit út yfir það, er það veik til allra hliða og myndaði tvær raðir.

“Yðar konunglega tign mun leyfa mér að leiða þér fram söngmanninn Proczna, sem eigi aðeins er stjúpsonur föður míns, heldur ríkisgreifi Hans Stefán Dynar, erfiherra að Proczna.”

Xenia talaði skýrt og skilmerkilega og leit um leið fyrirtillega til Leonie.

Skyndilegt og ákaft fát fór nú líkt og sjávarbrim um alla þá, er viðstaddir voru, og heyrðist eigi til annara en frú von Hofstraten, er hún hrópaði upp yfir sig: “Hvað gengur á! Í hamingju nafni!” og til greifafrúnna Ettisbach og Tarenberg, er voru frá sér numdar af undrun.

August Ferdinand sjálfur var eigi síður hissa og starði á greifafrú Dynar, eins og hann hefði séð eirhverja ofsón. “Janek Proczna bróðir yðar!” hrópaði hann, og án þess að bíða svars rétti hann mjög vingjarnlega höndina að hinum unga manni og bað hann hjartanlega velkominn.

Proczna hneigði sig djúpt niður yfir hönd prinsins og afsakaði dularnafn sitt, og sneri sér því næst mjög kurteislega að Önnu Reginu, er prinsinn leiddi hann fram fyrir.

Það var eins og að hann kendi í brjósti um hana, er hin dökku, stóru sakleysisaugu hennar litu til hans, hjálparlaus og barnsleg. Honum virtist að hann

héldi í hendi sér litlum fugli, og fyndi hjarta hans berjast af angist.

Proczna hafði á ferðum sínum um heiminn lært að þekkja mennina. Augu hans höfðu skerpst og hann sá til botns gegnum uppgerð og fyrirslátt. Andlit Önnu Reginu var sem opin bók fyrir honum, er eigi aðeins væri fróðlegt að blaða í, heldur og að kynna sér blað fyrir blað.

Önnu Reginu kom alls eigi til hugar, að hið litla föla andlit hennar og hin einarðlitla kveðja hefði vakið svo mikið athygli þessa manns, og það löngu fyr en hann vissi af hvort hún ætti við nokkra mótstöðumann að stríða.

Konur herdeildarforingjanna þyrptust nú um ríkisgreifa Dynar og sýndu honum mikla kurteisi, en hinir drambstömu foringjar föðmuðu hann með miklum fögnuði að sér, og Drach frændi hans var svo frá sér numinn af gleði, að hann í einhverju hugsunarleysi í fyrsta sinn drakk tevatn sitt sykurlaust.

August Ferdinand þrýsti hönd Xeniu í annað sinn og mælti brosandí:

“Þér hafið gert mig alveg forviða, greifafrú! Sjáið þér ekki hversu allar gullflugur og fiðrildi eru handsamaðar af honum?”

Xenia svaraði hálfgerst utan við sig. Frá því hönd Proczna hafði snert hana, var sem ljósrauð rák kæmi á ný fram á hendi hennar, og eins og hún ennþá fyndi til keyrishöggsins, er nú um mörg ár hafði sem nagandi eitru sviðið í hjarta hennar. Hún strauk ósjálfrátt um hina silkimjúku hönd, eins og að hana langaði til að má burtu endurminningu þessa.

Hún heyrði hina hlæjandi rödd Janeks Proczna. Gaukseggið lá í hreiðrinu — um allan ókominn tíma.

## XII. KAPITULI.

August Ferdinand leiddi Janek Proczna að hljóðfærinu og bað hann að gleðja þakkláta og forvitna áheyrendur með hljómandi perlu úr hinum ríka fjársjóð sínum.

Án nokkurs uppburðarleysis, eins og hann hefði verið meðal góðra kunningja, settist nú erfiherran að Proczna við hljóðfærið og lét fingur sína leika sem snöggast um það.

“Eru nóturnar í íreglu?” spurði Drach frændi er nú í ósköpum snerist um stjörnu sína. “Hvar eru þær? — Hver hefir tekið við þeim?”

“Eg þakka yður mjög, bezt frændi. Eg tek aldrei nótur með mér á ferðalag, en fer eins og gaukurinn, er lætur aftur augun, af því að hann kann sönginn utan bókar.”

“Syngur eins og fuglinn á grein sinni,” mælti frú Ettisbach með mikilli tilgerð.

En August Ferdinand tók nú framí og mælti:

“Ef þér þurfið einhvern til að leika undir með yður, þá þykist eg viss um að frú Goner muni gera sitt bezta. Hún leikur sjálf ágætis vel.”

Hann hneigði sig mjög vingjarnlega fyrir foringjafrúnni, er stóð að baki manns síns.

Fínum roða sló yfir andlit hinnar ensku konu. Hún leit niður og lét hin dökku augnahár síga. En alt í einu gall við hin hvella rödd barónsfrúar Gerner, er mælti:

“Yðar tign er óbetranlegur háðfugl!” Var þá eins og ískald vatn færi um hið fyrsta litla vinsemdarblóm, er henni hafði verið rétt meðal þessa ókunnuga fólks.

Proczna leit á báðar konurnar og háðslegt bros lék um varir hans. Hann stóð enn eitt sinn upp og hneigði sig fyrir frú Goner.

Liðu þá hendur hans yfir nóturnar með forspili.

Anna Regina hafði sezt niður og bent Xeniu og frú Leonie til sín. Kreisti hún hendurnar um veifuna og hlustaði frá sér numin á hina ágætu rödd, er nú hljómaði um salinn.

Proczna hætti nú söng sínum, reis á fætur og sneri sér brosandí að tilheyrendunum. Leit hann fyrst til hinnar niðurlútu greifafrúar Dynar og þá til Önnu Reginu og forsetafrúar Gertner. Heyrðist fyrst mikið fagnaðaróp umhverfis hann. Allir klöppuðu lófum, nema systir hans. Hendur hennar láu kyrrar í kjöltu hennar, eins og að hún hefði orðið að steini.

"Mótmælið þér, greifafrú?" hvæsti í eyrum hennar.

Xenia leit hægt upp á hið flyssandi andlit hirðkonunnar.

"Hvernig það?"

"Þér hlífið hönskum yðar."

Kaldur hlátur heyrðist frá greifafrúnni, er hún með leiftrandi augum svaraði:

"Pólskur maður verður jafnan sjálfum sér líkur! Eg ætla fyrst að telja silfurskeiðarnar mínar áður en eg fer að kaupa lárvið."

"Guð varðveiti mig, kæra vinkona! Þér hafið líklega ekki misvirt spaugsyrði mín? Hversu gat eg vitað að þér væruð svo náskyld þessum fræga söngmanni."

"Janek Proczna er hvorki náskyldur mér, né hitt, það er ekkert sameiginlegt blóð í æðum okkar."

"Það er nú dagsatt. Hann er af pólskum ættum. Eg hélt að það væri alt tilbúningur — þó vel settur saman." Og greifafrú Keny gekk nú fram til þeirra, er stóðu utan um stjúpson Dynar greifa og mælti með hárrí raust: "Nú fyrst fræðist eg um"

það af greifafrú Dynar, að þér, öfundsverði maður, eruð af pólskum ættum. Það virðist svo sem örlög-in hafi viljað strá út yfir yður öllum sínum einkenni-legustu gjöfum, til þess að vekja athygli manna á yður. Mér er mjög vel til Pólverjanna, og eg veit engan skáldskap indælli, en þann; sundurskotnir fán-ar veifa til okkar frá rústum Osterlenkas."

Frú von Hofstraten sperti upp munn og nef.

"Alt eintóm hræsni," tautaði hún fyrir munni sér hægt, en af beztu sannfæirngu.

"Þér eruð Pólverji?"

Barónsfrú Gertner rauk upp sem kólfi væri skot-ið og leit mjög hýrlega til Proczna. Þá dró hún hægt gullkeðju úr barmi sínum og hélt hlæjandi fram peningi þeim, er hékk við hana. "Lítið á hve tilfinningar okkar eru líkar. Frá því eg gekk í skóla hefi eg borið mynd Augusts hins sterka á brjóstinu, sem einskonar lánspening."

Frú Leonie roðnaði undan svip þeim, er hann sendi henni. Janek laut snöggvast niður og leit á peninginn.

"Því fer betur, barónsfrú, að aðdáun mín fyrir þessum ágæta forvígismanni riddaraskaparins hefir slegið svo föstum rótum hjá mér, að ekkert fær hagg-að þeim. Og eg er stoltur af því, að þér hafið falið honum á hendur hamingju yðar og kyssi í nafni Au-gustusar konungs hina fögru hönd yðar."

"Hún er nú þegar búin að fanga hann," mælti riddaraforingjafrúin við greifafrú Ettisbach og hnipti í handlegg hennar.

"En segið mér, bezta greifafrú, hvernig á að greiða úr neti því, er spunnið hefir hina huldu þræði sína milli ættar yðar og þessa fræga söngmanns?" spurði nú August Ferdinand og strauk að vanda skegg sitt og leit brosandi á Xeniu. "Eruð þér

skyldar stjúpróður yðar þrátt fyrir hið pólska blóð hans?"

Allir þyrptust nú að og hlustuðu. Janek brosti og studdi sig við stólbakið.

Xenia beit fast á varirnar, svo leit hún upp stoltlega, en sendi Proczna alt annað en vingjarnlegt augnaráð.

"Yðar konunglega tign býst sjálfsagt við mjög fróðlegum þætti úr æfisögu Dynargreifanna," svaraði hún brosandi, "en þér munuð líklega verða hissa að heyra svona einfalda ráðning gátunnar. Ætt hálkur minn og stjúpróður míns eiga ekkert skylt saman. Hann er pólskur, eg er þýzk. Að því mér er kunnugt voru þó feður okkar tengdir nánú via áttubandi og Hans Stefán var arfleiddur af þabba, til þess að hann skyldi halda við nafni okkar, er var að deyja út."

Heyrðist nú lágur hlátur.

"Hve ranglát þér eruð, Xenia."

Proczna reis á fætur og leit í augu hennar og skein út úr þeim hlífðarlaus þrjóska. "Þér ætlið að draga yfir það, sem fróðlegast er í æfisögu minni. Eg veit að vísu að yður er þar margt miður kunnugt og skal eg bæta úr þessu. Æskusaga mín, konunglega tign, er hið einasta er eg þykist stoltur af, því hún felur í sér alt það, er þarf til skáldlegrar tilveru ængmannsins."

"Það er ágætt, beztu Proczna! Segið frá," mælti þrinzinn, en greifafrú Kany sendi Xeniu leiftrandi augu og gekk svo ásamt hinum konunum til þrinzins.

"Eg bið yðar konunglegu tign," mælti Proczna, "að hugsa yður á þessi leið: Afargamla turnum þrýdda höll, langt í burtu í einveru hinnar austurþrúsnesku heiðar. Snjóhríðin hvín og skekur trén í skógunum. Engin stjarna, ekkert tungsljós lýsir

hinni dimmu nótt. Gegnum snjó og kulda berjast tveir vegfarendur fram til frelsandi ljósskins hallarinnar. Annar þeirra er karlmaður, er vefur hinni tættu kápu sinni að pilti, er virðist yfirkominn af kulda, en á eftir gekk kona, og vaggaði út á hliðarnar af þreytu, klædd í tötra; vesælir og örvinglaðir héldu hinir pólsku flóttamenn leiðar sinnar. Í höllinni var þeim tekið með mikilli gestrisni. Greifinn lyfti syni uppreistarmannsins að brjósti sínu og hét þess, að hann skyldi ganga honum í föðurstað, þar til flóttamaðurinn kynni einhverntíma að snúa aftur, þá er hinn ljómandi frelsisdagur rynni upp yfir Pólandi og ný konungskóróna myndaðist á rústum Ost-erlenkas. — Sonur beiningamannsins og uppreistarmannsins, er örlögin gáfu nýtt ættland, greifakórónu og lárviðarhring, til að bæta upp föðurmissinn — hinn kviklyndi maður, er eigi má segja afhendis sér hið pólska blóð sitt og syrgjandi fer land úr landi — þessi öfundsverði ógæfumaður er Janek Proczna, stjúpbróðir griefafrúar Dynar.”

Með leiftrandi augum leit hann á hið gullfagra höfuð. Hann hafði búist við, að Xenia mundi blikna, líkt og þegar hann fleygði gulli sínu og titli fyrir fætur henni, þá er hann sleit sundur bönd þau, er hún ætlaði að gera að fjötrum. En honum hafði skjátlast. Að vísu stóð nú greifafrú Dynar grafkyr og hálfgerst utan við sig af blygðun og skelfing, en svipurinn á andliti hennar benti á eitthvað annað. Það virtist ganga algerlega fram af henni, og augnaráð hennar virtist lýsa takmarkalausri aðdáun.

Hún gekk fram til hans og leit upp til August Ferdinands.

“Eg vona að yðar konunglega tign taki stjúpson föður míns í samkvæmi vort og sýni honum sóma, mildi og velvild, eins og hann væri borinn Dynar

greifi. Eg mun ábyrgjast að hið pólska óróablóð hans berst í sannarlega þýzklunduðu hjarta."

Prinzinn svaraði mjög vingjarnlega: "Hér þarf eigi að lofa neinu. Janek Proczna er mér þegar kærari en nokkur annar greifasonur. Að því er snertir hið þýzka hjarta hans," bætti hann við og leit vingjarnlega til hins unga manns og tók í hönd hans, "þá ætla eg að hinn sami maður, er hefir þor og þrek til þess að kannast við atburði umliðins tíma, muni eigi heldur bregðast hinni fósturjörðu sinni, er hann á svo mikið að þakka."

Var nú brátt aftur farið að tala um sönglistina. Önnu Reginu lángaði til að heyra eitthvað af uppáhaldslögum sínum — "Rós og þyrnar".

Proczna sneri aftur að hljóðfærinu. Hann hafði aldrei sungið þetta lag eftir nótum, en ætlaði þó að reyna það. Hljómmiklir tónar heyrðust nú og roðasteinninn, er prýðilega var greyptur í fingurgull á litlafingri hans, virtist að senda frá sér purpuralita eldingu. Hægt, og líkt og væru óumræðilegir kveinstafir, hóf ná Proczna uppáhaldssöng prinsessunnar.

Hin tigna frú studdist við handlegg Leonie og hlustaði sem í draumi á hina fögru tóna.

Þegar söngmaðurinn var búinn, leit hún til hans og voru tárin í augum hennar. Alt útlit hennar var algerlega breyt, ekkert benti nú lengur á hina kjarklausu, mæðulegu konu, er kom fram sem skuggi í samkvæmi þessu. Það virtist sem barnið hefði alt í einu orðið að fullorðinni konu.

"Ætlið þér að standa lengi við hjá okkur?" spurði barónsfrú Gertner í hálfum hljóðum.

Proczna hristi höfuðið og svaraði brosandi: "Hugur minn verður hér eftir, þó eg sjálfur fari burtu."



“Það er ósk prinsessunnar að þér dveljið hér um nokkrar vikur og — er ekki svo, yðar tign, þér eruð vanar því að óskum yðar sé fylgt, eins og skipunum?”

Rómur barónsfrúarinnar var nú eitthvað ein-könnilega bitur og Proczna virtist hún taka heldur ráðríkislega í hönd prinsessunnar.

Hinn fríði svipur á andliti Önnu Reginu var nú horfinn. Hún leit upp til vinkonu sinnar hissa og hálf-ekelfd og mælti:

“En, bezta barónsfrú, eg bið yður. — Herra Proczna veit að það mundi gleðja mig stórlega, ef hann stæði við hjá okkur um stund. — Nei, nei, eg vil ekki neyða hann til þess.”

Augu hennar litu yfir til August Ferdinand, eins og hún vildi vita, hvort hann hefði hlustað á samtali þeirra.

“Það má eigi heita nauðung, yðar tign, heldur er það öllu fremur mikil sæmd fyrir söngmannina, er svo fagurlega hefir sungið upáhaldslag yðar,” mælti barónsfrúin með talsverðri skerpu í röddinni. “Hví skylduð þér leyna óskum yðar? Eg þekki þær betur en nokkur annar. Og ber því upp boð mitt í yðar nafni.”

“Pólskt blóð er of heitt og pólskt lundarlag of þrjózkt til þess að þola nokkra nauðung, og það jafnvel eigi sjálfur hæverskunnar. Eg kem og fer eins ráðlaus og halastjarnan á himninum. Dýrð alls heimsins getur ekki haldið mér kyrrum, en ef til vill sólarbirta fagurs auga. Ef þetta Norðurlanda Babel heldur mér föstum í fjötrum sínum, þá er það eigi hégómadýrð, heldur töframagn fegurðarinnar, er vinnur sigurinn. Og þess vegna,” sagði hann og snei sér að prinsessunni, “bið eg yðar tign, að láta ekki berast út, að mér hafi sérstaklega verið boðið

að bíða hér, því það væri hið vissasta ráð til að flæma mig á burtu fyrir fult og alt."

Proczna hneigði sig djúpt fyrir prinsessunni og horfði fastlega á andlit hennar. En hún leit upp til hans, líkt og sá, er sloppinn væri við einhverja dauðans angist, og þakklætið skein út úr augum hennar.

Proczna hafði nú lesið úr hinni fyrstu síðu af æfisögu Önnu Reginu og honum þótti nú sem hann réði nokkru um hversu fara mundi síðar.

Becky stóð í gluggaskoti og starði á Donat frænda, er flögraði um Xeniu greifafrú, eins og fiðrildi umhverfis blóm.

Einhver skuggi hvíldi yfir þessu litla yndislega andliti. Hún hafði hugsað sér lífið á annan hátt.

Höfðingjafólkið hafði að vísu talað vingjarnlega til hennar, og konurnar höfðu heilsað henni og foringjarnir höfðu sagt henni margskonar skrítlur. En þó fanst henni lítið koma til alls þessa. Hana langaði til að tala alvarlega við Donat og vildi að hann breytti við sig alveg eins og við Xeniu. Og nú sá hún hann varla. Stundum kleip hann í handlegg hennar í sþaugi, eða deplaði augunum til hennar og lét eins og að honum lægi við að skella upp yfir sig, þegar hún var svona alvarleg. Nei, það fór fjarri því að hann hefði bætt sig.

"Því ertu svona alvörugefin, Becky litla?" var sagt við hlið hennar.

"Becky sneri sér að þeim sem talaði og var aumleg á svipinn.

"Æ, kæri góði Proczna. Hann hirðir ekki hið minsta um mig."

Proczna skildi þegar hver þessi "hann" vár.

"Það er ópolandi. Eg held eg verði að tala lítið eitt einslega við þennan herra."

Becky leit hálf-vantrúa til hans.

“Eg hefi mikillega móðgað hann, en mér varð það óvart.”

“Hver rækallinn! Hvað hafið þér sagt um hann?”

“Það skal eg segja þér á morgun. Þessi hæðni Flandern er að líta hingað og hlusta.”

“En heyrðu, hvernig þætti þér, ef eg setti duglega ofan í við hann, fyrir meðferðina á þér?”

Becky varð náfól af skelfingu. “Nei, kæri Proczna, eg vona að þú gerir það aldrei!”

“Hví ekki? Eg kann jafnvel að snúa hann úr hálsliðunum.”

“Hví hann? Nú hló hún dátt að þessu.

En Beatrice sá að þetta var alt eintómt spaug.

Hellar-Huningen stóð og sneri upp á varaskegg sitt, meðan Proczna söng sorglegt lag um rós og þyrna o. fl. Því miður skildi furstinn lítið af öllu þessu, því hann var lítt að sér í sönglistinni. Becky stóð í turnherberginu og virtist vera jafn kynleg, og var sem hinum unga furst þætti það mikil skemtun.

Dynar-greifinn, að öðru nafni Janek Proczna, hafði nú lokið við söng sinn og fengið mikið hrós fyrir. Það virtist sem þeim litist hvoru á annað, forsetafrúnni og honum. Xenia varð alvarlegri og þögull og virtist stundum sem hugur hennar væri einhverstaðar langt í burtu.

Donat fanst sem hann væri kominn í maurabú. Hann var einn allra hér, er ekki kunni neitt til sönglistar. Gekk þá Proczna til hans og lagði hönd sína á herðar hans og mælti:

“Góði Huningen, er það satt, að þér ekki lítið við hinni yndislegu litlu Beatrice, en beitið því, er aldrei mun festast á fiskur?”

“En við hvað eigið þér?” stamaði Donat einurðarlítið.

Lengra komst hann ekki, því konurnar söfnuðust utan um Janek.

“Segið okkur, er það satt, að keisarafrúin sýndi yður mikla velvild, þá er þér voruð í Parísarborg?” spurði greifafrú Ettisbach mjög einfeldnislega.

“Ekki var nú laust við það.”

“Og þér fenguð nokkur riddaramerki?”

“Nokkur! Eg fékk eitt á hverjum morgni með kaffinu.”

“Þér eruð að gera að gamni yðar,” sagði greifafrú Tarenberg og sperti upp nefið. “En það veit eg, að þér hituðu ofn yðar með öllum hinum rósrauðu bréfum, er þér fenguð.”

“Það er misskilningur, náðuga frú. Forlög bréfa verða miklu merkilegri.”

“Hversu þá?”

Allir héldu nú niðri í sér andanum og hlustuðu.

“Eg samdi við Ítalíukonung, að hita upp Vesúvíus með þeim.”

“Nú skil eg margt, er mér var áður óljóst,” greip frú Hofstraten fram í og var þá hlegið mikið.

Þjónarnir opnuðu nú vængjahurðirnar og var þá gengið til kvöldverðar.

Barónsfrú Gertner stóð hjá prinsessunni og hvíslaði nokkrum orðum að henni.

Anna Regina bauð með skjálfandi röddu, Janek að koma til sín.

#### XIV. KAPITULI.....

August Ferdinand leit hissa og forviða á konu sína, er svo skyndilega fleygði fyrir borð öllum hirðsiðum.

En hún leit undan og Reusserk fursti, er ætíð var

vanur að sitja við hlið prinsessunnar, setti á sig ólundarsvip. Sneri prinzinn sér til hans og mælti brosandí:

“Heiður þeim er heiður ber, minn kæri Reusserk! Í dag er ekki Marz, en Appollo æðstur í ráði guðanna, og “það sem konan vill, það vill guð”, segja Frakkar. Látum því hina fögru list sitja í öndvegi við borð vort í dag.”

Og prinzinn vísaði nú herdeildarforingjanum til sætis við hægri hlið Önnu Reginu, en settist sjálfur gagnvart henni, milli frú von Drach og greifafrúar Dynar.

Það var mjög kátt og fjörugt við þann enda hins skrautlega lagða borðs, er frú von Hofstraten, greifafrú Ettisbach og frú von Tarenberg sátu, með hinum ungu foringjum.

Forsetafrú Gertner hafði sezt við hina hlið Proczna og var það eigi nema eðlilegt, þó hann sýndi henni mikla alúð.

Hljóðfæraflokkur Úlanriddaranna lék ýms lög í næsta sal og heyrðist því samtal þeirra, er við borðið sátu, fremur óljóst.

Leonie lyfti upp höfði sínu og virtist sem hana væri að dreyma.

“Eruð þér hjátrúarfullur?” spurði hún hlæjandi.

“Já, þegar eg lít inn í ljómendi konu auga, þykir mér sem eg horfi ofan í djúpann, djúpann sjó, er tveir hvítir armar teygjast upp úr, til þess að draga mig niður til sín.”

Svo virtist sem Leonie eigi heyrði svar hans. Hún hleypti hinum dökku augnabrúnum niður yfir augun og sneri ósjálfrátt hinu gullna armbandi, er var haldið saman með þunnri keðju um handlegg hennar.

“Sjáið þér? Lásinn er í sundur. Hann sprakk um leið og þér genguð að mér.”

“Og það á að boða eitthvað óhapp, ætlið þér?”

“Er eg lofaðist, lagði festarmaður minn þetta armband um handlegg minn og læsti því með þar til gerðum lykli, er hann síðan þar í bandi um hála-  
inn. Var það barnslegur leikur, en þýðingarmikill. Armbandið er í stað trúlofunarhringsins. Svo lengi sem það heldur, svo lengi er hamingja og ást á heimilinu.”

“Leystur fjötur!” Janek leit skritilega á frú Leonie. “Það er líkt og í kvæðinu um vesalings gamla konunginn, er tók sér unga drotningu,” sagði hann hægt fyrir munni sér. “Það er einhver alvarlegur, en þó óendanlega yndislegur skáldskapur í hinum fornu kvæðum, er tala um bannaðar ástir og brostin bönd. Sæll er sá hirðsveinn, er fær að halda uppi kjólslóða drotningarinnar og rjúfa fjötrana um handlegg hennar og deyja með henni.”

Augu Leonie leiftruðu. Þá leið hið fagra höfuð hennar niður á brjóstið.

“Sæll er sá, sem aðeins þekkir þennan skáldskap af kvæðunum einum,” sagði hún lágt. “Hvers vegna segja menn “vesalings” um hinn gamla konung, þó hann tæki sér unga drotningu. Ef að Heine hefði getið litið í hjarta drotningarinnar, mundi hann vissulega hafa kent meira í brjósti um hana, en hinn aldraða, hégómlega sérgæding, er vildi þrýsta vorinu að brjósti sér og hugleiddi eigi, að hvert ástarblóm visnaði fyrir ísköldum kossum hans.”

Djúp þýðing lá í orðum forsetafrúarinnar, en enn dýpri í augnaráði því, er hún sendi Proczna. Janek þekti orð þessu lík, og hafði oft klappað saman lófum að þeim á hinum frakknesku leikhúsum.

Hann tók hægt hið háa kampavínsglas og lyfti því upp.

"Eg aumka enga konu, sem elskuð er, og sízt hina ungu drotningu, er fann hirðsvein, nógu ungan og sterkan til þess að rjúfa fjötra hennar. Eg drekk því minni framtíðar-söngsins." — Það var einhver töfrandi kraftur í rödd þessa manns. Það var eins og að hann hefði vafið töfraneti um huga hennar. Og svo hló hann — svo glaðlega og nær því gaukslega.

Leonie dró andann djúpt. Hún skildi nú að Parísarborg hafði fagnað þessum eldlegu augum, og að braut þessa manns hafði verið stráð eintómum rauðum rósum. Og hann, þessi nafnfrægi maður, sat nú við hlið hennar og hvíslaði ástarorðum í eyru hennar.

Hún leit yfir til Xeniu. Hún vissi að hin köldu augu störfðu á hana, hún sá að kinnar greifafrúarinnar lituðust, er Proczna hóf upp og tæmdi glas sitt.

Brjóst Leonie svall nú af tilfinningu óendanlegs fagnaðar. Erfiherran að Proczna leit eigi til nokkurrar annarar konu en hennar.

"Þér ætlið þá að standa hér við um stund?" spurði hún fljótt.

"Aðeins þar til þér sjálfkrafa leysið mig úr töfraböndum, er þér hafið fjötrað mig í," svaraði hann brosandi.

"Þá fer líklega fyrir yður líkt og Henrik keisara í Isenstein. En vel á að minnast, ef þér hafið einhverja ósk, er þér viljið fá framgengt, þá snúið yður til mín og eg skal koma til leiðar hverju sem þér viljið."

"Þér eruð alúðar vinkona prinsessunnar?"

Hálfgert hæðnisbros lék um varir forsetafrúarinnar.

“Orðið vinkona er mjög ótiltekin hugmynd,” svaraði hún. “En eg hefi í flestu talsverð áhrif á þessa einföldu, litlu sál og er eg jafnan, guði sé lof, búin og boðin til þess að vera nokkurskonar forsjón hennar.”

“Það er svo!” Greifi Dynar brosti og starði um stund niður í hið freyðandi kampavínsglas. “Eg skil. Hver mundi geta staðist slíkan töframátt og innilegleik, sem hér er?”

Hún hló nú og mælti:

“Við konur höfum ekkert töfravald hver yfir annari, að minsta kosti eigi svo, að það megi sín nokkurs. Eins og hér stendur, er eigi um annað að ræða en persónulega yfirburði.”

“Það er þá aðeins mátturinn, er á að ráða! En hve fúslega mundi eigi hver og einn knéfalla fyrir yður, þarónsfrú.”

“Beztu greifi!” hrópaði nú August Ferdinand brosandí. “Systir yðar, greifafrú Xenia, stendur á því föstu, að hún hafi sem barn haft eldrautt hár og að kveikja hefði mátt á eldspítu við það. Er þetta aðeins tilbúningur einn, eða helber sannleikur?”

Proczna leit á höfuð Xeniu og yfti öxlum.

“Eigi rankar mig við því, yðar konunglega tign, enda er nú svo langt síðan. Í mínum augum er rautt eða ljósleitt hér um bil hið sama. Eg hefi því miður lítið vit á germaniskri litblöndun.”

“Barónsfrú! Svo framt að yður sé nokkuð vel til hinna gömlu vina yðar, þá vona eg að þér leyfið mér að drekka yður til.”

Hljóðfæraslátturinn gall nú við og yfirgnæfði hláturinn og háreistina.

Það var eins og ískaldur gastur færi um kinnar Xeniu, og þó var svo heitt í salnum að við köfnun lá.

Því skyldi Proczna beita sér fyrir sigurvagn þeirr-



ar einustu manneskju, er greifafrú Dynar fyrirleit og hafði andstygð á, og er hún sízt allra ann að slíkur sómi sé sýndur. Ann? — Er það þá nokkur heiður eða hamingja að verða fyrir hylli söngmannsins Janeks Proczna? Hafa hinar stoltu og hrokafullu konur, er eigi álíta sér samboðið að dansa við fótgönguliðsforingja, snögglega orðið heyrnarlausar og blindar, þar sem þær nú keppa um eitt einasta augi atillit frá syni hins pólska flóttamanns.

Nei, því rétt núna höfðu þær reynst alt annað en heyrnarlausar, er þær voru frá sér numdar af nokkrum sönglögum og hugsunarlaust klöppuðu lof í lófa.

Proczna söng vel, aðdánlega vel, en var þá fyrir sakir fárra sönglaga hægt að gleyma ætterni söngmannsins. Slíkt getur ekki greifafrú af Dynarættinni.

“Hve hann hlær! Og hve les hann eigi með leiftrandi augum orðin af vörum þessa fagra orms, er sáur við hlið hans og vefur hann tálsnörum daðursins.

Anna Regína tekur nú þátt í viðtali þeirra. Hið föla andlit hennar verður rjóðara og eitthvað meira fjör færir yfir hana.

“Því miður hefi eg lítið vit á germaniskri litblöndun.”

Það er eins og hæðnishlátur suði fyrir eyrum Xeniu. Það er eins og bergmál liðins tíma hrópi þessi orð: “Og hvorugt mun sakna hins”. Nei, nei, hann saknaði hennar eigi, svo mikið var auðsætt.

Xenia hálf-hrökk við, er August Ferdinand sneri sér að henni og spurði hana, hvort Janek Proczna væri góður reiðmaður. Ætlaði hann að bjóða honum á dýraveiðar.

Var nú staðið upp frá borðum og stóðu meðan í smáþyrpingum og ræddust við.

Á meðan stóð á kvöldverðinum, hafði Donat eigi haft mikið næði til að athuga hvað fram fór. Hann sat allfjarri litlu Becky og sá því óglögt til hennar.

Það var hálfskritið, að hann varð nú að skoða hina litlu stúlku sem væri hún fullorðin kona. En var hún í raun réttri eins lagleg og Proczna hafði viljað gefa í skyn, er hann fyrir skömmu talaði nokkur orð við hann? Eigi var þó ólíklegt að hann mundi vera manna færastur að dæma kvenlega fegurð. En var hún annað en stelpukrakki, þó vel mætti vera, þegar alt kæmi til alls, að hin litla frænka hans væri sú stjarna, er menn í hinu hálfsiðaða Þýzkalandi hefðu litla hugmynd um.

Hann fór nú að virða hina ungu stúlku nákvæmlega fyrir sér, er hafði vakið svo mikla athygli Janeks Proczna.

Við hlið Xeniu leit hún vissulega út eins og perluhæna við hlið tigulegrar álfar, en þó var hún mjög fríð, ungleg og blómleg ásýndum. Hinn ungi foringi hugsaði sér enn einu sinni að reyna Proczna, og sýna hinni ungu stúlku meiri og auðsærri blíðleik en ella. Hann tók upp glas sitt og hneigði sig fyrir Becky. Í fyrstu sá hún það ekki, en er Donat lét ósk sína berast frá manni til manns til Becky, leit hún snöggast til hans, roðnaði og ljómaði af ánægju. Þá er kvöldverðinum var lokið, gekk hann samstundis til hennar.

Becky stóð fyrir aftan móður sína, er jafnan hélt henni við hlið sér, og leit til hans með miklum blíðleik.

“Má eg kyssa á hönd yðar, litla frænka?” Þá glamraði í sporum Donats, er hann hneigði hið vel reidda höfuð sitt og brosti eins vinalega og ástúðlega og honum var eðlilegt: “Hvers vegna sátuð

ér svo fjarri mér við borðið? Eg gat varla komið auga á yður."

"En þér drukkuð mér þó til," greip hún fram í "og hneigðuð yður fyrir mér! En hvað eg var glöð yfir því!"

"Vorud þér það?"

"Já, eg sá af því, að þér vorud eigi lengur reiður við mig."

"Eg reiður!" — Donat lyfti efri vörinni svo að skein í hinar hvítu tennur undir varaskegginu; en svo var hann jafnan vanur að gera, er hann var hissa. "Það hefir mér alls ekki komið til hugar. En, frænka litla, segið mér, hvað eigið þér við?"

"Nú, yður dettur það þá ekki í hug?" — Beate varð nú léttara um. — "Jæja, guði sé lof, eg r farska ókurteis við yður!"

"Þér? Nei, litla frænka Becky. En segið nú, að þér hafið aðhafst."

Hún laut niður hinu litla höfði.

"Munið þér ekki eftir því, að þér tókuð í fléttuna mína. Munið þér eigi eftir hvað eg sagði þá?"

Donat mundi alls ekkert til þess.

Becky lét nú hökuna síga dýpra niður á brjóstið, en dökkur roði litaði kinnar hennar.

"Nei, verið ekki að þessu. Þér eruð reiður. En það var ekki sagt í því skyni, er sagði: "Þér óskammfeilni maður", eða hvað það nú var, þá —"

"Óskammfeilni maður? Nei, þetta er hreint ágætt, hreint ágætt!" Og fyrsti Heller-Huningen hringbeygðist af hlátri. "Vitið þér hvað, Becky litla, þér eruð óviðjafnanleg stúlka."

Hún starði á hann stórum augum.

"Þér hafið þá ekki þykst af því?" sagði hún allveg hissa.

Hann studdi báðum handleggjunum á stólbakið og leit nú mjög alvörugefinn á hana.

“Alls ekki! Eg er mjög glaður,” sagði hann með einhverjum uppgerðar hátíðasvip. “Hver sá, sem séð hefir jafn mikið af heiminum og eg og lesið blóm allra landa, hann einn kann að meta það. Trúið mér, Beatrice, eins og eg met mikils vopnið í hendi karlmannsins, eins mikið þykir mér og koma til herópsins frá vörum lítllar, elskuverðrar stúlku. Hvorttveggja hvetur mig jafnt til sigurs.”

“En, Donat, þetta skil eg ekki.”

“Og ekki heldur eg,” hugsaði Huningen. En hann lét ekki í ljós hugsun sína, en tók á sig mjög djúpan hyggmissvip. “Þér munið líklega heyra ýmislegt frá munni mínum, er kann að gefa yður ástæð til að hugsa.”

Becky fórnaði höndum og virtist vera hálfbrædd.

“Nei, kæri Donat, talið þér í guðs nafni ekki svona óskiljanlega til mín. Eg veit ekkert verra en þá menn, sem svo gera.”

Hvað þá? Þetta voru ávítur, er hinn ungi fursti aldrei fyr hafði heyrt. Glettnin skein út úr augum hans, og vænt þótti honum um þessa barnslegu aðdáun; hann líkti sér við kött, sem strokinn er um bakið. En nú kom honum alt í einu nokkuð til hugar.

“Becky,” mælti hann með nokkrum þykkjusvip, “vitið þér hver stúlkan frá Dom Romi var?”

Hin unga stúlka tók andköf af eintómri skelfingu.

“Eg skal spyrja Miss Davenport í kvöld,” svaraði hún.

“Becky, vitið þér hvað “torso” er?”

“Nei, í guðs nafni, hvað er það?”

“Becky, hvar stendur Emilia Galotte?”

“Hún má mín vegna standa fyrir framan ráðhúsið í Bremen,” svaraði hún með miklum þykkjusvip og stappaði í gólfið með hinum litla fæti. “Þér haldið líklega að þér hafið leyfi til þess að prófa mig eins og einhvern stúdent, sem gengur undir próf? Eg er alls ekkert skólabarn og þarf ekki að læra meira en eg þegar hefi lært.”

Einhver ánægjutilfinning kom yfir hinn unga foringja. Loksins hafði hann hitt þann fyrir, er hann sjálfur gat komið í bobba. Þetta var alt annað en Xenia frænka hans, er var vön að slá höndum af örvæntingu og skoða hann sem hinn tapaða son. Nú var annað, fursti Heller-Huningen bar úr bítum lærvið, þar sem hann alt til þessa aðeins hafði skorið upp þistla.

Hann leit á hina ungu stúlku með þessum ómótstæðilegu augum, er oftast en einu sinni höfðu unnið kraftaverk.

“Viljið þér að eg framvegis sé vinur yðar, er þér ætíð getið, ef á liggur, leitað upplýsinga hjá?” spurði hann, og var auðséð á svip hans, hve vænt honum þótti um samtal þetta.

Hún hneigði höfuðið og var sem gengi fram af henni.

“Þá skal eg þegar strax útvega mér miðalda orðabók, og svo — og svo get eg sjálfur skýrt yður frá, hvernig liggur á ungri stúlku, er ástin kviknar í hjarta hennar.”

Janek Proczna slagaði sig með endalausum afsökunum milli kjóslóðanna, er líkt og marglit blóm fjóla vafðist um fætur hans.

“Hvert á nú að halda, greifi?” spurði Anna Regina brosandi.

“Að því er eg nú heyrði, yðar konunglega eign, þá virðist frú Gover leika ágætlega á hljóðfæri. Eg

ætlaði mér að láta í ljós aðdáun mína og einnig biðja hana fyrirgefningar, að eg eigi hafði gert það fyr."

"En sú er afsökun mín, að eigi er hægt að líta alt í einu út yfir hinn stirnda himinn."

Prinzessan hneigði vingjarnlega höfuðið og var sem hún þakkaði honum. En Leonie flýtti sér fram og hvíslaði með hæðnisbrosi:

"Að tala til frú Gower? Að biðja hana fyrirgefningar. Heyrið mér snöggvast!"

"En, kæra barónsfrú, látið hann fara. Vesalings konan stendur þarna svo einmana," greip Anna Regina fram í og var augnaráð hennar biðjandi.

"Eg bið yðar tign eigi að ónýta áform mitt," hvíslaði barónsfráin á bak við veifurnar. "Annars ábyrgist eg ekki nema að leikurinn "Don Carlos" fái sorglegan viðbæti." Sneri hún sér þá að Proczna, er heyrt hafði hvert orð af þískri hennar, og mælti til hans:

"Leyfið mér nú í fáum orðum að skýra fyrir yður spil það, sem hér er leikið."

Hún benti honum með veifunni að koma, og gerði Proczna það, en leit fyrst til Önnu Reginu, er nú var gersamlega breytt á svipinn.

"Eg hefi ekki tíma að skýra alt málið fyrir yður," mælti Leonie og brosti sakleysislega; "það verður eigi gert nema einslega í herbergjum mínum. Viljið þér koma til mín?"

"Þér hafið, að eg ætla, litla ástæðu til að efast um það," svaraði hann þurlega.

"En ef þér komið, er það þá sem vinur?"

"Vinátta er of dauft orðatiltæki fyrir þann mann, er hefir pólskt blóð í æðum sínum og einnig fyrir þá, er svo er djörf í óskum sínum."

Nú fór titringur um Leonie.

“Hatur og ást blossa vissulega upp í glóandi logum, en þau brenna og til dauða.”

Hún hló skrítilega.

“Þér knýið bát yðar gætilega að hinni sléttu strönd. En mín freista stormurinn og öldurnar.”

“Hve eg vildi að eg hefði ferjumann, er tæki mig með sér.”

“Ferð mín er hættuleg og óviss. Sá er dirfist að stýra á hið litla skip mitt, má búast við að stranda á klettunum, og ef til vill sogast niður í dýpið. Viljið þér hætta á það?”

Hæðnisleg áskorun lá nú í orðum hins unga manns, en Leonie sá aðeins hin dökku leiftrandi augu hans, en ljómi þeirra var sem drægi úr skini vana-legrar skarpskygni hennar. Andlit hennar var dreyr-rautt og með deyfð af eitruðu blómi svaraði hún í flýti:

“Takið söngva yðar á skip og vindur og bára munu hlýða okkur. — Farið nú og daðrið hvar sem þér viljið, en þó eigi við frú Goner.”

“Segið mér stuttlega, hví þér eigi æskið þess?” spurði hann.

“En, guð komi till! Goner foringi hefir alveg gagnstætt vilja mínum og almennings ósk Úlanriddaranna verið tekinn til aðstoðarmanns prinzens, og því hefir og frú Goner verið neytt upp á hið sérstaklega samkvæmi vort.”

En Goner virðist vera ágætur og framúrskarandi foringi.”

“Mér stendur það á sama, hve mikill hermaður hann kann að vera, en í samsætum er hann þegjandalegur og leiðinlegur, og það er fyllilega nóg til þess að fá óbeit á honum. Og úr því að svo er, að maðurinn vill eigi fara sjálfkrafa, þá verður kurteislega, en skýrt, að vísa honum á dyrnar.”

“Þetta er ágætt, ljómandi, barónsfrú!” mælti Janek hlæjandi. Þetta er ágætur bragðaleikur, er eg mun trúlega aðstoða yður við. En hver er sá, er á að vera í stað Goners?”

“Hinn litli vinur Flandern, er verður að komast til æðri tignar. Hann er mesta prúðmenni og vel fær um að takast stöðu þessa á hendur; svo má eg tala við hann.”

“Og gáfaður?”

Leonie ypti öxlum.

“Hvernig á eg að vita það? En herdeild hans er betri en flestar hinar og svo er hann átrúnaðargóð liðsmanna sinna. Hann kann og manna bezt að koma fyrir veizlum og skemtiferðum; auk þess málar hann yndislega með vatnslitum — eintómar veifur.”

“Þá skal það verða Flandern og enginn annar en hann. Mér dettur nokkuð í hug. En eg skal leika svo á frú Goner, að hún gleymi að koma aftur. Á næstu söngskemtun ætla eg að biðja hana að leika undir fyrir mig, og skal eg þá syngja svo að fari um hana og gera þvilíkt hneyksli að nægja mun.”

“Ágætt, bezt greifi!” hrópaði nú barónsfrúin. “Þessi gikkur skal finna til þess.”

“En sjáið nú svo til, máttuga, að henni verði boðið.”

“Verið hægir.”

“Eg sé menn eru að fara. Verið sælar þar til við sjáumst aftur á morgun, barónsfrú. Eg kem til yðar svo fljótt, sem eg get.”

Xenia stóð eins og þegar samkvæmið byrjaði og tók kveðjum gestanna.

Janek var hinn síðasti, er hneigði sig fyrir henni. “Eg þakka yður fyrir ágæta skemtun, Xenia,” mælti hann brosandi. “Eg hefði aldrei trúað því, að svo



hlý vetrarsól skini hér svo norðarlega." Og þá liðu augu hans til Leonie, er var að fara út úr dyrunum.

"Varið yður á henni! Hún blindar augu þau, er altof lengi og með miklu trúnaðartrausti horfir í geisla sólarinnar," mælti hún kuldalega, en þó einhvernveginn á annan veg en venja hennar var.

"Er yður þá svo ant um mig?"

"Ekki meira en svona almennur mannkærleiki býður. Ef ferðamaður sefur á gjáarbarmi, þá læt eg vekja hann og vara hann við."

"Þá látið þér gera það, en mig gerið þér varan sjálfar? Hafið þér gleymt, greifafrú, að undir hátíðabúningi söngmannsins býr sonur uppreistarmanns og förumanns?"

Hann mælti þessi orð í hálfum hljóðum og einblíndi um leið á hana. En svo keyrði hann höfuðið stoltlega aftur á bak og sneri sér að Drach-fólkinu, er bauð honum að vera gestur þess þann tíma, er hann dveldi í borginni.

Proczna þáði boð þetta með þökkum, en er hann ávarpaði Xeniu, leit hún þegjandi niður.

Hann gekk nú út úr herberginu og flýtti sér út fyrir tröppurnar. Flestir vagnarnir voru farnir og eigi aðrir við garðshliðið en vagnar Proczna og Goners.

Hin enska frú var að fara inn í vagninn, en maður hennar stóð hjá og borgaði vagnstjóranum.

Proczna gekk til hennar og mælti með mikilli kurteisi: "Leyfið mér, náðuga frú, að hjálpa yður."

Birtan frá vagnluktunum féll á hið litla, föla, társtokkna andlit.

"Eg bið yður mikillega fyrirgefningar, að eg nú fyrst hefi tækifæri til að nálgast yður, en eg vona að eg geti bætt úr því, með því að heimsækja yður bráðlega. Verið sælar."

Hann hneigði sig og lyfti hönd hinnar ungu frúar að vörum sér, kvaddi aðstoðarmanninn og gekk yfir að vagni sínum.

“Og eg þakka yður,” mælti hún fyrir munni sér, og þá dundi hófatak hestanna um hina steinlögðu götu.

Proczna hallaði sér aftur í hinar mjúku vagndýnur og þrýsti hinni hvítu hönd sinni að enninu, en augu hans stórðu hugsandi út í myrkrið.

Ennþá var morgunsólin ekki komin upp, en þó virtist honum einhver fyrirboði morgunroðans skini gegnum náttmyrkrið.

Greifafrú Xenia starði og hugsandi upp í himininn. Hún stóð í turnherberginu. Alt var þögult og kyrt, en í brjósti hennar ómaði ennþá bergmál hinna aðdánlegu tóna.

Líkt og daggardropar höfðu þeir fallið á hjarta hennar; það var aðeins stundleg harmabót, en nagandi eitur á hinni þögulu næturstund.

Xenia hafði ósjálfrátt gengið að hljóðfærinu, er hendur hans höfðu nýlega farið um. Hún lét hendurnar leika um nóturnar, en einhver ískuldi fór um hana.

Förumaður! Sonur pólsks uppreistarmanns!

Já, það þurfti sannarlega eigi lítið þrek til þess að geta kannast við sannleikann frammi fyrir þessu drambsama, tigna fólki, og troða undir fótum alt það er heimurinn tilbiður sem eitthvað guðlegt. Hún sá fyrir hugskotssjónum sínum Janek Proczna, hinn háa, riddaralega mann, með hinu fargra höfðu og hvelfda brjósti, er eigi vildi riddarakrossa eða stjörnur, því hvað voru þau á móti gulli því, er lá í barka hans. Hví skyldi einmitt þessi maður hafa verið hafinn upp

úr dustinu? Hví var einmitt hann lagður á þrep-skjöld hinnar Dynaröku hallar?

Það fór einhver skjálfti um líkama hennar, er hún stóð þarna dreymandi. Hún leit til salsins. Nei, hún var einsömul, einsömul!

Hví fann hún nú svo mikið til þessarar þjakandi byrðar einverunnar? Hún hafði þó aldrei fyrir þekt til slíkrar tilfinningar. Jú, einu sinni áður — þegar erfiherrann að Proczna fór burt út í heiminn, stoltur, þrjár og einbeittur — eini maðurinn, er hún varð að lúta fyrir.

Ljósinn blöktu og skuggar þeirra léku um hana hvítu dyratjöld.

Fyrir aftan hana heyrðist hægt fótatak.

Xenia hrökk við eins og hrætt barn.

Þjónarnir hörfuðu undan hessa og felmtsfullir.

“Við ætluðum að slökkva ljósin, yðar náð.”

Greifafrúin leit snöggvast til þeirra og gekk svo til herbergis síns. — Fjólurnar í hári hennar voru visnaðar, en í djúpi hjarta hennar var eins og lítið grænt blað, einurðarlítið og efandi, gægðist upp undan ís og snjó, líkt og glaður boðberi vorsins.

## XV. KAPITULI.

Prinz Reusserk, er var ofursti Franz-Úlan-riddaranna, var alkunnur að því að vera einhver hinn bezt reiðmaður, er og héldi herdeild sinni í mjög góðu lagi. Úlanriddara hans voru því orðlagðir fyrir reiðmensku sína og aðra yfirburði. Hve stoltir voru eigi bæði foringjar og dátar, er Franz-Úlan-riddarnir voru öllum öðrum riddaradeildum fremri, þá er hinar miklu heræfingar fóru fram. Mátti þá heyra marga aldraða og reynda hershöfðingja tala um hina

djörfu og ofdirfskufullu reið Reusserka. Húrra fyrir Úlanriddurunum.

Hið gamla reiðsvið þótti nú eigi lengur nægilega stórt, og hafði því prinz Reusserk látið gera annað, er betur hæfði kröfum tímans.

Bygging þessi var sérstaklega notuð á veturnar. Og var það hér, að foringjarnir æfðu sig í íþróttum þeim, er þeir síðan urðu svo frægir af.

Eftir miðri byggingunni lá allbreið braut, er var á báða vegu girt limgarði, en fyrir öðrum enda hennar var veggur gerður, er hestarnir skyldu stökulova yfir.

Tálmanir voru hér alveg hinar sömu og á heræfingasviðinu. Var fyrst einfaldur, þá tvöfaldur limgarður, svo var múrveggur og þá breiðir skurðir.

Pallur, eigi allíftill, var meðfram hægri hliðarveggnum og var hann ætlaður áhorfendum, er sjá vildu æfingar og íþróttir foringjanna. — Var þar því oft fjörmikil og góð skemtun.

Úrval hinna beztu kappreiðarhesta dansaði yfir hinn slétta völl, og allmikið margmenni var þar saman komið; fjöldi skrautlegra vagna fór í sífellu um hinn steinlagða veg fram undan byggingunni.

Greifafrú Kany var komin með barónsfrú Gertner. Hafði hún eldrauðan hatt á höfði og þykkan loðkraga um hálsinn. Gengu þær fram að pallgrindunum, litu út yfir reiðsviðið og heileuðu til allra hliða.

Flandern heilsaði Leonie, lét setja fram stóla handa þeim og settist svo sjálfur snöggvast hjá þeim.

Nú heyrðist glamra í sporum. Gekk þá inn furstafrú Reusserk ásamt manni sínum og nokkrum yngri foringjum. Var hún klædd í reiðföt og hólt á hinum langa slóða á handleggnum. Settist hún niður og varp öndinni mjög mæðulega.

“Góðan daginn, kæra Kany! Góðan morgun, barónsfrú! Guði sé lof að eg get aftur rétt úr fótunum! Nú í tvær stundir á Satanella! Það er meira en vanalegir vöðvar geta staðist! Og svo er eg auk þess glörhungruð. En heim fer eg með engu móti. Eg verð fyrir hvern mun að sjá Proczna ríða.”

“Hafið þér damask með yður, furstafrú?”

“Hver veit nema söngmaðurinn kunni að detta af baki!”

“Eg vona, kæri Sensfield, að eigi komi til þess.”

“En vel á að minnst, mínir herrar, hestar Proczna komu rétt núna, og er einn þeirra arabiskur — mesta ágætis dýr.” Og Hechelberg kysti frá sér munninn á þumal- og vísifingri.

Nú fór sem rafmagnsstraumur um flesta Úlanforingjana.

“Góðan morgun, náðuga frú! Góðan morgun, ungfrú! “Yðar auðmjúkur þjónn, Becky,” gall nú við í öllum áttum, þá er Donat og Beatrice stigu út úr vagninum.

Greifafrú Dynar, Ettisbach og Tarenberg, er riðið höfðu nokkrum sinnum kringum reiðhúsið, hleyptu nú hestum sínum að pallinum til þess að heilsa konunum, er þar voru saman komnar.

Xenia reið gulgráum gæðingi og voru taumarnir úr hvítu silki, en á höfuðólarnar var saumað hið Dynarska skjaldarmerki. Sat hún prýðilega á hestinum, og hinn einfaldi búningur hennar stakk mjög í stúf við hinn ungverska búning meðreiðarkvenna hennar.

Hinar báðar konurnar — hinar óaðskiljanlegu, eins og þær voru nefndar — voru jafnan eins klæddar, þó liturinn væri annar.

En Xenia hirti eigi um marglitann búning, er hún sat á hestbaki. Hið eina skraut hennar var, eins og nú, hvítur blómskúfur.

Káttur hlátur og almenn hreyfing við reiðhúsdýrnar boðuðu nú komu frá von Hofstraten. Hún reið stórum apalgráum hesti inn á reiðsviðið og komst tafarlaust yfir rallar tálmanirnar. Var að því gerður góður rómur, og komu þá næstir fursti Heller-Huningen og Weyer Sensfield.

"Proczna kemur!" heyrðist nú hrópað frá pallinum og barst mann frá manni.

Greifi Hechelberg gaf öllum foringjunum bendingu: "Gerðu nú yðar bezta, herrar mínir. Verðum að sýna Parísarborgar manningum, hvernig Franz-Úlan-riddararnir ríða. Ha, ha, ha!"

Proczna gekk þá inn og kvaddi þá er nærstaddir voru með mikilli alvöru og kurteisi, og bað prinz Reusserk leyfis að mega fara inn á reiðvöllinn.

Þyrptust nú allir að honum og buðu hann velkominn með miklu fagnaðarópi.

"Nú, Proczna, ætlið þér að freista hamingjunnar?" spurði Hechelberg greifi brosandí. "Hér er við Úlanriddarana að tefla. Eruð þér ekki hálf-smeikur um að þetta verði heldur um of fyrir hross yðar?"

Proczna ypti öxlum brosandí, og Xenia, er ásamt hinum konunum hafði ríðið fram til hans, hló einnig.

"Ekki skaðar að reyna, bezti greifi. Hestar mínir hafa þegar reynt svo margar þrautir, að eigi er ólíklegt að þeir einnig kunni að duga hér."

"Það er jafnan gott að vera hughraustur. En heyrðu þér, söngmaður, hafið þér nokkru sinni ríðið yfir tálmanir?"

"Getur verið að eg stundum hafi rekist á ræsi og hefir Arabi minn komist klakklaust yfir þau."

"En vitið þér eitt?" greip nú Weyer fram í og sló á öxlina á söngmanninum. "Arabi yðar er sjálf-

sagt ágætt dýr, en svo lízt mér á hann, að áhætta sé að ríða honum í veðreið."

"Það má vel vera að hann hafi sína galla," svaraði Proczna; "en hann mun þó stillast."

Prinz Reusserk gekk nú að pallinum, rétti hann Proczna hendina og bauð hann velkominn í vinahóp.

Xenia mjakaði nú hinum gulgráa hesti sínum nokkuð til hliðar. Var ekki laust við að henni stundum þætti sem ísköld hönd legðist að brjósti sér. Hana hrykti við að hugsa til þess, ef Pólverjinn kynni að meiðast. Slíkt var óþolandi. Fyrir nokkrum dögum mundi hún hafa fagnað yfir ósigri hans, en nú fanst henni að þetta mundi gersamlega fara með hugsjón hennar um karlmannlega yfirbúrði, er smámáman, en hægt og hægt höfðu myndast í sál hennar. Hana langaði til þess að geta sagt eitt vinsamt orð til hans, en hann leit ekki til hennar, en gekk við hlið Reusserk fram að pallinum og heilsaði konunum. Var jafnvel eigi laust við að hann rendi augum til barónsfrúar Gertner, er leit hýrum, brosandandi augum til hans.

Hestur Xeniu þrjónaði; hún hafði ósjálfrátt kipt í taumana.

"Við skulum fara af baki, beztu greifafrú Dynar, og setjast á pallinn," kölluðu nú báðar hinar "óaðskiljanlegu" með leiftrandi augum. "Það virðist sem Proczna sé að steypast með Araba sínum."

"Jæja, kæri Proczna, þér viljið þá fyrir hvern mun leika allar listir vorar?" spurði Flandern, er stjúpsonur Dynar greifa reið inn á völlinn á Araba num. "Jussuf yðar er enn eigi hinn sami eftir járnrautarferðina og mun ef til vill koma yður á kaldan laka."

"Eg get varla gert annað en hálsbrotið mig."

"Proczna! Lítið fyrst á breidd skurðanna.  
Haldið þér að —"

"En á eigi að hleypa yfir þá að endilöngu?"  
mælti Proczna brosandí.

"Þetta er ágætt. Það má sjá, að þér eruð hér  
heldur ókunnugur. Áfram þá!"

Báðar dyr reiðhússins voru nú opnaðar og var  
svð hleypt af stað kringum bygginguna.

Var það fögur sjón á að líta. Öll riddarasveitin  
þeysti nú fram yfir girðingar, múra og skurði.

I annari umferð komu þeir fursti Heller-Huning-  
en fyrstir inn um dyrnar. Arabinn þrjónaði, með  
löðrandi beizlið, og frísaði frammi fyrir veggnum.  
Proczna keyrði hann sporum og Jussuf sendist yfir  
vegginn inn á reiðvöllinn.

"Ágætt!" hrópaði nú prinz Reusserk, er horfði  
á veðreiðina frá pallinum. Hann laut fram höfðinu,  
eins og að hann eigi tryði augum sínum, og hjarta  
hans barðist ag gleði, er hann sá slíkan riddara, þó  
eigi bæri hann einkennisbúning Úlana.

"Þetta er töfrandi sjón!" kallaði frú Leonie og  
kreisti handlegg Xeniu líkt og skrúfstykki. "Þannig  
hlýtur hinn heilagi Georg að hafa þotið af hæðum  
niður til þess að frelsa greifafrú Júlíu! Svo hlýtur  
og Michael Scott, vofuriddarinn, að hafa trampað  
jörðina fyrir framan Louriel!"

"En, góða mín, þér eruð alveg utan við yður!"  
æpti greifafrú Kany. "Og hvað segið þér, yina mín,  
um þennan aðdánlega bróður yðar? Þér eruð lík-  
lega jafn hrifnar, eins og frúin litla?"

"Eg verð á engu hissa og fer því hægt. Eg vissi  
að Proczna var meistaralegur riddari."

"En þetta er ótrúlegt! Janek lætur hækka  
stengurnar um þrjú göt!"

"Hestur hans ber langt af öllum hinum."



"Lítið á Reusserk á leiksviðinu!"

"Sjáið! Proczna hleypir honum!"

"Ágætt! Ágætt! Þetta er árans stökk! Arabinn hefir vængil!"

Reusserk fór á eftir honum. "Húrra! Ágætt stökk. Eg hefi ætíð sagt yður að Demetrius lætur ekki leika með sig."

"Takið alt af reiðsviðinu. Fram með bik-tálmánirnar!"

Riddararnir sneru undan að pallinum og varð þá mikil glaðværð.

"Nú, Proczna, hvernig reynir það á hnúana, að halda í við Úlanriddarana?" spurði Hechelberg brosandi.

"Enn mun eg standast það stundarkorn."

"Sjáið þér biktálmanirnar þarna? Hvernig lízt yður á? Eruð þér til með að reyna þetta? Hvað haldið þér að Arabi yðar segi til þessa?"

"Eg ætla að litlu varði. Alt til hefi eg ekki spurt hann ráða."

Á miðja brautina var nú dregnn fléttaður járnþráður, en milli hans var fyllt með hampi, er biki var helt á. Var svo kveikt í þessu og sló loganum hátt í loft upp.

"Fram, herrar mínir!" kallaði Reusserk.

Hestarnir frísuðu, er þeir sáu logann, þutu út um dyrnar og kringum bygginguna, til að koma inn hinumegin, og ruku í stórum stökkum gegnum eldinn og reykinn. Þetta var hræðilegt, en þó fögur og mikilfengleg sjón.

Proczna hafði numið staðar fram með reiðsviðinu og æpt hástöfum lofsorð sitt.

"Komið þér á eftir?" spurði Reusserk, er hann og nokkrir aðrir námu staðar við enda brautarinnar.

“Auðvitað, herra ofursti. Lífvarðarforingi vill sjaldan láta á sér standa.”

Nú sló í djúpa þögn á pallinum. Proczna hleypti fram. Arabinn þrjónaði fram með loganum, en Proczna knúði hann sporum, og í einu stökki fleygðist Arabinn með riddarann gegnum eldinn. — Enn einu sinni hleypir Proczna hesti sínum og nú stökk Jusuf viðstöðulaust yfir hina logandi tálmun.

“Þetta var prýðilega gert!” hrópaði Heller-Hunningen og tók í hönd Proczna.

Þegar reið þessi var loksins búin og riddararnir höfðu safnast saman fram undan pallinum, þakkaði prinz Reusserk gestunum fyrir góða skemtun, en konurnar voru frá sér numdar af undrun.

En Hechelberg fór með vasaklút sinn um hið feita og eldrauða andlit sitt og mælti: “Hestur yðar hlýtur að hafa lært íþróttir sínar á hringsviði reiðmanna, því ella mundi hann eigi hafa látið svo undan yður.”

“Það er einmitt svo, herra foringi. Jussuf hefir verið taminn þa og unnið margan sigurinn.

“Skýrið frá! Skýrið frá! Hvaðan er hesturinn?”

Uppi á pallinum færðu nú allir stóla sína saman og hlustuðu með mikilli athygli.

Janek mælti: “Þessi fjörugi stökkhestur er að minsta kosti hirðlegur, því keyri það, er þeygði hinn stolta svíra hans, var skreytt með keisaralegri kórónu.”

“Nú, nú. Í Parísarborg. Oss grunaði svo! En haldið áfram, Proczna.”

Proczna klappaði hægt á háls hestinum.

“Að því er eg man., góðir herrar og dómamar, þá hafa jafnvel hin þýzku fréttablöð skýrt frá, að í Parísarborg hafi verið myndað reiðmanna hringsvið,

þar sem allir íþróttamennirnir eru aðalbornir. Þetta er auðvitað aðeins þeirra á milli. Og ekki man eg til að eg hafi nokkru sinni séð meiri listakonu á trapez en greifafnú de Belleboeuf, eða betur gendið á stálþræði, en frú de Rouget gerði; hertogafrú de T. lék með silfurkúlur og madame de Taffy reið ágætlega, en hertoginn af Larochevoucauld var framúrskarandi loddari."

"Þetta er stórkoatlegt! Ágætt! En hveð gerðu hinir mennirnir? Hvað gerðu þeir?"

Proczna ypti öxlum og brosti við.

"Alt það sem vant er að sjá á slíkum stöðum, að greifarnir de Dennont stukku yfir fjórtán hesta og hertoginn af Valence!"

"Hvað gerði Proczna? Það langar oss um fram alt til að vita."

"Janek Proczna reið á ósöðluðum hesti, dömur mínar."

"Huningen, styðjið mig; eg ætla að rjúka um koll," orgaði Hechelberg með bylmingsrödd, en Donat klappaði saman höndunum og lá við að springa af hlátri.

"Þetta er óviðjafnanlegt. Það er nú í annað sinn, að þessi maður lætur oss vinna fyrir gíg. Hér höfum vér nú riðið í tvær stundir, til þess að sýna honum íþróttir vorar, en þá fræðir hann oss á því, að hann ríði ósöðluðum hestum í tómstundum sínum. Ha, ha, ha! Eg sting upp á því að við höldum sneypfir heim."

Aldrei hafði verið svona glatt og fjörugt á reiðvellinum sem þetta kvöld.

"Er eigi til neinn lárviðarþringur? Það verður að sæma Proczna!" hrópaði frú Leonie með tindrandi augum. "Ef eg hefði blómekúf yðar, greifafnú, mundi eg þegar nota hann."

"Hver hefir sagt yður, að eg eigi ætli svo?"

Xenia tók nú blómsveiginn af brjósti sínu og leit til Proczna. Aldrei hafði hið ljómandi andlit hennar verið jafn fagurt á að líta, þá er hún mælti: "Þetta er hið eina sæmdarmerki, er eg get gefið Janek."

Proczna færði höndina, er rétti honum blómin, til vara sinna, lét síðan blómin í hnappagatið, leit snöggast til frú Leonie og mælti: "Eg vona að blóm þessi kveði ekki um ís og kulda í vetur."

"Að því er eg veit boða þau vorið," svaraði Xenia stuttlega, og var eins ig einhver skuggi færi yfir andlit hennar. "Þá er við tínum blóm, hversu kuldaleg og föl þau annars kunna að vera, er þó að öllum líkindum hinn lengsti og dimmasti hluti vetrarins liðinn."

"Í þessum skilningi, Xenia, mun sæmdarmerki yðar vera mér sem dýrgripur, því það segir mér, að jafnvel í hinu kalda norðri komi þó loks vorskrúði vonarinnar fram úr snjó og ís."

Hneigði hann sig þá fyrir greifafrú Dynar, en augu hans liðu þangað, sem frú Leonie stóð.

Xenia sneri sér við.

"Þér komið í kvöld, Proczna?"

"Annaðhvort lífs eða liðinn, barónsfrú."

"Og þér leggið eigi neitt í sölurnar. Eg syng lélega. Ætlið þér að vera þolinmóður? Svarið mér með hönd yðar á hjartanu."

Hann hafði tekið af henni hinn litla handsökk og þrýsti honum að brjósti sér. "Endalaus þolinmæði."

Blómskúfurinn féll til jarðar, til þess að verða troðinn undir fótum hestanna. Proczna tók ekki eftir því.

En Xenia sá það. Þytur og suða hvína fyrir eyr-

um hennar, er hún leit blómskúfinn. Henni þótti sem blóm þessi væru orðin að eplablómum þeim, er hún eitt sinn sló niður af uppáholdstré Janeks og tróð undir fótum.

Ískaldur gustur fór um palldyrnar. Greifafrú Dynar reis á fætur og bauð að koma með vagn sinn. Donat kvaddi hana vingjarnlega, en hún hneigði höfuð sitt alvarlega og gekk á burtu. Janek Proczna virtist hún ekki sjá.

## XVI. KAPITULI.

Þá er kappreiðinni var lokið, hafði Proczna með mikilli kurteisí kyst á hönd frú von Drach og beðið leyfis að mega sama kvöld heimsækja hina virðulegu frændkonu sína. Var það auðvitað fúslega veitt og hafði hún orð um, að eigi hefði þurft að spyrja að slíku meðal svo góðra vina. Hann væri sem sonur í húsinu og ætíð velkominn, því hafði hún vikið svo kunnuglega að honum og kvatt hann svo vingjarnlega hjá vagninum, að hún var sannfærð um að frú Leonie mundi líklega springa af öfund.

Proczna kom til Villa Florina miklu fyr en frú Clara hafði búist við honum.

Eigi var búist að kveikja ljós í söluunum, og frú von Drach sat í herbergi sínu og las mjög áriðandi bréf. Baróninum var því falið á hendur að taka á móti Proczna.

Hinn góði frændi var ekki mjög forvitinn, en þó langaði hann til að vita ýmislegt, og því bað hann Janek að setjast hjá sér, og tók nú á sig talsverðan svip.

Honum leizt ekki meir en svona á frú Leonie. Baróninn lét og í ljósi ýms orð, er virtust eiga mið-

ur við. Hann skýrði frá því, að hin fagra barónsfrú hefði alist upp í látækt og hefði jafnvel ætlað sér að gerast lagsmey heldri konu, þá er hún í Karlsbad kyntist Gertner. Allir vissu því, hve mikið far hún gerði sér að veiða hinn gamla mann. Og nú! Hvað er hún annað en skuggi í sjálfs sín húsi. Proczna lét sem sér þætti þetta mjög fróðlegt, en langaði þó um fram alt til þess, að kynnast því, hvernig stæði á vináttu prinsessunnar og barónsfrúar Gertner.

Nú lá vel á Drach.

“Þessi kona er naðra — er leitast við að taka saklausar sálir; guð einn veit með hverju móti henni hefir tekist að ná Önnu Reginu á vald sitt. Hún virðist að vera alls megnandi við hirðina og hún skákar í því skjólinu. Trúðu mér, Janek, ef ekki væri þessi frú Gertner, mundi margt vera á annan veg en er. Flestar foringjakonurnar eru mjög heiðarlegar og elskuverðar, þó innan um kunni að finnast sumar, er miður gæta sín. Og borgin hneykslast á því, hvernig sumir Úlanforingjarnir breyta. Margt gæti verið á annan veg. En hvernig á að fara að? Barónsfrú Gertner hefir bygt þann múr upp, er ekki verður hægðarleikur að komast yfir. — Sagt er að þetta sé gert í hefndarskyni. En fyrir sakir áhrifa þeirra, er hún hefir á prinsessuna, hefir hún og allar hinar frúrnar í vasa sínum og einnig mann hennar. Eg segi þér satt, Janek, þessi frú er reglulegur kvenskratti.”

Herra von Drach þerraði nú enni sitt í ósköpum. Hann hafði talað sannfæringu sína og var auðséð, hve ánægður hann var.

Proczna, er lengi hafði virt fyrir sér tyrkneskt gólfhjald, leit nú til barónsins.

“Eg er þér innilega þakklátur fyrir það, er þú hefir talað. Þú skilur eigi hve vænt mér þykir um

sá maður, eða hefir hér verið nokkur sá, er hét það. En að einu vil eg spyrja þig: Er hér nokkur Carlos?"

"Carlos? — Carlos? Nei, eg þekki engan með því nafni. Annars mun eg kannast við flesta í herdeildinni. "Ræningjann", "Hinn tapaða son, — "Beautypatoh" o. s. frv. Nei, við höfum engan Carlos, reiddu þig á það. En, hm.; viltu víta það drengur minn? Hver hefir talað til þín um Carlos? Jæja, eg skal brátt verða þess áskynja. Etfir næsta miðdegisverð verð eg hjá Tarenberg. Konan hans talar um alla hluti og sjálfur þvaðrar hann um flest."

Proczna sat alvarlegur og var ekki laust við, að djúpar hrukkur legðust milli augnabrunanna.

"Það er þá eitthvað úrelt," mælti hann fyrir munni sér.

Nú var dyrunum hrundið upp og Beatrice kom rjúkandi inn.

"Hefir þú verið hérna fjórðung stundar, Janek, og enginn segir mér eitt orð frá því! Það er hlálegt og ófært! August er allskostar ómögulegt að segja mér frá því hverjir koma. Eg er þó fullorðin núna. Og þó fer þessi asni að, eins og eg væri barn."

"Það verður að segja mannum upp, frændi," sagði Proczna mjög alvarlegur.

Baróinninn virtist þó eigi að hafa heyrt orð hans, en gekk til dóttur sinnar alveg hissa og spurði hana í lágum hljóðum:

"En, Becky, hvað er þetta? Þúar þú Proczna, og það þó þið séuð eigi einsömul?"

Proczna hló upphátt. — Becky fleygði höfðinu aftur á bak og svaraði einarðlega:

"Já, pabbi. Eg þúa hann hvað sem öðru líður. Proczna hefir að vísu bannað mér það, og því hefi eg

ekk  
mur  
og j  
ur e  
síðr

litlu

stúll  
hugi  
bekl

um?

hefir  
mínu

herb

hefi  
pabb

í my  
leyn

fyrir  
mun

litlu  
svo:

og ef  
það.

stand

En nú

eg rei  
ar svo

ekki yrt á hann í samkvæminu, en ef svo skyldi fara, mun eg segja þú, hvört sem þér líkar betur eða ver, og jafnvel þó sjálf Xenia stæði hjá okkur. Hún getur eigi lengur skipað mér í nokkru. Eg er í engu síðri en hún."

Herra von Drach faðmaði undrandi að sér hina litlu djörfu stúlku.

"Lát þetta eigi fá á þig, litla Becky! Þú ert rösk stúlka. En eg skil ekki hvernig þú getur verið svona hugrökk," mælti barónninn og gekk um leið að legubekk og settist niður.

"Hverjir eru þessir bláu flekkir á fötunum þínum?" spurði Proczna Becky, er þau voru tvö saman.

"Bláir flekkir? Nú, það er blek. Constantin hefir helt því niður og þurkað fingurnar á kjólnum mínum, eins og vanalega."

"Þú hefir þá verið að skrafa þarna inni í barna-herberginu?"

"Já," hvíslaði Beatrice og lyfti sér á tánum. "Eg hefi verið að hjálpa Stanzy til að ná rétti sínum. En pabbi má ekki vita neitt um það."

"Nú er eg hissa. — Bezti frændi, líttu snöggvast í myndabókinu. Dóttir þín ætlar að trúá mér fyrir leyndarmáli. Nú, segðu mér frá því."

Beatrice varð nú svipmikil og hélt höndunum fyrir munninn. "Þú veizt að Stanzy vill fyrir hvern mun gerast sjómaður og fara um allan heim. Nú, líttu á, þetta vilja foreldrar hans ekki leyfa, en segja svo: "Heimskingi! Eigi er að reiða sig á vatnið, og ef þú skyldir farast, þá mundi okkur jafnan sárna það." Constantin kundi þessu heldur illa og var í standandi vandræðum, þar til eg hjálpaði honum. En nú höfum við ritað opið bréf, það er að segja, að eg reit það, því Stanzy er illa stautfær, og það hljóðar svona:



"Eg, Constantin, fríherra að Drach og Suisberg, lýsi hér með yfir því, að ef svo skyldi fara að skíp það, er eg er háseti á, ferzt, þá er það ekki foreldrum mínum að kenna." Er þetta ekki ágætt? Nú eru þau laus við alla ábyrgð og geta látið Stanzy fara eða vera kyrran."

Heyrðist þá hlegið úti í horni.

Proczna svaraði nú alvarlega: "Þetta er ágætis hugmynd! Eg er alveg forviða. En veiztu Becky, úr því þú ert svona hjálpsöm, gætir þú og eitt sinn stutt mig eitthvað dálítið. Viltu gera það?"

"Hvort eg vil?" kallaði Becky fagnandi. "Fyrir þig veð eg bæði eld og eimyrju, ef svo þyrfti við, því þér, Janek, á eg að þakka alla hamingju og lán mitt. Nei, vertu ekki hissa. Eg veit vel, að það er þér að þakka, að mamma lætu greiða hár mitt eins og sjálfrar hennar."

"Það er gott. Komdu nú og seztu hjá mér. Þetta mál er mjög mikilsvarðandi og ætti að vera leyndarmál okkar á milli."

"Já, leyndarmál um alla tíma. Það hefi eg svo lengi óskað mér."

Með leiftrandi augum og glóandi kinnum settist hin unga stúlka við hlið Proczna, og lagði með mikilli vandfærni hendurnar yfir blekblettina.

"Þú veizt að eg á að syngja við hirðina annað kvöld?"

Beatrice hneigði höfuðið.

"Frú Goner á að spila undir og spila jafn vel og endranær. Þegar hún stendur upp átt þú að klappa af öllum ætti. Ef þú gerir það, mun engin taka því illa. Því næst skaltu ganga til hennar og segja að þú sért mjög hrifin af spili hennar."

"En, Proczna! — Frú Goner! Barónsfrú Gertner sagði við frúrnar — —"

“Hefir hún bannað þér að tala við frú Goner?”

“Nei.”

“Nú, hvað þá? Gerðu þá eins og eg bið þig, af einskærum vinskáp til mín. En það er nú ekki nóg hér með, þú verður að fá Donat til þess að ganga til hennar.”

“Donat? Það gerir hann aldrei.”

“Bæn ungrar stúlku hlýtur að vera skipun fyrir hann. Ef hann eigi hlýðir þér, fer hann með þig sem barn og slíkt mátt þú ekki þola. Þú verður að sýna þrek og segja: Annaðhvort verðið þér að sýna, að þér þorið, eða —”

“Eða —” kallaði Becky með leiftrandi augum.

“Eða eg tala aldrei við yður framvegis.”

“Aldrei framar! En, kæri Proczna, það væri hræðilegt. Eg hirði vissulega alls ekkert um Donat; eg hata hann — en að mega aldrei framar tala við hann — guð minn! Gæti eg ekki alt eins vel sagt: Annaðhvort farið þér til frú Goner, eða eg tala ekkert orð við yður framar í kvöld?”

“Slíkt mundi varla bíta á hann. Það verður að fara hart að honum, ef hann á að hafa virðingu fyrir konu, því ókurteisari sem þú ert, því sveigjanlegri mun hann verða. Eg kannast fúslega við, að þetta kann að verða nokkuð óþægilegt, ef að hann skyldi alt í einu breyta til og fara að unna þér hugástum, úr því að þú hatar hann og vilt ekki sjá hann.

“Það er ekkert hætt við þessu. Eg skal gæta mín. Og af vináttu til þín kynni eg ef til vill, að leyfa honum að —”

En alt í einu gleymdi hún sér, tók um báðar hendur Proczna og mælti gleðibrosandi: “Haldið þér, Janek, að honum lítist á mig? Það væri gaman! Það er að segja, að eg held að það væri gaman, ef hann gengi fram til frú Goner. Eg skal þá segja við

hann — Becky rétti nú úr sér og var grimm á svipinn—: “Herra minn, frú Goner hefir leikið ágætlega. Farið til hennar og segið svo við hana. Ef þér eigi gerið svo, þá álít eg yður raggeit, og slíkt orð hirðið þér líklega ekki um að heyra af konumunni.” Ef hann þá skyldi skorast undan, þá skal eg svei mér launa honum, svo hann muni það. Skal eg þá segja honum að hann kunni ekki að sitja á hestbaki og þoli ekki tvö glös af víni. Frú Hofstraten segir að ekkert verra verði sagt um unga foringja.”

“Í guðs nafni, vertu gætin, Becky. Hann kynni að falla á kné fyrir þér í allra auglýn.”

Beatrice skellihló.

“Það væri rétt af honum. En — nei, svo ilt vil eg honum ekki. Það væri líklega bezt að eg segði honum það einslega, því öll þau knóföll, er eg hefi lesið um —”

Alt í einu þagnaði hún. Frú von Drach gekk brosandí inn og rétti báðar hændurnar að hinum kærna frænda sínum.

“Xenia biður afsökunar. Henni er ilt í höfðinu. En eg fyrir mitt leyti held að illa liggi á henni fyrir einhverjar sakir, því eg hefi aldrei séð hana svo viðkvæma sem í dag. En það er bezt að við látum hana eiga sig.”

“Ró og einvera eru hin beztu meðul við slíkum kvillum.” mælti hann. “En nú er annað, bezta frændkona. Þér vitið, hve miðils eg met dóm yðar og hve þakklátur eg er fyrir yðar góðu ráð. Eg á að syngja í höllinni annað kvöld og hefi þegar tekið til það er eg ætla að syngja. En, hvenær á eg að þekkja smekk þann, er hér ræður. Viljið þér því leyfa mér að syngja lögin fyrir yður? Má vera, að þér fallist eigi á val mitt, en kjósið heldur að eg breyti til.”

Frú von Drach var frá sér numin og flýtti sér að pianoinu.

Proczna lék um stund til undirbúnings, og sneri sér svo skjótlega við og mælti:

“Ónáðar það ekki Xeniu, ef við syngjum? Í hvaða herbergi er hún?”

Frú Clara hristi höfuðið.

“Nei, alls ekki. Veggirnir á Villa Florina eru þykkir og þó rödd yðar heyrir til Xeniu, þá mun það öllum líkindum verða hið bezta læknislyf handa enni.”

Djúp þögn ríkti í salnum. Frú von Drach hallði sér aftur á stólnum og sem hēilluð af ljúfum töfrandi draumi, hlustaði hún á sönginn, en Becky sat á lágri fótskór og hvíldi hið litla höfuð sitt í kjöltu hennar.

Svo aðdánlega hafði Proczna aldrei sungið áður, ekki einu sinni kvöldið, er hann hreif alla upp í sölum greifafrúar Dynar. Hvert lagð rak annað svellandi, líkt og stormurinn þarna úti, er vissulega bar tónana á vængjum sér út í hina dimmu nótt og loksins varð rödd hans að hægu hvísli — ljúfri bæn.

“Það er einhver mollu-hiti hér inni. Eg verð að opna glugga í ytra herberginu,” sagði Proczna alt í einu og gekk fljótlega út. Hann nam staðar frá sér numinn. Þar sat Xenia á stól, dreymandi, og með aftur augun.

“Xenia!”

Hún starði á hana sem aðra vofu. Tárin skinu í augum hennar ig runnu niður eftir hinum fölu kinnum. Hún stóð hægt á fætur og leit til hans með leiftrandi augum.

“Þér hafið sungið svo meistaralega, Janek, að þér tælduð mig hingað niður. Mig langaði til þess að heyra ennirinn af laginu, áður en eg færi inn.”

Rödd hennar var hæglát og kuldaleg, en þó eigi sem ella.

“Það var ógætilega gert að syngja, er eg vissi af sjúkling í húsinu. Hvernig líður yður, Xenia? Eruð þér betri?”

Greifafrú Dynar þerraði augu sín og þagði um stund. Hristi svo höfuðið og mælti: “Haltu áfram að syngja, Janek. Má vera að mér batni algerlega við söng yðar.”

Frú von Drach og Beatrice stóðu í dyrunum. Xenia gekk til þeirra og heilsaði þeim, og var bæði glöð og hissa að sjá þær.

“Eg bið aðeins æm lítinn krók til að sitja í til að geta hlustað,” sagði hún og reyndi að brosa. “Raddir álfanna hafa lofað mér að eg hér skyldi finna ró og frið og gleyma heiminum, og til þess langar mig.”

Proczna gekk að glugganum og opnaði hann. Stormurinn þaut um andlit hans, en uppi í himinhvelfingunni rofaði til ig stór, skínandi stjarna kom fram yfir Villa Florian.

## XVII. KAPITULI.

Inni í herbergi frú Leonie var heitt og ilmandi lykt. Gluggatjöldin voru dregin saman, til þess að útiloka sólargeslana, þó um miðjan vetur væri. Einungis ein mjó, gullin rák hafði smeygt sér inn í gegnum hinn þykka kniplingsvefnað gluggatjaldanna og lék nú sem tindrandi neistar um hið fagra nöfuð forsetafrúarinnar, er stóð við píanóið o ghélt í nótna blaði í hönd sér.

Proczna hafði leikið undir, er hún söng. Hann lét nú hendurnar líða hægt niður af nótnum, hallaði sér aftur á bak í stólnum og leit upp á lærisvein sinn.

"Þér syngið ekki eins og þér eruð vanar, það gengur eitthvað að yður," mælti hann í hálfum hljóðum.

Leonie dró andann þungt, þrýsti höndunum að enninu, sneri sér undan og settist í hægindastól.

"Eg get ekki sungið í dag. Verið eigi að neyða mig, Proczna. Guð minn! eg veit ekki sjálf hvað að er."

"Eg stend á rétti mínum að vera kennari yðar," mælti hann, "og mun af eigingjörnum hýðtum þjá yður með ljúfum lögum, hversu fullar óvæntingar sem þér lítið á mig. Söngurinn er lykill að hjarta kvenna, og sá er heimskingi, er hefir lykil þennan milli handanna og ekki kann að nota hann."

"Þér talið út í loftið, Proczna; hver veit hvort ómaksins vert er, að skygnast inn í hjarta mitt?"

Hann laut nær henni. Það var eitthvað töfrandi við svip hans.

"Hver maður er hégómlegur, og til þess að geta litið mynd sína í hjarta fagurrar konu, lætur hann sér það nægja, eins og það er, hvort það er himnaríki eða helvíti."

"En ef öll fyrirhöfn hans væri til einkis og þetta hjarta eigi speglaði nokkra mynd?"

Leonie mælti orð þessi svo lágt að varla heyrðist. Hinir dökku kniplingar titruðu á brjósti hennar og hinn hvíti handleggur féll máttvana niður af stólbríkinni.

"Þá veit eg ekki hvort meira skal aumkva — hann eða hana."

Barónsfrúin hrökk við.

"Sú spurning getur beðið svars; það er altalað í staðnum, að yður lítist vel á mig."

"Þér sjáið, barónsfrú, að mér er ætlað margt skrítið."

“Viljið þér einu sinni tala alvarlega við mig um þetta?”

“Nei, með engu móti.”

“Hví eigi?”

“Hvað hefi eg brotið, að þér viljið dæma mig til hálftrar stundar leiðinda? Hið alvarlega er jafnan mjög amalegt. Auk þess grunar yður eigi, hve fjarska hlægilegur eg mundi verða.”

“Jæja, við skulum þá ekki hugsa tfm eldinn, heldur leika með hann. Hvers vegna lízt yður á mig?”

Leonie tó kveifuna úr marmaraskálinni, er stóð á borðinu fyrir framan hana, sló henni út og leit hálf-glettnislega yfir hina gullsaumudu rönd.

“Hvers vegna?” Proczna smá brosti, en settist niður á austrænan legubekk við hlið hennar og lyfti hendi hennar upp að vörum sér. “Af því að eg ætíð held mér til hins bezt,” var svar hans.

Hún sló hægt til hans með veifunni.

“Vitið þér að riddaralegur vinnandi á aldrei þóð svíkjast undan merkjum?”

“Eg mun jafnan þerjast undir merkjum ástarinnar, barónsfrú.”

“Hefi eg gefið yður hina minstu ástæðu til að efast um það um mig?”

“Víst hafið þér.”

“Hvernig það? Eg?”

“Munið þér ekki að þér lofuðuð mér að koma frú Goner á kaldan klaka, en í stað þess hafið þér orðið til þess að sýna henni mesta sóma.”

“En, barónsfrú, get eg gert við því, þó að hin litla frú spili svo meistaralega?”

“Þér voruð líka frá yður numdir. Og svo þessi koss á hendina!”

“Það var ekki annað en venjulegt er meðal lista-

manna. En til þess að vita hvora höndina á að kyssa leynt og — heitast, verða menn að hafa kyst margar aðrar."

Proczna hafði á ný tekið um hægri hönd forsetafrúarinnar og fært hana að vörum sínum með augnaráði, er margt virtist liggja í.

Leonie brosti.

"Heller-Huningen og litla Becky léku og hálf-illa á mig og sýndu of mikinn samverskan greiða. Mér datt jafnvel í hug, að þér hefðuð komið þeim til þessa."

"Eg? Ef þér hafið sýnt mér þann sóma að veita mér eftirtekt, þá vitið þér eins vel og hver annar, að eg eigi talaði eitt orð við þau alt kvöldið. En" — Proczna hallaði sér yfir að stólarmnum og leit brosandi til hennar — "hvað munduð þér hafa gert, barónsfrú, ef eg hefði verið sekur í þessu?"

Leonie tók hlæjandi í eyrað á honum.

"Eg mundi hafa hefnt mín, og gert þeim alt til hneysu. Eg mundi hafa orðið að hýenu, og án allrar miskunnar ófrægt þau og gert þeim lífið við hirðina lítt bært."

"Haldið þér þá, þér töfrandi hefndarnorn, að þér séuð svo almáttugar?"

Forsetafrúin yfti skrítilega öxlum, en augu hennar hvíldu sem töfrun á söngmanninum, er hægt strauk hið svarta varaskegg sitt og virtist reyna mátt sinn.

"Vitið þér eigi að hjátrúarfullar sálir ætla að eg eigi galdrarót þá, er veitir ótakmarkað vald yfir hjörtum manna?"

"Það má eg sanna af sjálfs míns reynslu. En er þar með sagt, að þér séuð máttugri en eg?"

Leonie hló lágt og lagði blíðlega, en þó ásakandi hönd sína á hið dökklikkaða höfuð hans o gmælti:



“En þér, kærasti litli einfeldningur!”

“Gerði eigi of lítið úr mér, barónsfrú, margt kemur það fyrir í lífi söngmanna, er yður eigi dreymir um.”

“Þetta er ágætt! Vitið þér, Proczna, að þér eruð mjög skemtilegur. Eg gæti nærri því svarið, að þér væruð fæddur á sunnudag, þó að eg að öðru leyti hafi enga sönnun fyrir því.”

“En ef eg nú veitti yður hana?”

“Hvað?”

Proczna laut nær henni og augu hans leiftruðu skritilega, en háðslegt bros lék um varir hans.

“Þér getið ef til vill, leikið á heiminn, barónsfrú, en ekki á mig. Eg sé dýpra en svo og veit hversu að er farið. Á eg að nefna yður töfraorað það, sem gefur leiknum nafn og veitir yður hulinn mátt? — Don Carlos! — Er þetta ekki svo, eða hvað, barónsfrú?”

Barónsfrúin þaut upp og lagði ósjálfrátt höndina á varir Proczna. Svo leið handleggur hennar niður, og frá sér numin af undrun mælti hún: “Don Carlos! Don Carlos! Hvað vitið þér um þetta?”

Proczna yfti öxlum og svaraði stillilega:

“Kann vera jafn mikið og þér sjálfar.”

“Það er ómögulegt! Þér voruð ekki í London —” Leonie beit á vörina og leit til hans fastlega.

“Þess þurfti alls eigi,” svaraði hann brosandí, en reyndi um leið að komast fyrir hana. “Það eru svo margar leiðir, er liggja til Rómaborgar, og — ha, ha, ha! Eg sé að þér ætlið að reyna mig.”

“Róm! Jú, eg skil.” Frú von Gertner dró þungt andann. “Það virðist sem þér vitið talsvert. Guð minn! Hve skritið er ekki þetta. Þekkið þér hann þá?”

“Efist þér um það? Því þó menn af frjálsum

vilja komi til þessar Síberíu, má þó vera að eitthvað annað hafi gengið til."

"Talið, eg bið yður! Ef þér eruð vinur Carlos. — Eg bið yður enn einu sinni. Segið mér, hvert var erindi yðar hingað? Skyldi þessi maður vera svo vitlaus —" Hún þagnaði skyndilega. "Hvar sáuð þér hann síðast?"

"Hvern?"

"En Carlos!"

"Hvaða Carlos?"

Frú von Gertner leit á hann hissa, er hún svaraði:

"Eg þekki aðeins einn."

"Það geri eg einnig." Háðslegt bros lék nú um varir Proczna. "Eg á vin með þessu nafni. En hann er hálf skríttinn. Stundum er hann mjög mannfællinn og hefir sérstaklega beðið mig að nefna aldrei nafn sitt á þessum stað og um fram alt aldrei innan hirðarinnar. En þó var eitt undanskilið. Ef aðeins einn sérstakur kvenmaður kynni að hvísla þessu nafni í eyra mér, þá var mér leyft að verða bergmál þess."

"Og ef nú að varir mínar nefndu þetta nafn?"

"Þá skyldi það vera einskonar frímúraramerki okkar í milli, sönnun þess, að eg hefði sambandsmann fyrir mér."

Svipur Proczna var stillilegur og bar engan vott um geðshræringu. Hann reis á fætur og virti fyrir sér hina fögru konu.

Leonie stóð og upp og leit um stund brosandí á hann.

"Þér eruð séður, kæri vinur."

"Þér eruð vin yðar til sóma, og þér eigið að líkindum saman."

"Utánríkisstjórinn þarf gætinna og skarpvitra manna við. Haldið þér að eg verði svo hæg viðureignar? Við bæði erum á þessari stundu líkust

tveimur spilamönnum, er báðir vilja vita hvor annars spil. Jæja, hvort á fyrst að spila út?"

Proczna brosti.

"Sá sem byrjar spilið stendur jafnan betur að vígi. Stríð og teningsspil koma mér eigi til að gleyma boðum hæverskunnar."

"Háll eins og áll! Þér hrósið yður af öllum riddaralegum kostum, og eruð þó hinn óriddaralegasti maður í öllum heiminum. Þér víkið ekki þumlung úr vegi til þess að veita mér sigur, þó eigi gerðuð þér það af öðru en eintómri kurteisi. Gerum því samning. Segið mér, svo að þér færið sönnur á að þér séuð sá sem þér segist vera, hið fulla nafn Carlos og eg mun þá hreint og beint skýra yður frá öllu því, er eg veit, þó að eg sé ef til vill, meira riðin við þetta mál en yður grunar."

"Mikill er gagnstæðleiki kvenna!" sagði Proczna og hristi brosandi höfuðið. "Rétt núna sögðuð þér, að eg væri efni í stjórnámamann, og svo viljið þér að eg geri mig sekan í hinu mesta glappaskoti, er slíkur maður gat gert. Hver segir yður að eg eigi þegar þekki til alls þess, er þér ætlið að trúá mér fyrir? Ef sendur er erindreki í herbúðir óvinanna, er oftast vani að skóra fyrir honum, hversu landslagi er hátt að og fremur öllu að leiðbeina til góðra vina, er hann geti komist í samband við. Haldið þér nú að stjórnámamannurinn Carlos muni vera svo athugaslaus að breyta á aðra leið? Eg er hér sem sé erindsreki hans."

Leonie gek knú nær Proczna og lagði hönd sína á handlegg hans.

"Nú er bezt að byrja. Eg efast ekki um að yður muni kunnugt vera samband Önnu Reginu við sendiherrann. Eg er því fús að skýra yður frá öllu því,

er snertir þetta mál og rétta yður hendina sem sambandsmaður yðar. Eruð þér samdóma?"

"Já," sagði hann og kysti á hönd hennar.

Frú von Gertner leyfði honum að halda um hina silkimjúku hönd. Eins og sleginn af einhverri blindni flæktist fálkinn í klær arnarinnar.

"Vinur yðar er markgreifi de la Brancha?"

Prorzna hneigði höfuð sitt og mátti það þýða bæði já og nei. En Leonie hélt áfram:

"Það er hann. Elskar hann prinzessuna enn-þá?"

"Sá er einu sinni hefir litið Önnu Reginu ástar- augum, mun aldrei elska nokkra aðra konu."

"Það er kynlegur maður! Og það þó hún láti eigi annað í té en ískalda kossa. Þér vitið að eg hefi tekist á hendur að sjá um þetta mál."

"Auðvitað! Bransha vísaði mér til yðar. Hann skýrir ófúslega frá smáatriðum, en talar aðeins alment um það, og ætlar yður því að fylla út og bæta við."

"En hann hefir þó líklega trúað yður fyrir því, er á undan var farið. Anna Regina þykist þekkja hinn fríða markgreifa og ef til vill hefir dansað við hann oftár en vera ber. Þetta var auðvitað matur fyrir sögvísar tungur í fæðingarbæ hennar og var alment talað að hin litla prinzessa mundi giftast sendiherranum. Vitið þér nú hvort þau komu sér saman um nokkuð á laun sín á milli?"

Augu Leonie leiftruðu og hinir mjúku, hringsettu fingur luktust um hönd Proczna og líktust skörpum klóm, er þær krækja í bráð sína.

"Eg bið yður um fram alt, barónsfrú, að minnst þess að leikur þessi fer fram í hinu saklausa hreinlífi Þýzkalands. Anna Regina leyfði Carlos eigi einu sinni að þrýsta hönd hennar, og Brancha varð því að

lata sér nægja að reisa í hjarta sínu dýrdlingsmynd þá, er bar mynd Önnu Reginu."

Frú von Gertner yfti háðslega öxlum.

"Þetta hefir verið mikil sakleysissál milli kol-svartra syndara. En ef ekki var um annað en þetta að gera, við hvað var þá August Ferdinand hræddur?"

"Það var af því, að hann hafði áður orðð fyrir einhverju líku, og heimurinn er jafnan reiðubúinn að gera mý að úlfalda. En þér lofuðuð að skýra mér eitthvað nákvæmar frá því, er gerðist þá er þér voruð aðstoð þeirra."

Leonie hneigði höfuðið hugsandi.

"Brancha var hér fyrir ári síðan. Anna Regina hafði komist í kunningsskap við mig og leitaði ráða til mín um ýmislegt, því hún var hér öllum ókunnug. Eitt kvöld hvíslaði hún náfól að mér, að hún yrði að tala einslega við mig nokkur orð næsta dag. Eg fór til hennar á óvenjulegum tíma og trúði hún mér þá fyrir leyndarmáli sínu, og kvaðst hafa fengið bréf frá markgreifanum, og skýrði hann þar frá, að hans væri innan skams von þangað, til þess að fá hjá henni meðmælingabréf til heldri manna við hirðina í X., því að hann hefði verið settur þar sem sendiherra. Prinzessan titraði af geðshræringu, því skömmu áður hafði þeim August Ferdinand og henni borið eitthvað á milli; bað hún mig þá þegar í stað, að senda Brancha hraðfrétt í sínu nafni. Alt þetta var auðvitað mjög saklaust, beztí Proczna, og hefði ekki Anna Regina verið svo — svo — barnslega einföld, þá hefði henni verið innan handar að vísa markgreifanum til manns síns og fá honum bréf hans. En hún var algerlega ráðalaus og svo — var eg líka. Ef eg hefði þá verið eins stilt og núna, hefði eg kunnað ráð. Mér datt því ekki annað í hug en að telja

henni trú um, að bezt væri að halda þessu leyndu. Eg kendi í bróstj um hana; eg hélt að hér væri að ræða um ólánsama ást, og í stað þess að senda hraðfréttina, bað eg Brancha að koma hingað sem skjótast. Og tveimur dögum síðar sendi eg Önnu Reginu þannig orðaðan miða:

“Carlos er hjá mér og biður yður um stundar viðtal. Eg ábyrgist að alt sé trygt og lofa þagmælsku.” Hin litla prinsessa svaraði þegar í stað, og kom svo sjálf einnri stundu síðar, hálfdaud af hræðslu og áhyggjum.”

Á andliti frú Leonie var einhver skríttinn svipur, er virtist lýsa meiri gleði yfir því að svik og prettir hefðu hér sigri að hrósa yfir einfeldni og sakleysi.

“Og þetta viðtal var í yðar návist?”

“Nei, Proczna, svo ókurteis er eg ekki,” svaraði forsetafrúin og hló dátt. “Anna Regina vildi að vísu eigi að eg færi út úr herberginu, en eg gekk inn í gluggaskot og taldi gluggarúðurnar á torginu, þar sem ljós voru. Næsta dag bað eg prinsessuna að koma til mín, til þess að hún sjálf gæti fengið Branca hið umrædda bréf. Eg hugsaði að eg mundi gleðja þau bæði me ö því. En, bezt Proczna, aldrei hefi eg heyrt neitt svo leiðinlega hátíðlegt, sem samtal þessara tveggja elskenda, jafnvel ekki í barnabókum. Og þó er markgreifinn undur fagur maður.”

“Eg get ekki látið yður svara fyrir það, sem liðið er, fagra töfrakona,” svaraði Proczna með einkennilegu brosi. “En framvegis mun eg halda vini mínum Brancha, fjarri þessum stað. Hamingjusami Brancha. Hví bjóðið þér mér eigi einu sinni að koma hingað með ánnarlegu nafni?”

Nú heyrðist gengið í ytra herberginu. Þjónn einn kom inn og spurði hvort forsetinn mætti hlusta um stund á sönginn.

„Lovitað.“

“Snúum okkur þá að nótunum, frú mín.”

Leonie reis á fætur.

“Við vorum komin dálítið frá efninu, Proczna. Eg á við þetta um Önnu Reginu. Má eg reiða mig á yður?” Hún lagði fingurnar á varirnar og hvíslaði a ðhonum: “Það er ekkert tryggara band á milli tveggja manna en sameiginlegt leyndarmál. Þess vegna gerði eg yður að trúnaðarmanni mínum.”

Proczna hneigði sig djúpt niður yfir hönd hennar, en það var ekki hægt að lesa á svip hans, hver áhrif orð hennar höfðu haft.

## XVIII. KAPITULI.

Á heræfingavelli Franz Úlanriddaranna, er lá alllangt fyrir utan staðinn, var um hádegisbilið mjög fjölmengt og fjörugt, þó óenn væri vetur. Hafði foringjunum komið saman um, að nota hið hagstæða veður og halda veðreið á ósöðluðum hestum.

Frúrnar óku flestar í vögnum. Frú von Hofstraten var hin eina þeirra, er var ríðandi. Reið hún á “Krattan”, en það var afar mikill riddarahestur, er Hechelberg greifi hafði sett undir hana.

Janek Proczna reið við hlið stjúpsystur sinnar, og fursti Heller-Huningen skemti sér með því, að troðast með hest sinn fast að vagninum, svo að hann gæti, með því að rykkja í taumana, snúið hinu fagra höfði hestsins fast að hinni blómlegu kinn Becky.

“Darling langar aðeins til að þefa af fjólunum yðar,” sagði hinn ungi foringi í gamni, en ungfrú von Drach hörfaði undan út í vagnhornið. “Hann er vanur við sykur, og því sækir hann til yðar.”

“Eg hefi ekkert á mér.”

“Það stendur á litlu. Þér eruð sjálfar svo sæt, Becky.”

Hechelberg þrýsti sjóngleri sínu að augunum og sneri sér skyndilega að furstanum.

“Hvar í skollanum hafið þér lært þetta rósamál? Eg skal segja yður eitt, mér verður kent um það, því mönnum kann að koma til hugar að þér hafið lært þetta hjá mér. En, náðuga ungfrú, eg álít það bera skyldu mína að gæta yðar fyrir þessum yngsta foringja; það er til einkis að þér tælist af honum, því einn góðan veðurdag getur vel komið fyrir, að eg verði að láta skjóta hann.”

“Skjóta!” Becky starði á hann, eins og að hann væri draugur. “Það gerið þér trauðlega. Það er eigi gert nema þegar einhver hefir strokið, og þá því aðeins, að mikið kveði að því. Hvað nú Donat snertir, þá er hann einhver hinn laglégasti í allri deildinni og eg segi yður satt, að hann hefir aldrei gert nokkrum manni mein.”

Þeir er við voru skeltu nú upp yfir sig, en riddaraforinginn tók á sig mikinn alvörusvip.

“Nú, er það svo. En ef nú skyldi svo fara, að eg einhverntíma gæti opnað augu yðar, að því er snertir þennan snyrti pilt.”

“Gerið mig eigi óhamingjusaman, beztu greifi,” greip nú Donat fram í með miklum hátignarsvip, “eða þér neyðð mig til þess að senda fulltingismann minn til yðar.”

“Látið hann tala, Donat. Eg trúi hvort sem er engu af því, sem hann segir.”

Heyrðist nú hófatak og fursti Reusserk kom ríðandi.

Foringjarnir ríðu til móts við ofursta sinn og varð nú mikil hreyfing meðal Úlananna, er héldu hinum ósöðluðu hestum og svipum foringjanna.



Janek Proczna hafði heilsað frúnum, og þá beint hesti sínum yfir að vagni forsetafrúar Gertner og nam þar staðar.

Xenia einblíndi á hið brosandi andlit hans. Hann þóttist þekkja þennan svip og sneri sér alt í einu við og horfði á hana. Mælti hann um leið nokkur orð að frú Leonie og var á sömu stundu við hlið Xeniu.

“Kölluðuð þér til mín?” spyr hann lágt og leit til hennar.

Xena nísti saman tönnum og keyrði upp höfuðið.  
“Nei.”

Frú von Drach og Becky hölluðu sér til hinnar hliðar og heilsuðu greifafrúnum Ettishbach og Tarenberg.

Proczna laut enn lægra. “Það þarf eigi ætíð að tala með orðum, Xenia,” sagði hann heldur ógreinilega. “Þér hafið eftir langan skilnað veitt mér bróðurréttindi og um leið lagt á herðar mér bróðurskyldur. Eg bið yður að minna mig á skyldur mínar, ef eg skyldi gleyma þeim, og ætíð boða mig að hlið yðar, er þér þurfið mín við.”

Xenia leit skyndilega upp.

“Nú, svo það þarf að minna yður á skyldur yðar gagnvart mér; yður, þennan kurteisa mann, ef um aðrar konur er að ræða.”

“En þér gleymið, Xenia, að eg er eigi jafn ókunnugur nokkurri komu hér eins og yður. Þær líta á mig á annan hátt en þér. Það er þær kalla kurteisi nefnið þér framhleypni. Janek Proczna hefir hingað til skemt sér með því að rjúfa öll bönd og aldrei beðið nokkurn mann leyfis. Þeir tímar eru liðnir. Á þeirri stundu, er yðar eigin vilji vakti upp “greifa Hans Stefán Dynar” frá dauðum, var hin fífldjarfa þrjúzka Janeks Proczna sett í fjötra; það, er eg sem frjáls listamaður gat barist við, verð eg að virða, þar

sem eg nú ber þetta virðulega nafn, og hefi því beðið þeirrar stundar, að sú hönd, er kuldalega fleygði mér frá sér, mundi af frjálsum vilja kalla mig aftur."

Hann mælti þessi síðustu orð í gamni og hýrt bros lék um hið undurfagra andlit Xeniu.

"Eg mun reyna, hve mikils þetta má sín. Hver veit, hve lengi þér verðið að dragast með þá byrði, er systir yðar leggur á herðar yðar. Eg ætla þá fyrst að veðja við yður, að hinn afar stóri blómhringur, sem Hechelberg greifi hefir tilbúinn handa sigurvegaranum, muni prýða háls hests yðar."

Xenia var alt í einu sem önnur manneskja. Hún talaði með svo mikilli kátínu og fjöri, ag varla má i þekkja hana aftur.

"Nei, fyrir alla muni, Xenia," svaraði hann hlægjandi. "Þér munduð með því rjúfa töfra þá, er barónsfrúin hefir lagt á þenna blómhring. Eg held því að bezt sé að frú von Gertner sé ein um þetta."

"Auðvitað. — Eg kom of seint og læt því undan."

Rödd hennar var kuldaleg og frábægjandi, þótt hún væri smábrosandi.

"Geymið fyrirbænir yðar fyrir mér; má vera að eg þarfnist þeirra meira einhvern annan tíma, þá er annað meira er í húfi en marglitur blómhringur."

"Og ef barónsfrúin þá bregst yður, mun eg ef til vill gera það, er þér beiðist af mér." —

Proczna varð alt í einu mjög alvarlegur; strauk hendinni um hinn fríða háls hestsins og þagnaði.

Vagni barónsfrúar Gertner var nú ekið fram þangað, er vagn greifafrúar Dynar var.

"Eg verð að heyra hvað áriðandi mál það er, sem systkinin eru að þinga um," mælti hún brosandí og rétti um leið hina sínu hönd sína að Xeniu. "Þið

eruð bæði eitthvað súr á svipinn. Hefir ykkur bor-  
ið nokkuð á milli?"

"Auðvitað, barónsfrú," svaraði Janek glaðlega. "Án stríðs er ekki unt að semja frið, og sá, er vill sigra, verður á undan að heyja baráttu."

"Hans tign hefir frestað veiðunum þar til á morgun," mælti nú barónsfrúin, og bar um leið sjónglerið upp að augunum til þess að virða fyrir sér prinz Reusserk, er nú reið fram með vögnunum, til þess að heilsa frúnum, fyrst greifafrú Kany og hirðmeyjunni barónessu Zautler, er var ung, fólleit stúlka, er blíðlega horfði framundan sér. "Við konum ríðum með og þá einnig eg, þó að eg, eins og guð veit, sé nokkuð völt í söðlinum. Eg þarfnast auðvitað að einhver ágætis reiðmaður sé við hlið mér; eg get náttúrlega reitt mig á Flandern, en það er ekki nægilegt."

Xenia hafði staðið upp í vagninum og leit stoltlega og ógnandi á mótstöðumann sinn.

"Donat mun þykjast sæll, barónsfrú, ef hann má vera riddari yðar, og hann mun í alla staði reynast verður heiðurs þessa."

"Hvað? Heller-Huningen? Á hann þá eigi eftir gamalli venju að ríða með yður?"

"Nei," svaraði Xenia og keyrði höfuðið aftur á bak; "eg hefi í þetta sinn boðið bróður mínum að vera með mér." Leit hún um leið spyrjandi til bróður síns.

"Þér eruð að gera að gamni yðar! Það er óhugsandi! Tvö systkin, það er fjarska leiðinlegt!" Frú von Gertner sló veifunni saman og hristi höfuðið af gremju. "Nei, eg er algerlega á móti því."

Proczna ypti hlæjandi öxlunum og mælti: "Sannfærður er eg um að þér munið gera alt sem í yðar valdi stendur, barónsfrú, en hversu sigursælar, sem

þér kundið að vera ella, þá efast eg um að þér berið sigurinn úr bítum í þetta sinn."

"Það er auðvitað, ef að eg má eigi eiga von á neinni aðstoð frá yður." Leonie feldi skyndilega niður tal sitt og sneri sér að Xeniu, ens og fljótlynt barn. "Þér eruð mjög eigingjörn, greifafrú. Þér eruð líkar hinum harðbrjósta manni, er svifti vesalings náunga sinn hinni síðustu huggun og hinum síðasta pening."

"Ef svo er, að stjúpbróðir minn vill heldur ríða með yður en mér, þá verð eg að láta mér það líka," svaraði Xenia heldur fálega, en augnaráð hennar var heldur skrítið.

"Þetta er ágætt! Heyrið þér, greifi?"

"Já, eg heyri — en aðeins móðgun, ef Xenia eigi fullyrðir, að þetta sé tóm spaug hennar."

Leonie hló kuldalega. "En þvílíkar viðbáurur annars milli systkina. Riddaraskapur yðar er eitt-hvað viðkvæmur, beztí vin. Vitið þér eitt, Xenia? Þér getið eigi krafist þess, að Proczna sjálfur leiti lausnar frá riddarþjónustu hjá yður, en þér verðið sjálfar að veita honum hana. Viljið þér?"

Greifafrú Dynar leit upp, stoltlegri en nokkur sinni áður, og svipur hennar var mjög einbeittur, er hún svaraði: "Nei."

"Þið virðist bæði hafa sofið heldur illa," svaraði frú Gertner og reyndi nú að vera spaugsök, en skarp-ir illsvitandi drættir léku um munn hennar. "Það er ekki til neins að vera að deila við menn, er hafa borðað lítinn miðdegisverð og stigið úr rúminu með vinstri fótinn fyrst. En svo mikið segi eg yður, greifafrú, að þér megið búast við baráttu upp á líf og dauða frá minni hlið. Eg mun með öllu móti reyna að æsa Proczna á móti yður, en þó að þér standið svo miklu betur að vígi en eg, þar sem þér nú um

fjölda ár hafið sýnt bróður yðar svo mikla alúð og trygð, og stráð hinum fyrstu blómum fyrir fætur honum."

Hið bitra háð, er lá í orðum þessumð knúði blóð fram í kinnar Xeniu. Varir hennar titruðu og hún leit dimman skugga leggjast yfir enni Proczna, og hún dró andann mæðulega.

"Yður skjátlast, barónsfrú," svaraði hún seinlega. "Það hefir aldrei verið mikill kærleikur með okkur Proczna, og er það því miður mér að kenna. Það sem þér nú sýnið mér, hversu hann hefði átt að vera, þá sé eg nú, hversu mikið eg hefi að bæta fyrir, og því sjáið þér bezt sjálfar, að eg get eigi slept samfylgd hans, heldur kýs að hafa hann eins lengi og eins oft og unt er, við hlið mér."

Hún rétti Proczna hendina og var einlægni auðséð á svip hennar og augnaráði.

"Þér mælið þetta fagurlega, Xenia," mælti Proczna brosandi, og hóf um leið hönd hennar upp að vörum sér. "Þér viljið borga skuldir, er enginn krefst, og snúið deilu okkar mjög vingjarnlega við. — Viljið þér, barónsfrú, leyfa mér, þá er næst verður ekið á sleðum, að beita hesti mínum fyrir sigurvagn yðar?"

Leonie ógnaði honum glaðlega með veifu sinni.

"Það er lítilvæg kurteisi að bjóða manni að aka í sleða í sólskini og hláku."

"Eg skal láta strá salti."

Frú von Gertner laut niður að Xeniu með miklum sakleysissvip og mælti:

"Þér, sem ættuð að þekkja bróður yðar betur, greiðafrú, en nokkur annar, því hengið þér eigi um háls þessa hættulega manns einhverskonar aðvörunarspjald með orðinu "Varkárni". Menn eru illa staddir á hálum ís, er hafa afskipti af honum."

Xenia hneigði höfuðið hugsandi. Henni fanst á þessari stundu sem ískaldur vindgustur legði til sín frá andliti Pólverjans.

Prinz Reusserk stöðvaði nú hest sinn við vagninn og truflaði frú von Drach í viðræðum hennar við þá er sátu í næstu vögnum. Rétti hann Xeniu höndina og heilsaði barónsfrú Gertner.

Von Hofstraten riddaraforingi skýrði nú frá því, að sæist til herra Flandern, er jafnan var vanur að láta bíða sín, og mælti þá Hechelberg greifi, að nú mætti þá byrja á steypunni.

Gengu nú allir foringjarnir til hesta sinna. og Leonie benti enn einu sinni Proczna til sín, til þess að hvíslu nokkrum orðum að honum.

“Eg þarf að segja yður, hvernig stendur á því, að Flandern kemur svona seint. Komið þér bráðlega til mín?”

Proczna leit stundarkorn á hana. “Aðeins á laun,” svaraði hann og hleypti hesti sínum af stað.

Frú von Hofstraten nam staðar fyrir aftan vagnaraðirnar og virti fyrir sér hið margbreytta líf, er fram fór á kappreiðasvæðinu.

Foringjarnir röðuðu niður hinum fjörugu hestum sínum og fyndni og spaugsyrdi rigndi niður úr öllum áttum. — Loksins datt á mikil þögn.

“Engin merki!” Bjallan kallaði Prinz Reusserk yfir til vagnanna.

Krattan sperti upp eyrun og tók að frísa, en frú von Hofstraten skifti sér lítið af því. Hún hafði aðeins hugann á ofurstfrúnni, er stóð í vagni sínum og átti að gefa merki til burtreiðarinnar.

“Gætið að!” var nú kallað í annað sinn.

“Krattan” þokaðist nær kappreiðarhestunum. Frú von Hofstraten reikaði í söðlinum og rykti ósjálf-

rátt í taumana. Með hvellum, skærum tóni hljómaði nú bjallan í hendi ofurstafrúarinnar, og hestarnir þutu af stað í loftinu. Vagnstjórarnir börðu hestana áfram, til þess að geta sem bezt séð til leiðarinnar. Og "Krattan", hvað gerði hann? Dynjandi skelli hlátur heyrðist nú frá öllum vögnunum. — Hinn gamli riddaraliðshestur var sem snortinn af rafmagni, er hann, er hann heyrði til bjöllumnar og sá hina hestana þeysa og stökk því einnig af stað.

Frú von Hofstraten reyndi að stöðva hann, en gat eigi. "Krattan" virtist fljúga fram á vængjum vindanna.

Hjálparlaus og ráðalaus hékk hin hollenzka kona í söðlinum og vindurinn hvein um eyru hennar, en Krattan geystist óstöðvandi áfram.

Fór nú reið þessi að líta heldur illa út, er frú von Hofstraten tók báðum höndum um háls hestsins, en hann rauk inn í miðja þyrping kappreiðarmannanna.

"Í guðs nafni, náðuga frú, hvert ætlið þér að halda?"

"Hvernig á eg að vita það?" svaraði hún hlægjandi.

Var gert mikið gaman að þessu; hafði "Krattan" stokkið fram úr hinum ensku kappreiðarhestum. Þótti þetta mikill og merkur viðbúrdur, og hafði þar aldrei áður neitt þvílíkt skeð.

Var nú hinn mikli blómsveigur hengdur um hinn magra háls Krattans, og var ekki laust við að hann finði talsvert til sín, er hann sperti upp hið einkenni-lega sauðarlega höfuð sitt.

Að því er síðar var mælt, var og sagt, að frú von Hofstraten og greifi Hechelberg hefðu orðið ásátt um að þúast upp frá þessu.

## XIX. KAPÍTULI.

Þá er kappreiðunum var lokið, gengu foringjarnir til vagnanna til þess að komast heim.

Hafði Donat flýtt sér að ná sæti við hlið Becky. Frú von Hofstraten steig upp í vagn Proczna ásamt manni sínum og Hechelberg.

Barónsfrú Gertner hafði aðeins eitt sæti autt í vagni sínum og benti hún Proczna að koma til sín.

“Flandern getur orðið Hofstratenhjónunum samferða í yðar stað. Eg hefi dálítið meira að segja yður frá.”

Proczna mælti nokkrum orðum til vagnstjóra síns og steig svo upp í vagninn.

Xenia sá hversu hestarnir þutu af stað, en brátt huldi bugða á veginum hinn hverfandi vagn fyrir augum hennar.

“Eruð þér alls ekkert forvitinn, Proczna?”

“Það er öðru nær; eg er allur á nálum af forvitni.”

“Á eg að vera harðbrjósta og geyma hinar síðustu og fróðlegustu fréttir og nota þær sem annað töfranet til þess að draga yður heim til mín að hinum gleymda píanóustól?”

“Þér þekkið það töframeðal, er getur dregið mig, hvenær sem þér kjósið, aftur að starfi mínu. Hví eruð þér svo hræddar um bréfaþappír yðar?”

“Af því að eg vil sjá, hvort Janek Proczna er í raun réttur spiltur og einþykkur, eins og mælt er.”

“Vitið þér eitt? Það liggur við að þetta komi mér til að efast um hjartagæzku yðar. Taki menn altöf sterk gleraugu, þá spillir það eigi aðeins augum sjálfs manns, heldur einig ánægju annara manna.”



Leonie laut sínu fagra höfði og einblíndi á Proczna.

“Spaug yðar, herra greifi, er hálf einkennilegt og jafnvel eitthvað alvarlegt. En þér hafið rétt; lífið er eigi annað en grímudans, og sá er dregur fíflsku húfuna lengst niður á sjálfum sér og öðrum, má jafnan vænta þess að honum vegni þezt.

Svipur hins unga manns varð nú hálf-kynlegur.

“Eigi ávalt, barónsfrú. Áræði og stórlæti hafa eigi ætíð sigur. Stundum ber svo við, að úlfur kemst inn á milli saklausra lamba og rífur sundur flærðar kápu hirðisins.”

“En ef þessi maður hefir gætt þeirrar varkárni, að kjósa sér tvo árvakra vini, sem eru nógu tannhvassir, ef á þarf að halda, til þess að taka á móti þessum vargi.”

Janek brosti. “Hvað meinið þér mið “vini”, barónsfrú? Heimurinn er jafnan mjög örlátur, en nafn þetta er oftlega þýðingarlítið og mennirnir blindir. Þér ætlið, af því að eigi hefir verið sagt ófriði á hendur, að hinn dýpsti friður ríki.”

“Bezti Proczna,” mælti Leonie, “menn yrðu að vera mjög auðtrúa og einfaldir, ef menn héldu alt vera sannleika og alt pjátur gull.”

“Ryk getur stundum blásið inn í hin skörpustu augu, og smjaður og uppgerðar hæverska eru oftlega svo fínt möluð, að þau þprlast um loftið hættulegar en nokkuð öskufall.”

Leonie leit upp til hans brosandí.

“Tölum eigi lengur neitt rósamál! Haldið þér að eg eigi viti við hvern þér eigið? Aumingja Flantern. Hann hefir oft átt því óláni að fagna, að aðrir hafa haldið hann óhreinlyndan. Menn eru hræddir við hið oddhvassa varaskegg hans og fótinn, er hann dregur á eftir sér. Menn hanga nú einu sinni

við kerlingarsöguna um "haturs-fótinn". En verið hægur vinur minn; eg ábyrgist trúnað Flanderns. Og þó að hann sé mér ekki trú af vinsemi og sannfæringu, þá er hann það af sérplægni, og veitir ef til vill örðugra að vera, án mín, en mér hans. Þarna sjáið þér nú, hvernig stendur á vináttu okkar. Og að hann að öðru leyti beri hina mestu virðingu fyrir mér sem konu —"

"Fagurri konu."

"Jæja, sem fagurri konu, ef þér viljið svo, enda þótt mér hafi veitt örðugt með að gera yður það skiljanlegt. En snúum oss nú að sjálfu efninu, Proczna. Þér verðið að hjálpa mér. Nú stendur svo á, að stórskotaliðið ætlar í kvöld að halda Barbara-hátíð sína og þá um leið að vígja mynd eina. Flandern hefir sagt mér að August Ferdinand af einhverri mannást og þrekleysi hafi lofað að vera viðstaddur, ef að honum yrði batnaður lasleiki sá, er hann um stund hefir kent til. Eg ætla nú að þessi vesöld, er þó enginn hefir heyrt getið um, sé að einhverju leyti sama sem afsögn, en hver getur sagt, hverju Goner þessi fær til leiðar komið. Honum er mjög umhugað, að stórskotaliðinu sé gert jafnt undir höfði og riddaraliðinu, og hrósar þegar sigri fyrirfram af sæmd þeirri, sem það nú verður fyrir. Alt til þessa hefir August Ferdinand, til mikils hneykslis fyrir hinar herdeildirnar, aðeins tekið þátt í veizlum Úlanriddaranna, og nú ætlar hann skyndilega að sýna Barbara þennan sóma. Þetta er hið fyrsta frægðarverk aðstoðarmannsins, og hafa bæði nætur og daga hljómað í eyrum prinzens þessi orð: "Félagsskapur og jafnréttindi". En þó má vera að vesalings Goner skjátlist. Eg hata ofursta stórskotaliðsins og skal sýna honum, að hver sá þvrhöfði, sem er of hrokafullur til þess að láta undan, er hann fær vingjarnlega

bendingu frá konu hendi, mun að lokum verða molaður af veikum fingurgómum hennar."

Augu barónsfrúarinnar skinu sigri hrósandi, er hún gekk nær Proczna og hvíslaði að honum: "Hin öfuga og lítilsverða staða beggja hinna er eingöngu mér að kenna, Proczna. Menn dirfðust að bjóða mér birginn og eg hefi hefnt mín." Leonie þagði um stund og leit spyrjandi á hið alvarlega, niðurlúta andlit Proczna. "Um hvað eruð þér að hugsa, herra greifi?"

"Eg er að hugsa um eitthvert ráð til þess að koma í veg fyrir að prinzinn sæki samkomustað stórskotaliðsins, en mér dettur ekkert ráð í hug."

"Mér hefir komið til hugar ráð eitt, en mikil vandkvæði eru á því, en þó má nota það, ef í nauðir rekur. Anna Regina er lítið eitt kvefuð, eins og þér vitið, og er prinzinn á hyggjufullur út af því. Mér væri nú innan handar að fá prinzessuna til þess að látast vera lakari, og þannig stíja August Ferdinand frá samsætinu."

Proczna beit snöggast á varirnar og skyndilegur roði litaði enni hans, en á næstu stundu neyddi hann sig til að brosa og hristi tortrygnislega höfuðið.

"Haldið þér þá að prinzessan sé á nokkurn hátt fíánleg til þess að leika þannig á mann sinn? Eg fyrir mitt leyti ætla, að hana mundi bæði skorta vilja og mátt til þess að leika þá list."

"Verið hægur," svaraði Leonie og brosti fremur ófrýnilega. "Eg skal reyna að æfa hana. Svo mikils má eg mín, til allrar hamingju."

"Það má þakka hinum gálausu bréfum hennar. Eg hneigi mig fyrir yður, barónsfrú, og skoða mig meiri mann, þar sem eg hefi öðlast vinfengi hinnar ráðsnjöllustu konu þessa heims."

Var nú sem eitthvert dimt ský drægi upp á enni barónsfrúarinnar, er hún mælti:

“Hver maður hefir sínar ástæður. Eg met met-orðagirnd mest. Ástin hefir jafnan verið mér stjúpmóðurleg og sett mig við hlið þess manns, sem eigi er annað en byrði og kvalræði fyrir mig.”

“Lyftið þá hinum ljómandi vængjum og fljúgið út yfir hin tálmandi vébönd.”

Leonie starði um stund á hann, en þá liðu augnahárin djúpt niður yfir augu hennar.

“Ef að eg hinsvegar við dyflissumúrin hitti hjarta það, er með eldhita sínum fengi mig til þess að trúá á ástina og hina ósegjanlegu töfrandi nautn hennar.” Hún þagnaði alt í einu og leit hlæjandi til hans. “Hinir alvöldu við hirðina skreyta gæðinga sína með böndum og stjörnum. Hnappagat yðar er ennþá svo autt og tómmt, Proczna. Eg skal sjá svo um að í því verði liturinn minn.”

Proczna hóf hina litlu hönd upp að vörum sér.

“Töfrandi drotning mín! Verið sannfærðar um að eg sækist eigi eftir krossum og stjörnum. Nei, eg ekki annað betra skraut, er mig um fram alt fýsirtir og það er róslitaður pappírsmiði, þar sem eg veð eigin augum geti séð, að eg er hinn farsælasti maður á þessari jörð.”

Leonie dró að sér hendina.

“Það er staðið í gluggunum og horft á okkur,” mælti hún. “Látum okkur nú komast að einhverri niðurstöðu. Hugsid nú einu sinni um þessa Barbara-veizlu. Ef að yður kemur nokkuð gott ráð til hugar, þá látið mi gvita það fyrir kl. 6, því annars gríp eg til minna ráða. Eg fer beina leið til Kany og kem mér saman við hana.”

“Þér vitið, barónsfrú, að mér gengur hálf illa með þessi góðu ráð. Hugsid um frú Goner! En

annars skal eg reyna á heila minn, og gera hvað eg get."

"Það er ágætt! Verið þér sælir, kæri vinur! Anske að eg kaupi róslitaðann pappír."

Vagninn beið fyrir framan hótelið, þar sem Janbjó á fyrsta lofti. Þjónninn stökk niður af vagnjórásætinu, og nam staðar berhöfðaður við opnar vagndyrnar. Proczna kvaddi frúna með miklum þökkum og gekk svo fram hjá hótelsþjónunum, er heilsuðu hönnum með mikilli auðmýkt. Fór hann svo inn í herbergi sitt.

Svipurinn á andliti hans var nú allur annar. Hið vingjarnlega bros var horfið, en hrygð og gremja virtist að hafa komið í þess stað. Hann fleygði sér niður á stól og studdi höfðinu þunglega á hönd sér, og þrýsti vörunum saman, eins og hann fyndi til einhverra líkamlegra þjáninga.

"Æ, Anna Regina, ef að það væri ekki þín vegna," andvarpaði hann. "Ef eigi væri svo, að eg kendi í brjósti um þig, og mig sárnaði, hversu menn breyta gegn þér, mundi eg aldrei hafa breytt á þessa leið, sem svo mjög er á móti insta eðli mínu. En hvérnig á maður að berjast gegn konu, ef eigi með slægð gegn slægð og svikum gegn svikum? Eg hefi andstygð á þessari konu og fyrirlít hana líkt og nöðru og þó verð eg að þola, að hún vefji sig um hjarta mitt. En aðeins á þann hátt getur mér tekist því betur að handsama hana. Það er þín vegna, Anna Regina, vegna hins mæðulega hláturs þíns, vegna hinna þreyttu augna þinna, er segja frá ótal svefnlausum nóttum, vegna hamingju þinnar og manns þíns, er ósvífnar hendur vilja eyða, til þess að geta svalað metorðagirnd sinni."

Proczna hristi í gremju sinni hið lokkaða hár sitt frá enninu, stökk á fætur og fór að ganga aftur og

fram um gólfíð, en á svip hans kom einhver stálhörð einbeittni.

“Berst frú Leonie hreinlega? Nei, hún skýtur hinum eitruðu örvum sínum frá hinu óhulta leyni sínu hún kennir alls eigi í brjósti um konu þessa, er hún aðeins gerir að verkfæri sínu, og verður hún því að láta sér það líka, þó að eins sé breytt við hana og hún breytir við aðra.”

Glaðnaði nú yfir hinum unga manni og hálf háðslegt bros lék um varir hans.

“Að draga sjálfan sig á talar, án þess að verða þess var, er jafn hægt og aftur að pretta aðra, án þess að þeir verði þess áskynja. Heilagi Barbara, aðstoða mig, svo eg megi veita hátíð þinni sigur og að þeir verði þess áskynja. Heilaga Barbara, að-

Stundu eftir fór hann heiman og gekk beina leið til hallarinnar. Hafði hann sagt þjóni sínum fyrir um ýmislegt, og fengið honum bréf nokkur, er þegar átti að senda af stað. Annað þeirra var ritað til barónsfrúar Gertner, hitt til herra von Flandern, er hann bað að bera fram afsakanir sínar fyrir foringjunum, að hann gæti eigi komið til veizlu þeirra.

Djúp þögn var í hinum svölu göngum hallarinnar, þar sem tveir þjónar í einkennisbúningi flýttu sér fram til þess að heyra skipanir greifans.

“Er hægt að hitta Coner foringja?”

Hinir vel greiddu þjónar hneigðu báðir höfuðið.

“Herra foringinn er sem stendur hjá prinzinum á skrifstofu hans, en fer heim eftir fjórðung stundar, þar sem hann eigi tekur sér miðdegisverð í dag. Viljið þér, herra greifi, bíða lítið eitt?”

Proczna hneigði aðeins höfuðið.

“Segið foringjanum til mín, er hann hefir lokið erindi sínu. Mér ríður á að tala vð hann.”

“Viljið þér, herra greifi, ganga með mér?”

Gengu þeir þá göng ein, er voru að stærð við danssal, en út úr þeim lágu margar dyr til hægri og vinstri handar inn í veizlusalina eða íbúðarherbergin.

"Melame greifafrú Kany og Ida barónsfrú Zeutler," las Proczna ritað á spjald á dyrunum.

Fyrir innan hinar næstu dyr heyrðist grátandi barnsrödd, er einhver reyndi að taka yfir með því að syngja með mjög ensku gómhljóði: "God save the Queen".

"Það er litli prinzinn, sem á að svæfa með föðurlandsást," mælti Janek fyrir munni sér og brosti við.

En þá er ensku konunni eigi tókst betur en svo, kom þjóðversk kona í hennar stað, er kyrjaði upp: "Heil Dir im Sieges-kranz!" Þegar um þvílíkt er að ræða, er vanalega gengið fram hjá hinum frakknesku konum.

Honum hefði þótt gaman að sjá hinni litla prinz, til þess að ganga úr skugga um, hvort að hann hefði rft hin stóru, ljómandi augu móður sinnar.

Þjónninn opnaði nú dyr og bað greifann að ganga inn í herbergi aðstoðarmannsins.

Frá hinum mikla ofni lagði þægilegan hita og mátti finna vindlareyk í herbergnu. Gluggatjöldin við skrifborðsgluggan voru dregin til hliðar og féll því dagsbirtan yfir handritin, sem lágu þar, eins og hinn ungi foringi hafði skilið við þau. Mátti sjá þar ýmislegar vísindabækur, landabréf og allskonar mælingarverkfæri, er alt benti til skoðunarferða Goners, þá er hann hafði lokið námi sínu.

Proczna settist á einn hinna fornlegu stóla og starði hugsandi upp á hina litlu konumynd, er hinu megin á veggnum leit niður til hans frá umgerð sinni.

Heyrðist nú gengið hvatlega úti í göngunum; var dyrunum hrundið upp og Goner foringi rétti

mjög vingjarnlega höndina að gesti sínum. Töluðust þeir við um stund og lagði þá Prorzna hendina á herðar foringjans og mælti:

“Viljið þér gera mér greiða?”

“Já, til þess er eg boðin og búinn, eins og þér vitið.”

“Prinzinn langar til að sjá vopnasafn mitt og hef-ir beðið að sýna sér það, þá er búíð væri að koma því fyrir. Nú er búíð að því. Prinzinn bað mig að ákveða einhverja stund, er mér væri hent, og er eg nú kominn til þess. Ætlið þér að unt verði að fá prinzinn til að heimsækja mig klukkan sex eða sjö í kvöld?”

“Það er hætt við að það sé heldur seint, því bú-ist er við að hans konunglega tign verði klukkan átta við veizlu stórskotaliðsins.”

“Eg veit það. En þið gætuð farið beina leið frá mér til veizlunnar. En lát þetta vera okkar á milli.”

“Prinzinn er enn sem stendur á báðum áttum, hvort hann muni fara til veizlunnar eða ekki. Eins og þér vitið, er hann hálf-lasinn.”

“Góði vinur, eg er yður mjög þakklátur, ef yður tækist að fá prinzinn til þess að skoða vopnasafn mitt í dag. Spyrjið eigi að hvernig á beiðni minni standi, en trúið mér aðeins, er eg segi yður, að þér gerið mér miknn greiða með því.”

Goner tók í hönd hans og mælti:

“Eg skal þegar í stað segja yður annaðhvort. Og mun eg gera allt, er í mínu valdi stendur. Verið þér sælir; eg kem þegar aftur.”

Luktust svo dyrnar eftir foringjanum.

Hin litla klukka á skrifborðinu gekk hægt og hægt og sólargeislarnir féllu á hinar silfurbúnu pípur, er aðstoðarmaðurinn hafði lag t fyrir framan Proczna. Janek gekk fram og aftur um herbergið



og virtist vera í fremur þungu skapi. Hann vildi fyrir hvern mun afstýra því, að Anna Regina skyldi fyrir flærð brögðótttrar konu draga mann sinn á talar. Hann hvorki gat né vildi láta það viðgangast, að prinsessan væri neydd til að leika slíkan leik, er væri henni svo ósamboðinn.

Proczna hafði fastlega ásett sér að hafa mál sitt fram. Honum var vel kunnugt um, hvað hann átti á hættu, ef að han nú þegar kæmi fram og rífi niður til grunna verk það, er kostað hafði hann svo mörg ár að koma upp. Hvað var það, er lagði þá skyldu á herðar honum, að hætta hamingju sinni fyrir sakir Önnu Reginu? Sjálfur svaraði hann þeirri spurningu á þessa leið: Samvizka mín og sómatilfinning. Janek Proczna berst með lífi og sál fyrir marki, er hann hefir sett sér. Látum fara sem fara vill, en eg er með þér, Anna Regina, og ryð öllu því frá, er vill vaxa þér yfir höfuð, jafnvel þó að eg sjálfur kundi að fara með hamingju mína.

Gekk nú Goner foringi inn brosandí. "Hin konunglega tign verður hjá yður kl. fimm, beztu greifi, og það hann mig að færa yður beztu þakkir sínar."

Það létti mikið yfir Janek. Tók hann í hönd aðstoðarmannsins og horfði í augu hans.

"Lofið mér að sjá svo um, að hjálmur prinsins og annað fleira verði sent heim til mín. Það kann, ef til vill að dragast, svo að hann verði að fara beina leið frá mér til veizlunnar."

"Prinzinn var eins og opin bók gegn yður, Proczna," mælti Goner vingjarnlega. "Eg get alls eigi ráðið hvernigi á þessu stendur, en lofa að gera eins og þér viljið."

Þegar Proczna gekk niður hallartröppurnar, var svipur hans glaðlegur og brosandí.

## XX. KAPITULI.

Proczna stóð í einum af söllum gestaherbergisins; birtan frá gashjálmunum féll ljómandi á hina skíru málmस्कildi og silfurbúnu smábyssu-hylki, og á hin gimsteinum settu slíður daggarðanna og hinna tyrknesku sverða.

Hann leit á klukkuna. Ennþá voru sex mínútur eftir þar til prinzinn kæmi. Proczna vissi að hin konunglega tign var alkunnur fyrir hina hermannlegu nákvæmni sína og var því næsta rólegur. En þó var ekki laust við, að hann fyndi til einhvers ótóa, er hann gekk aftur og fram um gólfið, og við og við hugsandi virti hann fyrir sér eitt dýrindis vopnið. Það var eins og hann langaði til að ryfja upp fyrir sér atburði þá, er á einhvern hátt voru tengdir við það. Vopn þessi voru að vísu ekki svo mörg að tölunni til, en þó mundi sá, er skyn bar á slíka hluti, hafa haft gaman að skoða. Var nú mjög komið undir því, hvort prinzin nvar einn þessara manna. Um fram alt reið mikið á því, að hindra prinzinn frá að fara aftur til hallarinnar, til þess að bjóða hinni kæru, litlu konu sinni góðar nætur, því þá var mjög óvíst, hvort að hann kæmi aftur það kvöld.

Hastarlegur roði litaði enni Janeks og hönd hans titraði litið eitt, er hann tók hið ilmandi bréf, er Leonie hafði nýlega sent honum.

"Eg held varla," reit hún, "að það verði til nokkurs að tefja fyrir prinzinum með því að sýna honum vopnin, því hér er við mann að eiga, sem hefir úr í stað hjarta í brjóstinu. Vitið þér, að þér eruð of einfaldur, og eg hefi því hjartanlega hlegið að yður, minn litli lukkuprinz! En þér getið þó reynt það.

Eg mun verða hjá Kany og hafa mín ráð ef prinzinn kynni að sleppa úr greipum yðar."

Erfiherrann að Proczna beit á jaxlinn og fleygði bréfinu í eldinn.

Heyrðist þá vagn koma úti fyrir dyrum gestaherbergisins og fljótt fótatak heyrðist í göngunum. Stillilega og einarðlega gekk Proczna út í framherbergið, til þess að taka á móti prinzinum.

August Ferdinand virðist vera í mjög góðu skapi.

"Leyfið mér nú fyrst, beztu greifi að spjalla við yður um stund, áður en eg fer að líta á vopn yðar. Mér er líkt varið og einbúanum á Marks-Riff, er stöðvaði farfuglana, til þess að þeir skýrðu honum frá því, hversu liti út þar, er þeir kæmu frá."

"Ef að Marks-Riff liggur hér upp í hinu norræna ættlandi, þá er eg sannfærður um, að svölurnar hafa byggt hveður sín undir þaki einsetumannsins.

Prinzinn settist hlæjandi niður.

"Kann vera um stundar sakir. En þegar stormurinn fer að hvína, fljúga þær burt aftur. Sá, er syngur líkt og þér, Proczna, söngva löngunar, mun brátt snúa aftur til suðræna heimkynna.

"Eg er Pólverji, yðar tign."

"Já, eftir skírnarseðlinum. Hinn ytri maður yðar er aðeins hulstur um sál listamanns, en hún hefir fyrst lúfti sér til flugs á Ítalíu og í Parísarborg."

"Meðal alþýðu lifir saga sú, að pólskt blóð aldrei segi afhendis sér," svaraði Proczna og brosti með sorgblíðu. "Eins og segulnálin af leyndum krafti óafvitandi dregst til norðurs, svo lindur og einhver hulinn máttur Pólverjann við ættland hans, hvert sem örlögin kunna að bera hann um heiminn. Þó að eg fyrst á fullorðinsárum hafi lært hið pólska mál, rennur það þó víðstöðulaust frá vörum mínum, og lætur

jafn ljúft í eyrum mínum, sem væri það móðir mín, er talaði til mín."

"Já, það er af því, að þér vitið að þér eruð af pólskum ættum. Það er í myndunaraflið er oftlega dregur menn á talar."

"Listamaðurinn fer jafnan eftir hugboði sínu, en eg geri það eigi. Hugur minn dvelur jafnan í hinum norrænu heimkynnum sínum."

"Og því njótum við nú góðs af því núna," mælti August Ferdinand brosandí.

Viðræður þeirra viku nú að öðru efni. Prinzinn talaði um stund við Goner foringja og reis svo á fætur til þess að líta yfir vopnasafnið.

August Ferdinand gekk að borðinu og leit fljótlega yfir vopnasafnið. Tók hann eina skambyssuna og virti hana nákvæmlega fyrir sér og mælti:

"Það er eigi neitt glingur, er þér eigið hér, og verðið þér því að leiðbeina mér, er við lítum yfir safnið.

"Vissulega mun eg gera svo með leyfi yðar tignar, því það eru eigi vopnin sjálf, heldur sögur þeirra, sem markverðar eru."

"Það er ágætt! Þá ætla eg að byrja á byssu þessari, er mér virðst vera fremur einkennilega tilbúin." Prinzinn reyndi að spenna bóginn og spurði, hvort hann hefði reynt að skjóta með henni.

"Já, það hefi eg, yðar tign; en eg verð að játa, að eg er ekki mikill skotmaður. Eg er aðeins söngmaður og reiðmaður, en að öðru leyti er mér fátt til lista lagt. Þessi skambyssa var mér gefin af hertoga de Valence, er hafði tennið hana í veðmáli um "Gouttes d' or."

"Eg hefi heyrt þá sögu, er olli hinum góða Hechelberg þriggja sevfnausra náttá."

"Svo virðist sem Hechelberg vilji eigi láta sig, en

hægast mun verða að skera úr þeim ágreiningi, ef yðar tign þóknaðist að reyna vín þetta; mundi mér þykja það mikill heiður, að geta boðið þýzkum prinzi og hershöfðingja að drekka úr bikar, sem staðið hefir á borðum eins hns mesta keisara."

August Ferdinand hneigði vingjarnlega höfuðið. "Þiggja mun eg það, herra greifi; þykir mér gaman að reyna vín yðar, og eigi sízt, þegar það er borið fram í svo frægum bikar."

Prorzna hneigði sig hýrlega, gekk að dyratjaldinu og benti þjóninum.

Fór hann svo með mikilli kurteisi að sýna prinzinum vopnasafnið. Voru nú hið ýmsu vopn reynd og spunnust út af því margbreyttar og djúpvitrar umræður.

Vínið freyddi í hinum háu skygndu glösum, bláleit reykjarský hringuðust upp frá vindlunum, og hið fyrirmannlega frjálslega viðmót Proczna sýndi hve vanur hann var að fagna heldri mönnum í húsum sínum.

August Ferdinand var mjög glaður og þótti mikið til vopnanna koma, því að hann var mikill veiðimaður og nafnfrægur skotmaður.

Voru nú sett skotfæri og gerður skotvöllum um bæði herbergin. Var stundarkorn verið að þessu, en á meðan skemti stjúpsonur Dynar greifa gestunum með margskonar sögum.

En við og við leit hann á hina gyltu úrskífu og brjóst hans reis og féll af þungum andardrætti. Ennþá var eftir fjórðungur stundar. August Ferdinand, sem ætíð kom á tækum tíma, var þegar orðinn of seinn til hátíðarinnar á samkomu stórskotaliðsins. En á hvern hátt átti han nú að teíja fyrir honum? Prinzinn hafði nú skoðað vopnasafnið og leit spyrjandi til Goners.

"Hús yðar virðist vera fult af sjaldséðum gripum, bezti greifi," mælti hann brosandi og leit á lítið kver, er Proczna af einhverri tilviljun rak olmbogann í, svo að það féll niður af hljóðfærinu.

"Þetta gulrauða kver er ef til vill einn mesti dýr-gripurinn innan þessara veggja," mælti Proczna.

"Það er eitt af handritum Chopins sjálfs."

"Er það svo? Gerið svo vel að lofa mér að sjá það." Prinzinn rétti út hendina, en sneri um leið að glugganum og hlustaði. "Rignir?"

Goner gekk að glugganum. "Já, fjarska mikið, yðar konunglega tign," mælti hann.

"Það er hraparlegt! Eg sendi vagninn heim-leiðis, því eg ætlaði að ganga aftur til hallarinnar í þessu góða veðri. En vel á að minnast, bezti Goner, það er líklega mál til komið að halda af stað. Eg hefi lofað, herra greifi, að koma til veizlu, er stórskotaliðið heldur í dag á samkomustað sínum."

"Það mun eiga að afhjúpa Barbara-myndina. Eg óska yður til lukku. Það er í sannleika einkennileg, fögur og dýrmæt gjöf, er hinn yngsti foringi gefur herdeild sinni."

"Þekkið þér myndina?"

"Já, yðar tign, mér hefir verið sýnd hún."

"Er það háðmynd?"

"Ekki í venjulegum skilningi, jafnvel þó eigi sé laust við að hún sé hálf-skrítin."

"Gerið svo vel að lýsa henni."

"Hin helga Barbara er sem verndargoð stórskotaliðsins, mynduð í líku sniði og hin sixtinska madonna. En í stað barnsins heldur hún á handlegg sér lítilli fallbyssu, en réttir fram með hinni myndinni sprengikúlu. Hinir litlu englar við fætur hennar eru og myndaðir eftir sama sniði, en eru aðeins þar gerðir í líkingu foringja með hjálm á höfði og varaskegg

og vindil mill tannanna, og öll er myndin mjög skrí-  
in."

"Þetta er ágætt!" mælti prinzinn og brosti við,  
"og hlýtur að vera mjög áhrifamikil og verð eg fyrir  
hvern mun að fara og skoða mynd þessa. Eg þakka  
yður innilega, beztu Proczna, fyrir skemtunina. Eg  
veit sannarlega ekki hvort eg á að nefna yður Dynar  
eða Proczna."

August Ferdinand rétti honum hendina og Goner  
sótti sverð hins háa herra síns.

Proczna tók í klukkustrenginn og sneri aftur að  
prinzinum.

"Eg vona að yðar tign sýni mér þann sóma, að  
nota vagn minn. Það rignir allmikið og mundi eg  
aldrei fyrirgefa sjálfum mér, ef eg yrði orsök þess að  
þér kynnuð að kvefast.ú Auk þess munduð þér  
tefjast um of, ef þér færuð fótgangandi."

"En Goner! Hvað er þá framorðið?"

"Klukkan er bráðum átta."

Proczna gaf þjóninum bending, en August Fer-  
dinand lagði höndina brosandí á herðar söngmanns-  
ins og mælti:

"Nú gengur yfir mig, Proczna. Hvernig hefir  
tíminn liðið svona fljótt? Mun það vera í fyrsta  
skifti að eg kem eigi í tæka tíð, þó svo virðist, þar eð  
eg með engu móti kemst á fjórðungi stundar til hall-  
arinnar fyrst og svo þaðan til hermanskálans."

"Var nú vagninum ekið fram fyrir dyrnar. En  
Proczna settist niður við píanóið og fór sjálfur að  
syngja. — Var ekki fjarri því að hann æpti fagnað-  
aróp, er átta skær slög hljómuðu frá klukkunni.

"Spilið er unnið, barónsfrú!"

Kvöddust þeir svo í skyndi.

"Beina leið til hermanskálans," bauð nú Au-

gúst Ferdinand; "það er of áliðið til þess að fara nokkurn krók."

Vagninum var ekið í burt og hófatak hestanna hvarf hægt tog hægt úti á hinum þögulu götum.

## XXI. KAPITULI.

Rigningin stytta smám saman upp. Svalur vindblær lék um enni Proczna, er hann einn saman gekk eftir vegi þeim, er lá að Villa Florina. Leit hann augunum upp til hinna þjótandi skýja, er lítið eitt voru farin að greiðast í sundur. Ennþá lak niður af trjágreinunum og hinir röku tinnusteinar á veginum glitruðu líkt og silfur og hin visnu lauf þyrluðust fyrir vindinum.

Proczna gekk hægt áfram; hann var nú rólegur; öldugang geðshræringanna hafði hann nlægt og hið brennheita enni hans var nú svalara. Honum var nú líkt farið og farmanni, er veit að hann siglir rétta leið og stefnan, þrátt fyrir storm og brim, er að ströndu fósturjarðarinnar.

Í Villa Florina eru allir gluggar birgðir í neðstu söllum hússins. Það er aðeins í salsglugga greifafrúar Dynar, að rauðleitan glampa leggur út á hin köldu, lauflausu tré.

Hægt og dauðlega hljómar ómur bjöllunnar um forstofuna.

"Herra baróinninn er í gildaskálanum og konurnar eru að drekka tevatn hjá greifafrúnni."

"Á systir mín von á fleiri gestum?"

"Nei, herra."

"Proczna gekk þá upp hinar hvítu marmara-tröppur upp á fyrsta loftið. Þjónn einn stóð og beið í ganginum.



“Konurnar koma þegar í stað. Gerið því svo vel, herra greifi, að bíða stundarkorn héra í salnum.”

“Þetta er ágætt! Verið velkominn, herra minn. Og Heller-Huningen reis upp frá legubekknunum, og flýtti sér til komumannsins og rétti honum alúðlega hendina.

Í sama mund reis og ung, fögur stúlka upp af einum stólnum og var það ungfrú Becky, er einnig fagnaði mjög Proczna.

“Það var svo skemtilegt að þú skyldir koma, Proczna. Við vorum að spila Domino, Donat og eg, en eg vinn altaf.”

“Það er nú ekki svo skrítið, þar sem þér frá blautu barnsbeini hafið kunnað að spila þetta.”

Gekk nú Donat til Proczna og mælti: “Þetta er auma spilið, beztu Proczna. Það liggur við að mannundli af því að góna svona á þessa svörtu depla.”

Andlit Becky varð eldrautt, eins og hún hefði veikt upp eld sjálfra undirdjúpanna,

“Það er af því að hann skilur ekki spilið, Janek, og fer svo að segja hverja sögu og rugalst í spilinu.”

“Eg spyr aðeins að því, hvort nokkuð vit sé í því, að láta fyrst neyða sig til þess að spila alt kvöldið, án þess að vinna nokkuð. Og lítið nú á, herra minn! Eg kem hér með tösku fulla af kryddkökum og átti að spila um þær, en nú hefir hún þegar borðað meira en helming þeirra.”

Donat þrýsti þegjandi hönd vinar síns og tók á sig hálfgerðan reiðisvip og benti á borðið, er Becky lá fram á með báðar hendurnar ofán yfir skál, sem full var af kryddkökum, er hún sór og sárt við lagði að hún hefði réttilega unnið.

Proczna skellihló.

“Vertu hughraust, kæra Becky! Eg skal berjast

þín megin, því piltur þessi fer að verða eitthvað ísjarverður."

"Nei, Janek, þú átt heldur að koma á sættum. Donat verður að sjá að eg hefi rétt og hefi alls ekki í hyggju að svíkja hann."

"Jæja, eg skal gerast friðdómari, ef þú vilt svo. Heller Huningen verður að kannast við, að óhapp hans stafar af því, að þeir sem eru lánsamir í ástum, eru jafnan óhepnir í spilum."

"Lán í ástum! — Því miður að líklega stendur svo á því." Og með yndislegri einfaldni ýtti hún skálinni yfir til mótstöðumanns síns. "En" — hún leit nær því grátbænandi til hans — "þá veitið þér mér líklega happ í ástum."

"Skipta þá happi milli tveggja barna," mælti Proczna, "Því fyrir einmana manni flýgur hinn styggi fugl á burt, en ef tveir eru saman, er hann jafnan kyr."

"Skifta?" Hin litla stúlka hristi höfuðið. "Enginn maður skil svifta mig hamingju minni. Nei, eg geymi hana í djúpi hjarta míns. Svo get eg ritað í dagbók mína: "Þangað til ..... og neðan undir: "þrjá kossa."

"Þrjár kossar hafa happ í för með sér."

"Og upáhaldskvæðið mitt."

"Hvað þá, litla frænka? Látum okkur heyra. Mér þykir fjarska gaman að kvæðum." Donta sneri nú enn meir up þá varaskegg sitt og gerðist mjög óþolinmóður.

"Nei, eg læt ykkur ekki heyra það."

"Og ekki heldur mig, Becky?" mælti Proczna.

Hún sneri sér skyndilega við, og leit framan í hið brosandi andlit Janeks, og vafði svo hlæjandi höndum sínum um handlegg hans.

"Jú, þú skalt fá að heyra það, Janek. En þú

mátt eigi hlæja að mér, því þú hefir glatt mig svo mikið."

"Það er svo, en hættum nú þessu gamni. Donat gekk á milli þeirra og var það í fyrstu sem að djúpar hrukkur kæmu á enni hans. "Nei, við skulum halda spílinu áfram, því eg get ekki með nokkru móti talað um skáldskap. Áfram! Við verðum að ljúka við spilið. Það voruð þér, sem áttuð að leggja út." Tók hann nú með hálfgerðu valdi í handlegg hennar og leiddi hana að borðinu. Öðrumeginn var veggurinn, en hinsvegar settist hinn ungi foringi, líkt og lifandi varnargarður. En Proczna var nú ofaukið.

Var nú spilað af miklu fjöri, og mikil ferð var á Domino-töflunum og kryddkökunum, en lítið rætt saman.

Proczna stóð upp og gekk hljóðlaust um hið mjúka gólfjald inn í næsta herbergi, og varð honum þá ósjálfrátt lítið á skrifborðið.

Hvað var þar? Gulnuð bókfellsblöð, saga Xeniu ættarfrúar, er hin unga nafna hennar hafði eitt sinn hrundið svo fyrirlitlega frá sér, eins og hefði hún fundið til mesta viðbjóðs á þessari breysku greifafrú, er metið hafði meira ást Pólverja, en mikilsháttar nafn, auð og heimili. Hvernig stóð á því, að þetta rit lá hér á skrifborði hinnar stoltu, kaldlyndu systur hans.

"Hún var ekki stolt né kaldlynd," hvíslaði einhver innri rödd að honum.

Proczna gengur nær og lítur á hin gulu blöð. Er þeim flett upp líkt og lesandinn hefði nýlega gengið frá þeim. Sumstaðar má jafnvel sjá dregið undir ýmsa staði með athygli.

Honum verður lítið á þessa staði.

"Þá kom ástin yfir hana líkt og kalda, er hægt

fer og enginn læknri fær ráðið við. Hún varð sem annar maður á einni nóttu, og alt lunderni hennar virtist algerlega breytt. Það er menn nefna ástríðu, er eitthvað skaðsamlegt og meinsamlegt." Ennfremur var þar ritað: "Hann var af pólskum ættum, en ekki var víst, hvort að hann var tígin; var hann fríður maður, varaskegg hans var langt og augun leiftrandi. Hann var glaðlyndur og léttlyndur, of var líkt og hann væri skapaður fyrir konur." Að síðustu voru þessi orð rituð: "Hún þekti enga meiri sælu í þessum heimi en ást hans; yfirgaf heimili sitt og hvarf á burt með honum."

Proczna stóð í fyrstu grafkyr og starði á hin gulnuðu, trosnuðu blöð. Var þá sem stormbylur færi um sálu hans og hug. Tók hann bókfellsblaðið upp að vörum sér og þrýsti glóandi kossi á það. Flýtti hann sér svo aftur inn í salinn, því eigi var laust við að honum myndist gólfið brenna undir fótum sér.

Nokkru síðar komu þær frú Drach og Xenia. Virtist Janek að hin heita, fína hönd titra, er hún heilsaði honum.

"Verið velkominn! Sjáðu Xenia, var það ekki rétt gert að sleppa því að fara í leikhúsið í kvöld? Og þér eruð hér ennþá, kæri Donat? Þér verðið að fyrirgefna, að vér höfum látið yður bíða svona lengi."

"Þess þarf ekki, mamma; honum hefir alls eigi leiðst," mælti Becky. "Eg hefi skemt honum á meðan."

Frú von Drach lézt taka á sig þykkjusvip, og mælti með mikilli alvöru:

"Þú mátt eigi taka á móti nokkrum manni, nema eg sé sjálf viðstödd."

Becky brosti og mælti: "Við höfum verið að spila Domino."

"Eg hefi bónað að biðja yður, Janek," mælti nú Xenia.

"Bjóðið þér, þér vitið að eg er jafnan reiðubúinn."

"Komið."

Greifafrú Dynar gekk á undan honum inn í næsta herbergi, þar sem veggirnir voru prýddir með myndum hinna dynörsku ættfeðra, er Xenia hafði látið búa til eftir myndunum á Proczna.

Á dökkleitri porfyrskál lá pappírsstrangi, er greifafrúin tók í hönd sér og leit niður á. Var auðséð að hún reyndi mjög að stilla sig.

"Prinz August Ferdinand er mjög umhugað um ætt vora," mælti hún, "og óskar að kynna sér frekar, hver skyldleiki er með Dynar-ættinni og greifaættinni S., er nú situr að völdum. Eg hefi því látið taka eftirrit af ættbálki okkar á Proczna til þess að leggja það fram fyrir hans konunglegu tign."

Xenia þagnaði og leit til Proczna, en í hinum dökku augum hennar var einhver auðmýkt og eitthvað sárþænandi.

"Og þér óskið að eg sjái um þetta?"

Hún hrsti höfuðið eitthvað feginslega, en hinar hvítu hendur hennar breiddu út pappírsstrangann.

"Lítið þér á," mælti hún rólega, og hinar róslit-uðu neglur bentu á hinn síðasta bera ættarskjöld, þar sem nafn hennar stóð skrifað gagnvart. "Á eg sannarlega að leggja fram skrá um — — um eitthvað það, er öðrum er ókunnugt um?"

Proczna varð hálf hverft við, þó að andlit hans væri brosandí eins og ella.

"Hin síðasta ráðstöfun föður yðar segir svo fyrir, að þér megið sjálfar kjósa, hvort þér viljið nefna hinn sjálfkjörna bróður yðar með yðar eigin nafni. Ef svo er, að þér ætlið að hinn beri ættarskjöldur ó-

virði ættbálkinn, þá þarf eigi nema pennastryk yðar til þess að ráða bót á þessu."

Xenia hló biturlega, er hún svaraði: "Það er eigi unt að má nafnið af slíkum skildi."

"Haldið þér að sonur hins pólska uppreistar-  
manns leggi mikið í sölurnar, þó að hann sé krýndur  
greifakórónu?"

Hún keyrði höfuðið aftur á bak með auðsæileg-  
um hroka.

"Það virðist svo sem Janek Proczna ætli svo."

"Hefi eg eigi látið leiðast til að koma fram sem  
Dynar greifi meðal manna hér?"

"Nei," svaraði hún og leit niður fyrir sig. "Þér  
hafið gert það gegn skapi yðar."

"En það er sama, en frá þeirri stundu er eg bróðir  
yðar, Xenia, í heimsins augum."

Hún þrýsti höndunum að brjósti sínu og svaraði  
aftur með mikilli ákefð og geðshræringu:

"Þér hafið fleygt þessu nýa nafni yfir herðar yðar  
líkt og marglitri kápu, og réttið mér aðeins laf henn-  
ar, eins og þér segðuð: Lítið á, hérna er band það,  
sem tengir okkur saman sem systkiñ. Og þó rennur  
annarlegt blóð í æðunum og hugsanir okkar eru jafn  
óskyldar sem dagar og nótt. Þér eruð bróðir minn,  
en sá bróðir, er réttir mér fingurnar yfir um djúpa  
gjá."

"Það var eigi eg, sem var orsök til þessa. Eg  
fór á burt, er þér buðuð mér svo, og eg kom, er þér  
kölluðuð mig aftur. Segið mér, hverjar skyldur hefi  
eg vanrækt eftir að þér veittuð mér réttindi skyld-  
mennis? Samivzka mín kannast ekki við, að eg  
hafi í nokkru brotið gegn yður."

Stóð hann hnakkakertur frammi fyrir henni og  
rödd hans var næsta róleg.

Xenia sló saman höndunum og virtist vera í ákafri geðshræringu.

“Þér spyrjið, hverjar bróðurskyldur yðar þér hafið vanrækt? Hafði þér ekki látið óefnda hina helgustu og mestu skyldu, er á yður hvílir — trúnaðarskylduna? Það var illa gert, að fara frá mér og skilja mig eina eftir, því eg hafði enga betri aðstoð í heiminum en yður. Það var rangt af yður að taka svo hart á þrályndi og misskilningi og slíta öllu þau bönd, er tengdu okkur saman, þar sem þér voruð eldri og reyndari. Og þó að eg hefði hrundið yður frá mér, hefðuð þér átt að minnast þess, að það var vilji föður míns að þér skylduð reynast mér trúr, því ást yðar til mín voru þakkir þær, sem hann krafðist af yður. Eða hafði hann eigi ritað neitt á þá leið í hinu síðasta bréfi sínu til yðar?”

Þessi síðustu orð voru töluð í hálfum hljóðum, en andlit hennar litaðist af heitum roða og augu hennar störfu spurjandi á hann.

Varð nú þögn um stund. Hristi Janek þá höfuðið og svaraði alvarlega:

“Nei, í bréfinu mintist hann aðeins á liðna tím-ann, en ekki hinn komandi. En engu að síður finn eg mjög til ásakana þeirra, er þér gerið mér, og er mér þó ekki unt á þessari stundu að sýna og sanna að þér hafið mig fyrir rangri sök.” Tók hann nú af einhverjum ofurtilfinningum í hendur hennar, og hélt um stund utan um þær. “Hvers æskið þér af mér, Xenia? Er það aðeins nafns míns á þennan merkis-skjöld? Til þess þurftu ekki svona mörg orð. Eða er það nánara samband milli okkar? En það djúp, sem skildi okkur, er fyrir löngu yfirstigið. Eg stend við hlið yðar og rétti ekki fingurgómana, heldur báðar hendur mínar með allri þeirri alúð, er bróðir má sýna. Eg horfi í augu yðar líkt og eg fyrmeir gerði

og spyr: Hvað liggur yður á hjarta, Xenia? Sýnið mér sömu einlægni sem í liðinni tíð, áður en nokkur ágreiningur reiss upp á milli okkar, og segið mér hvað býr yður í brjósti. Segið mér hvernig eg á að sýna yður trygð mína?"

Skært bros lék nú um andlit hennar og losaði hún um hendur sínar, dýfði pennanum í byttuna og bjó sig til að rita.

"Eg á þá?"

Hann hneigði höfuðið brosandí.

Hönd hennar titraði lítið eitt, en hún reit þá með skýrumí greinilegum stöfum nafnið Janek Stefan á skjöldinn við hlið nafns rennar.

"Hvers vegna Janek en ekki Hans?"

"Það er eitthvað svo útlenzkulegt, og ..... hin pólsku nöfn eru eins fögur og hin þýzku."

Hún fleygði pennanum frá sér, reis upp og lagði hinar fríðu hendur sínar á herðar hans.

"Nú eruð þér bundinn mér með lífi og sál, Janek," mælti hún brosandí og þó alvarlega. "Nú fyrst, er eg sé það svart á hvítu, trúi eg því og nú vil eg vera hreinlynd og einlæg, eins og mér ber að vera við bróður minn, og ímynda mér að hin mörgu, döpru skilnaðarár hafi aðeins verið vondurdraumur. Nú erum við aftur á Proczna, eins og þá er faðir okkar sat alvarlegur og kyr við skrifborðið og við tvö sátum við arninn og sögðum hvort öðru sögur. Heyrir þú hversu vindurinn hvín núna úti, sérðu hvernig snarkar í eldinum og hversu hinir rauðu neistar hrökkva út úr honum? Það er alveg, alveg eins og þá! Og eg er aftur orðin að barni og halla höfði mínu að brjósti þínu, eins og eg var vön að gera, er eg ætlaði að biðja þig einhvers. Janek, viljið þér gera eitt fyrir mig, sem mér er mjög umhugað um?"

Stutt, áköf en ósýnileg barátta virtist að fara



fram í brjósti Janeks. Til þess að forðast töfra andlits hennar, sneri hann höfðinu hægt við og kysti aðra þessa smáu hendi, er hvíldi á herðum hans.

“Það er alveg eins og þá,” kallaði hann upp hlæjandi. “Talaðu, systir litla, eg er fús að gera alt það fyrir yður, er í mínu valdi stendur.

“Janek, gerið yður eigi að verkfæri í höndum barónsfrúar Gertner, því eigi er yður samboðið að sitja við fætur hennar.” Leit hún um leið hálfgrátbænandi til hans og var eigi laust við að einhver kvíði væri yfir rödd hennar.

“Barónsfrú Gertner? Hvað?”

Xenia beit hinum hvítu tönnum á hendi vörina.

“Eg hata hana. Eg þekki engan mann í öllum heiminum, sem er svo fyrirlitlegur í mínum augum sem þessi manneskja.”

“Nei, nú yfirsést yður, Xenia,” svaraði hann hálf-brosandi. “Eða þá þér hafið hlustað á einhver bakmælgj; þér haldið yður jafnan svo fjarri henni og getið því eigi skilið, hve elskuverð hún er í raun rétttri.”

“Og ef eg nú segði yður, Janek, að hið mesta bökt er eg hefi orðið fyrir í þessum heimi, var einmitt þessari konu að kenna.”

“En hugsið yður, að eg kunni að vera ástfanginn af þessari konu.”

Xenia fölnaði og starði á hann hálf-ónáttúrlega.

“Forsetinn er gamall, hrörlegur maður,” mælti Proczna. “Að vísu er ekki kristilegt að óska nokkrum manni dauða, en ástjinni dettur oft svo margt í hug.”

“Nei, Janek, alt kýs eg fremur þessu!” og var líkt og angistaróp brytist fram af vörum Xeniu.

Hann hristi höfuðið dauprlega.

“Guð gefi vesalings forsetanum langt líf. Eg

mun síðastur allra óska honum dauða. En segið mér, Xenia, ef maður sá, er þér hefðuð kosið yður, væri að minni ætlun andstyggilegur og eg segði: Gefið hann upp, bróður yðar vegna?"

Hún greip fastlega um stólbakið. "Þér hafið rétt, Janek. Eg skil ekki hvernig mér datt þessi vitleysa í hug." Og etthvað örvinglunarbros lék um varir hennar, er hún mælti: "Við tvö göngum sitt hvora leiðina í þessu lífi."

## XXII. KAPITULI.

Yfir dyrum hinnar litlu veiðihallar Tannenforde var harrtarmynd með mjög prýðilegum hornum, okorið úr tré, og um háls hennar var mikill blómsveigur úr grænum blöðum, en frá göflunum hjengu blaktandi veifur. Dauft, fölt, hitalaust féll sólarljósið niður yfir skóginn, því hin þjótandi ský drógu svo mjög úr því, og skarpur, kaldur vindur hvein milli hinna hangandi greina barrtránna. Frost hafði verið um nóttina og hið hvíta hrím lá enn á jörðinni og hin þurru, skarælnuðu lauf þyrluðust um frosna brautina.

En þrátt fyrir þetta gekk þó mikið á umhverfis hina litlu höll, er prinz August Ferdinand hafði kosið til stefnu staðar fyrir þá, sem taka áttu þátt í veiðunum.

Hundarnir geltu og ryktu í hálstengslin. Veiðimennirnir og gæzlumennirnir, er klæddir voru í græna einkennisbúninga, snerust hver um annan. Yfirveiðimaðurinn skipaði fyrir um, hversu öllu skyldi hagað, og sveiflaði hatti sínu þá er hann heilsaði veiðimönnum, er nú riðu fram á fjörugum hestum í rauðum einkennisbúningi.

Flestir veiðimennirnir voru úr Úlan riddaradeildinni, og voru þar með þeim dætur þeirra og konur, er ætluðu að taka þátt í skemtun þessari.

Kom nú vagn eftir vagn; mátti þar sjá frú von Drach og dóttur hennar, og voru þau öll búin dýrum feldum. Þá kom forseti von Gertner og kona yfirveiðimannsins, og loks, litlu á undan sjálfri hirðinni, barónsfrú Zeutler og frú Goner.

Var nú mikill hópur nýungagjarnra áhorfenda kominn þar saman og mynduðu þeir þetta þyrpingu meðfram skógarbeltinu, því leið veiðimannanna lá þar a llnærri.

"Við erum þá allir komnir saman, riddaralega Holland!" mælti Hechelberg greiði mjög glaðlega til vinkonu sinnar Hofstraten, er rétt í því var að blása, líkt og hún væri fýsibelgur, í hinar freðnu hendur sínar.

Var hún mjög skringileg á að líta í hinni hvítu yfirhöfn, er var svo þröng um hið þriflega mitti hennar, að í hverjum saum brakaði í hvert sinn, er hún hreyfði sig hið minsta. Hinn apalgrúi hestur hennar stappaði fótunum, eins og að hann fyndi til sín, er greiði Hechelberg fórnaði höndunum og með miklum hátíðasvip mælti:

"Á mörk þessari, er þið bæði farið yfir, mun aldrei framur vaxa nokkurt gras."

"Þér haldð þá óafturtakanlega við ásetning yðar greifafrú, og haldið bróður yðar föstum?"

Barónsfrú Gertner laut fram í söðli sínum og hvíslaði þessum orðum að Xeniu. Hún hló að vísu um leið mjög glaðlega, en lagði þó mikla áherzlu á orðin "haldið föstum".

"Óafturtakanlega! Hví öfundist þér yfir því, þó mér takist að halda hinum flakkandi farfugli föstum svolitla stund, því eigi mun líða á löngu þar til

honum tekst að rjúfa hina veiku fjötra mína og aftur að leita til yðar."

Einhver blíðu alvörusvipur var yfir öllu viðmóti Xeniu. Var sem bráðlyndi og æsing sú, er brytt hafði á um nokkra daga, væri algerlega horfið.

Proczna, er leit mjög vel út í hinum skrautlega veiðimannabúningi sínum, reið nú stund við hliðina á vagni barónsfrúar Zeutler og heilsaði með mikilli virðing og blíleik frú Goner, og bauð hana velkomna í þjónustu veiðigyðjunnar, enda þótt hún tæki næsta lítinn þátt í veiðunum. Sneri hann svo hesti sínum við og reið til stjúpsystur sinnar.

Barónsfrú Gertner stöðvaði hann um stund og mælti:

"Hafið þér ekki neitt að segja mér frá því hversu tilraun yðar tókst, herra greifi?"

"Fjarska mikið, en eigi hérna."

"Hvar þá?"

"Heima hjá yður," mælti hann svo lágt að aðeins barónsfrúin heyrði.

"Komið þá," svaraði hún með leiftrandi augum.

"Undireins og þér kallið mig til yðar með rós-lituðum pappír, barónsfrú. Þér þekkið, hve mikils eg met slíkt."

Keyrði hún höfuðið aftur á bak með hálfgerðum óþolinmæðis þykkjusvip, en Proczna reið á burt, og virtist eigi líta við henni.

"Tyrkil" mælti hún fyrir munnni sér, þá er allur veiðimannahópurinn hleypti á stökk og hún fór rétt fram hjá honum.

En Proczna ypti aðeins öxlum og brosti.

Heyrðist nú fagnandi lúðraþytur um skóginn, er bauð prinz August Ferdinand og frú hans velkomin.

Var nú rætt saman um stund og reið þá yfirveiðimaðurinn fram og slepti eftir bendingu hans konung-

legu tignar tvævetru villisvíni lausu, og átti það að vera tíu mínútum á undan.

Var svo hleypt af stað og fóru hundarnir fremstir.

Dynjandi húrraóp fylgdi veiðimönnunum, er þeir riðu á burt og samstundis fór vagn prinsessunnar af stað, en fyrir honum voru fjórir hestar og var honum ekið þangað, er reiðin átti að fara fram.

Hvass vindur fór um skógarbrúnina og flökti hár Xeniu fyrir vindinum. Við hlið hennar reið Proczna og tók hann við og við í tauma hests hennar, þá er gætni og varúðar þurfti við.

Var Proczna fremur dapur og áhyggjufullur.

"Farið eigi of hart, Xenia," mælti hann og tók um hönd hennar. "Þér þekkið ekki hættuna. Við skulum ríða dálítið hægar."

Hún leit til hans með bænarsvip.

"Nei, Janek, mér finst eins og eg gæti riðið í kapp við vindinn ætlunarlaust út í heiminn, án þess að hugsa um torfærur eða hættur. Eða hvaða slys gæti viljað mér til. Eða eruð þér ekki við hlið mér?"

"Guð gæfi að eg gæti verndað yður gegn öllum hættum."

Augu hennar ljómuðu kærlega.

"Þér getið vissulega varið mig mörgu hugarangri, en eigi því sem mest er."

"Og hvers vegna ekki?"

Hún laut höfði sínu aftur á bak og leit um stund upp til hinnar blágrá himinhvelfingar. "Sökum þess þ þér munuð baka mér það."

"Hafið þér þá ekki tekið eftir því, að eg af ásettu áði forðast hinn fríða óvin yðar."

Hann mælti þessi orð í lágum hljóðum og leit alt einu upp til hennar.

"Eingöngu mín vegna?"

"Nei og já, eftir því sem það er tekið."

"Eg skil yður eigi."

"Hið æðsta hnoss vináttunnar er trúin á annan mann og það einkum þegar breytni hans virðist óskiljanleg."

Var nú sem eitthvað mæðulegt bros léki um varir hennar.

"Það er svo þreytandi að vona og bíða eftir lausn gátunnar."

"Sem systir mín hafið þér að vísu rétt til þess að krefjast hreinskilni af mér, eins og að það hinsvegar væri sjálfsagt að eg, ef öðruvísi stæði á, mundi skrifa fyrir yður, áður en hverjum manni væri kunnugt um leyndarmál mitt. Á eg að gera svo ....."

"Nei, nei, þér þurfið þess eigi. Eg get lagt haft á forvitni mína og vil alls ekkert heyra." Rödd hennar var hörð og alvarlegir og skarpir drættir fóru um hinar fínu augnabrunir. Kipti hún snögglega tauma hests síns, til þess að losast við Janek, og kall aði: "Áfram! Við erum svo langt á eftir, og skulum ekki láta hlæja að okkur!" Sló hún þá keyrinu um háls hestsins og hleypti svo inn á milli hinna beru trjástofna.

Janek hafði veitt henni nákvæma eftirtekt og hleypti einnig hesti sínum á stökk og fór á eftir henni.

"Atlanta! Atlanta! Jasos dóttir, gættu þess að yngismey súa er dirfist að standa fyrir örvum veiðimannsins, mun innan skams sjálf verða að veiðidýri."

"Og gleymið þér eigi, að Diana er þess máttug að láta þá ör, er skotið er á hina hvítu hind, fljúga aftur í hjarta skotmannsins."

"Það er hálfskrítin veiði, er örin hittir tvö hjörtu í einu! Amor blæs Hakali."

Hún svaraði eigi.

Framundan þeim skein milli hinna gisnu trjáa á lítið stöðuvatn. — Gjamm hundanna, er eigi hafði heyrst um stuð, nálgaðist nú vatnið.

“Haldið tli hægri handar, Xenia!” mælti Proczna. Ruddist villisvínið í því fram úr runn- um og steptist út í vatnið, en hundarnir fóru áeftir og veiðimennirnir riðu hægt umhverfis vatnið.

“Nei, nei, til þessarar hliðar, Janek!” kallaði Xenia með leiftrandi augum. Það er styttra hérna og við rekumst á hundana.

Án þess að hirða um mótbárur hans hleypti hún hesti sínum og þaut sem hvirfilbylur niður að vatni- nu. Janek varð að fara á eftir henni. Tók undir í hinni frosnu hálf-mýrlendu mörk, er hestarnir þutu yfir hana og möluðu með hófunum hið þunna íslag. Sefið ýmist beygðist út af eða brotnaði sundur sem gler, og hér og hvar spýttist vatnsgusa upp ú mýrun- um.

“Bíðið við! Við erum á hættu stað,” kallaði Janek, en Xenia virtist ekki heyra það. Hleypti hann þá hesti sínum til hennar og greip með járnhendi í taumana á hesti hennar.

“Þér verðið að ríða hægar. Eg vil það!” skip- aði hann og lét brýrnar síga. “Að hleypa hér á stökk er barnaæði eitt.”

Hún starði á hann alveg forviða.

“Ef eg hætti á að hálsbrjóta mig, þá ætla eg að það varði mig eina og engan annan.”

“Eigi á meðan eg ríð við hlið yðar og ábyrgist yður. Farið á eftir mér; eg fer á undan.”

Það var hinn sami strangi svipur og rómur, sem eitt sinn heima undir eplatrénu með hinni brotnu hvísl. Xenia hrökk við, eins og hún ennþá findi til keyrishöggsins. En hjarta hennar engdist ekki sam- an af stjórnlausu hatri, eins og þá. Það var aðeins

eins og einhver titringur færi um það, er hún hugsaði um hinn mikla mátt í þessari hönd, er nú greip um tauma hests hennar. Hún laut þegjandi höfði sínu og hlýðnaðist, en Proczna reið nokkur fet fram og sneri sér síðan að henni.

“Eruð þér reiðar við mig, Xenia? Finst yður bróðir yðar vera of harður?”

“Þér sýnið mér mikla þolinmæði,” svaraði hún brosandí.

Villisvínið hafði nú breytt stefnu sinni, því nú er það komið af vatninu; hélt það til hliðar og út á lyngheiði, en allur hópurinn hleypti á eftir, og varð nú hundgáið daufaar og daufara.

Sólin huldist bak við dimm ský og svalur vindur blés yfir snjóinn.

“Nú verðum við að teygja úr klárunum, ef við ættlum að koma nógu snemma,” mælti Janek og hleypti um leið hesti sínum yfir eikarbol einn á akveginum, er lá fram með vatninu. “Flýtið yður yfir og munum við þá ná þeim innan skams.” Stöðvaði hann nú hestinn og beið eftir Xeníu.

Hestur hennar bjó sig til að stökkva, en féll á knén, en með því að kippa í taumana, tókst greifafrú Dynar að hafa hann upp aftur.

“Hleypið nú!” kallaði hún til Proczna. “Hirðið eigi um mig.”

“Hestur yðar stingur við, Xenia. Þér getið ekki riðið honum hart.”

Hönd hennar leið niður sem máttvana, og hestur hennar stóð skjálfandi á öllum limum.

“Ríðið aleinn, Proczna, og sækið mig hingað seinna,” mælti hún og fölnaði. “Þér verðið annars af þeztu skemtanni.”

Hann hafði farið af baki, og var að rannsaka fót hestsins.



“Nú, hérna er það. Mylord hefir skorið sig á ísnum og virðist auk þess hafa sett fótinn úr liði, það er því eigi um annað að gera en að komast heim sem fyrst, hægt og gætilega. Ef eg nú aðeins vissi, hvar við erum stödd og í hvaða átt eg á að halda. Við höfum riðið um þverann og endilangann skóginn, og hann er um þetta leyti árs víðast hvar sjálfum sér líkur.”

“Haldið þér að fólkið komi hingað aftur?”

Proczna hristi höfuðið.

“Líklegt er að það verði sent að gæta að okkur og munum við þá rekast á þá hér á krossgötunum. Að því er eg ætla, hlýtur borgin að vera í þessa átt. Jæja, við skulum halda af stað fót fyrir fót.”

Hann var nú aftur kominn á bak.

“Sjáum nú, reyndu að koma honum af stað.”

Var nú farið heldur seinlega. Dauðapögn var á alla vegu. Skarkalinn og hávaði veiðimannanna var fyrir löngu horfinn. Lygnt og ljómandi var hið litla stöðuvatn, og spögluðust hin háu grenitré í því. Fáeinar krákur flugu gargandi yfir hina beru trjátoppa, en hátt uppi í hinu gráleita snjólofti myndaði valur æ stærri og stærri hringi, þar til hann að síðustu hvarf alveg sjónum. Xenia fann til einhverra þeirra tilfinninga, er hún aldrei fyr hafði þekt.

Einsömul, alveg einsömul með Janek Proczna í hinni þögulu kyrð skógarins. Henni fanst eins og að hana langaði til þess, að breiða út faðminn og æpa fagnaðaróp móti storminum, eins og að hana langaði til þess að drekka af hinum djúpa friði skógarins í löngum svalandi teigum og í auðmýkt halla sér upp að hinum stolta, alvörugefna manni við hlið hennar. Henni lá við að kalla upp:

“Leið mig eigi aftur í háværð borgarinnar eða til þjáninga og kvalræðis mannfundanna. Verum kyr

“hér og gleymum öllum heiminum og fyrirgef alt það, er eg hefi brotið gegn þér.”

Hin visnu lauf þyrlluðust umhverfis þau, og á sama hátt þyrlluðust og hugsanir í höfði Proczna, er hann hugsandi starði fram undan sér. — Hvorugt þeirra mælti orð.

“Það fer að snjóá, Xenia. Er yður kalt?” mælti hann loksins.

Hann leit áhyggjufullur á hve léttklædd hún var. Virtist svo sem að hann nú sæi, hve illa þau væru stödd.

Hún hristi höfuðið, jafnvel þó að tennur hennar nötruðu af kulda.

“Ónei, eg er svo herkin af mér.”

“Við skulum ganga dálítið svo að yður hitni aftur.”

Stökk hann af baki og lyfti henni úr söðlinum.

“Eg er eitthvað stíð. Þér megið ekki hlæja að mér, þó eg verði fyrst að læra að ganga.”

Hann leit órólega upp til himinsins, því farið var að snjó allþétt.

“Takið undir handlegg mér og styðjið yður við mig, því eg er jötun að kröftum, að því að sagt er,” mælti hann hýrlega. “Eg vona senn að koma yður í húsaskjól, og líklega líður ekki á löngu áður en sent verður eftir okkur.”

Proczna teymdi nú báða hestana og leiddi hina ungu stúlku eftir veginum, er þegar var orðinn alvotur.

“Við höfum að minsta kosti ennþá tveggja stunda dagsbirtu, svo að þér þurfið ekki að vera hræddar, Xenia.”

“Ef þér aðeins vissuð hvert hugrekki mitt er,” svaraði hún hlæjandi.

“Munduð þér vilja eiga það á hættu að verða hér snjótept?”

“Hvers vegna eigi. Hið versta, er gæti hent okkur væri að kala, og að því er eg hefi heyrt, kvað það vera einhver hinn beztu dauðdagi, sem unt er að óska sér.”

“Þér eruð þá að hugsa um dauðann. Hann þrýsti henni ósjálfrátt fast upp að sér. “En fyrst verðum við að villast fram og aftur, til og frá.”

“Beta er að villast með fótunum, en að villast með hugsanir sínar.”

“Er yður þá svo gjarnt á að villast í hugsunum yðar?”

“Eru þær enn á réttri leið, eða liggur þeim við að skjótast undan yður?” spurði hann og hló dátt.

“Xenia hristi hið fríða höfuð með miklum alvörusvip og svaraði: “Eg veit hvað eg vil og slíkur einbeittur vilji er hið bezta stýri, er unt er að fá fyrir lífsskip sitt.”

“Þér hafið breyzt skriftilega, Xenia. Hverjum er það að þakka? Hefir þá heiminum tekist að slípa burtu allar þær ójöfnur, er eg rak mig svo oft á, og gert það að verkum að okkur megi framvegis lynda betur?”

“Hvers vegna einmitt heimurinn?” Virtist svo sem hún vildi helst fara utan við spurningu hans.

“Eg man eftir einskonar trúarjátning, er eg fyrir mörgum árum heyrði af yörum yðar. Þér sögðuð að þér gætuð ekki lifað án viðurkenningar og lofs heimsins.”

“Mér dettur þetta og í hug. Þér voruð þá að álasa fúlmensku hirðlífsins, en eg var á öðru máli.”

“Þér þektuð þá eigi heiminn. Hversu dæmið þér hann núna?”

Hún leit upp til hans forviða.

"Eg hefi aldrei reynt neitt leitt, og vil því ennþá lifa milli manna, er í þessu tilliti eru skilyrði fyrir allri hamingju í lífinu."

"Og þér reiðið yður að fullu og öllu á þessa menn, þér trúið á þá alla, er hversdagslega með orðum og handabandi sýna yður vináttu sína?" Dimmur skuggi leið yfir svip hans.

"Auðvitað, ef eg skil undan barónsfrú Gertner."

Hann hristi höfuðið með einhverri áfergju.

"Svo lengi sem hjarta yðar hangir við tómmt glys, mun það aldrei finna til nokkurs þráa eftir sönnu gulli."

"Þér talið skritilega, Janek. Ætlið þér þá að reyna að sannfæra mig um, að þér launið með mann-hatri alla þá hollustu, og virðing, er heimurinn sýnir yður?"

"Ennþá hefi eg ekki tekið mikið tillit til þess, er heimurinn hefir látið mér í té."

"Getið þér sannað þetta?"

Hann leit lengi og fastlega á hana.

"Fyr en þér haldið." Hann mælti þessi orð hægt og lagði mikla á herzlu á þau, því næst hélt hann svo áfram: "Yður hefir aldrei verið vel til Pólveranna, Xenia. Eruð þér ennþá pólitískur mótstöðumaður minn?"

"Eg skoða yður sem algerðan Þjóðverja."

"En með því dragið þér sjálfa yður og mig á tál-ar. Hvað er það í raun réttir, er þér hafið að segja um landa mína?"

"Mér virðst að þeir séu of uppreistargjarnir," svaraði hún og laut um leið höfði sínu. "Þýzk greifafrú getur ekki felt sig við það." Rödd hennar var nú sem bergmál hins forna kuldadrámb.

Svipur Proczna leiftraði nú og um enni hans fóru hinir fornu þrálátu drættir.

“Vitið þér að ógurlega sýður í Póllandi, og að hin ólánssama ættjörð mín bíður aðeins eftir elding frá himnum, til þess að kveika kyndil uppreistarinnar.”

Hún tók um handlegg hans, eins og hún hræddist eitthvað.

“Nafn hins síðasta á Dynar-ættarskildinum má eigi afmá — Hans Stefán! Þér eigið þýzka systur, er þér samkvæmt hinni síðustu ósk framliðins manns eigið að vernda.”

Vindurinn hvein í krónum trjáanna og snjófokið þyrlandist í kringum þau. — Janek laut niður að henni og hvíslaði með töfrandi svip:

“Pólskt blóð segir aldrei afhendis sér. Jafnvel í æðum yðar rennur dropi af þessu eitri, er ekkert ráð né meðal er gegn. Hins Stefán Dynar mun þá fyrst hefja upp hönd sína fyrir frelsi Póllands, er hin þýzka systir hans sjálf leggur vopnið í hönd hans. Verið því hægar. Merkisskjöldur Dynargreifanna er enn þá vel geymdur.” Hann hló hægt og mælti svo glaðlega: “Hversu ólíkir eru ekki mennirnir og um fram alt konurnar. Eg er sannfærður um, að þér, Xenia, munduð án nokkurrar baráttu eða stríðs sleppa þeim manni, er þér hefðuð kosið yður, ef föðurlandsást hrifi hann út í flokk uppreistarmannanna.”

Og þó eru dæmi þess, að rússnesk kona tók þátt í hinni pólsku uppreist, en það var hin glóandi, óendanlega ást hennar, er knúði hana til þess, svo að hún mætti lifa og deyja við hlið elskhuga síns.”

Hin litla hönd titraði á handlegg hans, ef til vill af kulda.

“Og hvort þessara tveggja ætlið þér farsælast?”

“Eg öfunda hvern þann dauðlegan mann, er finnur til svo dandanlegrar ástar, að öll bönd heimsins, er annars hefta tilfinningar mannanna, slitna fyrir

storm  
geimi  
sæld.

þ  
yfir h  
“

Og ef

H

“

þér

Proca

hnakl

“

detta

“

uðið,

S

Proca

söðul

eins

Eg te

Mylo

›

var a

eins

yfir

mön

stormvindi geðshræringa og hverfa sem ryk út í geiminn. Þetta, aðeins þetta, skoða eg sem farsæld.”

Þögnuðu þau nú um stund en snjóbylurinn hveit yfir höfðum þeirra.

“Yður er kalt, Xenia; þér skjálfið eins og hrísla Og eg hefi enga kápu til að skýla yður með.”

Hún svaraði engu.

“Komið snöggast hérna í hlé við Mylord, svo að þér standið betur í skjóli fyrir vindnum,” mælti Proczna og flýtti sér hinumegin að hestinum, spretti hnakknum af honum og tók klæðið af baki hans.

“Vefjið því um yður. En að mér skyldi ekki detta þetta fyr í hug.”

“Hestinum er heitt,” mælti Xenia og hristi höfuðið, án þess að líta á hann. “Þetta má ekki vera —”

Skall nú á hvirfilbylur og lá Xeniu við falli, en Proczna stökk fram og tók hana í fang sér, og vafði söðulklæðinu utan um hana, en hún hallaði um stund eins og utan við sig, höfðinu upp að brjósti hans.

“Þetta stoðar ekki, við verðum að halda áfram. Eg tek yður fyrir framan mig á hnakkinn og teymi Mylord.”

Xenia svaraði engu. En þrátt fyrir myrkrið, er var að detta á, sá Janek að andlit hennar var náfölt eins og snjórinn, er þyrlandist umhverfis þau.

“Áfram!”

Greifafrú Dynar hrökk við.

“Eg heyri hófatak.”

“Jú, vissulega, það nálgast. Halló!”

“Það er verið að leita okkar.”

“Guði sé lof!”

Xenia hékk við handlegg bróður síns og starði yfir á bugðuna á veginum, þar sem nokkrir af veiðimönnum komu ríðandi.

“Það mátti varla seinna vera. Kærar þakkir, vinir mínir. Okkur hefir viljað slys til með annan hestinn, og nú ríður á að koma systur minni sem fyrst í húsaskjól.”

“Það er varla tíu mínútna reið héðan til skógarvarðarins, herra greifi.”

“Það er ágætt! Við göngum þá. Komið, Xenia. Innan skams verðið þér í góðri geymslu.”

“Í góðri geymslu!” hljómaði sem bergmál í brjósti hennar. Hvers vegna þurfti hún á skýlandi húsi eða þaki að halda? Er hún fyrir skömmu hvíldi við brjóst hans, og hinir sterku handleggir hans vöfðust utan um hana, þá hafði hún verið í góðri geymslu þrátt fyrir storm og kulda. Og ef stormar uppreistarinnar þjóta um sléttur Póllands, í hvers faðm á hún þá að flýja?

Hrollur fer um líkama hennar. En hinar fölu varir brosa.

### XXIII. KAPITULI.

Það var fari það rökkva, er komið va rað skógarvarðarhúsinu. Inn þar var þægilegur hiti. Hinn litli söngfugl í járnvírsbúrinu hafði þegar stungið höfðinu undir vænginn og kvakaði aðeins við og við, er hann vaknaði við einhvern hávaða, og mjög lágt og þunglyndislega títtitit, tatiítiti, er var upphafið á uppáaldssöng hans.

Það var fremur fátæklegt, en þó viðkunnanlegt og snoturt í hinu litla herbergi, er var alt í senn, eldhús, dagstofa og svefnherbergi. Í lítilli kompu þar inn af jarmaði geit. — Ung kona, er þrátt fyrir fátækt sína var laglega búin, sat á fótskemli fyrir framan

hinn s  
sitja á

Þá  
komu  
verður

Va  
honum  
að hlýj  
indastó  
keyrt a  
starði á  
sér svo  
inn, er  
framan  
allan þe  
gegn hi  
búrið.

Dyn  
fyrst me  
kona sk  
hengdi  
snatri að  
föt sín  
hennar.

Jane  
Systir ha  
snerta si  
kom við  
ef til vill  
látúnsnög  
eins næst

“Lítið  
er enn al  
reyndar a  
en það er

hinn snarkandi eld í arninum og lét lítið piltbarn sitja á kné sér.

Þá var dyrunum skyndilega hrundið upp og aðkomufólkið ruddist inn í stofuna, og með því talsverður gustur og snjór.

Var nú lítið hirt um hinn litla Max úr því; var honum hrundið út í horn, og móðirin fór í ósköpum að hlýja hinni ókunnu konu, er sat í hinum stóra hægindastól bónda; hafði hún augun aftur og höfuðið keyrt aftur á bak, eins og hún svæfi. Hinn litli Max starði á hana með stórum undrandi augum og sneri sér svo við til þess að virða fyrir sér ókunnuga manninn, er neri saman hinum köldu höndum sínum fyrir framan eldinn, en fuglinn, er mjög hafði stygst við allan þennan átroðning, orgaði uppáaldssöng sinn gegn hinum ókunnu mönnum og tók að hoppa um burið.

Dynar greifi bað veiðimennina að koma sem fyrst með sleða hans og hlýja feldi frá borginni, en kona skógarvarðarins kveikti á litlum lampa og hengdi hann upp í sperrurnar, og fór svo í mesta snatri að hlyna að Xeniu. Bauð hún henni sparföt sín og reyndi að þerra og laga hið vota hár hennar.

Janek horfði á alt þetta fremur áhyggjufullur. Systir hans, er aldrei mátti láta nokkra ókunna hönd snerta sig, og stoltlega keyrði upp höfuðið, er hún kom við hið grófa fat fátækrar konu, hún varð nú ef til vill að stinga fæti sínum í skó, með skínandi látúnsnöglum í sólunum. Var ekki slíkt og annað eins næst vitfirng.

„Lítið á, náðuga greifafrú, hér hefi ek sokka, er enn aldrei hafa komið á mannsfót. Það kann nú reyndar að vera að bandið sé nokkuð hart og óþjált, en það er einmitt bezt ráðið við kvefi. Eg vann í



fimm ár sem þjónustumei hjá barónsfrú M. í Danzig, og hún hafði ávalt svona sokka til taks, og fór í þá utan yfir silkisokkana, er hún ók í sleða."

Xenia rétti nú úr sér og virtist hafa fyllilega náð sér aftur.

"Það er svo, þér hafið verið þjónustumei? Það er ágætt. Þá er mér efalaust óhætt að fara að ráðum yðar. En hvað þetta band er laglegt! Það verður mér sjálfsagt að góðum notum. Reiðstígvelin mín eru rennvot. Viljið þér ekki gera svo vel að skifta sokkum á mér?"

Þetta var sagt í lágum hljóðum, en hin unga kona leit yfir til stjúpróður hennar, er stóð við búið og reyndi að koma fuglinum til að kyrja enn einu sinni söng sinn.

"Eg legst á knén frammi fyrir yður, náðuga greifafrú, svo að hann sjái ekki hvað við erum að gera," hvíslaði skógarvarðarkonan mjög lágt. "Við höfum ekki nema þetta herbergi, og veður er of ilt til þess að hrekja hann út á meðan.

Janek settist í stól og sneri að þeim bakinu og fór að blaða í vasabók sinni. — Stafirnir snerust fyrir augum hans í sundlandi hringdansi. Ótal myndir liðu fyrir hugskotssjónir hans. Hann leit langt aftur í tímann, þegar hann heyrði storminn þjóta um turna Proczna og gull-ljóst stúlkuhöfuð hallaði sér innilega upp að herðum hans.

Alt í einu stökk hann upp frá draumum sínum. Hið þunga fótatak Xeniu nálgast. Hún laut niður að stólbaki hans og hló svo barnslega.

"Nú get eg ekki komið að nokkrum óvörum," mælti hún hlæjandi, "og að dansa vals yrði líklega hálf-örðugt. Lítið á, eg er í hreinum og beinum tréskóm, spánnýjum, með útskornu hjarta á ristinni.

Skógarv

unni sinn

Jan

legu skó,

"Það

hinn ung

mikill sp

skóm."

"Gei

"Hin

kor kon

ann í ei

örðugt a

ví er eg

ekist að

"Eg

um mínu

"Hef

pólska sið

"Er l

og hið þ

æðar yð

ofsa og a

einu sinni

legur sérv

kaflynd k

hinn óviss

Greifa

hans, er h

ræðisorði

"Eg t

höfuðið.

tekningar,

verða. —

Skógarvörðurinn hefir sjálfur búið þá til handa kon-  
unni sinni. Er það ekki fallega gert?"

Janek leit hálf-hissa og brosandí á hina klunna-  
legu skó, er greifafrúin rétti fram undan kjólpilsinu.

"Það er bæði fallega og kurteislega gert. Ef að  
hinn ungi bóndi er pólskur, þá hlýtur hann að vera  
mikill spekingur, ef dæma skal eftir laginu á þessum  
skóm."

"Gerðu svo vel og skýrðu þessa gátu fyrir mér."

"Hinn bezti bikar, er pólskur maður þekkir, er  
kór konu hans, og hin bezta nautn hans er að tæma  
iann í einum teyg. "Lifi ástin!" Það er því næsta  
rðugt að sameina lítinn fót og mikinn þorsta, en að  
ví er eg sé, hefir þessum hugvittsama skógarverði  
ekist að sameina hvorttveggja þetta."

"Eg sé að þér eruð að hæðast að laglegu skón-  
um mínum."

"Hefnið yðar þá og hlæið að þessum skringilega  
pólska sið."

"Er það svo? Þér eruð svo rampýzk, Xenia,  
og hið þýzka blóð rennur svo kalt og gætilega um  
æðar yðar. Þér skoðið allar ástríður sem tóman  
ofsa og alla andagift heimsku. Þér sögðuð sjálfar  
einu sinni við mig: Ættmóðir mín Xenia var skáld-  
legur sérvitringur. Og þó var hún ekki annað en á-  
kaflynd kona, er mat meira hinn víska sannleik, en  
hinn óvíska draum."

Greifafrú Dynar leit undan hinu hvassa augnaráði  
hans, er hann ennfremur mælti: "Og eftir einu bráð-  
ræðisorði mínu dæmið þér heila þjóð."

"Eg tala alment," mælti hann einnig og hristi  
höfuðið. "Það er að vísu engin regla án undan-  
tekningar, en hér er líklegt að margar kynnu að  
verða. — En er yður farið að hitna, og viljið þér eigi

hafa eitthvað að hressa yður á? Heita mjólk er líklega hægt að fá hérna —"

Hún greip skyndilega fram í.

"Nei, nei, eg vil ekkert hafa og er algerlega búin að ná mér aftur. Það er svo gott að standa hérna við eldinn. Mér þykir svo gaman að horfa inn í logann og virða fyrir mér alt hér inni. Fólk þetta virðist vera mjög fátækt."

Nú var gengið með völtu, vaggandi fótataki fram á gólfið; var þar litli Max kominn. Hann þaðaði út báðum litlu handleggjunum til þess að halda jafnvæginu og komast til hinnar ókunnú konu.

Janek laut niður og tók hann á handlegg sér. "Nei, bíddu við, góði minn! Þú skalt leika við mig og hlæja. En ef þú ferð til þessarar laglegu konu, þá verðurðu að snýta þér og þurka þér um varirnar. Skilurðu það, lagsi?"

Max barðist um af öllum mætti til þess að komast til hinnar laglegu konu.

"Hvers vegna viljið þér taka frá mér dreng-hnökkann, er dáist svo mjög að mér!" mælti Xenia hlæjandi. "Látið hann nú koma til mín!"

Prozna leit á hana hálf-forviða.

"En, kæra Xenia, ætlið þér þá ...."

"Já, mér þykir vissulega gaman að því."

"Og fyrmeir voru fátæk börn nærri viðbjóðsleg í yðar augum!"

"Hví eruð þér ætíð að minna mig á liðna tíma?" spurði Xenia hálf reiðulega. "Haldið þér þá, að eg sé svo fastheldin við fornar venjur, að eg eigi geti með allri sæmd lagt niður ýmsa barnslega lesti?" Og án þess að bíða svars, tók hún hinn litla Max af handlegg hans, sneri aftur að stól sínum hjá eldinum og hampaði honum á móti konu skógarvarðarins, er kom inn í því með spenavolga mjólk úr fjósinu.

"Lí  
bræ

urna  
hjá

stolt  
fábr  
gikk  
Þá h  
eins  
með  
hina  
dátí l

andi,  
in í ei  
legt,  
þér sj  
nægð

Ja  
niður

H  
skin k  
tramp  
X

"F

langar  
Marta  
kemst

"Þ  
En eg k  
hér efti

"Æ

“Lítið á, frú Marta, Max og eg höfum svarið fóstbræðralag.”

Janek gekk að glugganum og fór að berja á rúðurnar, er sýndu eins og í spegli hina fögru mynd yfir hjá arninum.

Frú Marta ljómaði af ánægju og móðurlegu stolti. Eftir beiðni hinnar ungu konu sagði hún hina fábreyttu æfisögu sína. Hún kvaðst hafa verið gikksleg þjónustumey og álitíð engan samboðinn sér. Þá hefði hinn rétti skyndilega komið — en fátækur eins og kirkjurotta. Og þá hafði verið búið bæði með drambið og stórmenskuna. Þá hafði hún kvatt hina góðu daga og sungið af gleði, er hinn laglegi dáti hennar hafði fengið skógarvarðarstarfið.

“En langar yður ekki stundum til borgarinnar?”

“Æ, góða, náðuga greifafrú,” svaraði hún hlæjandi, “ef að þér alls einu sinni hefðuð orðið ástfangin í einhverjum, þá mundi yður eigi finnast einmanalegt, þótt í eyðimörku væri. Og þá fyrst munduð þér sjá, hve lítið í raun réttir þarf til þess að vera ánægður hér í heimi.”

Janek sneri sér við á stólnum og sá að Xenia leit niður fyrir sig í djúpum hugsunum.

Heyrðist nú bjölluglamur í myrkrinu, hið rauða skin kindlanna ljómaði út yfir snjóinn og frís og tramp hestanna rauf hina djúpu þögn úti fyrir.

Xenia gekk til Proczna og leit biðjandi til hans.

“Hafið þér nokkra peninga á yður, Janek? Mig langar til þess að sýna þeim þakklæti mitt. Frú Marta getur ekki komist inn til borgarinnar, og eg kemst ekki hingað út til hennar fyrst um sinn.

“Þér getið auðvitað fengið peninga mína, Xenia. En eg hafði annars hugsað mér að skilja buddu mína hér eftir.”

“Æ, fáið mér hana.”

“Sjálfsagt! Hérna er hún.”

Flýtti hún sér þá til litla Max, er nú á ný var kominn í hornið sitt, og tæmdi hina gullnu blessun sína í kjöltu hans.

Tárin runnu niður eftir kinnum frá Mörtu, og kysti hún á hinar sínu hendur gjafarans.

Var nú hætt að snjóá, en hvast var og kalt. Himininn ljómaði líkt og haf bláleitra nesta, og barrtrén stóðu eins og hvítklæddar vofur og breiddu út hina snjöpöktu arma sína í hinu silfurlita tunglsljósi.

Lögðu þau nú aftur til staðarins og var Xenia vafin í hlýja dýrafeldi.

Grafarþögn ríkti í skóginum.

Kindlarnir blöktu fyrir vindinum og blóðrautt endurskin þeirra dansaði um hinn snæþakta skóg, og neistar hrukku til og frá og þyrluðust um hina frosnu, hvítu braut.

Tveir fuglar, er fælst höfðu upp, liðu eins og dimmir skuggar fram hjá sleðanum. Hið hása garg þeirra hvarf út í vindinn, er nú var orðinn að stormi og hvein um hið lítt skýlda höfuð Xeniu.

Janek dró þegjandi loðkragann upp yfir höfuð hennar, en það var til enkis, því vindurinn feykti honum aftur niður. Til þess að halda honum uppi hélt hann handlegg sínum um háls hennar.

Xenia varð þess vör og kipti að sér höfðinu hálf feimnislega.

“Verið eigi hræddar, Xenia; það er þykkur, skýlandi loðkragi milli yðar og hins uppreistargjarna pólska blóðs,” mælti hann hægt og rólega, en þó hálf biturlega.

Hún svaraði engu, en lyfti upp hendinni og ýtti loðkraganum til hliðar og hallaði höfðinu fast upp að handlegg hans.

ill d  
Hús  
möri  
að h  
dáta  
það  
marg  
I  
er lúl  
fyrir  
samst  
Gone  
A  
vina  
ann,  
lög, e  
lokun  
H  
tíman  
framm  
leitum  
höfuð  
við d  
beggja  
G  
leið og  
“Y  
Þér ley  
inn?”  
Hi

## XXIV. KAPITULI.

Frú Goner hafði nóg að starfa og hugsa, því mikill dansleikur átti nú að fara fram í húsi hennar. — Hús hennar var fremur lítið og varð því að breyta mörgu til. Tvær góðar vinkonur hennar höfðu lánað henni ýmsan borðbúnað, diska og glös, en Úlan datar í einkennisfötum voru í stað þjóna, og hafði það kostað vesalings frúna margt andvarpið og marga brotna postulínsskálina.

Loksins liðu vísirarnir fra mað því stundarslagi, er lúka skyldi upp vængjahurðunum að danssalnum fyrir margmenni þessu, er var svo ósamkynja og ósamstæðilegt, að jafnvel sjálf hárin risu á höfðum Goners-hjónanna, er þau hugsuðu til þessa.

August Ferdinand ætlar hér að leiða saman tvo áinaflokka, og Goners hjónin áttu að hefja bardagann, en við því máttu þau búast, að öll þau högg og lög, er hér kynni án efa að rigna niður, mundu að lokum lenda á þeirra eigin böfum.

Hinir ungu Úlan riddaraforingjar komu flestir tímanlega. Þeir skeltu á lengdar saman hælunum frammi fyrir hinni ungu húsmóður, er búin var gulleitum silkiþlæðum, hneigðu hin vandlega greiddu höfuð yfir hinum stífu krögum og staðnæmdust svo við dyrnar og mynduðu þar nokkurskonar girðing beggja vegna.

Greifafrúrnar Ettisbach og Tarenberg komu um leið og barónsfrú Gertner.

“Yndislegt! Kyssi hönd yðar, náðuga greifafrú. Þér leyfið mér líklega að eg selji mig yður eftir dansinn?”

Hinum útvöldu konum hafði varla tekist að

heilsa Goner hjónunum, áður en Úlanriddararnir spentu þær með nokkurskonar kínverskum múr frá hinu fólkinu.

Goner foringi gekk um mannþröngina og hneigði sig fyrir barónsfrú Gertner.

"Leyfið þér, barónsfrú, að eg geri gesti mína kunnuga hvern öðrum?"

Leonie leit augunum út yfir salinn og yfti síðan kuldalega öxlum.

"Til hvers er það, bezti Goner? Þessar eilífu kveðjur eru mæðulega leiðnlegar og að hinu leytinu algerlega tilgangslaúsar."

Heyðist nú hálfgerð fliss, er Flandern sneri enn meira upp á varaskegg sitt og greip fram í og mælti: "Við þekkjum hverjir aðra, og það má nægja."

Goner hneigði sig þegjandi og gekk á burtu.

Barón von Drach gekk nú inn ásamt frú sinni og dóttur og þá greifafrú Dynar ásamt bróður sínum.

Xenia greifafrú var fegurri en nokkru sinni áður. Alt andlit hennar brosti af innri sælu; aldrei höfðu hinir stoltu andlitsdrættir verið svo töfrandi sem þetta kvöld.

Úlanriddararnir ætluðu þegar í stað að slá hring um þau, en Proczna slepti ekki handlegg greifafrúarinnar, en ruddi sér veg fram til hjónanna. Kvöddust þau mjög vingjarnlega. Becky gekk með Donat rétt á eftir Janek og kvaddi húsmóðurina með miklu lítillæti og kvaðst fjarska fúslega hafa komið hér og hlakkað mikið til þessa kvölds.

"Við skulum ekki líta við ruslinu," hvíslaði frú Leonie að Xeniu. "Flandern lá við að springa af hlátri af eintómri hugsuninni um, að hann kynni að sjá okkur snúast með einhverjum stórskotaliðsmanni. Það er því afráðið fastlega, að hér skal enginn kunningssskapur eiga sér stað."

Jan  
"G  
í kunnin  
Xer  
Enginn  
"Xe  
Hún  
mig þan  
Gon  
foringja.  
"He  
að sinna  
arráðs v  
dansleik  
Flanc  
og virti u  
svip.  
"Það  
lag mitt v  
Var g  
Barón  
niður í st  
vatnslita g  
utan um fe  
aði höfðin  
eins og a  
þungi fyrir  
"Eruð  
Hún le  
veg ein. l  
mér það ek  
eg gæti fari  
að afsakani  
"Og þér  
Brjó

Janek sneri sér nú að Xeniu.

“Goner spyr, hvort að frú hans megi koma yður í kunningsskap við konurnar hinumegin í salnum.”

Xenia beit á varirnar. “Nei, fyrir alla muni. Enginn okkar hérna vill það.”

“Xenia, ef eg bæði yður þess mín vegna?”

Hún dró djúpt andann og leit undan. “Leiðið mig þangað,” mælti hún í hálfum hljóðum.

Goner hafði nú gengið til hinna ungu riddaraliðsforingja.

“Herrar mínir! Má eg leyfa mér að biðja ykkur að sinna hinum ungu stúlkum. Báðar dætur stjórnarráðs von Blashiritz eru hér í kvöld í fyrsta sinn á dansleik og þekkja fáa.”

Flandern þrýsti nú sjóngleri sínu upp að auganu og virti ungu stúlkurnar fyrir sér með miklum hrokasvip.

“Það er illa farið, bezt Goner, að eg eigi legg lag mitt við varaskeifur.”

Var gert mikið gaman að þessari fyndni.

Barónsfrú Gertner hafði þreytulega fleygt sér niður í stól og kallað Janek Proczna til sín. Hin vatnslita glytslæða vafðist með glitrandi silfurljóma utan um fætur hins unga Pólverja og frú Leonie hallaði höfðinu með hálf opnum vörunum aftur á stólinn, eins og að hinir dimmu hárlokkar væru of mikill þungi fyrir það.

“Eruð þér einar hér í kvöld, barónsfrú?”

Hún leit til hans um hin löngu augnahár. “Alveg ein. Maðurinn minn er lasinn, en hann sagði mér það ekki fyr en komið var að því að eg færi, svo eg gæti farið hingað. Honum er aldrei sjálfum um að afsakanir komi í stað gesta.”

“Og þér fóruð fúslega hingað, barónsfrú?”

Brjóst hennar bærðust upp og niður, og hún



þrýsti hinum útslegnu höndum ákaflega gegn knippl-  
ingunum og rósunum.

“Kallið mig óþakkláta, skemtunargjarna og létt-  
úðuga, eða hverju nafni er þér viljið, Proczna — eg  
játa að mig langaði hingað. Eg mundi hafa sprung-  
ið af harmi, ef eg hefði átt að vera kyr heima, því öll  
sál mín, öll tilvera mín, dregur hér andann, eins og  
hún væri heilluð og bundin af einhverjum ósýnilegum  
mætti.”

Hann leit í andlit hennar, er var sem úfið af innri  
geðshræringum, og svaraði:

“Þessu trúi eg ekki, frú Leonie.”

“Og hvernig á eg að sannfæra yður?”

“Með því að sanna að tvö dökk augu valdi óláni  
yðar og að þau séu yður alt.”

Varir hennar titruðu og sem frá sér numin starði  
hún á hið brosandandi andlit, er hafði svo mikið vald yf-  
ir hverju konuhjarta.

“Jæja, Proczna, eg skal sanna það,” svaraði hún  
og var eins og eldur brynni í augum hennar. “Eg  
fer einsömul héðan,” hvíslaði hún að honum, og  
lagði hinn heiti andardráttur hennar um kinnar hans.

Í því hljómuðu við hinir fyrstu tónar dansins um  
salinn, og heyrðist þá til hins hvella málróms greifa-  
frúar Kany, er hún spurði eftir Leonie.

“Verið gætin, barónsfrú!” greip Janek fram í,  
“hér eru alstaðar eyru. Þér hafið sjálfsagt ritblý  
og dansspjald, þó að það sé nú ekki róslitað, þá skal  
það þó að minsta kosti fyrir mig vera morgunroði  
hamingju minnar, ef að einhver ljúf, töfrandi orð  
standa á því. Má eg gera mér slíkar vonir?”

Hún hneigði sig skjótlega, en í því kom Flandern  
öðrumegin að og Kany hinumegin.

“Okkar vals, barónsfrú,” mælti Flandern og

bauð  
Proczna

Leonie  
urnar að  
foringjar

“Haf  
okkar?”

“Auð

“Bar

Janek.

“Þér

alls ekki

asta horn

dans.”

“Það

Það v

riddararni

er þeir höf

ir úr hero

Hofstraten

heldur eig

dansaði, þó

úr öðrum

foringja.

greifafrúar

all flestum

sem von va

Aldrei

komið ljósa

róna, hafði

nær óyfirstig

Proczna

honum.

Barónsfr

salnum, og g

bauð henni handlegginn., en gaut hornauga til Proczna.

Leonie hafði staði á fætur og rétti báðar hendurnar að hirðkonunni, og gekk svo á burt með Úlanforingjanum.

“Hafið þér skýrt okkar mönnum frá áformum okkar?”

“Auðvitað! Það er alt í bezta lagi.”

“Barónsfrúin sneri sér með leiftrandi augum að Janek.

“Þér vitið líka, herra greifi, að við skiftum okkur alls ekkert af hinu fólkinu. Það er búið að taka síðasta hornherbergið, og við förum þangað eftir hvern dans.”

“Það er ágætt!” hrópaði Proczna hlæjandi.

Það var og svo, því eftir hvern dans fóru Úlanriddararnir ásamt dömum sínum inn í hornherbergið, er þeir höfðu tekið fyrir sig eina. Eigi dönsuðu aðrir úr herdeildinni en Heller-Huningen og frú von Hofstraten við hina gesti Goners foringja, og jafnvel heldur eigi við sjálfa húsfrúna. Greifafrú Dynar dansaði, þó ólíklegt væri, tvisvar sinnum við foringja úr öðrum deildum, og byrjaði dansinn með Goner foringja. Allir voru jafn hrifnir af blíðu og lítillæti greifafrúar Dynar, er ella var svo stolt og köld. En all flestum fanst lítið um framkomu hinna annara, sem von var.

Aldrei hefði rígur sá, er var milli herdeildanna, komið ljósar fram en þetta kvöld. Í stað þess að réna, hafði hann vaxið um helming og virtist nú vera nær óyfirstíganlegur.

Proczna tók eftir að Xenia hafði jafnan augun á honum.

Barónsfrú Gertner gekk fram hjá honum í danssalnum, og gaf honum bending svo lítið bar á.

“Geymið nafnspjald mitt um stund,” mælti hún og þrýsti hinu saman brotna spjaldi fast í hönd hans.

Janek fletti því í sundur mjög rólega og leit á það. Á alt bakið var ritað:

“Komið heim með mér. Farið lítið eitt á undan mér og bíðið mín í vagni mínum. Í herbergi mínum getum við verið ótrufluð. Eg ábyrgist þagmælsku vinnuhjúanna. Og þó að þau kynnu að segja eftir, þá kærum okkur ekki! Eg fótum treð alla palladóma heimsins, ef þeir hindra leið mína að hjarta yðar.”

Augu Proczna leiftruðu. Hann geymdi þetta dýrindisspjald í vasabók sinni.

Er hann leit upp, sá hann óendanlegan haturssvip á andliti Flanderns, er einblíndi á hann. Honum datt þá eitt í hug; hann gekk hægt til Úlanforingjans.

“Hafið þér ekki boðið til þessa dans, herra von Flandern?”

“Nei, eg hvíli mig, enda get eg ekki altaf verið að því.”

“Það er og mín skoðun, og eins er ástatt fyrir mér. Viljið þér gera svo vel og tala nokkur orð við mig í veitingaherberginu?”

Flandern starði á hann hálf gapandi og hneigði sig svo skjótlega. “Með ánægju, herra greifi, og vona eg að við eigi með því verðum af komu prinsins.”

“August Ferdinand kemur klukkan tíu. Við höfum því ennþá fulla klukkustund.”

“Jæja, við skulum þá fara.”

Úlanforinginn smeygði handlegg sínum undir handlegg Proczna og gekk með honum yfir danssalsgólfið inn í lítið hliðarherbergi, þar sem nokkrir af hinum eldri mönnum sátu við spil.

Flandern settist í stól, er stóð þar í horninu, en Janek settist gegnt honum við lítið marmaraborð.

“Má eg tala hreinskilnislega og blátt áfram við yður, bezti félagi?” byrjaði Proczna. “Erindi mitt hingað er mjög vandfarið með og snertir konu.”

“Konu? Talið, eg er forvitnin ein.” Hann lagði handlegginn fram á borðið og einblíndi á hann.

“Þér vitið,” hélt Proczna áfram í lágum rómi, “að eg er trúnaðarmaður frú Leonie.”

“Hm! Trúnaðarmaður barónsfrúar Gertner!” Rödd Flanderns var eitthvað óþjál og óviðfeldin og sneri hann órólega up pá varaskegg sitt.

“Já, bezti Flandern, eg er trúnaðarmaður Leonie og hefi, trúið mér, yfirfarið kapítulann um Flandern í dagbók hennar.”

“Það er alls ómögulegt! Þér þekkið aðeins kapítula Branca.”

“Nú, haldið þér það?” Janek hálf brosti. “En ef nú að svo væri, að eg þekt fyllilega kapítulann um Flandern?”

Eldrauður roði litaði enni hins unga foringja.

“Af hverjum ástæðum hefir Leonie skýrt yður frá máli, er hún ekki á með að gera og sem áfellir hana sjálfa allra mest?” spurði hann hálf óeinarðlega.

Proczna varð djarfari. Hann sá nú að hann var á réttri leið og hélt því áfram:

“Verum hreinskilnir hvor við annan, með því komumst við hægast að efninu,” endurtók hann nú og lagði hendi sína á herðar Úlanforingjanum. “Þér vitið að eg hefi gerst riddari þessarar fögru konu. Hinn aldraði forseti er slokknandi ljós og hin yndisfagra barónsfrú getur á hverri stundu orðið ekkja. Þér megið því eigi misvirða þó að eg spyrji yður að

einu, er eg hefi fulla ástæðu til. Er það tilgangur yðar að giftast Leonie, þegar hún verður frjáls?"

Ósegjanleg skelfing var sem máluð á andlitssvip Flanderns, og hann hrök aftur á bak, eins og að hann hefði verið snortinn höggi á mitt ennið.

"Í guðs nafni, hvernig getur yður dottið slík vitleysa í hug, Proczna? Barónsfrúnni skyldi þó eigi hafa komið sama til hugar?"

Janek ypti öxlum. "Hafið þér eigi gefið henni ástæðu til að ætla svo? Konur halda að koss sé eiður og lófatak loforð."

"Er maðurinn vitlaus?" kallaði Flandern og rak upp miður kurteisan hlátur. "Hún gæti nær því verið móðir mín og ætla þó, að eg muni ..... Nei,, Proczna, svo vitlaus er eg ekki. Að daðra og stundum hittast á laun, það er eftir mínu skapi, en að giftast! Ha, ha, ha! Mér liggur við að sálást af hlátri, er eg hugsa til þess."

"Mér hefir verið all greinilega sagt, að fortíð frúarinnar hafi ekki verið sem skærasta gull."

"Þér farið nærri því. Ef að hún eitthvert sinn skyldi rita æfisögu sína, er hætt við að pappírinn sviðni undan pennanum. Það er eintómt daður og ekkert annað. Vinirnir eru eigi annað en aðflutt Parísartízka, og hinir fjörugu og kátu setuliðsforingjar breiða blíðskaparorðið "petit Versailles" í norður og suður um okkar þýzku fósturjörð. Það er vissulega fjörug dægurstytting, en að giftast — sveil. Ef að hún þá ætti nokkuð til. En þegar karlinn lokar augunum og eigi er lengu rað ræða um hin miklu laun hans, hvað er þá eftir? Síld og jarðepli, góði minn, ha, ha, ha! En eitt ætla eg að biðja yður um, Proczna, og það er, að þér reynið að fá þennan giftingarhug úr höfðinu á henni. Daður mitt þar í húsinu er í alt öðrum tilgangi. Það var aðeins tröppu-

stíg, er menn klifra hærra upp. En þegar nú öllu er á botninn hvolft, þá er það ef til vill þér og eg, sem höfum mesta ítakið í hjarta hennar. Jæja, félagi, komið nú fram með sannleikann."

"Nei," svaraði Proczna og brosti einkennilega. Nei, því fer fjarri! Hún vill alls eigi þýðast mig, yð-ar vegna!"

"Hver skrambinn! Þá er eg laglega farinn. Nei, hér ríður nú á að fá einhvern endi á alla þessa heimsku."

"En þér megið þó ekki fara of gálauslega að því."

"Nei, beztu vinur, til þess er eg of bundinn. Hún tynni að hálsbrjóta mig til hefnda. Meðan karlinn er ofan jarðar, verð eg að sigla gætilega milli klettanna, en þegar veldi frú Leonie eitt sinn líkur" — hinar hvítu tennur skinu fram milli hins oddhvassa varaskeggs — "þá hafi skrattinn það alt saman!"

Var nú all mikil hreyfing meðal þeirra, er stóðu við veitingaborðið; vagni heyrðist ekið frammi fyrir húsdyrnum.

"Það er enn eitt," mælti Proczna fljótlega. "Eg kann að geta losað yður úr snörinni, ef að þér getið útvegað mér, þó eigi væri nema alls eitt bréf frá Leonie til yðar."

"Slíkir bleðlar eru sjaldgæfir, því megið þér trúu, hinn skrambans litli ormur veit af eigin reynslu hverjar verkanir slíkt og annað eins kann að hafa. En þó 'efi eg hér einn."

Tók hann nú upp vasabók sína og fór að blaða í enni. "Lítið á! Gerið svo vel. Notið hann eins g yður þóknast."

"Hvenær var hann ritaður?"

"Í gærdag. — En get eg þá reitt mig á yður?"

"Hér er hönd mín."

Flandern hristi hana heldur óþyrmilega. "Verið sælir. Hin konunglega tign er kominn."

Hann þaut þaðan og var volgt um kollinn, en Janek tók í ákefð að lesa viðann.

"Komið á venjulegum tíma. Eg fer kl. 3 sömu leiðina; gangið þar, svo tek eg yður upp í skjólvagn minn."

Höndin var stæld, en sagði þó til sín.

"Nú skulu tár þín afþerrast, Anna Regina; nú er stund endurgjaldsins komin."

Úlanriddararnir biðu hans konunglegu tignar, prinz August Ferdinand, við dyrnar. Reusserk fursti gekk við hægri hlið honum, en hinir foringjarnir úr herdeild hans gengu á eftir, og var með hörku að þeir leyfðu sjálfum húsdrotninum að fylgja þeim.

August Ferdinand heilsaði húsfrúnni og rétti höndina að furstafrú Reusserk. Líkt og marglituð ský flyktust hinar æðri konur um braut hins tigna herra. Mátti þar sjá liprar hneigingar og kveðjur og viðræður, og fyr en nokkurn varði var þéttum hring slegið um prnzinn, svo að hann gat með naumindum hreyft sig. Voru Úlanforingjarnir jafnan utan um hann, og var mjög gagnstætt að líta þá og hina miklu og aðdánlegu kurteisi, er August Ferdinand sýndi öllum gestunum.

Er hinn tigni herra hafði horft á dansinn og þegið dálitlar hressingar, fór hann aftur af stað. Var sem einhver djúpur skuggi gráfði yfir enni hans og hin hvössu augu hans leituðuust við að komast eftir orsökinni til fáleika þess, er sem martröð lá yfir samkvæmi þessu.

Það voru aðeins fjögur augu, er voru full fagnaðar og gleði — Heller-Huningen og Becky. Virtist svo sem hvorugt mætti af öðru sjá. Dönsuðu þau

jafnan saman og Becky hafði valið sér ákveðið sæti svo að hægra væri að hittast.

Heller-Huningen virti hina litlu frændkonu sína fyrir sér með mikilli blíðu. Viðræður þeirra voru að vísu ekki kryddaðar með neinni sérstakri fyndni, en voru aftur því hreinskilnari og náttúrlegri.

"Handleggir yðar, Becky, eru nærri því eins digrir og mitti yðar."

"Á þetta að vera lofræða, eða hvað?"

"Já, en djöfulleg, því væri eg mannæta, mundi eg þegar í stað bíta í yður."

"Það er von á slíkum mönnum hingað um nýárið". Becky flutti stól sinn nær. "Þeir nefnast Kariabar og jeta lifandi kanínur."

"Þér eigið líklega við Kariaba, kæra Becky."

Donat tók nú á sig leiðinda svip og hélt svo áfram með prédikunarróm: "Kariabar er Indíánaflokkur frá Guayana, þarna, sem þér vitið."

Litla Becky leit til hans forviða. "Þér vitið alla skapaða hluti, Donat. Það er sama um hvað er rætt, þér getið útlistað allt."

Heller-Huningen fursti átti nú bágð með að brosa ekki.

"Vel á að minnast, þér sögðuð rétt núna að eg vissi alla hluti," mælti hann stuttu eftir. "En það nær engri átt. Nei, það er nokkuð, sem mig langar mjög til að vita, en — mér tekst ekki að ráða úr því."

Leit hann nú á hina ungu stúlku mjög djúpviturt, en hinar hvítu tennur skinu hálf lostalega milli hins hrokkna varaskeggs. Var þetta hinn ómótstæðilegasti hernaðarsvipur hans.

Becky gaut hornauga til hans og var bæði frá sér numin og hálf feimin.

"Og hvað skyldi það vera? Veit eg það?"



“Já, vissulega þér, og enginn annar en þér.”

“En segið mér þá, hvað þér eigið við.”

“Ekki í dag, en síðar. Heyrið Becky, þegar að því kemur að kjósa band í dansinum, þá kjósið ávalt rautt, því eg ætla líka að gera það og getum við þá altaf komið saman. Er það ekki slóttugt, eða hvað?”

Becky hneigði höfuðið í mestu ákefð og hvíslaði að honum á bak við veifuna, að hún ætlaði að gefa honum öll mörkin og þótti Donat það ágætlega til fallið. Átu þau svo vínber hvort í kapp við annað og liðu svo aftur út í hinn þyrlandi dans.

Janek gekk nú fram til Xeniu. “Vitið þér að komnar eru fréttir, að hin pólska uppreist sé þegar hafin?” hvíslaði hann.

Hún hrökk við. “Er það satt? Æ, guð minn, Janek, hvernig á því að lykta?”

“Óróinn vex,” mælti Janek ennfremur. “Bráðabirgðastjórnin hefir skorað álla Pólverja að taka til vopna. Allir hinir tignu menn, prestarnir og staðar-búarnir eru með uppreistarmönnum. Mikil ógurleg barátta fyrir lífi og frelsi vofir yfir. Osterlenska skal ljúka upp gröfum sínum og hinar fornu hetju-sálir skulu rísa upp og bera hi ðblóðuga merki um vígvöllinn.”

Xenia lagði hina titrandi hönd sína á handlegg hans og leit biðjandi í hin leiftrandi augu hans.

“Þetta verður fánýt og gagnslaus blóðsúthelling, Janek. Það verða aðeins nýjar grafir teknar; það verður barátta án sigurs. Polland er María Stuart í sögu hinna misþyrmdu og sundurtættu landa, hjálparlaus áþjáð kona, er blæðir til ólífis í fjötrum sínum. Það mun jafnan verða kent í brjósti um Pólland, en fáir munu hjálpa því.”

“Því forði guð,” mælti Janek og andvarpaði.

“Ennþá rennur pólskt blóð í æðum manna, og enn er Pólland eigi yfirgefið.”

Glymjandi danstónar deyfðu rödd hans, en Xenia tók enn fastar um handlegg hans.

“Segið mér eitthvað nákvæmar frá uppreistinni, Janek. Mig fýsir svo að vita það. Komið til mín á morgun fyr en ella, áður en gestir koma.”

“Það er einmitt svo! Það er á morgun, sem eg á að syngja hjá yður, eins og í fyrsta sinn, er eg lét til mín heyra hér. Það er skrítið!” Hann starði um stund hugsandi fram undan sér, og leit síðan skyndilega upp. — “Eg skal koma, Xenia og ..... guð veri mér miskunnsamur það kvöld.”

Hún leit spyrjandi, hálf hrædd á hann, en hann fór þegar út úr herberginu og hvarf í margmenninu.

Vaxkertin blöktu fyrir gestunum, en fyrir augum Xeniu var sem skýr elding færi um loftið og óveður drægi upp út við sjóndeildarhrínginn til þess að þjóta yfir höfuð hennar, með stormi og þrumum. Vei henni, ef að hún lætur hugfallast; vei henn, ef að hún heldur eigi við hina einu stoð, er standa mun óhöggguð í ofveðrum og byljum, við ástina, þá ást, er eigi hræðist dauðann, en kallar til stríðs og flokks uppreistarmannanna.

## XXV. KAPITULI.

Furstafrú Reusserk fór af stað hálfri stundu fyr en til stóð og fóru svo hinar frúrnar að dæmi hennar.

Frú von Hofstraten hafði rétt fest stóru Sólorðuna á brjóst foringja eins úr fótgönguliðinu, er virtist hafa fallið henni mjög vel í geð. Hún hafði tekið þátt í öllum dönsunum og yrt á flestar hinar ó-

kunnu konur, er aftur skildust við hana með miklum velvildarhug.

Flandern hafði þegar farið í yfirhöfn sína og teygði nú geispandi úr sér.

“Ja, þetta var lagleg skemtun!” hrópaði hann nú svo allir heyrðu.

“Haldið þér þá að okkur hafi þótt hún meiri, herra von Flandern?”

Hann snerist þegar á hæl og stóð þá fyrir aftan hann frú Goner, er hafði flýtt sér á eftir frú Hofstraten með veifu hennar, er hún hafði gleymt. Leit húsfrúin stillilega og fastlega á hinn unga foringja.

Flandern tautaði einhver óskiljanleg orð fyrir munnni sér og hneigði sig hvað eftir annað, en frú von Hofstraten greip nú fram í á hinn einkennilega hátt sinn og mælti:

“Dragið eigi af því, látið hann hafa það. Þessir ungu hafa litla sómatilfinning. Eg fyrir mitt leyti skemti mér ágætlega á dansinum.”

Barónsfrú Gertner hafði dvalið all lengi. Þegar flestir vagnarnir voru farnir, læddist hún eins og einhver skuggamynd niður af tröppunum og í vagn sinn.

Þjónninn lauk up pdyrunum og fór hún í snatri inn í hann, en hrökk í skelfingu við. Vagninn var tómur.

Hún hafði séð Proczna kveðja og fara ofan tröppurnar, en nú beið hann hennar ekki, eins og um hafði verið talað. Hún leið í hálfgerðu öngviti niður í hinar mjúku dýnur. Hestarnir ruku af stað með hinn stázlega vagn hennar.

En er forsetafrúin steig út úr vagn sínum fyrir utan húsdyr sínar, gekk Proczna fram úr skugga steintrappa.

“J  
ur orð

“J  
merki  
heyrn  
— Lý  
bergi

Lj  
Óskýr  
skugg  
blaða,  
rökkri  
að svi  
arma  
kringd  
fögur  
og örr

H  
af mu

“J  
En  
til hen

“J  
eigi sá  
herra v  
varir.”

“F  
ir þess

“N  
lagði h  
um og  
“V

kvenna  
trúnað  
manni.

“Fyrirgefið barónsfrú, má eg tala við yður nokkur orð? Það er mjög áriðandi málefni.”

“Proczna! eruð þér hér?” stamaði hún óskilmerkilega. “Það er auðvitað að eg veiti yður áheyrn, þó að þetta sé á óvenjulegum tíma að koma. — Lýsið okkur, James, og kveikið á hjálminum í herbergi mínu.”

Ljúfur, angandi ilmur leið um hið litla herbergi. Óskýr birta, líkt og af tungsljósi, er fremur gerði skuggsýnt, féll niður á milli hinna breiðu pálmaviðarblaða, er huldu legubekkin í leyndardómsfullu hálf-rökkri. Hinir litlu, fagurlokkuðu ástarguðir irtust að svífa frá veggjapöllum með tælandi útbreidda arma og í miðju hinu þögula herbergi stóð Leonie, kringd skínandi silki og ilmandi blómum, töfrandi fögur sem Melusina, er hún með snjóhvítum hnakka og örmum steig upp úr haflöðrinu.

Hún breiddi út faðminn brosandi og brennandi af munaði.

“Janek!”

En han nstóð grafkyr frammi fyrir henni og leit til hennar með miklum alvörusvip.

“Til hvers er þessi leikur, barónsfrú? Eg er eigi sá maður, er á hvert andartak yðar, eg er eigi herra von Flandern, er svo oft hefir kyst þessar fögru varir.”

“Hvaða vitleysa er þetta, Proczna? Hvað snertir þessi stund herra von Flandern?”

“Nú, svo þér getið spurt að því?” Janek krosslagði handleggina og leit á hana með leiftrandi augum og mælti:

“Veggirnir hafa oft eyru og hlusta á orð fagurra kvenna, þá er þær heita elskhuga glóandi ást og trúnaði en mæla aftur á dansspjaldi mót með öðrum manni.”

Kinnar Leonie voru af altof miklum hagleika lit-  
aðar til að geta bliknað, en varir hennar virtuð að  
hafa tapað öllum ljóma sínum.

“Bakmælgí, eintóm bakmælgí — Flandern hef-  
ir búið þetta til, Proczna, því að hann vill fyrir hvern  
mun stífa okkur sundur.” Leonie fleygði sér með  
ofsafengni í faðm hans og vafði hinum snjóhvítu  
örmum sínum um háls hans. “Trúið mér, horfið í  
augu mín og lítið meira á þau, en illviljað þvaður ó-  
viðkomandi manna. Þig elska eg, þig og engan ann-  
an. Sál mín heyrir þér algerlega til.”

Hann sleit sig snögglega úr faðmlögum hennar  
og hratt fyrir litlega frá sér hendinni, er reyndi að taka  
um hendur hans.

“Var það þetta, er þér ætluðuð að segja herra  
von Flandern, er þér á “hinum vanalega vegi” tókuð  
hann upp í skjólvagn yðar?”

Hún stökk nú upp sem sært ljón.

“Skammist yðar, Proczna! Hversu dirfist þér  
að særa þannig verndarlausu konu?”

Hann tók stillilega upp vasabók sína og hélt  
frammi fyrir henna bréfmíða þeim, er hann hafði  
fengið hjá Flandern.

“Þér vitið best sjálfar, barónsfrú, hversu miklu  
illu slíkir miðar sem þessi geta valdið. Það er sann-  
arlega leitt fyrir yður að miði þessi skyldi einmitt  
komast í mínar hendur.”

Leonie laut fram til þess að lesa miðann, og  
brann eldur úr augum hennar af ofsareiði. Hrökk  
hún svo aftur og birgði andlit sitt í höndum sér.

“Hve óheyrilegt, hve hneykslanleg svik!” hvæsti  
hún og reikaði yfir að legubekknun; fleygði hún sér  
þar niður og huldi andlitið kjökrandi í koddanum.

“Proczna gekk nær. “Yður skjátlást, ef þér  
ætlið að hér hafi verið nokkur svik í tafli. Hafi svo

verið,  
yður s  
faðm þ  
gætuð  
þá er þ  
voruð

Va  
grafky

“E

yður, t

“að m

talað h

Hú

táralau

“N

hún.

eg var

hinar h

saman

“Eg va

vafði n

stað þe

ist eg d

mikið,

jafnvel

skilja v

Jan

“Eg

ónsfrú,

fara, þá

uð hrei

móti, þi

Hver e

huga, e

verið, þá voru það líklega þau svik, er þér gerðuð yður seka í, þá er þér fleygðuð yður svo léttúðlega í faðm þess manns, er þér alls eigi vissuð hvort að þér gætuð trúað. Á hvílikum villugötum voruð þér eigi, þá er þér létuð veiða yður í hina sömu snöru, er þér voruð vanar að leggja fyrir aðra."

Varað n údjúp þögn um stund, og Leonie lá grafkyr.

"Eg stend hér í dag í síðasta sinn frammi fyrir yður, barónsfrú," mælti Janek loks heldur blíðlegar; "að minsta kosti er það í síðasta sinn, sem eg get talað hreint og beint og án uppgerðar til yðar."

Hún stökk upp og einblíndi á hann með stórum, táralausum augum.

"Nei, nei, það má eigi vera, Proczna!" mælti hún. "Þannig megið þér eigi skilja við mig. Æ, eg var svo breysk að elska yður!" Hún rétti út hinar hvítu hendur, er virtust að dragast sundur og saman af megnum sindrætti og hló ljúft og töfrandi. "Eg var jafnan hrædd við afbrýði Flanderns og vafði mig í lygavef, er átti að blekkja hann. En í stað þess að komast að hinni frelsandi strönd, steypist eg djúpt út í öldurnar. Proczna! þeim er eiskar mikið, honum skal og mikið verða fyrirgefið. Æ, jafnvel eg elska án allra takmarka, og þér megið ekki skilja við mig í hatri."

Janek hristi höfuðið alvarlega.

"Eg hefi ekkert að álasa né fyrirgefa yður, barónsfrú, en eitt ráð vil eg gefa yður. Ef svo skyldi fara, þá er þér eitt sinn verðið frjálsar, að þér kynnuð hreinskilnislega að elska og vænta hins sama á móti, þá er nauðsynlegt að þér farið að á annan veg. Hver ein "lady Tartuffe" getur ávalt eignast elskhuga, en aldrei mann, því virðingin, barónsfrú, er

hinn einasti grundvöllur, er Hymen (hjónabands-  
guðinn) byggir hin gullnu port sín á."

Hann stóð kyr frammi fyrir henni. Andlit  
hennar grettist, eins og að henni lægi við að reka upp  
skellihlátur, og hinar knýttu hendur hennar þrýstust  
upp að brjóstinu, eins og það veitti næsta örðugt að  
stökkva ekki á hann og bora nöglunum sínum inn í  
augu hans.

"Eg þakka yður fyrir hið vinsamlega ráð yðar,  
Janek Proczna," svaraði hún með hásri röddu, "og  
skal eg minnst þessa. Þér ætlið þannig ekki að  
spilla fyrir framtíð minni?"

"Alls eigi."

"Verið þá miskunnsamur og fáid mér aftur báða  
miðana." Hún leit upp til hans og krosslagði báðar  
hendurnar á brjostið, og var þá á að líta sem vonlaus  
farin kona.

En Proczna sá hvað henni bjó í brjosti.

"Það er auðvitað að þér getið fengið báða mið-  
ana, hvenær sem þér viljið, en með einu skilyrði."   
Hann tók upp vasabók sína og báða miðana.

Leonie rétti þegar í ósköpum út báðar hendurnar.  
"Fáið mér — eg lofa öllu!" En hann stakk miðun-  
um aftur niður.

"Höfum hrein skifti, barónsfrú. Leyfið mér að  
biðja yður að fá mér í skiftum hinn óhappasæla miða  
er Anna Regina reit yður út af Marchese de Branca."

"Hvaða gagn getið þér haft af þeim?" heyrðist  
eins og hvás frá vörum hennar.

"Þeir hafa allmikið gildi fyrir mig, en því meiri  
fyrir Branca.

Hún fleygði höfðinu aftur á bak með iðsku-hlátri  
og virti hann fyrir sér með hæðnissvip.

"Nú skil eg. Nú opnast augu mín. Og þér  
dirfist að tala um uppgerðarleik við mig."

Lá nú við að Janek færi að brosa, en hann svaraði aðeins: "Það er nú orðið svo framorðið, barónsfrú. Ef að við eigum að hafa skifti, þá —"

"Það kann nú að verða heldur örðugt, því búið er að brenna miðana fyrir löngu."

"Það er leiðinlegt, en vera má að yður kunni að takast að ná þeim úr öskunni. Eg skal bíða í fimm mínútur."

"Þér ætlið ef til vill að verða hérna í nótt?" spurði hún með óendanlegum biturleik.

"Hvers vegna ekki? Eg hefi boð yðar svart á hvítu."

"En fyr læt eg grýta mig en að fá yður miðana."

"Nei, það munuð þér varla gera. Ennþá einu sinni, baraónsfrú, annaðhvort nú fáið þér mér miða þessa, eða annars fer söngmaðurinn Janek Proczna rakleidis til forseta von Gertner. — Að embættismanni með eftirlaunum, illa þokkaðri eða skilinni konu, kveður afnan lítið í þessum heimi. Það kynni því að vera bezta ráðið fyrir yður, að kjósa af tvennu illu það sem happasælast er."

Baraðist hún nú um stund við sjálfa sig í máttvana æði. Leit svo upp og spurði skyndilega:

Lofið þér mér því upp á æru yðar og trú, að eyðileggja miða þennan?"

"Innan 24 klukkustunda.

"Og að enginn maður fái nokkra vitneskju um það?"

"Eg lofa því."

"Og að tilvera hinna blaðanna verði og hulið leyndarmál okkar á milli?"

"Eg legg við drengskap minn."

Leonie dró þungt andann og reikaði yfir að skrifborði sínu og lauk þar upp leynihólfi.

"Lítið á! Takið þál"



“Eru þeir hér allir?”

“Já, allir.”

“Eg þakka yður. “Hér hafið þér dansspjald yðar og miða Flanderns. — Nú erum við kvitt —”

Xenia sat í lágum stóli fyrir framan arninn í herbergi sínu; hafði hún hvítan kniplingadúk um hinar beru axlir og studdi fótunum á höfuð gráleits bjarnarfelds.

Hún hafði þegar búið sig og farið var að kveikja í sölunum og söngherbergjunum.

Proczna var nýkominn. Hafði hann með auðsærri viðkvæmni tekið í hönd systur sínar og sezt við hlið hennar hjá hinum snarkandi eldi.

“Þér hafið þá líklega fyrst verið hjá Drach frænda?”

Hann starði íeldinn og hneigði þegjandi höfuðið.

“Eg hefi þau boð til yðar, að þau geta ekki komið. Clara frænka er lasin af þessum eilífa höfuðverk og” — hálfgertr bros lék um varir hans — “af því Donat eigi heldur getur komið sökum embættisanna, þá hefir Becky komið til hugar að vera kyr hjá móður sinni.”

Xenia leit upp með leiðindasvip. “Það er verra! Hershöfðingjafrúin er eigi komin aftur úr ferð sinni. Hver á nú að ganga um þeina?”

“Þér! Það verður eigi við því gert. August Ferdinand getur heldur ekki komið hér í kvöld. Hafa nokkrar konur sent boð að þær gætu ekki komið?”

“Frú von Hofstraten-hefir skýrt frá því, að hún væri veik, en það hefir eigi skeð þrjú síðustu árin.”

Proczna laut höfðinu. “Eg skil. Hin góða Hofstraten er ágætiskona; hún er jafnan fús á að þóknast vinum sínum. Beztu vinir mínir koma því

eigi í kvöld. Það var eins og hann gleddist yfir þessu.

“Barónsfrú Gertner kemur í stað þess og verður að bæta hina upp.”

“Haldið þér það?” mælti hann hlæjandi.

Xenia leit alvarlega á hann. “Þér eruð svo skritinn, Janek. Hafið þér fengið slæmar fréttir?”

“Eg er ennþá að hugsa um atvik eitt, er bar fyrir mig í gærkvöldi,” svaraði hann. “Eg veit að eg breytti réttilega, en þó er eigi laust við að eg hafi samvizkubit.”

“Hvers vegna?”

“Af því að eg gerði breyskleika að mótstöðumanni mínum og hefi orðið að berjast með þeim vopnum, sem karlmaður sjaldan notar.”

“Eg er sannfærð um að þér höfðuð eigi annars kosti.”

Hagn tók um hönd hennar og bar hana upp að vörum sér.

“Eg þakka yður, Xenia, að þér sýnið mér svo mikið traust. Já, þér hafið rétt að mæla, að eg átti vissulega eigi annars kosti. Veiðimaðurinn getur eigi hlýft dúfunum, ef að þær kroppa í augu hinnar konunglegu arnar.”

Eldurinn blossaði upp og kastaði skæru skini yfir hið gulljósa höfuð. Það var eitthvað gleðiblandað í rödd Xeniu, er hún svaraði:

“Eg skil eigi hin leyndardómsfullu orð yðar, Janek, og get ekki þýtt þau, en þó er eg fyllilega sannfærð um, að þessi hönd aldrei mun nota þau vopn, er eigi eru henni samboðin, að Janek Proczna eigi ylgir öðru merki en því, sem þorið er í baráttu fyrir því, sem er sæmilegt og rétt.”

Skjálfti fór um fingur þær, er nú voru lagðar á hann í augu hennar.

handlegg hennar og með og með eldlegum svip leit  
 "Ef nú að þetta merki skyldi blakta í fylkingum  
 hinna pólsku uppreistarmanna, og ef nú að Janek  
 Proczna skyldi fleygja frá sér hinu þýzka sverði og  
 grípa ljáinn?"

Hún lét augun aftur og þrýsti höndunum að  
 brjóstinu.

"Þó að Janek Proczna gangi í lið uppreistar-  
 manna," mælti hún stillilega, "þá veit eg að það er  
 ekki nokkrum ósamboðið og að baráttan fyrir frelsi  
 óllands ekki er hafin af illum hvötum, en er háleitt  
 verk, er hver heiðarlegur maður mætti berast fyrir."

"Xenia!" Það var eins og kall ósegjanlegrar  
 elu. Proczna stökk á fætur og studdi sig við stól-  
 oríkurnar. "Nei, ennþá er Pólland ekki tapað!"  
 Hann knéféll fyrir henni og leit upp til hennar eins og  
 dýrðlings-líkneskis. "Guð blessi yður fyrir þessi orð,  
 Xenia! En ef að nú allur heimurinn skyldi snúast  
 á móti uppreistarmönnum, ef að þessir menn skyldu  
 áfella Pólland og hina hraustu syni þess, ef að þér  
 skylduð standa einar með samþíningu yðar, með  
 hinni þrælbundnu þjóð?"

"Nei, Proczna, það mundi eg eigi," svaraði hún  
 og brosti himnesku brosi. "Allir þeir, sem hrifist  
 geta af dýpri tilfinningum, munu hugsa um velferð  
 Póllands."

Gat hann nú varla stilt sig lengur. "Hjörtu mann-  
 anna eru sem hálmstrá fyrir vindi. Hefðuð þér þor  
 til þess að segja skilið við hið umliðna, ef að svo  
 skyldi fara að þess þyrfti með, að því er ókomna tíð  
 snertir?"

Andlit hennar var lítilsháttar fölara. "Eg vona  
 til guðs, að eigi komi til þess, Proczna."

Höfuð hans hneig mæðulega niður að brjóstinu.  
 Ennþá sá hann lítið eitt af sora í hinu hreinsaða gulli

og ein  
 loga  
 hring

— —  
 B  
 litli h

margl  
 B  
 síðar

henni.

og rét

P

um þ

stund

onie v

um.

hverfi

ur yfi

frúrna

ar Dyr

A

illi fy

pólsku

vansæ

upprei

Procz

"F

að ky

af Pó

brjóst

L

kreisti

ar sko

pólsk

og einnig hann varð að bræða burt í hinum glóandi loga ástarinnar, fyr en mynda mætti hinn gullna hring trúnaðar, sem hvorki hefði upphaf né endi.

Búið var að ljúka upp sölnunum; hinn venjulegi litli hópur var þar saman kominn og myndaði hina marglitu umgerð um hina ástúðlegu Önnu Reginu.

Barónsfrú Gertner kom heldur seint. Nokkru síðar kom prinsessan og var greifafrú Kany með henni. Gekkk hún að vanda sínum til húsfrúarinnar og rétti henni hendina.

Procna hafði beiðst þess að frestað yrði söngnum þar til seinna um kvöldið. Var nú rætt um stund og þar næst gengið til kvöldverðar. Frú Leonie var tiltakanlega fól í hinum svarta silkikjól sínum. Þrátt fyrir allan lit, mátti sjá djúpa skugga umhverfis augun. Var einhver gremju og beiskjusvipur yfir henni og greifafrú Kany, og var sem báðar frúrnar hefðu algerlega gleymt stjúpbroður greifafrúar Dynar.

Að kveldverði loknum, sagði Leonie með mikilli fyrirlitning frá hinum síðustu fréttum af hinni pólsku uppreist og virtist ekki geta valið nægilega vansæmandi orð, til þess siðferðislega að hnýta í uppreistarskrílinn. Þegar barónsfrúin þagnaði, tók Procna til máls og brosti háðslega:

“Þegar mér fyrir nokkrum vikum veittist sá sómi að kynnast yður, barónsfrú, voruð þér mjög hrifnar af Póllandi og báruð mynd Augusts hins sterka á brjósti yðar. Hafið þér skrínlagt hana?”

Leonie virti hann fyrir sér frá hvirfli til ilja og kreisti aftur augun. “Eg veit sannarlega eigi, hverjar skoðanir yðar kunna að vera, að því er smertir pólsk mál,” svaraði hún, “en þar sem fellur sjaldan

langt frá eikinni, vil eg eigi særa tlfíningar yðar með því að játa spurningu yðar."

"Þér eruð auðvitað allur á sama máli og landar yðar," greip greifafrú Kany mjög gikkslega fram í.

"Auðvitað, frú mín. Eg er einn hinn mesti áhangandi Póllands, er þér getið hitt.

Proczna talaði í lágum hljóðum. Flyktust nú margir að þeim og hlustuðu á samræðurnar.

Leonie leit til þeirra er næstir stóðu og mælti: "Þá er all líklegt að þér gangið innan skams í lið uppreistarmanna og berjist fyrir frelsi og jafnréttindum þeirra," og hvesti um leið augun á Pólverjan, en Anna Regina roðnaði upp í hársrætur.

"Hvers vegna ekki, barónsfrú? Það ber svo oft við, að menn af kurteisi einni og vægð verða að halda höndunum kyrrum, þá er menn einna helst fýsir að slá frá sér, svo að eigi er furða þótt menn noti færið, er það gefst, og lemji vel og duglega.

"En eigi opinberlega!" Leonie leit nær því fjandsamlega á hina litlu foringjafrú, er dirfðist að láta slíkar skoðanir í ljós. "Eins og manni, sem meðmæltur er konungsstjórn, eigi líðst að halda æsingaræður, svo má eigi heldur biðja fyrir hreyfingum og skoðunum, er gagnstæðar eru öllu góðu siðferði."

Proczna krosslagði hendur sínar og brosti.

"Það er skrítið! Kvæði það og lag, er ykkur fyrir skemstu þótti vera svo frábært, það troðið þér nú miskunnarlaust undir fótum. En þó öllum þeim kirkjum væri lokað, þar sem ófarsæl þjóð ber fram bænir sínar, þó mun þó ennþá, meðan tungan má mæla, og einn dropi af pólsku blóði rennur um manns varir og meða nhugur og von enn lifa í brjósti bræðra minna, "Bozel cos Polske przer tak liezwe wicki!" hlóma upp til himins, á meðan er Pólland ekki farið."

Í  
sló ha

"T

ætluð  
inu."

X

augna

færi u

hans c

þarna

að he

kveins

Pr

"T

stundu

"J

gerið

G

hún vi

"I

H

handle

"T

istilfin

ætlar

hún h

og hví

H

ætlaði

unaro

hana.

og pri

og lét

F

að þv

Í því bili gekk furstafrú Reusserk inn í salinn og sló hægt á handlegg Proczna með veifu sinni.

"Nú, þér ódauðlegi, hvað líður söngnum, er þér ætluðuð að flytja. Það er búið að ljúka upp píanóinu."

Xenia hafði hlustað á orð Proczna með glóandi augnaráði, en er furstafrúin gekk inn, var sem hrollur færi um hana. Hana langaði til þess að flýta sér til hans og aftra honum frá píanóinu. En þó stóð hún þarna kyr sem töfruð og fann aðeins til innri þráa, að heyra frá vörum hans söng þann, er ber sorgir og kveinstafi Póllands fram fyrir háseti hins æðsta.

Proczna sneri sér við með miklum alvörusvip.

"Það er aðeins eitt lag, yðar tign, er eg á þessari stundu gæti sungið með nokkurri andagift."

"Jæja, það er ágætt! Látið okkur heyra það; gerið svo vel."

Greifafrú Ettisbach lyfti upp hendi sinni, eins og hún vildi afstýra þessu.

"Í Guðs nafni, ekki þennan uppreistar....."

Hún þagnaði forviða. Hönd Leonie læstist um handlegg hennar eins og skrúfstykki.

"Herra Proczna hefir sjálfsagt nægilega velsæmistilfinningu til þess að syngja aðeins það, er hann ætlar að við muni eiga í þessu samkvæmi," mælti hún hvasslega og gekk um leið fram til Önnu Reginu og hvíslaði nokkrum orðum að henni.

Hin tigna frú virtist verða gagnhrædd. Hún ætlaði að ganga til Proczna og mæla til hans afsökunarorðum, en barónsfrú Gertner gekk í veg fyrir hana. Einnig nú hvíslaði hún einhverju að henni og prinsessan staðnæmdist efablandin og undirgefin og lét höfuðið síga niður að brjóstinu.

Foringjarnir voru í bobba staddir. Þeir höfðu, að því er virtist, af hendingu gengið lítið eitt til hlið-

ar og töluðust við og var svo að sjá sem þeim væri alls kostar ókunnugt um hvað fram fór á næstu grös-um.

Proczna hafði þegjandi gengið að hljóðfærinu og hendur hans léku eftir nóttunum í stuttu forspili. Heyrðust í fyrstu hægir, lágir tónar, og þá gall við hátíðlegur hrifandi samhljómur, sannur lofsöngur eorgarinnar. án nú tók rödd hans undir með lágu kvein-ópi: "Boze!" alvarleg, hátíðleg áköllun, en smám saman varð hún að sannri andagift, og tónarnir féllu sem brennandi tár á hjartað, er titraði af ósegjanlegri sorg yfir hinni þjáðu fósturjörð. — "Boze Cos Polske przez tak liczwe wiekel Okryta blas-kiem potege i ohwaly!"

Tignarleg með glóandi kinnum stóð Xenia og hlustaði á hinn hrifandi söng. Var sem eldur þyti um æðar hennar og insta hugskot: Já, Janek, þú hafðir rétt að mæla. Þetta er Jadwiga sætlegi, banvæni söngur, er sefur í hjarta mínu. Þetta eru hin einlægu ættjarðarkvæði, er eg drakk í mig við brjóst hinnar pólsku konu. Nú er hvorttveggja aftur vaknað til lífs með öllum þeim mætti og hugarunað og undraverðu töfrum, er sönglistin hrífur með sálir mannanna, og nú þýtur hann um huga minn, sem fagnandi, hljómandi bergmál— "Nazza Ojeryze zac nam Wrowic Panie!"

Nú var orðið kyrt og tómmt í salnum. Varir Önnu Reginu höfðu að vísu kipst við af hlustarverk, en hin leiftrandi augu Leonie höfðu miskunnarlaust haldið henni í skefjum. Kuldalega og stoltlega höfðu flestir kvatt greifafrú Dynar, og nú var alt þögult og tómmt. Janek Proczna stendur einarðlegur í miðjum salnum og lítur háðslega til dyranna, er nú fyrir fult og alt reisa skilnaðarvegg á milli hans og þeirra manna, sem nú fyrir stuttu hurfu um þær.

X  
reið á

"  
bannf  
syngj  
gler o  
tignað  
allri þ  
ausið

því st  
um dy

H

gat þa

H

"f

yður.

kvæm

þér ar

reistar

ganga

sonum

Hví si

hafa g

Vá

sig, he

"J

Fr

skilið

um m

honur

"A

þig, Ja

leg tur

Ha

Xenia stendur grafkyr á sama stað, og starir sárreið á andlit hans.

“Vesalings Pólland! Kvæði þér til heiðurs bannfærir um aldur og æfi þann mann, er dirfist að syngja það og molar vináttu manna eins og brothætt gler og sviftir samstundis þann, er fyrir skömmu var tignaður sem “ódauðlegur”, öllum þeim ljóma, og allri þeirri hollustu, sem því nær í sömu andránni var ausið yfir hann. Þetta eru vorir vinir, Xenia: En því standið þér þarna? Hví vísið þér mér ekki út um dyrnar?”

Hún hristi höfuðið þegjandi. Hún vildi tala, en gat það ekki.

Hann gekk nær og augu þeirra mættust.

“Heyrið nú hver sá er, sem stendur frammi fyrir yður. Yfirgefinn af heiminum, hrakinn úr samkvæmi því, sem yður er eins ómissandi og loftið er þér andið að yður; maður án nafns og stöðu, upp-reistarmaður, er af instu sannfæringu er boðinn að ganga þegar undir merki þeirra; einn af Wloczegasonum. — Hvað er það, sem nú bindur yður við mig. Hví snúið þér eigi við mig bakinu, þá er allir aðrir hafa gert svo?”

Var þá, að hljóð, er eins og hálf kafnaði í sjálft sig, heyrðist frá vörum hennar.

“Janek!”

Frá sér numin og gleymandi öllu því, er hafði skilið þau að, fleygði hún sér sem knúð af ósýnilegum mætti að brjósti hans, vafði örmunum um háls honum og fagnaði og grét til skiftis.

“Af því eg get ekki farið frá þér, af því eg elska þig, Janek, meira en himin og jörð, meira en mannleg tunga fær mælt!”

Hann faðmaði hana að sér og kysti hana brenn-



heitum kossu og fleygði sér svo fyrir fætur hennar og huldi andlit sitt í fellingum silkiklæða hennar.

"Xenia! Xenia!"

Mynd sú, er hann svo oft hafði litið í draumum og þöku, var nú ekki lengur hugarburður einn. Hún elskaði hann, elskaði eins einlæglega og innilega og konuharta hefir nokkru sinni megnað. Já, hún elskaði uppreistarmennina, hina bannfærðu menn, er eigi gátu kallað annað sitt, en sálfa sig.

## XXVI. KAPITULI.

Janek Proczna gekk inn í fordyri hallarinnar.

"Veitir hennar konunglega tign áheyrn í dag?"

Þjónninn gekk fram í skyndi.

"Já, herra greifi. Foringjafrú Goner og frú yfirveiðimannsins hafa nýlega verið hér."

"Hver hirðkonan er hér í dag?"

"Greifafrú Kany."

"Það er gott. Eg geng inn með yður. Það er líklega óþarfi að segja sérstaklega til mín."

Hin aldraða hirðkona hvíldist í þægilegum hægindastóli í forherberginu með háreista lausalokka á hinum sköllótta kolli. Hún hrökk upp, sem snortin af rafmagni, er dyrunum var hrundið upp og hún sá Proczna standa frammi fyrir sér.

Hún bar augnagler sitt upp að augunum, eins og hún vildi ganga úr skugga um, að svo væri í raun og veru, rétti svo úr sér og spurði með hvellri raust:

"Hvernig stendur á því að þér dirfist að koma til mín án þess að fyrst sé sagt til yðar?"

Proczna hneigði sig kurteislega. "Sakir þess að eg hefi annríkt, greifafrú, og vildi því biðja yður að segja hinni konunglegu tign tafarlaust til mín."

Há

"Þé

yður að

"Þa

að segj

heyrnar

Au

rauðu a

"Þa

ur ekki

"Eg

tekning

vel að s

Húr

irlitning

"Ne

læstar f

Jan

"Eg

og er þv

undan a

mig en

Hin

til þess

hvæsti l

Ef að þ

á borðin

"Þé

eigin rá

mín, eða

"Ne

Pro

legg gre

Lauk ha

horfinn

Háðslegt þros lék um varir hirðkonunnar.

“Þér getið líklega sálfur séð að eigi er hægt fyrir yður að fara svona inn til prinsessunnar.”

“Það mun sjást. Eg bið yður að gera svo vel að segja hennar konunglegu hátign, að eg beiðist áheyrnar sökum mjög áriðandi málefnis.”

Augu greifafrúar Kany leiftruðu að baki hinna rauðu augnaloka.

“Það er mjög leitt. Hennar tign er lasin og tekur ekki á móti nokkrum manni.”

“Eg er viss um að hin tigna frú muni gera undan-tekningu að því er mig snertir. Viljið þér gera svo vel að segja til mín?”

Hún virti hann fyrir sér frá hvirfli til ilja með fyrirlitningarsvip.

“Nei! Þessar dyr munu að fullu og öllu verða læstar fyrir pólskum uppreistarmanni.”

Janek ypti öxlum.

“Eg veit að prinsessan hefir þegar veitt áheyrn og er því viðbúin að komið sé. En ef að þér skorist undan að gera skyldu yðar, þá er ekki annað fyrir mig en að eg geng inn án þess að sagt sé til mín.”

Hin aldraða kona þaut í skelfingu að dyrunum til þess að verja honum inngöngu. “Dirfist eigil!” hvæsti hún. “Það kynni að verða yður fullkeypt. Ef að þér viljið fá áheyrn, þá ritið nafn yðar. Þarna á borðinu eru bækurnar.”

“Þér fyrirgefið ef til vill, þó eg fari að mínum eigin ráðum. Enn einu sinni: Viljið þér segja til mín, eða ekki?”

“Nei.”

Proczna rétti stillilega út hönd sína, tók um handlegg greifafrúarinnar og ýtti henni gætilega til hliðar. Lauk hann svo upp dyrunum og var á næstu andrá horfinn inn fyrir þær.

Greifafrúin stökk til í bræði sinni. En í sama svip var sem henni kæmi eitthvað til hugar. Hún ætlaði til prinzens og skýra honum frá því að Proczna og Anna Regina hefðu mælt sér mót. Væri þá líklegt að hann mundi reiðast og þessum óskammfeilna herra mundi verða fleygt á dyr.

Þaut hún nú með hæðnishlátri eftir göngunum að herbergjum prinzens og var eigi ósvipuð því að óarga-dýr væri á hælum hennar. Ruddist hún í ósköpunum inn í herbergi hans.

August Ferdinand var þar með Goner foringja. Sneri hann sér við og varð mjög forviða, er hann leit svip hirðkonunnar.

“Hvað gengur á, greifafrú? Hefir nokkuð óhapp borið að höndum?”

“Það er eitthvað verra en það, yðar konunglega tign. Janek Proczna hefir farið með valdi inn til prinzeseunnar og er nú einsamall hjá henni.”

Andlit prinzens varð náfölt og þungur reiðisvipur kom yfir enni hans.

“Það hefði átt að skýra mér frá þessu gætilega og án vitna,” svaraði hann reiðulega. “Konan mín hættir aldrei mannorði sínu, enda þótt hún væri ein með vitstola manni. Staða hennar er skjöldur hennar og mun ætíð virðing sýnd. Sneri hann sér að dyrnum og benti hirðkonunni að vera kyrrri, er hún bjó sig til að ganga út með honum. “Verið kyrrar! Þér, beztu Goner, gerið svo vel að semta greifafrúnni á meðan.”

August Ferdinand flýtti sér eftir göngunum inn í barnaherbergið og þar næst inn í salinn, er var inn af herbergi konu hans.

Hin mjúku gólfkjöld tóku úr fótataki hans. Nam hann staðar að baki dyratjaldanna og gat því heyrt hvert orð er talað var. Vildi hann hafa vissu sína

og var þetta hið einasta ráðið. En hin skyndilega koma hans gerði mál þetta enn flóknara og óskiljanlegra.

“Eg veit, yðar tign, að þér eruð hrein og saklaus, eins og liljur þær, sem guðhræddar sálir leggja á altari Maríu meyjar. Með nokkrum meinlausum, en — fyrirgefið orð mín — heldur gálauslega rituðum orðum, hafði gefið yður á vald konu, er af þessum orðum hefir fléttað þá snöru, er þegar hefir haldið yður bundinni um mörg ár.”

Heyrðist nú djúpt andvarp.

“Æ, já, eg hefi orðið að reyna mikið. Guð einn í himninum þekkir það. Og eigi verður því lýst með orðum, hvílíkt kvalræði það var, að sjá hversu þessi kona var gerð og eigi mega hrinda henni frá sér með viðbjóð og fyrirlitning.”

“En hvers vegna hertuð þér eigi upp hugann, yðar tign, og genguð fram fyrir mann yðar og skýrðuð honum hremskilnislega frá þessum óhappa misskilningi og tókuð þannig með einu höggi sundur net það, er drotnunargirni og fúlmenska höfðu vafið uf yður?”

“Eg hefi oft hugsað um það,” svaraði hún með láagri, sjálfandi röddu. “En í hvert skifti, er eg hefi ætlað að gera það, hefir mig brostið áræði til þess. Það voru svo margar líkur gegn mér, og hvað mundi það stoða, þó að eg þættist vera saklaus. Það, sem sárnar mér mest, Proczna, er að þora ekki að skírskota til eðallyndis manns míns, en hann spennir mér leiðina með hinni takmarakalausú tortrygni sinni.” Var nú sem margra ára djúp sorg brytist fram í hinni kjökrandi rödd hennar. “August Ferdinand treystir ekki á trúnað nokkurrar konu, svo hefir hann einu sinni sagt mér í reiði sinni, og orð þessi leggjast eins og hönd á varir mínar í hvert sinn, er eg finn til ómótstæðilegrar löngunar til að fleygja mér að brjósti

hans og biðja hann að losa mig úr fjötrum Leonie. En er líklegt að hann trúi mér?" Eftir litla þögn mælti hún nokkuð vonbetri: "En nú berst mér sú aðstoð, er eg aldrei bjóst við. Þér hafið þessa óhappabréf í höndum yðar og trúið samt á sakleysi mitt."

"Eg trúi á það eins og sjálfan mig," svaraði Proczna og var eins og hann kæmist við. "Eg mundi eigi hugsa eina stund um að berjast með lífi og sál fyrir yðar tign, þar sem eg einu sinni hefi séð, hversu óskiljanlegur harmur skein úr augum yðar. Eg leitaði að orsök hans og mér tókst — guði sé lof — að komast fyrir hverjar ástæðurnar voru. Hér er uppspretta sú, er barónsfrú Gertner hefir eitrad líf yðar úr. Það eru hin fegurstu laun mín, að eg get fengið yður blöð þessi aftur."

"Æ, Proczna! Og yður stygði eg svo mikillega í gær."

"Það voruð ekki þér, er gerðuð það. Það var í síðasta sinn er greifafrú Kany og barónsfrú Gertner stýra forlagaskipi yðar."

"Hvernig á eg að þakka yður?"

"Eg bið yður að leyfa mér að mæla nokkur réttlætningarorð fyrir breytni mína í gærkvöldi."

"Bíðið snöggast, bezt Proczna. Mér þætti gaman að mega heyra þá skýring," var nú mælt að baki hins unga Pólverja. August Ferdinand gekk nú fram og rétti báðar hendurnar að vini konu sinnar og faðmaði svo Önnu Reginu að sér og þrýsti kossi á hið hvíta enni hennar.

Frá sér numin af fögnuði hallaði hún sér upp að honum og horfði þögul í augu hans; innileg skýring og sátt hafði orðið með hjónunum.

"Eg hefi verið heyrnarvottur að viðræðu þessari

og þakka ykkur báðum fyrir hvert það orð, er eg hefi heyrt."

Eftir að hafa stuttlega skýrt frá þeirri undirferli, er svo lengi hafði gert Önnu Reginu lífið þungbært, sló August Ferdinand hendinni á enni sér og mælti:

"Og þetta alt er einni undirförulli konu að kenna.

Sneri prinzinn sér þá brosandi að Proczna og mælti: "Það virðist sem þér nær því hafið gert okkar góða samkvæmi dauðhrætt í gærkvöldi með uppreistarskoðunum yðar og söng."

"Það var aðeins stormur í vatnsglasi, yðar tign," svaraði Proczna og hló dátt. "Eg er varla slákur tapaður sauður, sem sumum kann að finnast, og ef að þér leyfið mér að hverfa lítið eitt til hins kynlega lífs míns, vona eg að mér muni takast að réttlæta mig í augum yðar konunglegu tignar."

"Talið, þér undarlegi maður. Mér þykir vænt um að kynnast algerlega þeim manni, er mér jafnan hefir þótt koma svo mikið til."

Proczna sagði nú frá lífsferli sínum og lauk máli sínu á þessa leið:

"Eg hefi verið nokkurskonar leikari frá því að eg kom í þennan bæ. Mér var líkt farið og spilmanninum, sem hættir öllu fé sínu á eitt spil. Ef að eg ætlaði mér að ná henni, var og nauðsynlegt að eg kæmi alvopnaður fram. Mér var kunnugt um alla smámuni hér á staðnum. Eg hefi þegar í tvö ár reynt að vera maður á móti flestum og mér hefir tekist það. Og nú get eg loks tekið grímuna frá andliti mér og komið fram í hinni réttu mynd minni."

"En þá uppreistarmannsins?" mælti August Ferdinand brosandi. "Á að leika hinn síðasta þátt í herbúðum uppreistarmanna?"

Proczna hristi höfuðið og brosti raunalega. "Hinn síðasti partur ætlunarverks míns, er leikinn var í gær-

kvöldi, var sambland sögu og skáldskapar," mælti hann og leit frjálslega til prinzens. "Eg tek eigi eitt orð aftur, því land það, er faðir minn hætti lífi sínu og blóði fyrir; land það, er lét mig fæðast og um margar aldir nærði rætur ættartrés míns í móðurlegu skauti sínu, land það er mér kært og heilagt, sem hin sönnu heimkynni mín, er stormbyljir lífsins hröktu mig frá. Já, yðar tign, eg er Pólverji, Pólverji með lífi og sál. Það má gróðursetja teinung hvar sem vera skal, en hann segir þó aldrei afhendis uppruna sínum. Og þó að skritileg örlög hafi sett mig á takmörk Póllands og Þýskalands þá hefir hvorugu þeirra tekist að rýma hinu út úr hjarta mínu. Litir beggja landa hafa blandast í skínandi regnboga, merki friðarins og sáttgirninnar. Fari svo um örlög Póllands sem guði þóknast, en eg mun þó ætíð elska hið frjálsa land, eins og eg elska hið þjakaða."

August Ferdinand var nú mjög alvarlegur og leit vingjarnlega á hinn hreina, karlmannlega svip Proczna, er honum virtist mjög breyttur og líkastur því, að skýlu hefði verið skyndilega brugðið af honum.

"Þér ætlið þannig að ganga í lið uppreistarmanna?"

"Nei, yðar tign," svaraði Proczna einarðlega. "Hér verð eg aðeins að biðja einnar bænar, og það er um frelsi Póllands. Eg mun verja öllum eignum mínum og fé, er eg hefi aflað mér; eg mun vernda pólska flóttamenn, eg mun hjálpa, gefa og aðstoða svo lengi sem eg megna, því eg er sonur Póllands. En hversu hreint pólskt blóð sem rennur í æðum mínum, hefir þó hinni þýzku stjúp móður minni tekist að gróðursetja eitt á hinn annarlega teinung, og það er álit mitt á þýzkum sóma og þýzkri trygð. Sú hönd, er svarið hefir þýzku vopni trúnað, getur aldrei

bori  
land  
sinar

neim  
blóð  
fagur

A  
vera  
mætt  
P

til pri

"  
leyfir,  
færði  
þessur

þær,  
eru nú  
blika í

"F

inn.  
sem þ

nokku  
"I

spili, e

ar mig,  
eg vild

veru, t

lemja n  
heiminu

ingju si  
"Fl  
á væng  
múra ha

borið annað. Hversu mikil sem ást mín er til Póllands, þá er sæmd öllu öðru æðra."

Maður Önnu Reginu rétti honum báðar hendur sínar.

"Guð gæfi," mælti hann, "að regnbogi sá, er þér neinduð, mætti ná út yfir bæði löndin! Pólskt blóð og þýzkt uppeldi mundi til samans göfugt og fagurt sambland; það hefið þér sýnt, Proczna."

August Ferdinand bað stjúpson Dynar greifa að vera með sér það kvöld í leikhúsinu, svo að hann mætti aftur komast í sát við félagsbræður sína.

Proczna var á báðum áttum og leita efablandinn til prinzens.

"Eg kys heldur að hafna boðinu, ef yðar tign leyfir," mælti hann að lokum. "Dagurinn í gær færði mér það hnoss, sem mé rer dýrmætast í heimi þessum, og í dag er verki mínu lokið hér. Konur þær, sem eitrad hafa líf prinsessunnar, konu yðar, eru nú gerðar óskaðlegar, og hamingjusólin mun nú blika í heiði fyrir henni."

"Það vona eg, minn kæri Proczna," mælti prinzinginn. "En við hvað eigið þér með hnossinu dýrmæta sem þér hlotnaðist í gær. Framkoma yðar þá var nokkuð einkennileg."

"Í gær spilaði eg út mínu síðasta og hæsta spili, er hamingja mín var undir komin. Xenia elskar mig, en eg vildi hafa hana þaðan, sem hún nú er, eg vildi forð dýrgrp mínum út í hina þögulu einveru, til þess að stormar lífsins eigi of mjög skyldu lemja niður rós mína. Xenia varð fyrst að kynnst heiminum, til þess að geta felt sig við að leita hamingju sinnar fjarri honum."

"Flytjið sem fyrst hina töfrandi festarmey yðar á vængjum söngsins sem konu yðar til hinna öruggu múra hallar yðar. En hafið tillit til ættar fjárhalds.



manns yðar, og gleðjist yfir sigri yðar á báðum verum þeim, er svo lengi hafa raskað friðnum í Paradís okkar."

Anna Regina leit til hans og rétti honum hjartanlega höndina.

Vængjahurðirnar á Proczna höll stóðu á víða gátt. Silfurgeislar tunglsins læddust blíðlega að hinum ungu hjónum, er þau gengu arm í arm úti fyrir.

Xenia var búin sorgarklæðum og andlit hennar, er hallaðist upp að öxlum hins elskulega manns hennar, var vætt tárur.

Pólland er farið. Sómi þess er fótum troðinn, merki þess er fallið og vesalings landinu blæðir til ólífis undir fótum grimmra óvina.

Janek Proczna lítur upp til hins heiðríka næturhimins, þar sem stjörurnar blika eins og trygg, ástrík augu.

"Boże cos Polske przez tak liczwe wieki!" hlómur sem þungt sorgarandvarp frá vörum hans.

Heyrðist þá gengið um trjagarðinn. Var það öldungur, snjóhvítur fyrir hærur, er studdist við handlegg bónda eins og dragnaðist að fram kominn yfir að höllinni.

Tungsljósið féll á tærða andlitið, er dauðinn þegar hafði breitt yfir hinn dimma skugga sinn.

Það er sami maðurinn, er eitt sinn óveðursnóttina, sem flóttamaður knúði á dyr Proczna hallar. En þá var með honum barn.

Hann hefir efnt loforð sitt; hann hefir aldrei spurt eða leitað eftir syni sínum. Hann ætlaði fyrst að sækja hann, þá er dýrð Póllands risi á ný. En á meðan hefir hann aðeins barist fyrir hinni ógæfuoömu fósturjörðu sinni. Nú hefir eldingunni lostið niður og kæft kyndil uppreistarinnar. Hann hefir

nú  
han  
og  
Sky  
sinn  
ir al  
og l  
han  
han  
mar  
mað  
reist  
sinn

áður  
sagt

stud  
um s  
andi

til na  
er h  
mínu

lýsa  
augu

með  
hins  
eigi -  
þ

söngu  
"Boz  
aðeir

nú gerst gamall og hrumur fyrir skort og þrautir, en hann lifir enn í voninni. Hann heldur til Póllands og berst þar sem ungur væri og leitar sonar síns. Skyldi han nláta dragast að koma. Nei, þúsund sinnum nei! Janek er sonur hans og pólskt blóð segir aldrei afhendis sér. Hann fer yfir margan vígvöll og lítur í andlit dauðra eða lifandi, en hvergi finnur hann son sinn. Harmur og örvænting hrífa hjarta hans. Særður liggur hann á laun í kofa hjarðmanns; er þar með honum Aloizy, hinn forni hestamaður hans, er hann hafði hitt undir merkjum upp-reistarmanna og nú stundaði hinn forna húsbónda sinn.

“Til sonar míns! Eg vil sjá hann enn einu sinni áður en eg dey; eg vil sjá hvort pólskt blóð getur sagt afhendis sér.”

Og tárin runnu niður eftir kinnum hans, og Aloizy studdi hina dauðveika mann með hinum sterku örmum sínum og gengur með honum marga langa, þreytandi daga, unz þeir koma til Proczna hallar.

“Aloizy,” hvísar hinn sjúki maður, “segðu eigi til nafns míns — í nafni allra heilagra dýrðlinga! Eg er hér sem útlendingur, vandalaus gagnvart syni mínum.”

“Eg lofa því, yðar náð. Mætti guði þóknast að lýsa sálu hins unga herra g veita hjarta hans þúsund augu að þekkja yður aftur með.”

“Eg er pólskur, Aloizy — og hann — —” og með stynjandi andvarpi líður hann niður á handlegg hins tryggja manns. “En eg vil ekki deyjja — ennþá eigi —”

Þá barst til eyrna hans hljómmikill, hátíðlegur söngur, er bornn var fram með óendanlegri hrygd: “Boze cos Polske tak liczwe wieki”. Þannig getur aðeins pólskur maður sungið.

Titrandi rís hið snjóhvít höfuð og í hinum dimmu augnatóptum ljómar líkt og eldsblóð, sem er að slokna.

“Aloizy! heyrir þú? Boze cos Polske. Nær, Aloizk, nær! Það eru englar guðs, er kalla á mig. Æ, en hvaða tónar!”

Þeir nálgast hægt á baka til við runnana. Nú eru þeir hjá tröppunum.

Þar uppi skín silfurbirta tunglsins yfir tvær persónur. Ung kona hallar sér upp að brjósti hallarherrans. Mynd greifans fellur skarplega á hinn dimma hallarvegg. Sonur hans! Sonur hans!

Öldungurinn fellur á kné og hefur andlitið og hinar fórnandi hendur upp til söngmannsins. Eins og dýrðarljómi fellur hið snjóhvíta hár um hið hrukkóttá enni og eins og að blessandi hönd hefði um stund sigrast á almætti dauðans, leikur einhver sæluljómi um hinar brosandir varir.

“Janek!” kallar hann með greinilegri röddu. “Janek, sonur minn!”

Hjá tröppunum liggur erfiherrann að Proczna á hnjánum og heldur hinum deyjandi föður sínum í faðmi sér. Varir hans þrýstust að enni og kinnnum hins pólska flóttamanns.

“Faðir!” kallar hann upp og yfir svip hans er óendanleg gleði. “Kemur þú loksins aftur til barns þíns?”

“Berðu hann upp, Janek, hann er veikur; hann skelfur af kulda og þreytu,” mælti Xenia með mikilli geðshræringu og fleygir sér um leið niður við hlið hins deyjandi manns og eys kossu og tárur yfir hinar köldu hendur. Eitt einasta, síðasta handartak er svarið.

“Nei, nei!” segir hann mjög óskýrt. “Látið mig vera hérna með himininn yfir höfðu mínu. Hann

stendur opinn til þess að taka við mér til hvíldar: Janek, eg er þreyttur — æ, svo þreyttur — Er hún konan þín?" Hann lagði blíðlega hönd sína á hið ljósa höfuð hennar og hin brostnu augu litu spyrjandi í hin röku augu hennar. "Vertu honum góð, og guð í himninum mun blessa þig fyrir það og sál mín skal vera með ykkur. — Heyrir þú," hélt hann áfram og hálf-reisti sig upp, "hversu stormurinn hvín; sérðu hversu snjóflyksurnar þyrlast í loftinu? Áfram, áfram; þarna sést ljós. Miskunnið yður, herra greifi! Takið ekki frá mér barnið mitt. Það er alt, sem eg á eftir. Þarna liggur hitt — dautt og stirðnað. Jú, takið það, takið það! Eg kem aftur og krefst hans, þegar fjötur Póllands eru moluð sundur og eg get gefið honum hið rétta nafn hans. — Sonur minn verður hann þó um aldur og æfi. — Á að gera hann að Þjóðverja? Ha, ha, ha! Pólskt blóð segir aldrei afhendis sér. Taktu við syni mínum, taktu við honum!" Hann styðst andvarpandi við handlegg Proczna. "Hvar ertu, Janek? Eg leita að þér undir merkjum vorum. Eg leita þín á vígvöllum Póllands. — Vei mér!"

"Boze cos Polskel" hljómar hægt við eyru hans. Varir Janeks hafa ekki annað svar.

Þá teygist úr limum hans af megnum sinadrætti. Þá hefst brjóst hans af djúpum, sælumiklum andadrætti.

"Hið pólska blóð hefir ekki sagt afhendis sér!" hvíslar hann. "Janek, Janek, sonur minn!" Hann tekur um hendur hinna ungu hjóna og vefur hinum skjálfandi fingrum sínum um þær. "Biðjið fyrir Póllandi! Trúið á framtíð þess! Guð blessi þig, ættjörð mín! Niech zyje Polskel!"

-----  
Aftur heyrðust raddir undir hinum vagagndi vinn

viðærteinungum niður við klettana. Sólin skín á hinar hvítu fellingar kvenbúnings og hinir gullnu geislar leika um ljóslökkað, elskulegt andlit. Töfrakona Loreley! Alveg eins og fyrmeir, og þó svo breytt.

Xenia hallar höfði sínu að brjósti manns síns, og Proczna horfir hlæjandi í augu hennar.

“Þú trúir ekki lengur á söguna um son uppreistarmannsins? Þú hefir heyrt Aloizy ávarpa föður minn með hinum tignarlegasta heiðurstitli. Það er pólskur siður. Ást og virðing hinna undirgefnu þekkir engin takmörk fyrir orðum sínum.”

Hún hristi hið litla höfuð sitt með mestu trúgirni. “Hver sem þessi útlendingur kann að hafa verið, Proczna, þá hefir hann blessað mig sem dóttur sína og lagt hendur okkar saman. Þess vegna langar mig til þess að kalla hann föður nafni, og ætti hann ekki, vinur minn, að vera mér jafn kær, hversu sem þú kant að nefna hann?”

Janek varð alvarlegur á svipinn og nær því hátíðlegur.

“Nafn míns ógæfusama föður er dáið fyrir heiminum og varir mínar eru lokaðar fyrir heiminum, samkvæmt hinni hinztu ósk hans. En án þess að eg segði frá þessu kæra, sorglega leyndarmáli, mundi þig gruna hvers son sá maður er, sem ást þín hefir kosið sér án merkisskjaldar og kórónu. Líttu ál Þennan hring, er eg dró af fingri hins dána, hafa forfeður mínir borið um margar aldir.”

Xenia tók hinn gullna hring og virti nákvæmlega fyrir sér það, sem grafið var á steininn.

“Janek!” kallaði hún upp, en blóðið streymdi ákaft að gagnaugum hennar. “Janek, þessi merkisskjöldur — þessi kóróna — Almáttugi guð! Hver ertu?”

Hann lagði handlegg sinn utan um hana og þrýsti kossi á varir hennar.

“Eg er Janek Stefán von Dynar, hinn farsælasti maður, er nokkru sinni hefir verið á jörðinni.”

Hún huldi andlitið í höndunum. Það var eins og að stormbylur æstra tilfinninga þyti um sál hennar. “Nú fyrst,” hvíslaði hún hægt, “sé eg hve göfug sál þín er. Nú veit eg hve mjög að þú elskar, Janek, hve mikið þú hefir lagt í sölurnar fyrir mig, og — hve mikið að eg hefi að biðja fyrirgefningar á.”

Í hinu “norræna Aushen” hefir margt breyzt. Gertner froseti flutti á burtu og sótti svo um lausn frá embætti og var það mjög á móti skapi konu hans. Settist hann að við frægan baðstað og hélt frú Leonie þar til eftir dauða hans og kveður þar enn þann dag í dag allmikið að henni. — Greifafrú Kany, er skyndilega hætti hirðkonustarfi sínu—og voru margar getgátur um það, hvernig á því hefði staðið — er á sumrum hjá ekkju-barónsfrúnni, þó að sagt sé, að samkomulag þeirra sé eigi ofur gott. — Herra von Flandern gekk í aðra riddaradeild, og Reusserk fursti gerði svo einnig skömmu síðar. Var eftirmaður hans á alt annan veg, og varð nú betra samkomulag á milli hinna ýmsu herdeilda. — Anna Regina var og mjög breytt; bar hún nú höfuð sitt hátt og var virt og elskuð af hverjum þeim, sem átti því láni að fagna, að þera hina litlu hendi hennar að vörum sér.

Heller-Huningen fursti efndi loks loforð sitt og báð litlu Becky; en mömmu hennar þótti ráðlegast að fresta brúðkaupinu um tvö ár, og varð því hin á-nægða litla festarmey að biðja þolinmóð til hins níttj-ánda fæðingardags síns.

Dynar greifi bjó næstu þrjá vetur á Villa Florian.

En flutti þá til höfuðstaðarins eftir ósk furstahjón-  
anna.

En þegar trén fara að blómgast, lítur Xenia biðj-  
andi til manns síns, og með sömu ástúð sem áður  
þrýstir hann höndum hennar að vörum sér og tekur  
dýrgrip sinn með sér út í einveruna, þar sem sálma-  
lög hinnar heilögu, óendanlegu ástar hljóma frá smá-  
blómum heiðarinnar.

ENDIR.

